# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ** **22. desember 2012** | 301. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## GLEÐIGJAFINN VIKTOR SKÚLI

MYND/NICO

Líf Ólafs Inga Skúlasonar knattspyrnumanns og eiginkonu hans, Sigurbjargar Hjörleifsdóttur, tók óvænta stefnu er sonur þeirra Viktor Skúli greindist með Down-heilkenni við fæðingu. ▶ 26








**ÞEIR TEKJUHÆSTU** 40



**PEYSUKONA** 24

**2 SÉRBLÖÐ**

Atvinna | Fólk













## FRÉTTIR 2→12




**REFSA EKKI HÆLISLEITENDUM 4**

**BANNAÐ AÐ AUGLÝSA BESTA VERÐIÐ 6**

**4 MILLJARÐA HALLI Á RÍKISSJÓÐI 8**

„Það eina sem getur stöðvað illmenni með byssu er góðmenni með byssu.“ 10

Wayne LaPierre, framkvæmdastjóri NRA, landssamtaka bandarískra byssueigenda.

**FLESTIR SLASAST HEIMA 12**

## SKOÐUN 16→22



**ÞJÓÐKIRKJAN OG SAMKYNHNEIGÐ 18**
Bára Friðriksdóttir um málefni samkynhneigðra.

**MEIRI AGA Í EFNAHAGSMÁLUM 22**
Sighvatur Björgvinsson um efnahagsmál.

**KIRKJA OG KLÚBBUR 22**
Eggert Eggertsson um tekjur golfklúbbs og kirkju.

## HELGIN 24→72





**ÁHRIF TÖLVULEIKJA Á HEILANN 36**
Félagslega einangraðir leita skjóls í tölvuleikjum.

**VERÐ LAXVEIÐILEYFA Í SÖGULEGU HÁMARKI 42**
Bjarni Júlíusson, formaður SVFR, ræðir stöðu mála í laxveiðinni.

**ÍSLENSKA BÓKAÁRIÐ 50**
Sjö íslenskar bækur fengu fullt hús stiga hjá gagnrýnendum Fréttablaðsins.

**ENGIR HROTTAR Í HNEFALEIKUM 54**
Vilhjálmur Hernandez í Hnefaleikastöðinni segir neikvæða ímynd íþróttarinnar byggða á misskilningi.

**BEST AÐ VERA STELPA Á ÍSLANDI 64**
Íslenskar stelpur geta tekist á við ótrúlegustu erfiðleika og sigrast á þeim.

**KRAKKAR 70**

**KROSSGÁTA 72**

## MENNING 76→118

**BRJÁLÆÐISLEGA GOTT TÆKIFÆRI 82**
Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari hefur undanfarna mánuði gegnt stöðu konsertmeistara við Konunglegu dönsku óperuna.

**EYÐIR JÓLUNUM Í LOS ANGELES 118**

**Á VILLIGÖTUM Í VÍNVALI 92**

**Í SMÁU FORMI 94**



## SPORT 108→112



**ÆTLAR AÐ KOMA Á ÓVART 108**
Ásgeir Örn Hallgrímsson verður í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu á HM á Spáni í janúar.

**TÍU BESTU ÍÞRÓTTAMENN ÁRSINS 112**
Í dag er tilkynnt hvaða tíu íþróttamenn koma til greina sem íþróttamaður ársins árið 2012.

## FIMM Í FRÉTTUM FLÓTTI OG SÍLDARDAUÐI



**Matthías Máni Erlingsson**, refsifangi, komst burt af Litla-Hrauni á mánudag og hans hefur verið leitað síðan. Leitin hafði ekki borið árangur þegar blaðið fór í prentun.



**Þorsteinn Sigurðsson**, sviðsstjóri nytjastofnasviðs hjá Hafrannsóknarstofnun, var í fréttum nær daglega alla vikuna vegna síldardauða í Kolgrafafirði.



**Björt Ólafsdóttir**, oddviti Bjartrar framtíðar í Reykjavíkurkjördæmi norður, kom ný inn í pólitíkina og hætti sem formaður Geðhjálpar.



**Maríanna Jónsdóttir** hefur farið til þróunarríkja til að sjónmæla fólk og útvega því notuð gleraugu. Hún safnaði gleraugum fyrir jólin í þessum tilgangi ásamt öðrum starfsmönnum Prooptik.



→ **Ólafur Stefánsson** handboltamaður ákvað í gær að verða við beiðni landsliðsþjálfarans Arons Kristjánssonar og spila með landsliðinu á heimsmeistaramótinu á Spáni í janúar.

# Allt að 30.000 tonn af síldinni drápust

Síldardauðinn í Kolgrafafirði er mun umfangsmeiri en fyrst var talið. Súrefnisskortur er talinn aðalástæðan. Súrefni í sjó hefur ekki áður mælst lægra hér við land. Rotnandi fiskur viðheldur hættu á frekari síldardauða.

**NÁTTÚRA** Fyrstu niðurstöður Hafrannsóknastofnunar gera ráð fyrir að 25 til 30 þúsund tonn af íslensku sumargotssíldinni hafi drepist inni í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi fyrir rúmri viku. Súrefnisskortur er nú talinn aðalástæða síldardauðans og að hann hafi meðal annars komið til vegna þess gríðarlega magns af síld sem safnaðist fyrir í firðinum.

Hafrannsóknastofnunin fór til mælinga í firðinum þriðjudaginn 18. desember til að reyna að varpa ljósi á orsakir síldardauðans og leggja mat á magn dauðrar síldar í firðinum. Ástand sjávarins var kannað; hiti, selta og súrefni. Botn fjarðarins var skoðaður með neðansjávarmyndavélum. Þá voru fjörur gengnar og mat lagt á magn dauðrar síldar þar einnig.

Súrefnismettun í firðinum mældist mjög lág, reyndar lægri en áður hefur mælst í sjó við landið. Líklegt telur Hafró að þessi lækkun á styrk súrefnis stafi meðal annars af öndun síldar sem var í miklu magni innan brúarinnar yfir fjörðinn dagana áður en mælingarnar voru gerðar. Daginn sem síldin drapst er talið að á milli 250 til 300 þúsund tonn hafi verið í firðinum og tíu prósent hafi drepist.

Myndatökur á botni fjarðarins benda til, með tilliti til stærðar fjarðarins, að magn dauðrar síldar á svæðinu gæti verið 25-30 þúsund tonn. Það mat er þó háð óvissu, að sögn Hafró.

Enda þótt síldin sé nú komin af því svæði þar sem styrkur súrefnis var mjög lágur er mögulegt að það ástand vari áfram vegna rotnunar á dauðum fiski. Rotnunin getur viðhaldið lágu súrefnismagni í firðinum og því gæti áframhaldandi hætta verið til staðar á næstu mánuðum og misserum fari fiskur inn á það svæði í miklu magni.

Bergmálsmælingar á lifandi síld sýna að umtalsvert magn var af síld utan við brúna í Kolgrafafirði og virðist sem síldin hafi að mestu fært sig af svæðinu innan við brú. Alls mældust um 10 þúsund tonn innan brúar en utan við brú í firðinum mældust rúmlega 250 þúsund tonn. svavar@frettabladid.is



**KOLGRAFAFJÖRÐUR Í VIKUNNI** Fyrstu kenningar gerðu ráð fyrir að nokkur hundruð tonn hefðu drepist, en ljóst er að magnið er gífurlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hrygningarstofninn 377 þúsund tonn

Hafrannsóknastofnun mat hrygningarstofn íslensku sumargotssíldarinnar árið 2012 um 377 þúsund tonn.

Aflaheimildir voru auknar í sumar frá fyrra ári úr 45.000 tonnum í 64.000 tonn, byggðar á ráðgjöf Hafró.

Ætla má að 7-8% veiðistofnsins hafi drepist inni á Kolgrafafirði.

Útflutningsverðmæti 30 þúsund tonna af síld eru á bilinu 4 til 5 milljarðar króna, miðað við markaðsforsendur undanfarinna ára.

Íslenskur björgunarsveitarmaður aðstoðar við uppbygginguna á Filippseyjum:

# Ekkert hús heilt eftir fellibylinn

**FILIPPSEYJAR** „Ástandið er verst á austurströndinni. Hér eru þrír bæir og í þeim sem fór verst er ekkert heilt hús eftir,“ segir Lárus Steindór Björnsson, íslenskur björgunarsveitarmaður, sem hefur verið við störf á skaðasvæðum fellibyljarins Bopha á Filippseyjum undanfarna daga.

„Þau hús sem enn eru uppistandandi eru ýmist þaklaus eða hálfhrunin og ástandið mjög slæmt. Hjálparstofnanir horfa fram á að þurfa að vera hér í tvö ár til að aðstoða við uppbygginguna,“ segir Lárus. Fellibylurinn gekk yfir Filippseyjar 4. desember síðastliðinn.

Hann kom til eyjarinnar Mindanao eftir þriggja daga ferðalag síðastliðinn sunnudag, og hefur unnið að því að koma fjarskiptamálum í lag á svæðinu. Alls er nú talið að um 1.000 hafi farist í fellibylnum, þar af um 900 á austari hluta eyjarinnar Mindanao.

„Mitt verkefni er að samræma fjarskipti milli hjálparsamtaka svo menn geti skipst á upplýsingum,“ segir Lárus. Allt samband við bæina á austurströndinni rofnaði í óveðrinu, og þó GSM-sambandi hafi verið komið á er enn ekkert netsamband.

„Það tefur alla aðstoð ef menn fá ekki upplýsingar um hvað vantar, og alla framvindu. Það skiptir gríðarlega miklu að koma þessum málum í lag til að það sé hægt að koma lífinu hjá fólkinu hér í samt lag aftur.“

Lárus leggur af stað heim í dag og reiknar með að lenda á Íslandi á Þorláksmessu. - bj



**HRUNIN** Ekkert hús stendur eftir í þeim bæjum sem verst urðu úti í fellibylnum sem gekk yfir 4. desember. NORDICPHOTOS/AFP



# JÓLA ÚTSALA

# 20-50% afsláttur*

## Jólagjafir og jólaskraut

20-50% afsláttur allar jólavörur

20-50% afsláttur öll leikföng

20% afsláttur öll smáraftæki

30% afsláttur allur fatnaður

20% afsláttur öll búsáhöld



**Stór jólatré**
enn meiri verðlækkun
öll jólatré yfir 200 cm aðeins 6.990
(áður 9.900-19.900 kr.)
meðan birgðir endast.

TAX FREE JÓLATRÉ*

Eingöngu sérvalin úrvals jólatré

Hýasinta 2 fyrir 1 399 kr. Blómaval

Túlípanar 10 stk. 1.490 kr. Blómaval

Jólasýpris 399 kr/stk. Blómaval

Opið til 22:00 í Skútuvogi, 23:00 á Þorláksmessu
Opið til 21:00 í Grafarholti til jóla
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" eða tilboðsvörum.
Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## 15.12.2012 → 21.12.2012

**270 MILLJÓNIR**
skotvopna eru í eigu almennings í Bandaríkjunum, eða næstum ein byssa fyrir hvern íbúa landsins.



**87% FLUGFERÐA**
Flugfélags Íslands hófust innan 15 mínútna frá áætluðum brottfarartíma í fyrra.



**6 MILLJÓNIR**
íslenskra frímerkja eru gefnar út á hverju ári.



**9.000**
eru myrtir með skotvopnum að meðaltali á hverju ári í Bandaríkjunum.



**27.882 LJÓSASTAURAR**
eru í Reykjavík.

**ALLS SÁU UM 63 ÞÚSUND**
Svartur á leik í kvikmyndahúsum.

**350 ÞÚSUND**
deyja árlega af völdum loftmengunar í ríkjum Evrópusambandsins.

**ÁRIÐ 2017**
gæti öll orka tengd fyrstu tveimur áföngum álvers í Helguvík verið tilbúin ef öll áform um orkuöflun og dreifingu ganga upp.



**2,5 metrar**
eiga að vera frá hænsnakofum að lóðamörkum, fallist borgaryfirvöld á samþykkt sem leyfir hænuhald.





**EKKI MIKIÐ SLASAÐUR** Ökumaðurinn sem velti jeppabifreið sinni í gærdag slasaðist ekki mikið en var fluttur á slysadeild. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögregla óskar eftir vitnum að bílveltu í gær:

# Valt í Ártúnsbrekku

**SLYS** Umferðarslys varð á Vesturlandsvegi við Ártúnsbrekku um miðjan dag í gær. Jeppabifreið valt og endaði á hvolfi, en samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var ekki um alvarlegt slys að ræða. Sjúkrabíll kom á vettvang og flutti ökumann á spítala.

Nauðsynlegt þótti að loka Vesturlandsvegi við Ártúnsbrekku í vesturátt frá Höfðabakka í nokkra klukkutíma vegna slyssins. Umferðartafir voru töluverðar.

Lögreglan óskar eftir að vitni að óhappinu gefi sig fram og hringi í síma 444-1000. - sv

Íbúum brugðið eftir bruna:

# Kona játar á sig tvær íkveikjur

**LÖGREGLUMÁL** Miðaldra kona játaði fyrir lögreglu að hafa tvisvar sinnum kveikt í sameign fjölbýlishúss við Maríubakka í Breiðholti í vikunni. Fyrra skiptið var á aðfaranótt þriðjudags og það síðara á fimmtudagsnótt.

Íbúar í stigaganginum þurftu að rýma íbúðir sínar í bæði skiptin og sögðust í samtölum við fjölmiðla í gær hafa verið bæði slegnir og áhyggjufullir vegna atvikanna.

Töluverðar skemmdir urðu á húsnæðinu, en slökkvilið þurfti að senda reykkafara inn í kjallarann í bæði skiptin. - sv

Ábendingar engu skilað:

# Matthías Máni enn ófundinn

**LÖGREGLUMÁL Matthías Máni Erlingsson, sem strauk af Litla-Hrauni á mánudag, var enn ófundinn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Lögreglan hefur fengið meira en hundrað ábendingar um Matthías en þær hafa engu skilað.**

**Að sögn lögreglu er leit í og við Litla-Hraun lokið en þar sem öryggismyndavélar voru bilaðar þegar Matthías strauk var ekki talið útilokað að hann væri enn á svæðinu. Þá telur lögregla mögulegt að Matthías feli sig í einu fjölmargra sumarhúsa í nágrenni Litla-Hrauns.** - mþl

# Ekki í myndinni að refsa hælisleitendum

Innanríkisráðherra vill ekki að gripið verði til aðgerða gegn hælisleitendum sem reyna að laumast í skip. Ísland fylgi skuldbindingum sínum í mannréttindamálum til hins ýtrasta og hann hafnar því að yfirvöld hafi sýnt vanmátt í málaflokknum.

**SAMGÖNGUR** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir ekki koma til álita að yfirvöld grípi til sérstakra aðgerða gagnvart hælisleitendum, í ljósi þess að þeir hafi ítrekað orðið uppvísir að því að reyna að laumast um borð í skip í íslenskum höfnum sem eru á leið vestur um haf.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, gagnrýndi í Fréttablaðinu í fyrradag það sem hann kallaði úrræðaleysi yfirvalda í málefnum hælisleitenda. Ástæðan var athugasemdir sem Bandaríkjamenn hafa komið á framfæri vegna stöðunnar hér. Þeir telja óviðunandi að sami litli hópur komist ítrekað upp með að reyna að lauma sér um borð í skip og krefjast úrbóta, annars kunni íslensk skip að vera færð niður um öryggisflokk þar ytra.

„Hafnaryfirvöld og skipafélögin eru að standa vel sína vakt. Þegar þau setja fram ásakandi yfirlýsingar í okkar garð um hælisleitendur, eins og framkvæmdastjóri Eimskipafélagsins, gerir þá skil ég eiginlega ekki hvað menn eru að hugsa; hvort menn séu að óska eftir því að við setjum hælisleitendur í einhvers konar herkví,“ segir Ögmundur.

Það komi einfaldlega ekki til greina. „Við fylgjum skuldbindingum okkar í mannréttindamálum til hins ýtrasta,“ segir hann. Hann hafni því algjörlega að stjórnvöld sýni vanmátt í málefnum hælisleitenda.

Í 29. grein útlendingalaga er kveðið á um að ef útlendingur „sýnir af sér hegðun sem gefur til kynna að af honum stafi hætta er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð [sakamála], eftir því sem við á. Einnig getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu afmörkuðu svæði.“

Ögmundur er ekki þeirrar skoðunar að beita eigi þessu ákvæði í tilfelli umræddra hælisleitenda. „Nei, mér finnst það ekki. Við stöndum okkar plikt alveg fullkomlega og ég held að þegar Bandaríkjamenn átta sig á því þá muni allar gagnrýnisraddir gufa upp. En að við förum að beita einhverjum sérstökum úrræðum gagnvart hælisleitendum – það er ekkert uppi á borði hjá okkur.“ stigur@frettabladid.is



**SUNDAHÖFN** Hælisleitendur hafa ítrekað verið gripnir við að reyna að komast um borð í skip í Sundahöfn á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **„að við förum að beita einhverjum sérstökum úrræðum gagnvart hælisleitendum – það er ekkert uppi á borði hjá okkur.**
>
> *Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra*







Öll börn þurfa að kynnast Grimmsævintýrum sem fylgt hafa kynslóðunum í 200 ár.

SKRUDDA
www.skrudda.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**MILT Í DAG EN SVO KÓLNAR** og á aðfangadag verður komið frost um allt land. Líkur eru á snjóéljum norðan- og austanlands á aðfangadag en nokkuð björtu veðri sunnan til. Á jóladag og annan í jólum kólnar enn og lítur út fyrir hörkufrost.




**Á morgun**
Strekkingur NV-lands, hvasst með SA-strönd, annars hægari.




**Aðfangadagur**
Strekkingur V-lands og með SA-strönd, annars heldur hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | -1° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 24° | New York | 4° | París | 14° |
| Aþena | 8° | Billund | 1° | Gautaborg | 0° | London | 13° | Orlando | 15° | San Francisco | 13° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 17° | Ósló | -6° | Stokkhólmur | -4° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Opið til
10-13
á aðfangadag

# Jólagleðin ríkir langt fram á kvöld



Jólagleðin verður við völd í Smáralind alla helgina. Gefðu þér tíma til að kætast með okkur og klára jólainnkaupin í leiðinni. Ávallt næg bílastæði.

Sjáumst, Smáralind

## Laugardagur 22. desember - opið til 22

| | |
|---|---|
| 13.00 | Sylvía Erla Scheving frá Söngskóla Maríu Bjarkar syngur hugljúf jólalög |
| 14.00 | Karíus og Baktus skemmta yngstu kynslóðinni |
| 15.00 | Helga Kristín og Birkir, sem unnu Dans Dans Dans, sýna sigurdansinn og jólasveinar fara á stjá |
| 16.00 | Gradualekór Langholtskirkju syngur hátíðarlög |
| 17.00 | Samkór Kópavogs flytur hátíðartóna og jólasveinar gleðja unga gesti |
| 20.00 | Dúettinn Rósa og Daníel syngja jólalög |
| 20.30 | Eyjólfur og Sjonni spila jóladjass |

## Sunnudagur 23. desember - opið til 23

| | |
|---|---|
| 14.00 | Kór Kársnesskóla flytur hátíðartóna |
| 15.00 | Jólasveinar skemmta krökkunum og Sylvía Erla Scheving frá Söngskóla Maríu Bjarkar syngur hugljúf jólalög |
| 16.00 | Dúettinn Rósa og Daníel syngja jólalög |
| 17.00 | Harmoníkutónar í flutningi Margrétar Arnardóttur og jólasveinar gleðja unga gesti |
| 19.30 | Hlynur Agnarsson leikur jólalög á píanó |
| 20.00 | Jólasveinar fara á stjá |
| 21.00 | Ingibjörg og Hó! Hó! Hó! halda uppi jólastuði |




**Draumagjöfin**
Gjafakort Smáralindar

Smáralind

smaralind.is Opið til 22 alla daga til jóla og til 23 á Þorláksmessu Finndu okkur á Facebook

ENNEMM / SÍA / NM55694

## HEIMURINN




### Páfinn fer í hart

**1 PÁFAGARÐUR** „Þeir afneita náttúru sinni og ákveða að hún sé ekki eitthvað sem þeim er fyrir fram gefin, heldur að þeir skapi hana sjálfir," sagði Benedikt XVI. páfi um samkynhneigða í árlegu jólaávarpi sínu. Hann hefur aldrei tekið jafn hart til orða gagnvart samkynhneigðum og fordæmir réttindabaráttu þeirra, segir hana árás á hefðbundin fjölskyldugildi.



### Tímamótum fagnað

**2 MEXÍKÓ** „Við lítum á upphaf nýs baktún-tímabils sem upphaf nýrra tíma, og við tökum því af mikilli bjartsýni," sagði Rolando Zapata, ríkisstjóri í Júkatan í Mexíkó, heimalandi Maya-þjóðflokksins. Mayar sjálfir gáfu ekkert fyrir þá heimsendatrú sem fólk víða um heim hafði tengt við þessi tímamót í hinu forna dagatal Mayanna. Hvert baktún-tímabil er rúmlega fimm þúsund ár.



### Handtekinn í N-Kóreu

**3 NORÐUR-KÓREA** Stjórnvöld í Norður-Kóreu sögðu í gær að bandarískur ríkisborgari, Pae Jun Ho, hefði verið handtekinn og sögðu hann hafa játað að hafa framið glæpi gegn norður-kóreska ríkinu, en upplýstu ekki í hverju þessir glæpir hafi verið fólgnir. Pae býr í Washingtonríki, þar sem hann nefnist Kenneth Bae og vinnur sem fararstjóri.








**BAUHAUS** Í ákvörðun Neytendastofu er Bauhaus sagt brjóta lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og reglur um útsölur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mega ekki krefjast sannana á pappír

**Neytendastofa slær á fingur Bauhaus fyrir viðskiptahætti sem séu neytendum „íþyngjandi" og „óréttmætir" og fallnir til að „raska verulega fjárhagslegri hegðun" þeirra. Fyrirtækinu, eins og Byko, er bannað að auglýsa besta/lægsta verð.**

**NEYTENDUR** Auglýsingar byggingavöruverslunarinnar Bauhaus um „bestu verðin í landinu" og „besta verðið í Reykjavík" brjóta í bága við lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá eru ólöglegar kvaðir sem Bauhaus leggur á neytendur sem vilja nýta sér „verðvernd" fyrirtækisins.

Þetta kemur fram í nýrri, en óbirtri, ákvörðun Neytendastofu. Ákvörðunin, dagsett 12. desember, er sögð taka gildi við birtingu og verður Bauhaus þá bannað að fullyrða um besta verð. Jafnframt verður fyrirtækinu „bannað að leggja þá skilyrðislausu og íþyngjandi kröfu" á fólk sem vilja nýta sér verðvernd verslunarinnar að það leggi fram skriflega staðfestingu á pappír fyrir lægra verði keppinautar.

Neytendastofa segir að seljandi sem bjóði viðskiptavinum sínum verðvernd eigi sjálfur að gæta þess að verð hans sé það lægsta. „Neytendastofa telur þá kvöð Bauhaus að neytandinn þurfi í öllum tilfellum að leggja fram skriflega staðfestingu, á pappír, fyrir verði keppinautar, vera afar íþyngjandi og í andstöðu við ákvæði 10. greinar reglu númer 366/2008 [um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði]. Auk þess telur Neytendastofa skilyrðið fela í sér óréttmæta viðskiptahætti sem líklegir eru til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda […] enda líkur á að neytendur ákveði að eiga viðskipti við Bauhaus í ljósi verðverndar en nýti sér ekki verðvernd vegna þeirra íþyngjandi kvaða sem gerðar eru til sönnunar á verði keppinauta."

> ➜ **Auk þess telur Neytendastofa skilyrðið fela í sér óréttmæta viðskiptahætti.**
>
> *Ákvörðun nr. 53/2012 Neytendastofa*

Ákvörðunin kemur í kjölfar kvartana til Neytendastofu, annars vegar frá Húsasmiðjunni og hins vegar frá Ólafi Haukssyni.

Neytendastofa féllst hins vegar ekki á að banna ætti Bauhaus að takmarka verðverndina þannig að hún gilti ekki um vörur sem aðrir bjóða í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, opnunartilboð, sérpantanir eða vörur sem seldar eru í póst- eða í vefverslunum.

Bauhaus, Byko, Húsasmiðjan og Múrbúðin keppa hart á markaði byggingarvöru. Í sumar bannaði Neytendastofa Byko að birta fullyrðingar um „lægsta verðið" í sínum verslunum. **olikr@frettabladid.is**




Repúblíkanar drógu málamiðlunartillögu sína til baka:

# Fjárlagaþverhnípið blasir við

**BANDARÍKIN, AP** Vonir hafa á ný dvínað um að lausn finnist á deilum repúblikana og demókrata um fjárlagaþverhnípið svonefnda í tæka tíð fyrir áramót.

John Boehner, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings og leiðtogi repúblikana í deildinni, dró á miðvikudag málamiðlunartillögu sína til baka, þar sem hann hafði ekki nægan hljómgrunn fyrir henni í röðum eigin flokksmanna.



JOHN BOEHNER

Um áramótin renna út lagaheimildir til nokkurra stórra útgjaldaliða á fjárlögum Bandaríkjanna. Um leið renna út lög um ýmsa skattafrádrætti, sem George W. Bush forseti setti á sínum tíma.

Nái flokkarnir ekki samkomulagi fyrir áramótin taka því sjálfkrafa gildi bæði skattahækkanir og niðurskurður á útgjöldum ríkisins. Þetta myndi að vísu bæta stöðu ríkissjóðs, en á hinn bóginn þykir fullvíst að þessar breytingar dragi jafnframt úr umsvifum í efnahagslífi Bandaríkjanna. Þar með myndi kreppan frá 2008 dragast enn á langinn, með afleiðingum langt út fyrir landamæri Bandaríkjanna. - gb

# SKEMMTILEG SPIL
# Á GÓÐU VERÐI




**JÓAKIM VIÐSKIPTALEIKUR**
Hexía de Trix er búin að margfalda Jóakim Aðalönd í þeim tilgangi að skapa öngþveiti í Andabæ. Hver og einn Jóakim þarf að sanna að hann sé hinn eini rétti með því að safna sem mest af peningum.
**5.499,-**

**ÆVINTÝRALANDIÐ**
Alvöru þykkjustuleikur!
Spil fyrir alla fjölskylduna!

**Óli Stef áritar og kynnir í Smáralind sunnudaginn 23. desember kl. 14.00-15.00 og í Kringlunni kl. 16:00-17:00.**



Áritun 23. des.

ÆVINTÝRA-LANDIÐ
TILBOÐ
**3.999,-**
~~6.790~~







**CATAN**
Fyrir 10 ára og eldri.
3-4 leikmenn
**6.489,-**




**PARTY PICK ONE**
Uppgötvaðu fyndnustu hliðar vina þinna!
3-20 leikmenn.
**4.999,-**




**PARTY STELPUR**
Skemmtilega stelpupartíið.
Fyrir 2-4 leikmenn
**5.499,-**




**MONOPOLY AKUREYRI**
Sannarlega skemmtileg norðlensk spilaupplifun!
Fyrir 2-8 leikmenn.
**6.999,-**

Loksins á Íslandi!




**UBONGO**
Skemmtilegt og ávanabindandi spil með afar einföldum leikreglum. Auðvelt að byrja, erfitt að hætta!
**5.999,-**




**WASGIJI**
Óhefðbundið og stórskemmtilegt púsluspil. Þú getur ekki hætt þegar þú byrjar.




**ORÐABELGUR**
Orðabelgur er spil fyrir alla fjölskylduna. Spilið er búið til af fulltrúum tveggja kynslóða. Það byggir á visku þeirra sem eldri eru og frumleika og frjórri hugsun þeirra sem yngri eru.
**7.999,-**

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

FJÁRLÖG 2013

# 4 milljarða halli á rekstri ríkissjóðs

Halli á ríkissjóði hefur dregist gríðarlega mikið saman og er nú 0,2% af vergri landsframleiðslu. Fjárlög gera ráð fyrir 3,7 milljarða halla á árinu 2013. Heildarútgjöld verða 580 milljarðar króna. Þetta eru sóknarfjárlög, segir fjármálaráðherra.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Ríkissjóður verður rekinn með 3,7 milljarða króna halla á árinu 2013 samkvæmt fjárlögum sem Alþingi samþykkti á fimmtudag. Hallinn nemur 0,2 prósentum af vergri landsframleiðslu (VLF). Það er mikil breyting, en árið 2008 nam hallinn 14,6 prósentum af VLF og 9,3 prósentum árið 2009. Heildarútgjöld ársins 2013 nema 579,7 milljörðum króna.

Helstu breytingar sem þingið gerði á frumvarpinu felast í 13 milljarða króna framlagi til Íbúðalánasjóðs. Framlagið er hins vegar ekki gjaldfært, en kallar á hækkun vaxtagjalda um 585 milljónir króna á næsta ári.

Meirihluti fjárlaganefndar gerði breytingartillögur á frumvarpinu sem nema 3,9 milljörðum króna til hækkunar. Þar vógu þyngst breytingar á fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar: 800 milljónir til byggingar húss íslenskra fræða og 400 milljónir til uppsetningar á sýningu Náttúruminjasafns Íslands.

Samkvæmt frumvarpinu nema skatttekjur ríkissjóðs á næsta ári 513 milljörðum króna. Sú tala gæti breyst þar sem tekjuhlið fjárlaganna ákvarðast í bandorminum, frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem samþykkja á í dag.

Sala eigna á að skila 4,6 milljörðum króna til ríkisins. Á meðal þeirra eigna eru land ríkisins á Keldum, Keldnaholti og við Úlfarsá. Rætt var við lífeyrissjóðina fyrr á árinu um að þeir keyptu landið en frá því var fallið þar sem Reykjavíkurborg á mikið af lausum lóðum í Úlfarsárdal. Því benti allt til þess að uppbygging í Keldnaholti tefðist um fimm til fimmtán ár.

## ➜ Útgjöldum sópað undir teppið



**BJARNI BENEDIKTSSON**

„Í fyrsta lagi eru þetta að okkar mati fjárlög sem munu ekki standast vegna þess að stórum fyrirséðum útgjaldaliðum er sópað undir teppið," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Í því samhengi nefnir hann að áfallnar skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins séu ekki gjaldfærðar. Ríkisendurskoðandi hafi gert athugasemdir við það og Sjálfstæðisflokkurinn margoft bent á það. Þá eru aðeins tilgreindar vaxtagreiðslur af framlaginu til Íbúðalánasjóðs.

„Greiðslurnar sem þurfa að renna til sjóðsins eru ekki gjaldfærðar, aðeins vaxtakostnaðurinn, eins og þar sé ekki um tapaða fjármuni að ræða," segir Bjarni. „Bara þessir tveir útgjaldaliðir geta auðveldlega farið í 20 milljarða." Þá megi nefna að hvergi sé að finna framlög til framkvæmda á nýjum Landspítala.

„Í öðru lagi eru fjárlögin verðbólguhvetjandi og þrengja að gerð kjarasamninga sem fram undan eru, eins og fram hefur komið í máli launþegahreyfingarinnar. Í þriðja lagi sýna þessi fjárlög mikið úrræðaleysi hjá stjórnvöldum við að loka fjárlagagatinu. Enn og aftur á að hækka skatta og gjöld og nú er gripið til þess ráðs að fara í eignasölu til að standa undir rekstri."




## ➜ Þetta eru sóknarfjárlög



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

„Stóru tíðindin í fjárlögunum eru að við erum mjög nálægt því marki að ná að skila jákvæðum heildarjöfnuði, það er að segja að vera algjörlega hallalaus. Við höfum ekki verið nær því marki eftir hrun," segir Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra. Hún segir að loksins sé hægt að setja fjármuni í verkefni sem stuðli að vexti í atvinnulífinu. Þar nefnir hún Kvikmyndasjóð og Tækniþróunarsjóð, sem sé undirstaða hugvitsdrifins atvinnulífs. Þá sé ánægjulegt að geta sett fjármagn í tækjakaup á Landspítalanum, inn í skólakerfið og til barnafólks.

„Ég kalla þetta sóknarfjárlög, því að við erum hætt að þurfa að vera í nauðvörn fyrir ríkissjóð og getum sótt fram á ákveðnum sviðum. Auðvitað hefðum við viljað geta gert meira, en fyrst verðum við að ná að klára að loka gatinu algjörlega. Við erum allavega komin langa leið með það. Það skiptir líka máli og er auðvitað kjarninn í okkar efnahagsstefnu, það er að ná að loka fjárlagagatinu alveg. Það er forsenda fyrir afnámi hafta til dæmis og vexti í samfélaginu til lengri tíma."



forréttir-smáréttir

Ljúffengir, margverðlaunaðir - tilbúnir beint á borðið...

Grafið lambafile - Inniheldur grafið lambafile með ferskum kryddjurtum og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með piparrótarsósunni, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5.
Einnig gott að bera fram með graflaxsósu, kexi og berjasultum.

Sveitapaté - Inniheldur sveitapaté, rifsberjahlaup og hindberjasósu. Gott að bera fram með hindberjasósunni, rifsberjahlaupinu, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5.
Einnig gott að bera fram með kexi og berjasultum.

Nautavöðvi - Inniheldur léttreyktan og grafinn nautavöðva og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með fersku salati, piparrótarsósu og bláberjum eða vínberjum sem forrétt fyrir 4-5.

Taðreykt lambainnralæri - Inniheldur taðreykt lambainnralæri og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með melónu, piparrótarsósu og fersku salati sem forrétt fyrir 7-8.




Fæst í:
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
FERSKAR KJÖTVÖRUR




GARÐHEIMAR UM HELGINA

Notaleg stemning, heitt kakó í gróðurhúsinu og fullt af jólalegum tilboðum um alla verslun.

KÍKTU Á TILBOÐIN Á GARÐHEIMAR.IS +

AFGREIÐSLUTÍMI UM JÓLIN

Opið til 22:00 öll kvöld
Þorláksmessa opið til 23:00
Aðfangadagur opið til 14:00
Jóladagur og Annar í jólum lokað

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## LANDIÐ




### Þjófagengi stöðvað

1 **REYKJANESBÆR** Lögreglan á Suðurnesjum hefur stöðvað stórvirkt þjófagengi. Tveir karlmenn á fertugs- og fimmtugsaldri voru handteknir vegna málsins og sátu í gæsluvarðhaldi frá því fyrr í mánuðinum en eru nú lausir úr haldi. Gerðar voru umfangsmiklar húsleitir og lagt hald á tæki, tól og farartæki. Mennirnir eru grunaðir um aðild að innbrotum og þjófnuðum, fjárdrætti, skjalafalsi og nytjastuldi.



### Engin óvissa á Norðurlandi

2 **AKUREYRI** Ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að aflétta óvissustigi vegna jarðskjálftahrinu úti fyrir Norðurlandi. Þetta er gert í samráði við Veðurstofu Íslands og lögreglustjóra á Norðurlandi. Óvissustigi var lýst yfir 24. október. Nú hefur dregið úr skjálftavirkni þó hún sé enn yfir meðallagi. Áfram verður fylgst grannt með framvindunni.



### Góður gróði á Grenivík

3 **GRENIVÍK** Útsvarstekjur á Grenivík verða um 140 milljónir í ár, sem er um 20% aukning frá síðasta ári. Sveitarstjóri þakkar þessu íbúafjölgun, góðu atvinnustigi og háum tekjum sjómanna í samtali við Vikudag. Ýmsar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu svo auknar tekjur nýtast vel.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Lætur allt glitra og ljóma.

Fimm kerfi.
Orkuflokkur A.
Hljóð: 48 dB (re 1 pW).



Uppþvottavél
Jólaverð:
109.900 kr. stgr.
Fullt verð: 149.900 kr.
SIEMENS

# Vilja vopnaða verði í hvern einasta skóla

Samtök bandarískra byssueigenda segja fleiri fjöldamorðingja strax farna að undirbúa árás á næsta skóla. Þau skora á þingið að útvega fé til þess að skólarnir geti varist. Obama forseti er hins vegar staðráðinn í að herða reglur um byssueign.

**BANDARÍKIN** „Það eina sem getur stöðvað illmenni með byssu er góðmenni með byssu,“ segir Wayne LaPierre, framkvæmdastjóri Landssamtaka bandarískra byssueigenda (NRA).

Hann skorar á Bandaríkjaþing að útvega án tafar fé til þess að hægt verði að ráða vopnaða verði í hvern einasta skóla í Bandaríkjunum. Þetta vonast hann til að verði orðið að veruleika strax eftir áramótin, þegar börnin koma aftur í skólana eftir jólafríið.

„Er einhver sem efast um að næsti Adam Lanza sé nú þegar byrjaður að undirbúa árás á næsta skóla?“ spyr LaPierre, og segir að vopnaðir verðir séu við flugvelli, banka, skrifstofubyggingar, dómhús og jafnvel íþróttavelli.

„En þegar kemur að því mikilvægasta, sem er að verja börnin okkar, þá leggja stjórnmálamenn og fjölmiðlar áherslu á að skólarnir séu byssulausir, og segja þar með öllum brjáluðum morðingjum í Bandaríkjunum að öruggasti staðurinn til að valda sem mestum óskunda og tjóni séu skólarnir okkar.“

Þetta eru viðbrögð samtakanna við fjöldamorðunum, sem hinn tvítugi Adam Lanza framdi í barnaskóla í Newtown á föstudag í síðustu viku. Þar myrti hann tuttugu börn ásamt kennurum, skólastjóra og sálfræðingi skólans.

Morðin hafa vakið hörð viðbrögð í Bandaríkjunum og sterkari kröfur en oft áður um að snúið verði af þeirri braut, að sem flestir geti verið með skotvopn heima hjá sér.

Barack Obama forseti sagðist í gær taka mikið mark á þeim kröfum. Hann ítrekaði að hann væri staðráðinn í að gera allt sem í sínu valdi stæði til að „vernda börnin okkar“ með því að herða reglur um skotvopnaeign. Hann hvatti jafnframt almenning í Bandaríkjunum til að láta í sér heyra: „Ef okkur á að takast þetta, þá þurfa mæður og feður, synir og dætur, löggregluþjónar og ábyrgir byssueigendur að leggja sig fram, bindast samtökum, láta í sér heyra, hringja í þingmenn sína eins oft og til þarf, standa upp og segja fyrir hönd barnanna okkar: Nú er nóg komið.“

gudsteinn@frettabladid.is



**VOPNIN SKOÐUÐ** Í Bandaríkjunum er byssueign almennings útbreiddari en í flestum löndum heims. NORDICPHOTOS/AFP

### Samtök bandarískra byssueigenda

„Í Landssamtökum bandarískra rifflaeigenda eru fjórar milljónir mæðra og feðra, sona og dætra,“ segir í yfirlýsingu sem NRA-samtökin sendu frá sér fyrr í vikunni. Forsvarsmenn samtakanna stæra sig af því að síðan fjöldamorðin voru framin í barnaskóla í Newtown á föstudag í síðustu viku hafi átta þúsund nýir félagar bæst í hópinn á degi hverjum.

Samtökin voru stofnuð árið 1871, upphaflega með það markmið að útvega fólki kennslu og þjálfun í byssunotkun. Fljótlega tóku þau að berjast á vettvangi stjórnmála fyrir réttindum byssueigenda og eru nú ein öflugustu hagsmunavörslusamtök Bandaríkjanna.

Árstekjur þeirra eru meira en 200 milljónir dala og þau njóta stuðnings margra fjársterkra einstaklinga og fyrirtækja. Peningavöld sín nota samtökin óspart til að hafa áhrif á stjórnmálamenn og styðjast í baráttu sinni einkum við annan viðauka bandarísku stjórnarskrárinnar, sem túlkaður er þannig að hann banni hreinlega þinginu að leggja hömlur á rétt einstaklinga til að eiga og bera skotvopn.

Hjálparstarf kirkjunnar

LÁTUM
FRIÐARLJÓSIÐ
LÝSA UPP AÐVENTUNA

FRIÐARLJÓSIN verða seld við eftirtalda kirkjugarða um jól og áramót.
Þau fást einnig víða í verslunum.

GUFUNESS- OG FOSSVOGSKIRKJUGARÐUR
23. des. kl. 13–17
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17

KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU
23. des. kl. 13–16
24. des. kl. 10–16

KIRKJUGARÐUR AKUREYRAR
24. des. kl. 10–17
31. des. kl. 13–17




Með því að kaupa FRIÐARLJÓSIÐ styrkir þú hjálparstarf og um leið verndaðan vinnustað.

PIPAR\TBWA • 102975

Sorpa veitir eigendunum óeðlilegan afslátt að mati Samkeppniseftirlitsins:

# Sorpa sektuð um 45 milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur sektað Sorpu bs. um 45 milljónir króna fyrir brot á samkeppnislögum. Eftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Sorpa hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að veita sveitarfélögunum sem eiga félagið hærri afslátt en öðrum stóðu til boða.

Sorpa er félag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem flokkar og meðhöndlar úrgang.

Félagið braut að mati Samkeppniseftirlitsins lög með því að veita sveitarfélögunum sem eiga Sorpu hærri afslátt en öðrum sorphirðufyrirtækjum sem eiga viðskipti við Sorpu.

Samkeppniseftirlitið telur brot Sorpu hafa haft skaðleg áhrif í að minnsta kosti tveimur tilvikum. Eftirlitið gefur lítið fyrir rök Sorpu þess efnis að með því að veita eigendum sínum hærri afslátt væri félagið að greiða arð til eigendanna og bendir á að ekkert í lögum heimili slíka útfærslu á arðgreiðslum.

Sorpa jafnaði ekki kjör viðskiptavina sinna á meðan á rannsókn Samkeppniseftirlitsins stóð. Eftirlitið hefur því skipað stjórnendum fyrirtækisins að endurskoða gjaldskrá Sorpu svo viðskiptakjör verði samkvæmt gagnsærri gjaldskrá. - bj



**SORP** Sopa braut lög með því að veita eigendum sínum hærri afslátt en öðrum sem áttu meiri viðskipti við félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gleðigjafir hjá Nova!



**LG Optimus L3**
19.990 kr. stgr.
1.890 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mán. í 3 mánuði fylgir þessum síma!



**Samsung Galaxy Y**
19.990 kr. stgr.
1.890 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mán. í 3 mánuði fylgir þessum síma!



**Nokia Asha 311**
19.990 kr. stgr.
1.890 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mán. í 3 mánuði fylgir þessum síma!

## Heyrnartól hjá Nova!



**Urbanears Plattan**
11.990 kr.



**XQisit**
5.990 kr.



Nýir litir!

**Urbanears Plattan**
Svört bólstruð og denim blá
13.990 kr.



**Urbanears Bagis**
5.990 kr.

## Apple TV hjá Nova!



**Apple TV**
24.990 kr.



**Snjallsímahanskar**
2.990 kr.



**Bíókort Nova** 5 x í bíó!
3.790 kr.
Fullt verð 6.250 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.





## FJÖLDI SLASAÐRA ÁRIÐ 2011 EFTIR TEGUND SLYSS, ALDRI OG KYNI




# Flestir slasast heima

**Karlkynið slasar sig mun frekar en konur. Aðeins á aldrinum 70 til 90 ára eru slys algengari hjá konum en körlum. Slys á heimili og í frístundum eru langalgengust.**

**ÖRYGGISMÁL** Árið 2011 voru 37.510 slys skráð í Slysaskrá Íslands (SÍ) hjá Embætti landlæknis. Langalgengustu slysin eru á heimilum fólks eða í frístundum.

Karlmenn eru líklegri til að verða fyrir öllum tegundum slysa að umferðarslysum einum undanteknum. Þessi kynjamunur er í samræmi við gagnagrunna annarra landa og hefur verið lítt breytilegur frá upphafi skráningar í SÍ frá upphafi.

Kynjamunurinn kemur sterkast fram í vinnuslysum, en er einnig töluverður í íþróttaslysum.

Gögnin sýna að slysahætta á barnsaldri er talsverð og einna mest á unglingsárum. Fram til sjötugs eru karlmenn líklegri til að slasa sig en þá snýst myndin fyrst við í aldurshópnum 70 til 90 ára. Eftir nírætt er lítill kynjamunur á slysatíðni, eðli málsins samkvæmt.

Helstu markmið með slysaskráningu Embættis landlæknis er að efla forvarnarstarf og gefa möguleika á ítarlegri rannsóknum á slysum.

Upplýsingar í gagnagrunninum um aldur og kyn slasaðra veita mikilvægar upplýsingar um hvert beina þarf forvörnum. Með því að rýna nánar þær upplýsingar sem berast SÍ frá hinum ýmsu stofnunum er mögulegt að greina þau slys sem liggja að baki hvers slysaflokks og kanna nánar í hvaða tegundum slysa kynjamunurinn liggur.

svavar@frettabladid.is


**Allar starfsstöðvar ríkisskattstjóra verða opnar um jól og áramót sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Aðfangadagur 24. des. | - | LOKAÐ |
| Fimmtudagur 27. des. | - | 9³⁰ - 15³⁰ |
| Föstudagur 28. des. | - | 9³⁰ - 15³⁰ |
| Gamlársdagur 31. des. | - | LOKAÐ |

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI


GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Hafðu það gott um jólin!
IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna
sem veitir fullkominn stuðning
Einnig úrval af
heilsukoddum
STILLANLEG PROFLEX
HEILSURÚM
2x90x200 cm
með okkar bestu
IQ heilsudýnu
Verð aðeins kr.
349.900
ÓÐINN, ÝMIR, SAGA, FREYJA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur
Ýmir rúm 153x203 cm
Verð aðeins kr. 124.900.-
Valhöll
heilsudýna
153x203 cm
5 svæðaskipt
gormakerfi
Verð aðeins kr.
89.900
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
Rafdrifinn BOAS
hægindastóll aðeins kr. 119.900
Rafdrifinn BOAS
hægindasófi aðeins kr. 249.900
Lyftustóll kr. 159.900
Stillanlegur BOAS
hægindastóll aðeins kr. 89.900
Stillanlegur BOAS
hægindasófi aðeins kr. 179.900
Úrval af svefnsófum
20% afsláttur
Jólagjöfin í ár
Hágæða sængurverasett
og sloppar - Mikið úrval
Frábær jólagjöf
IQ - CARE
Heilsukoddar
20% afsláttur
MINE BOSS home MENDALE
Olivier DESFORGES - McGregor - VanDykc
12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*
Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.
*3.5% lántökugjald
Svefn & heilsa
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# HÁTÍÐ Í HÖLLINNI

HÚSGAGNAHÖLLIN

Fyrir lifandi heimili



**IBIZA** Borðstofuskenkur
B: 160 D: 45 H: 85

**175.990**

FULLT VERÐ 219.990

## IBIZA – STÍLHREINAR EIKAR-BORÐSTOFUR NÚ Á FRÁBÆRU JÓLATILBOÐI!

## GJAFIR SEM GLEÐJA!

bodum



**BODUM** Columbia króm kanna **12.990** 4 bolla



**BODUM** Kaffikanna : 8 bolla: **9.990** / 4 bolla : **8.990**



**MJÓLKURFREIÐARI** fyrir batterí: **10.690**



**BODUM** salt og piparkvörn: **4.390** stk



**PAVINA** glös : **3.490** ( 2 saman)

## ARNAR

VERÐ FRÁ KR.

**79.990**

ELISE ARINN

realflame





**ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT.**
Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum haustdögum. Sótar ekki. Logar í þrjár klukkustundir.

**790** KR. DÓSIN

KASSI 24 DÓSIR
15% AFSLÁTTUR KR. 16.116

LAUREN
RALPH LAUREN



**OPNUNARTÍMI FRAM AÐ JÓLUM:** Mán. 17. til sunn 23. des. 10-22. Aðfangadag 10-13 **SÍMI: 558 1100**




**IBIZA** borðstofulínan er fáanleg í hvíttaðri og grárri olíborinni eik. Hægt er að fá tvær 50 cm stækkanir með borð-stofuborðunum.

**IBIZA** borðstofuborð 160x100 cm H: 76
**111.990**
FULLT VERÐ 139.990

**IBIZA** borðstofuborð 200x100 cm H: 76
**135.990**
FULLT VERÐ 169.990

**IBIZA** borðstofuborð 300x100 cm H: 76
**175.990**
FULLT VERÐ 219.990

**IBIZA** borðstofuskápur B: 110 D: 40 H: 195
**183.990**
FULLT VERÐ 229.990

**IBIZA** glerskápur B: 60 D: 40 H: 195
**135.990**
FULLT VERÐ 169.990

**AÞENA** Borðstofustóll
**23.990**
FULLT VERÐ 29.990

**BUDDHA** styttur
Verð frá KR. **4.990**





**BÓKSTAFIR**
Frá A-Ö 18 cm háir.
Mattlakkaður hvítur viður.
Verð KR. **990**



**SÖDAHL DÚN-FYLLTIR PÚÐAR**
Margar stærðir og mikill fjöldi munstra og mynda. Verið má þvo í þvottavél.
Verð frá KR.
**4.990**

södahl
HÁTÍÐAR-DÚKURINN



**SÖDHAL STAR DAMASK DÚKAR**
Litur jólahvítur. Faldaðir.
Hrinda frá sér. Má þvo og strauja.
140/220 verð: kr. **13.990**
140/270 verð: kr. **16.990**
140/320 verð: kr. **19.990**



**VEGGKLUKKA**
Þvermál 100 cm Verð KR. **14.990**



**15.990**
VERÐ: 19.990

**HOT** barstóll, krómlappir.
Litir: svart og hvítt.



**19.190**
VERÐ: 23.990

**DALLAS** barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.



**15.990**
VERÐ: 19.990

**PLUMP** barstóll, krómlappir.
Litur: svart.

**20%**
**AFSLÁTTUR**
AF ELDHÚS- & BARSTÓLUM



**ANDREW** borðstofustóll.
Svart, brúnt og hvítt leður.

**15.990**
FULLT VERÐ: 19.990

**0% VEXTIR** - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

Lítill hópur hælisleitenda er ógn við siglingaöryggi:

# Úrræðin eru til

Fréttablaðið sagði frá því fyrr í vikunni að bandarísk stjórnvöld teldu öryggi hafnarsvæða hér á landi ábótavant og krefðust úrbóta. Þau teldu óviðunandi að fámennur hópur manna, sem farið hafa fram á hæli á Íslandi, kæmist ítrekað upp með að reyna að lauma sér um borð í skip hér á leið til Bandaríkjanna.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í samskiptum innanríkisráðuneytisins og bandaríska heimavarnaráðuneytisins hafi komið fram að íslenzk skip kunni að verða færð niður um öryggisflokk, sem myndi kalla á mun ýtarlegri og tímafrekari skoðanir íslenzkra skipa sem koma til Bandaríkjanna. „Ef af því verður er Ísland í flokki með löndum eins og Sýrlandi þar sem stríðsástand ríkir. Það má ekki gerast þar sem það skaðar samgöngur til og frá landinu,“ sagði Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, hér í blaðinu á fimmtudaginn.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Einkennileg staða er uppi í þessum málum. Það er lítill hópur sem reynir hvað eftir annað að lauma sér um borð í íslenzk skip; ungir útlendir karlmenn sem hafa sótt um hæli á Íslandi en langar ekki meira til að vera hérna en svo að þeir eru alltaf að reyna að komast til Ameríku með ólöglegum hætti.

Það er einkum Eimskip, sem vegna Ameríkusiglinga sinna hefur orðið fyrir barðinu á tilraunum þessa litla hóps til að koma sér til Bandaríkjanna. Félagið hefur eflt öryggisviðbúnað í Sundahöfn gríðarlega, meðal annars með þeim árangri að í fyrrinótt var hælisleitandi gripinn af öryggisvörðum og lögreglu áður en hann komst inn á sjálft hafnarsvæðið. Hann hefur áður reynt að komast um borð í skip Eimskips.

Í tilkynningu frá skipafélaginu í gær kom fram að það hefði kært sjö hælisleitendur til lögreglunnar. Enn hefði ekkert verið gert í málum þeirra. Það er umhugsunarefni. Ef það hefur engar afleiðingar fyrir menn að brjótast inn á hafnarsvæðin, halda þeir því að sjálfsögðu áfram. Enda hafa sumir þessir ungu ofurhugar lýst því yfir í fjölmiðlum að þeir muni halda áfram tilraunum sínum til að komast ólöglega til annarra landa.

Hér þurfa stjórnvöld klárlega að grípa til einhverra úrræða. Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, sagði hér í blaðinu síðastliðið sumar að eðlilegt væri að gera kröfu um að þeim sem brytust inn á viðkvæm hafnarsvæði væri refsað.

Í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra um málefni útlendinga utan EES, sem kom út í júní, var ekki fjallað sérstaklega um þann vanda sem lítill hópur hælisleitenda skapar fyrir siglingaöryggi og útflutningshagsmuni Íslands. Þar er hins vegar rifjuð upp heimild í núverandi útlendingalögum til að úrskurða útlendinga í gæzluvarðhald ef þeir sýna af sér hegðun sem gefur til kynna að af þeim stafi hætta. Í lögunum er líka að finna ákvæði um vægara úrræði lögreglu, sem er að skylda útlending til að tilkynna sig eða halda sig á afmörkuðu svæði.

Það er sjálfsagt að fólk sem flúið hefur ofbeldi og ofsóknir og sækir um hæli á Íslandi fái réttláta, sanngjarna og skjóta meðferð sinna mála og sé ekki svipt frelsi sínu að ósekju. En það er ekki hægt að líða að fámennur hópur ógni öryggi siglinga til og frá landinu eða hagsmunum íslenzkra fyrirtækja. Innanríkisráðherrann hlýtur að hlutast til um að lagaákvæðum sem geta hindrað slíkt sé beitt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Spænskunám og sumarbúðir í Zafra á Spáni fyrir 14-18 ára ungmenni

22. júní – 13. júlí

**Söguferðir og MUNDO - alþjóðleg ráðgjöf**, bjóða ungmennum upp á menntandi sumarbúðir í Zafra í 3 vikur í sumar.

Hugmyndafræðin byggir á hinum sjö venjum harðduglegra unglinga eftir Sean Covey. Krakkarnir læra að: **hafa frumkvæði, skipuleggja fram í tímann, forgangsraða, setja sig í spor annarra, finna góða lausn fyrir báða aðila, vinna vel í hópi og hugsa vel um sig.**

**Að dvöl lokinni eiga krakkarnir að geta bjargað sér á spænsku.**

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, vararæðismaður Spánar og spænskukennari mun halda utan um krakkana á meðan á dvölinni stendur.

Spænskunám er stundað fyrir hádegi en síðdegis er skipulagt félagsstarf svo sem íþróttir, sundlaugaferðir og skoðunarferðir, þ.á.m. til Mérida, Sevilla og á ströndina.

Skilyrði fyrir þátttöku er að snerta enga vímugjafa af hvaða tagi sem er.

MUNDO
www.mundo.is

**Verð er 370.000 ISK - Innifalið eru flugferðir, gisting og fæði allan tímann.**

Nánari upplýsingar veitir Margrét Jónsdóttir Njarðvík í síma **6914646** eða í tölvupósti: **margret@mundo.is**

## SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Að grípa gæsina

Jón Bjarnason hefur myndað meirihluta í utanríkisnefnd Alþingis með leiðtogum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um að hætta aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Það merkilega við þá tillögu er að hún segir meiri sögu um innanlandspólitíkina en utanríkisstefnuna. Hún varpar ljósi á ríkisstjórn sem hefur ekki vald á þeim hlutum sem hún vélar um.

Margar sams konar tillögur hafa verið fluttar á kjörtímabilinu án þess að koma til atkvæða, utan ein sem var felld. Verkurinn er að VG



er með aðildarumsókn en á móti aðild. Besta leiðin til að lifa með þeirri pólitísku tvöfeldni er að víkja sér hjá því að greiða atkvæði. Stjórnarmeirihluti hverju sinni getur svæft mál. VG hefur nýtt sér þá aðstöðu vel.

Þegar dregur að kosningum þurfa samstarfsflokkar í ríkisstjórn iðulega að draga fram sérstöðu sína. Það gefur stjórnarandstöðu tækifæri til að reka fleyg í samstarfið. Í þessum tilgangi grípa menn oft gæsina þegar hún gefst, hvert sem málefnið er.

Eftir því sem kosningar hafa nálgast hefur VG gengið lengra í báðar áttir í Evrópumálunum. Forystumenn þeirra hafa notað stærri orð um andstöðu sína við aðild. Á sama tíma hafa þeir teygt sig lengra en vænta mátti með efnislegum skuldbindingum varðandi samningsafstöðuna. Í því sambandi má nefna að Ísland hefur þegar lýst því án fyrirvara að stefnan sé að taka upp evru.

## Samkomulagslyklinum breytt

Samkomulag stjórnarflokkanna um aðildarumsóknina fólst í því að endanlegur samningur yrði borinn undir leiðbeinandi þjóðaratkvæði áður en þingmenn þyrftu að taka afstöðu til hans. Þessi aðferð var lykillinn að því að VG gæti haft tvöfalda afstöðu í málinu. Hún átti að gera flokknum kleift að vera á móti í þjóðaratkvæði án þess að það hefði áhrif á stjórnarsamstarfið.

VG kaus að loka augunum fyrir því að í samningum sem þessum er efnisleg afstaða tekin smám saman allan samningstímann.

Enga athygli hefur hins vegar vakið að stjórnarflokkarnir kollvörpuðu á dögunum þessu lykilatriði í samkomulaginu um meðferð aðildarumsóknarinnar. Það gerðist þegar þingmenn þeirra urðu sammála um frumvarp að nýrri stjórnarskrá sem þeir flytja. Þar eru tekin af öll tvímæli um að aðildarsamning á að leggja fyrst fyrir Alþingi.

Verði aðildarsamningur samþykktur sem lög fær þjóðin eftir það raunverulegt úrslitavald um hvort þau taka gildi. Þetta þýðir að þingmenn VG geta ekki snúist gegn samningi ef þeir verða áfram í ríkisstjórn með Samfylkingunni nema með því að rjúfa samstarfið fyrst. Ætli þeir að vera á móti á næsta kjörtímabili verða þeir að eiga samstarf við aðra flokka en Samfylkinguna nema hún sé tilbúin til að fórna málinu. Þetta er mikil breyting.

Forystumenn stjórnarflokkanna hafa lýst vilja til áframhaldandi samstarfs eftir kosningar. Nýtt samkomulag þeirra um lokameðferð hugsanlegs aðildarsamnings er til bóta en kallar á skýringar af beggja hálfu. Kjósendur eiga rétt á að vita hvernig þeir ætla að halda á þessu stóra máli á næsta kjörtímabili í ljósi þeirra breytinga á málsmeðferð sem þeir áforma að stjórnarskrárbinda fyrir þinglok.

## Ekki rétti tíminn til að taka ákvörðun

Í þessu ljósi er skiljanlegt að stjórnarandstaðan noti það tækifæri sem Jón Bjarnason hefur boðið upp á til að valda óróa í stjórnarliðinu. En í því eru þó líka fólgnar málefnalegar hættur, sérstaklega fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Framsóknarflokkurinn ætlar fyrst og fremst að höfða til óánægðra kjósenda VG. Samstarf við VG eftir kosningar er því rökréttur kostur.

Sjálfstæðisflokkurinn þarf á hinn bóginn að höfða til miklu breiðari hóps. Hættan við meirihlutamyndun nú með Jóni Bjarnasyni er sú að kjósendur fái á tilfinninguna að leiðtogar hans sjái helst möguleika á ríkisstjórn með VG. Þeir tveir flokkar geta bara náð saman um andstöðu við Evrópusambandið. Samstarf þeirra myndi því þýða fjögurra ára frestun á viðreisn landsins.

Þetta yrði vatn á myllu Bjartrar framtíðar, sem þá gæti höfðað til óánægjufylgis jafnt frá Sjálfstæðisflokki sem Samfylkingu eins og gerðist í borginni. Vinni frambjóðandi frjálslyndari arms Samfylkingarinnar formannsslaginn gæti þetta jafnvel hjálpað honum að minnka yfirvofandi atkvæðaflótta til Sjálfstæðisflokksins.

Málefnalega er svo ljóst að vegna ástandsins á fjármálamörkuðum heimsins er jafn ótímabært núna að segja nei og já. Hyggilegast er að haga viðræðunum þannig að þjóðin geti tekið ákvörðun eftir mitt næsta kjörtímabil um endanlegan samning. Þá eru allir kostir opnir þegar ætla má að við vitum sjálf hvað við getum og viljum í peningamálum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is*
**MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# iPhone á lækkuðu verði með rafbók og Netinu í símanum

**iPhone 4S, 16 GB**
Gagnlegur fyrir þá sem kjósa að eiga ... iJól.

6.990 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Innifalið: Rafbók og Netið í símanum í 6 mán. - allt að 1 GB.
Staðgreitt: 114.900 kr.
16GB 8MP 1GHz 3,5"

**iPhone 5, 16 GB**
Tímamót í sögu hörðu jólapakkanna.

8.990 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Innifalið: Rafbók og Netið í símanum í 6 mán. - allt að 1 GB.
Staðgreitt: 149.900 kr.
16GB 8MP 1,2GHz 4"

**iPhone 4, 8 GB**
Þessi er sannkallaður gleðigjafi – árið um kring.

5.190 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Innifalið: Rafbók og Netið í símanum í 6 mán. - allt að 1 GB.
Staðgreitt: 84.900 kr.
8GB 5MP 1GHz 3,5"





eBækur

**FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA:**

**Rafbókin Reykjavíkurnætur**
Metsölubókin Reykjavíkurnætur eftir Arnald Indriðason á rafbók fylgir með. Bókina er hægt að lesa í Android og iPhone snjallsímum, spjaldtölvu og tölvu.

**Netið í símanum**
Þegar þú kaupir iPhone færðu Netið í símanum með, allt að 1 GB notkun í sex mánuði.

**Ragnheiður Gröndal** heimsækir verslun okkar í Kringlunni í dag, **laugardag og sunnudag kl. 14.30** og syngur hugljúfa tóna fyrir gesti. Líttu við og komdu þér í hátíðarskap.

**Kakó og smákökur í verslunum Símans**
Upplifðu notalega jólastemningu í verslunum okkar fyrir jólin. Við bjóðum upp á rjúkandi kakó og smákökur og hjálpum þér að velja tækið og áskriftarleiðina sem hentar þér.

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mán.gjald.

jol.siminn.is

Síminn

## ORÐ VIKUNNAR
15.12.2012 ➔ 21.12.2012




## UMMÆLI VIKUNNAR

**„Það er algjörlega galið dæmi að sérstakur saksóknari sé að vesenast í Bílabúð Benna með þetta.“**

*Benedikt Eyjólfsson í Bílabúð Benna sætir ákæru fyrir að skila ekki ársreikningum. Hann er ósáttur.*

**„Við getum ekki þolað þetta lengur. Þessum harmleikjum verður að linna. Og til að svo megi verða þarf breytingar.“**

*Barack Obama Bandaríkjaforseti ávarpaði þjóð sína í kjölfar hörmulegrar skotárásar í Newtown í Connecticut.*







# Þjóðkirkjan og samkynhneigð

TRÚMÁL



**Bára Friðriksdóttir**
prestur

Lífsreynsla mín hefur kennt mér að fáfræði um málefni kallar oft á harða dóma. Það á við um mig jafnt og aðra. Áður en ég kynnti mér markvisst málefni samkynhneigðra í guðfræðináminu örlaði á ótta og skeytingarleysi gagnvart þeim. Eftir að ég kynnti mér málin komst ég að mínum eigin fordómum og vann mig í gegnum þá eins og langflestir sem skoða mál þeirra af einurð.

Þegar ég les grein eins og Sifjar Sigmarsdóttur hér í blaðinu 19.12.2012 verður mér hugsað til þess hvort Þjóðkirkjan (ÞK) þurfi ekki að setja upp námskeið sem upplýsi og haldi til haga því mikla ferli sem fór fram innan hennar frá því lög um staðfesta samvist 1996 tóku gildi og þar til ein hjúskaparlög urðu til. Það ríkir mikil fáfræði á meðal margra sem skrifa og tala um það risaskref sem ÞK tók á þessum 15 árum.

### Samræða og viðhorf

Málefni samkynhneigðra hafa löngum verið viðkvæm og því miður láðist ÞK að takast skörulega á við það strax 1996. En fljótlega upp úr lögunum um staðfesta samvist var gert helgisiðaform til blessunar fyrir sambönd samkynhneigðra. Það voru umræður í hópum innan kirkjunnar en það var ekki fyrr en eftir 2005 sem prestar fóru að ræða þetta markvisst. Málstofur voru haldnar m.a. í samvinnu við samkynhneigða. Fræðimenn í gamla- og nýjatestamentisfræðum unnu ítarlega vinnu (http://kirkjan.is/samkynhneigdogkirkja/). Kristnir siðfræðingar kynntu mismunandi stefnur um málið sem lýstu viðhorfum allt frá því að munur sam- og gagnkynhneigðra væri sá sami og munur örvhentra og rétthentra til þess viðhorfs að samkynhneigð væri röng. Auk þess kom fram að lúterskar kirkjur um víða veröld væru sama eining sem hefði mjög ólíka nálgun á málefnið, þar gæti myndast spenna allt eftir niðurstöðu. Þetta voru prestar og biskupar með í fanginu þegar þeir unnu að því að móta stefnu ÞK til framtíðar ásamt leikmönnum. Inn í þessa mynd þarf að taka að ÞK er öllum opin og á því ekki að ýta einum eða öðrum hóp út. Henni ber að taka samkynhneigðum opnum örmum, hún verður líka að vera opin fyrir mjög íhaldssama sem og frjálslynda. ÞK rúmar því margar skoðanir. Samþykktin gat ekki verið þannig að einungis einn viðhorfahópur fengi inni. Með því að hafna algjörlega tilverurétti íhaldssamra presta og almennings þá væri kirkjan að bregðast þeim hópi. Margir íhaldssamir borgarar lýstu skoðun sinni við mig en það gerðu einnig þeir frjálslyndu.

### Niðurstaða prestastefnu

Tvær prestastefnur voru undirlagðar af samræðunni um málefni samkynhneigðra (2006-2007). Niðurstaðan var afgerandi, góður meirihluti presta samþykkti helgisiðaform er lyti að staðfestingu samvistar. Á kirkjuþingi 2007 (þar situr safnaðarfólk, prestar, biskupar o.fl.) var samþykkt: „…Ef lögum um staðfesta samvist verður breytt þannig að trúfélög fái heimild til að staðfesta samvist þá styður Kirkjuþing það að prestum Þjóðkirkjunnar, sem eru vígslumenn að lögum, verði það heimilt. Kirkjuþing leggur áherslu á að frelsi presta í þessum efnum verði virt.“

Skrefið sem íslenska ÞK tók til samþykkis við réttindi samkynhneigðra var risastórt og stærra en nánast allra lúterskra kirkna

> ➔ **Samlíking Sifjar á hjónavígslu og afgreiðslu vöru yfir búðarborð er vart svara verð.**

í veröldinni. Á prestastefnu 2010 lýstu 90 prestar og djáknar því yfir að þeir vildu ganga enn lengra (en það er nær tveir þriðjungar stéttanna). Síðan hafa nokkrir prestar unnið ötullega að málefnum samkynhneigðra í ræðu og riti. Það fer því fyrir brjóstið á mér þegar tönnlast er á því að prestar ÞK gangi fram í fordómum gagnvart samkynhneigðum.

### Stundum mistekst okkur

Samlíking Sifjar á hjónavígslu og afgreiðslu vöru yfir búðarborð er vart svara verð. Hjónavígsla er löggjörningur með pappírum og réttri undirskrift, undirbúningur, samtal og athöfn um mikilvægi og gildi góðs hjónalífs. Þó að ég beri sömu virðingu fyrir barni og fullorðnum þá gifti ég ekki barnið. Virðing mín er engu minni fyrir samkynhneigðum en fyrir öðrum, ég er tilbúin að gefa þá saman og ég finn til undan því þegar þeim er sýnd mannvonska eða fordómar. Því miður hefur kirkjan stundum brugðist þeim og það er leitt að þar finnast fordómar eins og annars staðar.

Viðhorf trúaðra fer m.a. eftir kennivaldi og túlkun Biblíunnar, þar er mismunandi nálgun og skilningur sem hefur áhrif á túlkun þeirra. Við þurfum að mæta öllum af elsku hins alvitra, sýna breidd, umfaðma og umvanda. Heilindi þeirra sem ganga í hjónaband skiptir mestu. Þar eru ást, virðing, réttlæti og trúfesti hornsteinninn sem allt annað á að meta út frá. Þó að nú sé tíska að henda eggjum og grjóti orðanna í ÞK þá er þörf að kynna sér málin fyrst.

# Jafn aðgangur að miðunum

EVRÓPUVEFURINN
Hver er stefna ESB í sjávarútvegsmálum?



**Þorvarður Kjerulf Sigurjónsson**
verkefnastjóri á Evrópuvefnum



**Þórhildur Hagalín**
ritstjóri Evrópuvefsins

Samvinna Evrópusambandsríkja á sviði sjávarútvegs á rætur sínar að rekja til þess að í Rómarsáttmálanum voru afurðir fiskveiða skilgreindar sem landbúnaðarvörur og féllu þar með undir landbúnaðarstefnu sambandsins. Samstarfið fór hægt af stað en þróaðist á nokkrum áratugum í sameiginlega sjávarútvegsstefnu, óháða landbúnaðarstefnunni. Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB, í því formi sem hún er starfrækt í dag, gekk í gildi árið 1983 og hefur verið endurskoðuð á tíu ára fresti síðan.

Markmið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar hafa frá upphafi verið þau sömu og landbúnaðarstefnunnar, það er að:

- auka framleiðni í sjávarútvegi,
- tryggja viðunandi lífskjör í sjávarútvegi,
- stuðla að jafnvægi á mörkuðum,
- tryggja stöðugt framboð á vörum og
- tryggja neytendum sanngjarnt verð.

Í kjölfar endurskoðunar sjávarútvegsstefnunnar árið 2002 voru tekin upp viðbótarmarkmið um sjálfbærni í sjávarútvegi, bæði efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg, sem og verndun fiskistofna og lífríkis sjávar. Sameiginlega sjávarútvegsstefnan byggist í meginatriðum á fjórum grundvallarþáttum:

- fiskveiðistjórnun og verndun fiskistofna,
- sameiginlegu markaðsskipulagi með frjálsum markaði fyrir fiskafurðir,
- sameiginlegri uppbyggingarstefnu með hjálp sjávarútvegssjóðs Evrópu og
- samningum við þriðju ríki.

### Umtalsverðar takmarkanir

Í stefnunni felast einnig aðgerðir sem lúta að umhverfisáhrifum af fiskveiðum, flotastjórnun, aðgengi að hafsvæðum og höfnum, eftirliti og reglufylgni og fiskeldi.

Undirstaða sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar er meginreglan um jafnan aðgang. Samkvæmt henni hafa öll aðildarríki ESB rétt til veiða á öllum miðum aðildarríkjanna innan 200 sjómílna. Aðgangurinn er þó ekki ótakmarkaður því reglur sambandsins um ákvörðun hámarksafla og úthlutun aflaheimilda til aðildarríkjanna fela í sér umtalsverðar takmarkanir á reglunni um jafnan aðgang þar sem fiskiskipum er einungis heimilt að veiða á þeim svæðum og úr þeim stofnum sem aflaheimildir þeirra eru bundnar við.

Ákvarðanir um hámarksafla byggjast á tillögum framkvæmdastjórnar ESB og eru unnar í samráði við vísindamenn. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráð ESB skiptir leyfilegum hámarksafla milli aðildarríkjanna, með hliðsjón af sögulegri veiðireynslu þeirra, samkvæmt meginreglunni um hlutfallslega stöðugar veiðar. Aðildarríkin hafa síðan sjálf

> ➔ **Ákvarðanir um hámarksafla byggjast á tillögum framkvæmdastjórnar ESB og eru unnar í samráði við vísindamenn. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráð ESB skiptir leyfilegum hámarksafla milli aðildarríkjanna...**

umsjón með skiptingu aflaheimilda sinna milli innlendra útgerða, í samræmi við eigin löggjöf.

Með gildistöku Lissabon-sáttmálans árið 2009 fékk Evrópuþingið í fyrsta sinn aðkomu að setningu afleiddrar löggjafar á sviði sjávarútvegsmála. Ákvarðanir um árlegan hámarksafla og úthlutun veiðiheimilda eru þó eftir sem áður teknar án aðkomu Evrópuþingsins og þurfa aukinn meirihluta atkvæða í landbúnaðar- og sjávarútvegsráði ESB til að hljóta samþykki.

Helsta gagnrýnin á sjávarútvegsstefnu ESB hefur í gegnum tíðina snúið að ofveiði, brottkasti, slöku eftirliti, kvótahoppi og ófullnægjandi viðurlögum við brotum. Unnið hefur verið að því að bæta úr þessum þáttum við hverja endurskoðun stefnunnar en það hefur tekist misvel. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2009 voru skilgreindir fimm kerfislægir annmarkar sjávarútvegsstefnunnar: of mikil sóknargeta skipaflota aðildarríkjanna, ónákvæm markmið, skammsýni, of lítil ábyrgð á herðum sjávarútvegsiðnaðarins og skortur á pólitískum vilja til að tryggja reglufylgni. Þessir þættir liggja til grundvallar þriðju endurskoðun stefnunnar sem stendur yfir um þessar mundir en til stendur að ljúka henni fyrir lok þessa árs.

# 20% AFSL. AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM NÆSTU DAGA

tommy m



**tommy m buster leðursófi**
Stærð; 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm
Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt. Handverkað leður. Lausir púðar fylgja ekki.
Verð; 4ra 841.000,- nú 672.800,-, 3,5 sæta 719.000,- nú 575.200,-.





**KAK 1378 Sófasett í áklæði 3+1+1, 419.000,- nú 335.200,-**
Litir: ljósgrátt og brúnt. Lausir púðar fylgja ekki með.
Stærð:3ja sæta 228 x 95 cm, stóll 88 x 95 cm





**KAK 1537 Sófasett í leðri 3+1+1.**
Verð í brúnu leðri 795.000,- nú 636.000,-. Verð í hvítu leðri 859.000,- nú 687.200,-.
Stærð: 3ja sæta 227 x 96 cm, stóll 90 x 96 cm.

## HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



ÞÚ FINNUR JÓLAGJAFIRNAR HJÁ OKKUR!
NÚ HEFST GAMANIÐ FYRIR ALVÖRU ...
Pioneer HLJÓMTÆKI X-HM20-K/S
Hljómtækjastæða
FM útvarp með 40 stöðva minni, Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW, iPod, USB, RCA, Heyrnartól, Video out (f. iPod), 2 x 15W magnari, hátalarar 4 Ohm, spilar og hleður iPod
Verð kr. 39.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI SE-MJ721
Heyrnartól af bestu gerð
Tíðnisvið 6-28.000 Hz · Þyngd: 156 gr.
Verð kr. 9.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI BDP-150-S
Frábær 3D Blu-ray spilari með nettengingu
DLNA vottaður · Horfðu á YouTube, Picasa eða Netflix í gegnum spilarann · Netútvarpput, RCA, 2x USB (Front & Back)
Verð kr. 44.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI X-DS301-K
Útvarpsvekjari
með iPod/iPhone vöggu
Fm útvarp m. 20 stöðva minni
Hleður iPod/iPhone · Fjarstýring m. „Snooze“ takka.
Verð kr. 18.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI VSX-322-K
Heimabíómagnari
5 x 100 RMS @ 6ohm, Styður Dolby TrueHD, DTS-HD master Audio,FM/AM útvarp með RDS, Inngangar: 4x HDMI, 2x Composit, 1x Coaxial, 1x Digital Optical, Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x Preout, Stærð(BxHxD): 435x168x343
~~Verð kr. 59.900,-~~
JÓLATILBOÐ kr. 49.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K
Heimabíókerfi
5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilara og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, styður 1080p (HD upscaling)
Verð kr. 49.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI VSX-527- S/K
Heimabíómagnari
5 x 130 RMS @ 6 ohm, Internet útvarp, Inngangar: 6x HDMI. 3x Composite. 2x Component. 1x Coaxial. 1x Optical. (1x Usb. 1x Ethernet), Útgangar: 1x HDMI. 1x Composite. 2x sub pre-out
~~Verð kr. 86.900,-~~
JÓLATILBOÐ kr. 73.900,-
Pioneer HLJÓMTÆKI BCS-323
Glæsileg 3D BluRay heimabíóstæða
5.1 rása 3D Blu-Ray heimabíókerfi með FM útvarpi og Karaoke · 1100W magnari (5x150w / Sub 250w) · Spilar; BD-R/RE, DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl. · Bluetooth Ready · Tengi: 3x HDMI(2inn/1út), 2x USB, Ethernet, Optical, RCA hljóð inn Composite, Component · iPod-vagga
Verð kr. 94.900,-
NINTENDO 3DS Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA
NINTENDO 3DS
Verð kr. 39.900,-
Wii - LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
Wii
Verð kr. 33.900,-
Wii U Nintendo
ER KOMIN AFTUR Í VERSLANIR!
Wii U er nýjasta tækniUndrið frá Nintendo
Þessi flotta leikjatölva sameinar spilun í sjónvarpi og á skjáborði og skapar algjörlega nýja leið til að spila tölvuleiki.
SHARP LC22-DV240E
22" LED sjónvarp
Með innbyggðum DVD spilara · Full HD
Full háskerpu upplausn (1920x1080), DVB-T, DVB-C, MPEG2/MPEG4 H.264, upptaka á USB.
JÓLATILBOÐ kr. 69.900,-
SHARP LC60LE636S
STÓRGLÆSILEGT 60" LED SJÓNVARP
Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · DVB-T/T2, DVB-C, MPEG2/MPEG4 · 100Hz · 4xHDMI tengi · USB tengi fyrir kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist · Aquos NET – Netvafri
Verð kr. 399.900,-
SHARP LC70LE741
STÓRKOSLEGT 70" 3D · LED SJÓNVARP
Full-Háskerpu upplausn 1920x1080 · LED Baklýsing · 100Hz · Breytir 2D í 3D · USB afspilun · DLNA · Netvafri · TimeShift
Verð kr. 719.900,-
CELESTRON ASTROMASTER 70AZ
Frábært úrval af stjörnusjónaukum
Verð: 24.900 kr.
BLAUPUNKT BL B10BL
Traust ferðatæki
Ferðatæki með geislaspilara og kassettutæki · Spilar: CD/-R/-RW/MP3, FM/AM · Þyngd: 2 kg
Verð kr. 12.900,-
OLYMPUS VG-150
Fínleg og einföld
12 milljón pixlar · WIDE 4 x aðráttarlinsa (27-108mm) · 2.7" LCD skjár · Ljósop 2.9 – 6.5 · Hristivörn · Vídeoupptaka með hljóði (30fps) · Til í svörtu og silvur
Verð kr. 14.900,-
SAMSUNG UExxEH5005
40" LED sjónvarp
Full HD · Mega skerpa · Clear Motion Rate: 50 Hz · Upplausn: 1920 x 1080p · USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
Verð kr. 149.900,-
Birt með fyrirvara um prentvillur
OPIÐ LAUGARDAG FRÁ KL 11-21 OPIÐ ÞORLÁKSMESSU FRÁ KL. 11-21

## Skoðun visir.is

**1.645**
MIÐVIKUDAGUR 19. DESEMBER
**Jólabón til Jóns Gnarr**
*Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur*

**563**
MIÐVIKUDAGUR 19. DESEMBER
**Já, þú varst að vekja mig**
*Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsókna-seturs HÍ á Vestfjörðum*

**465**
FIMMTUDAGUR 20. DESEMBER
**Húsnæðislán, Svíþjóð og Ísland**
*Oddur Steinarsson yfirlæknir*

**437**
FIMMTUDAGUR 20. DESEMBER
**Ímyndað skuldafangelsi**
*Þórður Snær Júlíusson pistlahöfundur*

**354**
PRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER
**Ja, mikið óskaplega ertu góð**
*Árný Guðmundsdóttir táknmálstúlkur*

**342**
PRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER
**Ranghugmyndir yfirvalda um rjúpnaveiði**
*Dúi J. Landmark kvikmyndagerðarmaður*

**335**
PRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER
**Lokasenna að Landsbankamáli**
*Sverrir Hermannsson fv. alþingismaður*

**309**
MIÐVIKUDAGUR 19. DESEMBER
**Staðreyndir um löggæslu á Íslandi**
*Runólfur Þórhallsson lögregluvarðstjóri*

# Meiri aga í efnahagsmálum

EFNAHAGSMÁL



**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra

Allir stjórnmálamenn í öllum flokkum ásamt öllum svokölluðum álitsgjöfum hafa verið og eru sammála um það einasta eitt, að til þess að ná árangri í þýðingarmestu viðfangsefnum íslensku þjóðarinnar þurfi að beita meiri aga í stjórn efnahagsmála. Þeir sem vilja notast áfram við íslensku krónuna eru eindregið þeirrar skoðunar. Þeir sem vilja taka upp evruna segja að til þess að það sé hægt þurfi að auka aga í meðferð efnahagsmála. Þeir sem vilja taka einhliða upp bandaríska dollar, kanadískan dollar, norska eða danska krónu – nú eða japanskt jen – tala líka um nauðsyn meiri aga. Meiri agi í efnahagsmálum. Um það eru allir sammála.

Hins vegar vill það gleymast í þessari umræðu að agaleysið í meðferð efnahagsmála er ekki bundið við stjórnmálamenn eina. Spurningin er ekki einvörðungu um hvort stjórnmálamenn umgangast fjárlagagerð eða viðfangsefni ríkisrekstrar af ábyrgð eða ábyrgðarleysi. Agabeiting pólitíkusa við meðferð almannafjár mun engum árangri skila ef agaleysi ríkir um aðra þætti er lúta að stjórn efnahagsmála, sem þeir hafa engin tök á.

Á mestu uppgangsárum í íslensku efnahagslífi – þegar ríkissjóður var orðinn skuldlaus – voru sextán þúsund íslensk heimili komin á vanskilaskrá. Sextán þúsund heimilanna lifðu sem sé langt um efni fram í miðju „góðærinu“. Það er ekki agi í efnahagsmálum.

### Kauphækkanir úr takti

Í kjarasamningum eftir hrun var samið um kauphækkanir úr takti við samtímaverðmætasköpun í samfélaginu en í ljósi vona um framtíðarvöxt. Það er ekki agi í efnahagsmálum.

Í anda neytendaverndar á Evrópska efnahagssvæðinu var leidd í lög tilskipun um tryggingasjóð innistæðueigenda þar sem bankar voru skikkaðir til þess að stofna sjóð til verndunar innistæðna sparifjáreigenda, sem þeim hafði verið trúað fyrir. Bankarnir hirtu ekki um að fullnægja neytendaverndarskilmálunum. Það er ekki agi í efnahagsmálum.

Efnaðir einstaklingar stofnsettu gervihlutafélög og skúffufyrirtæki sem höfðu engan rekstur með höndum en það eina viðfangsefni að dylja slóð peninga í skattaskjól erlendis á sama tíma og þeir sömu efnuðu einstaklingar létu lífeyrisþega og skattborgara létta af sér skuldum sem nema samtals fleiri hundruðum milljarða króna. Það er ekki agi í efnahagsmálum.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi af fjölmörgum um agaleysi íslensku þjóðarinnar í efnahagsmálum – agaleysi sem kom þessari þjóð í koll og mun áfram gera ef ekki verður á breyting. Það dugir skammt að stjórnmálamenn beiti meiri aga í sínum viðfangsefnum – rekstri ríkisins – ef agaleysi ríkir áfram í öðrum þáttum í meðferð efnahagsmála, sem stjórnmálamennirnir hafa lítil eða engin áhrif á.

Stjórnmálamenn ráða ekki við það ef fjöldi fólks vill endilega lifa langt um efni fram. Stjórnmálamenn ráða ekki við það ef aðilar vinnumarkaðarins vilja semja um launahækkanir sem ekki er innistæða fyrir. Stjórnmálamenn ráða ekki heldur við það hvernig íslenskir fjárglæframenn telja sér sæmandi að haga sér gagnvart samfélaginu.

### Spara fyrst og kaupa svo

Oft er litið til Þjóðverja eða Norðmanna sem fyrirmyndar um samfélög sem ástunda skynsamlega og agaða stjórn efnahagsmála. Þeir sem þekkja þar til vita að sú skynsemi nær ekki aðeins til þess hvernig pólítíkusar og stjórnvöld vilja haga sér heldur ekki síður til aga í efnahagsákvörðunum heimila og aðila vinnumarkaðar. Norsk heimili spara fyrst og kaupa svo. Kaupa ekki fyrst og geta svo ekki borgað. Enda búa þau fæst jafn vel að margvíslegum „hlutum“ og kollegar þeirra hér á landi. Munurinn er bara sá að Norðmenn eiga það sem þeir eiga í miklu meira mæli en tíðkast hér.

Agi í meðferð efnahagsmála er okkur brýn nauðsyn – hver svo sem gjaldmiðillinn er. Sá agi næst hins vegar aldrei ef hann á einungis að ná til viðfangsefnis stjórnmálamanna. Þjóðin sjálf – heimilin, fyrirtækin og aðilar vinnumarkaðarins – ræður meiru um þróun efnahagsmála en stjórnmálamennirnir. Ef nást á meiri agi í meðferð efnahagsmála á Íslandi verður sá agi að ná líka til heimilanna, fyrirtækjanna og aðila vinnumarkaðarins. Þetta þora stjórnmálamenn sjaldnast að segja. Kjósendur vilja nefnilega helst geta kennt öðrum um allt sem miður fer – stjórnmálamönnunum helst af öllu. En svona er þetta nú samt. Enginn agi mun nást í íslenskum efnahagsmálum nema þjóðin kjósi sér sjálf slíkt hlutskipti – og fylgi því fast eftir.

**➜ Hins vegar vill það gleymast í þessari umræðu að agaleysið í meðferð efnahagsmála er ekki bundið við stjórnmálamenn eina. Spurningin er ekki einvörðungu um hvort stjórnmálamenn umgangast fjárlagagerð eða viðfangsefni ríkisrekstrar af ábyrgð eða ábyrgðarleysi.**






# Kirkja og klúbbur

FJÁRMÁL



**Eggert Eggertsson**
fv. formaður Nesklúbbsins

Það er vandi að bera saman rekstur, kostnað og tekjur fyrirtækja og þá sérstaklega þegar fyrirtækin eru ólík. Niðurstaðan fer því alveg eftir því hvað höfundurinn velur að bera saman. Örn Bárður hefur í tveimur greinum borið saman tekjur Nesklúbbsins og ríkiskirkjunnar. Þar er saman ólíku að jafna og er fallið til að valda misskilningi og koma á misklíð.

Þegar Íslendingur fæðist er hann skráður í trúfélag eða utan trúfélags að honum forspurðum. Þegar hann vex úr grasi ber honum að borga skatt, sóknargjald, til trúfélags og þá samkvæmt skráningu Hagstofunnar. Þeir sem ekki eru í trúfélagi borga sama gjald. Ríkisvaldið innheimtir gjaldið og greiðir til trúarfélaga og hirðir gjaldið til sín af þeim sem ekki eru í trúfélagi.

Varðandi golfklúbba þá eru þeir eins og önnur íþróttafélög, frjáls félagasamtök. Hver og einn ákveður hvort hann vilji ganga í íþróttafélag og það er engin ríkisstofnun sem sér um að innheimta fyrir þau ársgjaldið. Ef trúfélög og þá sérstaklega Þjóðkirkjan vill hafa golfhreyfinguna að leiðarljósi þá ætti hún að segja skilið við ríkisvaldið, hætta að láta Hagstofuna skrá félaga og innheimta sjálf félagagjaldið.

### 600 á biðlista

Nesklúbburinn er fimmti fjölmennasti golfklúbbur landsins. Í honum eru 650 félagar en það eru 600 manns á biðlista eftir að komast í klúbbinn. Vegna tregðu bæjaryfirvalda á Seltjarnarnesi þá hafa þau ekki leyft stækkun vallarins þrátt fyrir nægt land, land sem enginn notar. Þess má geta að varpfuglar hafa flutt sig yfir á Suðurnesið til að verpa í kringum golfbrautir klúbbsins. Á biðlistanum í Nesklúbbinn eru mörg börn og flest þeirra búa á Seltjarnarnesi. Það er samfélagslegt úrlausnarefni yfirvalda að leyfa stækkun vallarins til að Nesklúbburinn geti tekið við fleiri börnum og félögum. Öll börn eiga að fá að njóta útivistar og hreyfingar.

Rekstur golfhreyfingarinnar vekur athygli. Íþróttin er tiltölulega ung og hefur vaxið mjög hratt. Golfhreyfingin í heild sinni ætti að fá viðurkenningu fyrir einstakan árangur og góðan rekstur á erfiðleikatímum. Golfvellir hafa verið byggðir upp um allt land. Flestir ef ekki allir vellirnir er byggðir í sjálfboðavinnu og með styrk og stuðningi félaga í klúbbunum. Rekstur golfklúbba gengur misvel, sumir bera skuldir og aðrir hafa borð fyrir báru. Nesklúbburinn skilaði skuldlausum ársreikningi í ár. Ársreikningar eru samt aldrei tæmandi yfirlit. Þar kemur t.d. ekki fram rekstur sem stjórn hefur boðið út eins og rekstur matsölu og kennslu. Þar kemur heldur ekki fram vinna sjálfboðaliða. Golfvöllurinn er opinn allt árið fyrir félaga í klúbbnum og það eru stundaðar æfingar innanhúss yfir vetrartímann. Æfingaaðstaða að vetri til er verkefni sem Nesklúbburinn er að reyna að bæta.

**➜ Nesklúbburinn er fimmti fjölmennasti golfklúbbur landsins. Í honum eru 650 félagar en það eru 600 manns á biðlista eftir að komast í klúbbinn.**




# Gullfallegar, vandaðar og háþróaðar myndavélar frá Samsung

SAMSUNG

Samsung SMART CAMERA NX

## Samsung · NX 210

Wi Fi CERTIFIED



20.3 milljón pixlar
18-50 mm linsa fylgir
APS-CMOS Sensor
8 rammar á sek.
Direct Wi-Fi
I-Function linsa
Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
ISO 100-12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

dpreview.com SILVER AWARD
Sjá: dpreview.com

**Verð: 179.900 kr**
**TILBOÐSVERÐ: 149.900 kr**

Kaupauki



Samsung GALAXY Tab 2

7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum.

## Samsung · NX 20

Wi Fi CERTIFIED

EISA AWARD Best Product 2012-2013
ADVANCED COMPACT SYSTEM CAMERA
Samsung NX20

**Samsung NX 20** hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli og hlotið hin virtustu verðlaun og fjölda viðurkenninga fyrir háþróaða tækni og vandaða hönnun.



20.3 milljón pixlar
18-55 mm linsa fylgir
3" hreyfanlegur AMO-LED
APS-CMOS Sensor
Direct Wi-Fi
I-Function
Smart Auto ( 14 atriði ) Panorama, 3D View
Innbyggt flass
Lokarahraði frá 1/8000 upp í 30 sek.
ISO frá 100 - 12800
Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

**Verð: 219.900 kr**
**TILBOÐSVERÐ: 179.900 kr**

Kaupauki



Samsung GALAXY Tab 2

7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum.

Þessar glæsilegu myndavélar frá Samsung bjóða báðar upp á þráðlaust streymi mynda með WiFi-tækninni beint inn í sjónvarpið og tölvuna – og þannig beinustu leið inn á samskiptamiðla internetsins; Facebook, Twitter, Flickr o.fl. Einnig er hægt að nota Samsung spjaldtölvuna eða Galaxy símann til að stýra myndavélinni og taka myndir þráðlaust.

**Gefðu gullfallega, vandaða og háþróaða jólagjöf!**

Samsung SMART LED TV 8 serían + GALAXY Tab 2 7.0 WiFi – tilboð 2012

SAMSUNG

# JÓLATILBOÐ

Samsung SMART LED TV 8 serían
+ GALAXY Tab 2 7.0 WiFi




Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now

SAMSUNG samsungsetrid.is SETRIÐ
Síðumúla 9 · Reykjavík · Sími 530 2900

ORMSSON
Lágmúla 8 · Reykjavík · Sími 530 2800

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |



**Sigmar Vilhjálmsson, athafnamaður**

### Útsending og fitumæling

„Eftir að útsendingu lýkur á útvarpsþættinum mínum liggur leiðin beint í fitumælingu. Ef útkoman verður allt í lagi þá mun ég leyfa mér að fara í vaðandi skötuveislu á Kringlukránni á sunnudaginn. Þar ætlar öll fjölskyldan að koma saman og belgja sig út af skötu. Svo er meiningin að rölta um miðbæinn um kvöldið.“



**Haraldur Ari Stefánsson, tónlistarmaður**

### Fer norður

„Ég er að fara til Akureyrar að spila og kynna Síðasta sjens sem verður 30. desember í Vodafonehöllinni. Það verður alger stuðveisla. Svo ætla ég líka í sund.“



**Hrefna Rósa Sætran, matreiðslumaður**

### Litlu jólin

„Í dag ætla ég að hitta hann frænda minn sem er að koma frá útlöndum og svo ætla ég að skreyta jólatréð. Á morgun eru litlu jólin á bæði Fisk- og Grillmarkaðnum.“



**Hallgrímur Ólafsson, leikari**

### Í skötuveislu

„Um helgina ætla ég að klára jólin, ég á meðal annars eftir að kaupa gjöf handa konunni. Á sunnudaginn ætla ég að borða skötu hjá Presti Leó. Ég fer alltaf í skötu til hans.“

# Bíður eftir að verða fjallkona

Lopapeysubann var sett á alþingi Íslendinga í vikunni. Þann dag skartaði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra lopapeysu með vestfirsku vettlingamynstri eins og stundum áður. Hún er mikill peysuvinur en finnst hún vera eins og pappakassi ef hún fer í dragt.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það eru reglur í þinginu um snyrtilegan klæðaburð og auðvitað getur verið mikið matsatriði á hverjum tíma hvað telst snyrtilegt,“ segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra eftir að hafa verið rekin úr lopapeysunni sinni af forseta þingsins. Hún heldur ekki uppi andófi gegn þeirri valdbeitingu, heldur tekur henni með ró og spekt.

„Ég lít á þetta sem mikið aukaatriði. Þetta er samt voða fín peysa, ég tek það fram, með vestfirsku vettlingamynstri og fallegum blúndukraga og ég hef verið í henni áður í þinginu. En þegar tveir þingmenn, sem sagt við Árni Johnsen, voru komnir í lopapeysur í þingsal þá held ég forseta hafi fundist fulllangt gengið.“

Peysuna umræddu kveðst Katrín hafa fengið að gjöf frá frænku sinni á Vestfjörðum og vera afskaplega ánægð með hana, enda hafi hún notað hana mikið. Hún segir þetta atvik í þinginu hafa rifjað það upp að Vigdís Finnbogadóttir hafi verið í lopadragt þegar hún veifaði til mannfjöldans af Aragötunni, eftir að þjóðin hafði kosið hana sem forseta Íslands 1980. Það hafi verið dragt sem Vigdísi hefði verið gefin í kosningabaráttunni. „En þetta er spurning um klæðaburð alþingismanna. Það er voða auðvelt að gera kröfu um að karlarnir séu í jakkafötum en klæðnaður okkar kvennanna er meira smekksatriði, þannig að ég held að þegar lopapeysutískan fór að breiðast út hafi verið ákveðið að gera athugasemdir.“

Katrín er oft í peysum eins og alþjóð hefur eflaust tekið eftir. „Ég er mikil peysukona. Kannski af því að mér finnst dragtarjakkar ekki fara mér vel. Ég á einn svoleiðis en þegar ég er komin í hann þá líður mér alltaf eins og litlum pappakassa. Reyndar finnst mér dragtir í anda sjöunda áratugarins rosalega flottar en ég hef bara ekki fundið svoleiðis sem passa á mig. Einhverja appelsínugula. Það gæti verið svolítið töff. En teinótt eða beis, það er ekki ég.“

Þú hefur sem sagt aldrei verið flugfreyja? „Nei, ég væri alveg glötuð í það með þessa jakkafælni. Ég gæti samt kannski verið í innanlandsflugi, því ég held að freyjurnar þar fái að vera í peysum.“

En hvað um íslenska búninginn. Skyldi hún eiga hann? „Nei, ég á hann ekki og hef aldrei klæðst honum. En ég verð kannski einhvern tíma beðin að vera fjallkona á 17. júní – hugsanlega – þá yrði ég dubbuð upp í þjóðbúning. Ég er eiginlega að bíða eftir því. Bara svo því sé komið á framfæri!“

Þá snúum við okkur að jólunum. Hvernig skyldi ganga að undirbúa þau á heimili menntamálaráðherra?

„Það gengur fínt,“ svarar Katrín svo ákveðin að næsta spurning er hvort hún sé með vinnukonu. „Nei. Jól geta verið á ýmsan hátt og þetta verða óformlegu jólin. En það er að minnsta kosti búið að senda jólakortin. Synirnir, annar sjö ára og hinn að verða fimm, sjá um að skreyta húsið sem þýðir að það er skraut alls staðar. Annað mun verða leyst á lokametrunum.

Jólin snúast um kærleikann og þau koma hvernig sem til tekst með undirbúninginn.“



**KATRÍN JAKOBS** „Ég gæti kannski verið í innanlandsflugi því ég held að freyjurnar þar fái að vera í peysum,“ segir hún.

## ÓMISSANDI Á AÐFANGADAG

Flestar búðir skella í lás klukkan tólf á hádegi á aðfangadag og þá er eins gott að hafa undirbúið hátíðina vel og skynsamlega. Fréttablaðið tók saman lista yfir nokkur atriði sem vissara er að hafa á hreinu áður en hátíð gengur í garð.



### Aukapakkar

Allir geta lent í því á aðfangadag að vinur krakkanna birtist með pakka án þess að það hafi verið skipulagt fyrirfram og að gamall vinur kíki inn með gjöf í hendi. Til að bregðast við slíkum aðstæðum borgar sig að eiga innpakkaðar gjafir sem henta börnum og fullorðnum.

### Sokkabuxur

Það er óskemmtilegt að rífa einu heilu sokkabuxurnar í húsinu á aðfangadag. Til að lenda ekki í slíku neyðarástandi borgar sig að eiga einar, jafnvel tvennar, aukasokkabuxur sem fara við jóladressið.





### Gaskútur

Hátíðarsteikin er komin í ofninn og kartöflurnar malla á hellunni – og gasið klárast. Jólastemmingin ryki nú sennilega út í veður og vind ef þetta myndi gerast og eina ráðið er: Að eiga auka gaskút.

### Kerti

Kerti eru klassísk jólagjöf og margir sem stinga þeim með í pakkann. En það er líka nauðsynlegt að eiga kerti á heimilinu til að kveikja á á aðfangadagskvöld.



### Hrein skyrta

Fæstir vilja lenda í því að þurfa að strauja skyrtu í miðri máltíð á aðfangadagskvöld ef svo illa vill til að sullast yfir spariskyrtuna. Til að koma í veg fyrir slíka stöðu borgar sig að hafa allan vara á og eiga hreina straujaða skyrtu inni í skáp.



# HVER ER ÞINN JÓLAILMUR?




JÓLA- 25% AFSLÁTTUR

Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!

## MEMORY FOAM heilsuinniskór



1 par kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-




## Jóla- tilboð!



TVENNU Sæng+koddi TILBOÐ

Dúnsæng + dúnkoddi
kr. 15.900,-
Trölla-dúnsæng
kr. 13.900,-
Stakur dúnkoddi
kr. 4.900,-

Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður.
Koddi:15% dúnn/85% smáfiður.

## Shape heilsukoddar frábær jólagjöf

Shape Comfort kr. 5.900,- Shape Classic kr. 5.900,-



Mjúkur



Þéttur

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Shape Original
kr. 8.900,-
Stuðningslag



## FLORIDA hornsófi XL Aðeins kr. 219.900,-

NÝJAR DORMA VÖRUR



Stærð: 322 x 205 cm H. 71 cm. Grátt áklæði
Einnig fáannlegur 2 horn 3 og 3 horn 2.

## FLORIDA hornsófi með tungu



Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Aðeins kr. 194.900,-



## RUBEN

svefnsófi með tungu
Aðeins kr. 139.900,-
Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

ÁTTU VON Á GESTUM?



## MONTORIO

svefnsófi
Aðeins kr. 99.900,-
Stærð: Br. 159 cm.
D. 208 cm H. 63,5 cm.

Opnunartími til jóla
Holtagörðum
22. og 23. desember 10.00-22.00
Aðfangadag 10.00-13.00

DORMA
– býður góða nótt

Pöntunarsími ☎ 512 6800
www.dorma.is

# Hann gerir okkur öll að betri manneskjum



MYND/NICO

Knattspyrnumaðurinn **Ólafur Ingi Skúlason** og eiginkona hans **Sigurbjörg Hjörleifsdóttir** eru búsett í Belgíu ásamt tveimur börnum sínum. Líf þeirra tók nýja stefnu fyrir tuttugu mánuðum þegar sonur þeirra, gleðigjafinn Viktor Skúli, kom í heiminn.

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is



Hún horfði á okkur eins og við værum unglingar og sagði hranalega: „Þið gerið ykkur grein fyrir að líf ykkar er að fara að breytast töluvert. Þið getið gleymt þeim plönum sem þið hafið gert í bili.““

Sérfræðingurinn sem tilkynnti þeim Ólafi Inga Skúlasyni og eiginkonu hans, Sigurbjörgu Hjörleifsdóttur, að sonur þeirra Viktor Skúli væri með Down-heilkennið var ekki að fara fínt í hlutina þegar drengurinn var einungis vikugamall. Sjokkið og sorgin var mikil en í dag geta þau ekki hugsað sér lífið án Viktors.

Ólafur Ingi, leikmaður Zulte Waregem og íslenska landsliðsins í knattspyrnu, er nú búsettur í smábænum Waregem í Belgíu ásamt eiginkonu sinni Sigurbjörgu, eða Sibbu eins og hún er kölluð, og tveimur börnum þeirra, Andreu Elínu og Viktori Skúla. Eitt og hálft ár er síðan þau fluttu til Belgíu frá Kolding í Danmörku og líkar lífið vel.

„Hér er sveitalykt í loftinu og nágrannar okkar með kýr og hænur úti í garði. Okkur finnst þetta æði og höfum komið okkur vel fyrir. Maður verður samt alltaf að búa sig undir búferlaflutninga. Það fylgir atvinnumennskunni, nú erum við bara með aðeins meiri kröfur en vanalega,” segir Sigurbjörg er blaðamaður hittir þau hjónin á nútímalegan máta, með kaffibolla gegnum samskiptaforritið Skype.

Jólunum verður eytt í Belgíu í ár. Ólafur Ingi er að fara að keppa leik yfir hátíðarnar og Sibba er langt komin með þriðja barn þeirra, sem er væntanlegt í febrúar.

### Fæddur fyrir tímann

Hinn 27. mars 2011 kom sonur þeirra, Viktor Skúli, í heiminn. Fyrir eiga þau Andreu, sem nú er fimm ára gömul fótboltastelpa. Sibba átti hana fyrir tímann og var því viðbúin að þessi meðganga yrði svipuð. Þá voru þau búsett í Kolding þar sem Ólafur spilaði með SønderjyskE.

Viktor Skúli kom í heiminn fjórum vikum fyrir tímann. Hann var í sitjandi stöðu svo hann var tekinn með keisaraskurði. Eins og gefur að skilja var það mikil gleðistund er þau fengu drenginn í hendurnar og undir eins voru send út gleðiskilaboð til vina og ættingja út um allan heim um að drengurinn væri fæddur, bæði heilbrigður og fullkominn.

„Eftir smá stund var Viktor tekinn af okkur og sendur í reglubundna skoðun sem átti að taka nokkrar mínútur. Þegar biðin fór að lengjast urðum við óróleg enda vildum við fá hann aftur til okkar. Klukkutíma seinna kom læknir inn til okkar og sagði að 70 prósenta líkur væru á því að Viktor væri með Down-heilkennið. Þá tók við mikill tilfinningarússíbani,“ rifjar Sibba upp og segir Ólaf hafa verið fyrstan til að átta sig á fréttunum. „Það fyrsta sem ég hugsaði var bara að hann væri drengurinn minn sama hvað hver segði.“

Læknarnir bentu þeim á að hann væri með öll þessi helstu útlitseinkenni sem börn með Downheilkenni eru gjarna með, eins og lengri þverlínu í hendi og sandalatá. Sibba segir að hún hafi bent læknunum á að drengurinn væri mjög líkur stóru systur sinni.

„Ég sagði að hann væri alveg eins og stóra systir hans, þeir hefðu ekki séð hana, og að Óli væri líka með langa línu í hendinni. Ég hélt fast í 30 prósenta líkurnar, þó að ég hafi ekki beint verið í afneitun. Óli var fyrstur til að taka út sorgina á meðan ég felldi ekki tár fyrstu dagana. Hjúkrunarkonurnar höfðu áhyggjur af mér vegna þessa en það var óþarfi. Tárin komu um leið og Óli jafnaði sig. Við skiptumst því á að gráta þessu skrýtnu daga eftir fæðinguna.“ ▶

# Jólagjöfin fæst í The Body Shop







**Gjafakassi með „Coconut"-dekurvörum**
Fæst einnig með „Satsuma", „Strawberry", „Mango", „Moringa", „Shea" eða „Lemon"

*4490 kr.*

**Gjafakassi með „Olive„-dekurvörum**
Fæst einnig með „Coconut", „Satsuma", „Strawberry", „Mango", „Moringa", „Shea" eða „Lemon"

*5990 kr.*



*1640 kr.*

**Dekurvörukubbar „Strawberry", „Coconut", „Shea"**
Fæst einnig með „Satsuma", „Mango" eða „Moringa"

Taska með „Strawberry"-dekurvörum

*3490 kr.*



THE BODY SHOP ®

## SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 564 6552



**HALDA JÓL Í BELGÍU** Ólafur Ingi, Sigurbjörg, Andrea Elín og Viktor Skúli verða í Belgíu um jólin, en þau eiga von á nýjum fjölskyldumeðlimi í febrúar. MYND/NICO

**Tilfinningarússíbani**

Viku eftir fæðingu, á afmælisdag Ólafs sem var fagnað á spítalanum með pompi og prakt, komu lokaniðurstöður úr rannsóknum Viktors litla. Sibba segir að hún hafi farið að hágráta þegar læknirinn tilkynnti þeim með formlegum hætti að Viktor Skúli væri með þann litningagalla sem 95 prósent af þeim einstaklingum sem fæðast með Down-heilkennið eru með.

„Ég reyndi að finna spurningar til spyrja en vissi í raun ekki hvar ég ætti að byrja. Við vorum á algerum núllpunkti, höfðum enga fyrri reynslu af Down. Ein af þeim spurningum sem komu upp var í sambandi við tungumálið, þar sem við byggjum jú ekki í okkar móðurmálslandi og töluðum íslensku heima fyrir en ekki dönsku og að hugsanlega vegna atvinnu minnar gætum við flutt um heiminn. Við höfðum áhyggjur af því að þetta hefði slæm áhrif á talgetu hans. Og þá hreytti hún í okkur að við ættum að gera okkur grein fyrir að lífið okkar væri nú breytt," segir Ólafur og viðurkennir að hann hafi farið í gegnum margar tilfinningar dögunum eftir fæðingu Viktors. Sjokk, vonbrigði, sorg og svo samviskubit yfir sorginni.

„Það erfiðasta sem ég hef gert var að taka við gleðisímtölum frá vinum og ættingjum sem höfðu fengið skilaboð nóttina áður að Viktor væri fæddur hraustur og fullkominn. Segja þeim frá því að hugsanlega væri hann með Down-heilkennið. Að heyra þeirra gleði snúast upp í andhverfu sína var svakalega erfitt."

Sibba var ákveðin í að þau mundi halda áfram að lifa sínu lífi þó að þau þyrftu að aðlagast breyttum aðstæðum. „Ég man að sagði við þig að það kæmi ekki til greina að þú fórnaðir þínum ferli."

Rannsóknir sýndu að Viktor Skúli var ekki með hjartagalla og að hann bæði heyrði og sá vel. Sibba segir gleðitár hafi fallið þegar þær fregnir bárust. Fyrstu gleðitárin af mörgum.

**Eðlileg meðganga**

Meðgangan var eðlileg og ekkert benti til þess að eitthvað amaði að barninu. Þau fóru í nokkrar auka ómskoðanir á einkarekinni stofu og voru því skoðanir fleiri en vanalega.

Sibba segir marga spyrja hana hvort hún hafi ekki farið í hnakkaþykktarmælingu, eins og stendur þunguðum konum til boða frá 11 til 14 viku meðgöngu, til að sjá hvort eitthvað ami að fóstrinu.

„Ég fór í þannig mælingu og ekkert kom í ljós. Í dag get ég varla hugsað þá hugsun til enda ef eitthvað hefði komið í ljós og ég hefði tekið ákvörðun sem ég mundi sjá eftir alla ævi."

Ólafur og Sibba urðu fyrir nokkrum vonbrigðum með heilbrigðiskerfið í Danmörku. Því ákvörðunin um að flytja til Belgíu ekki erfið þegar Ólafur var keyptur þangað nokkrum mánuðum seinna.

**Hverju hænuskrefi fagnað**

Í dag er Viktor Skúli aktífur, frekur, þrjóskur og glaðlyndur lítill drengur. Hann byrjaði nýverið að ganga við mikinn fögnuð foreldra sinna og systur. Nú stoppar hann varla og tröppurnar á heimili þeirra í miklu uppáhaldi að djöflast í eins og hjá öðrum tveggja ára strákum.

Þau segjast reglulega vera spurð hvað það er sem hann getur ekki gert sem jafnaldrar hans geta og koma þá iðulega með sama svarið, um að einstaklingar með Down séu jafn misjafnir og við hin.

„Það fer í taugarnar á mér þegar einhver segir að börn með Down séu alltaf svo glöð. Það er ekki hægt að flokka þau öll undir sama hattinn frekar en okkur hin," segir Ólafur ákveðinn.

„Við vissum ekki mikið um Down-heilkennið, því sökkti Sibba sér ofan í bækur og fræðiefni á netinu. Þar sökk hún bara ofan í svarthol og ég tók bækurnar af henni. Það var ekki hollt að kryfja þetta of mikið. Við þurfum að lifa í núinu, ekki hugsa of langt fram í tímann og leyfa Viktori að gera hlutina á sínum hraða," segir Ólafur og bætir við að hverju framfaraskrefi hjá Viktori Skúla sé fagnað ógurlega. „Maður gleymir stundum að skamma til að fagna hverju hænuskrefi."

**Stöðug barátta**

Viktor Skúli er á leikskóla þar sem bæði eru börn með fötlun og börn með enga fötlun. Hann fer þrisvar í viku í tal-, iðju- og sjúkraþjálfun auk þess sem foreldrarnir eru duglegir að æfa hann heima fyrir. Hann er ekki byrjaður að segja meira en nokkur orð og notar tákn með tali enn sem komið er til að tjá sig.

Ólafur og Sibba hafa komist að því að það getur verið stöðug barátta við kerfið að eiga fatlað barn, meira að segja á stað eins og Belgíu sem er frekar framarlega á þessu sviði miðað við önnur lönd.

Fyrr á þessu ári var Viktor Skúli, þá 9 mánaða, settur í þroskapróf. Var það til að sjá hvar hann stæði og hvernig honum miðaði áfram. Sibba segir Viktor Skúla hafa komið öllum á óvart í þessu prófi, átt góðan dag og fengið 92 stig. Meðaltal hjá heilbrigðum börnum er frá 85-105 stigum og var Viktor því töluvert yfir meðaltali annarra barna með Down-heilkennið.

„Ég var í sjokki, svo stolt af honum og sjúkraþjálfarinn hans líka. Það snerist svo fljótt við þegar læknirinn tilkynnti mér að Viktor Skúli væri of sterkur til að fá allt sem hann ætti rétt á og mundu sjúkraþjálfunartímar hans því skerðast frá 60 tímum á ári niður í 18. Mér fannst þetta aðeins of mikið stökk niður á við. Við börðumst því fyrir nýju prófi sem hann fékk að taka tveimur mánuðum seinna. Þá átti Viktor Skúli ekki alveg eins glimrandi dag og fengum við því aftur allt sem hann á þarf að halda," segir Sibba og þykir miður að Viktori hafi beinlínis verið refsað fyrir að sýna of góða takta á prófinu. „Það er ekki fyrr en maður eignast fatlað barn sem maður upplifir hvernig það er að reka sig stöðugt á veggi."

**Gleðigjafi**

Hægt er lesa kafla um fæðingu Viktors Skúla í bókinni Gleðigjafar eftir þær Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttir og Thelmu Þorbergsdóttur. Sibba heldur úti bloggsíðu þar sem hún deilir lífi fjölskyldunnar með vinum og vandamönnum heima fyrir. Hún segir skrifin hjálpa sér mikið í þessu ferli.

Andrea, elsta dóttir þeirra, tekur bróður sínum vel en fékk fljótt að vita að hann væri öðruvísi. Þau fóru þó ekki nánar út í þá sálma enda töldu ekki þörf á strax. Um daginn kom hún hins vegar heim úr afmæli og spurði þau hvort bróðir hennar væri fatlaður.

„Þá hafði einhver í afmælinu sagt það við hana. Það var smá áfall fyrir okkur en við vissum auðvitað að það kæmi að þessu. Við höfum tekið eftir að börn spá minnst í þessu og ef einhver er að spyrja eða segja eitthvað þá skín það í gegn hversu vel foreldrar eða aðstandendur hvers barns eru upplýstir. Við tókum okkur góðan tíma í að útskýra fyrir henni að bróðir hennar gæti tekið sér lengri tíma til að læra að ganga og tala og að við þyrftum öll að hjálpa honum. Hún skildi það og er mjög skilningsrík í garð hans. Þau rífast samt líka eins og flest systkini gera."

Þrátt fyrir að gengið hafi á ýmsu síðustu mánuði hikar Ólafur ekki þegar hann segir að þau mundu endurtaka leikinn undir eins ef þau vissu að þau fengju Viktor Skúla. Hann hefur gert þau að betri manneskjum og allir þeir erfiðleikar og tilfinningarússíbaninn sem þau gengu í gegnum sé bara lítið sandkorn miðað við það sem þau hafa fengið í staðinn.

„Mér var einu sinni sagt að þetta væri eins og að færa sig úr sjálfskiptum bíl yfir á beinskiptan. Við höfum sjálf djókað með þetta og sagt að hann Viktor okkar sé fullkominn í alla staði, honum fylgir bara aðeins meiri pappírsvinna."

## ➜ Down-heilkennið

Um það bil eitt af hverjum 800 börnum á Íslandi fæðist með Down-heilkenni.

Fólk með Down-heilkenni er með aukaeintak af litningi 21.

**Útlitseinkenni**

Augun geta verið skásett eða möndlulaga og haft fallega ljósa bletti í litaða hlutanum en þeir kallast Brushfield-blettir.

Nefið getur verið flatt og lítið.

Eyru geta verið lítil.

Bil á milli stórutáar og þeirrar næstu.

Rák þvert yfir lófann, ólíkt flestum öðrum.

*Heimildi: Downs.is*

# Brot úr kafla sem Sigurbjörg skrifaði í bókina Gleðigjafar

„Ljósmóðirin kom inn til okkar, sagðist ætla að gefa honum ábót, setja á hann nýja bleyju og að hún kæmi aftur eftir 20-30 mínútur. Við biðum og eftir 30, 40, 50 og svo 60 mínútur vorum við orðin óróleg. Af hverju komu þau ekki til baka með litla kraftaverkið okkar? Ég bað Óla um að athuga hvað væri í gangi. Hann fékk þau skilaboð að þau væru rétt ókomin. Það kom óþægileg tilfinning yfir mig. Ég var ekki að átta mig á því hvað það væri, en hugsaði svo með mér að þetta væri vegna þess hversu þreytt ég væri. Þegar ljósmóðirin kom með Viktor komu tveir læknar með henni og þessu augnabliki gleymi ég aldrei. Ljósmóðirin hélt á Viktori í fanginu og sagði við okkur: „Við höfum grunsemdir um að sonur ykkar sé með Down-heilkenni." Ég horfði á ljósmóðurina og svo hina tvo læknana, við komum ekki upp orði, ég starði bara. Óli spurði þau hvað benti til þess. Á þessum tímapunkti fannst mér eins og ég yfirgæfi líkama minn og svifi fyrir ofan rúmið. Óli talaði við læknana og ég horfði á Óla og læknana til skiptis gjörsamlega sljó og dofin. Þær bentu okkur á línuna í hendinni á honum, hugsanlega sandalatá og að hann væri með skásett augu. „Já, en hann er bara líkur stóru systur sinni, hann er bara alveg eins og hún, þið hafið ekki séð hana," sagði ég. Óli og læknarnir stóðu hvorir sínum megin við rúmið. Ég horfði á þá, manninn minn sem stóð með tárin í augunum og læknana sem voru að segja okkur hitt og þetta varðandi Down-heilkenni. Ég vildi fá strákinn minn í hendurnar, hélt honum fast að mér og hugsaði: „Hann er minn alveg sama hvað." Ég spurði hverjar líkurnar væru og fékk þau svör að það væru 70% líkur á að hann væri með Down-heilkenni. „Þá eru 30% líkur á að hann sé ekki með það," hugsaði ég með mér, ákvað að halda í vonina en reyna að vera raunsæ. Ég horfði á Óla tala grátandi við læknana, ég skildi ekki af hverju ég grét ekki, ég bara grúfði mig niður að litla kútnum okkar. Ég reyndi að gráta, en það komu engin tár. Læknarnir fóru fram, við horfðum hvort á annað. Hvað var verið að segja okkur? Við sem vorum að eignast fullkominn lítinn strák. Ha? Er hann með hvað? Down-heilkenni?"




Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

**Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.**



**Jólakaupauki!**

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.*

* Meðan birgðir endast.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



20%
TRISTAR SAFAPRESSA
Verð áður ............... 9.999
Tilboðsverð ............ 7.999
Þú sparar ............... 2.000
# 65002283
20%
MEBUS VEÐURSTÖÐ
Verð áður ............... 9.999
Tilboðsverð ............ 7.999
Þú sparar ............... 2.000
# 63140115
25%
EVA TRIO PANNA 28CM
Verð áður ............. 17.999
Tilboðsverð .......... 13.499
Þú sparar ............... 4.500
# 41203129
20%
REMINGTON RAKVÉL
Verð áður ............ 14.999
Tilboðsverð .......... 11.999
Þú sparar ............... 3.000
# 67004150
C3 MUFFINSJÁRN
Verð áður ............... 7.999
Tilboðsverð ............ 6.999
Þú sparar ............... 1.000
# 65000802
JÓLABÚÐIN ÞÍN
NÝ VEFVERSLUN
Ketkrókur
Verð ... 1.870
# 66388120
ÍSLENSKA PÖNNU-KÖKUPANNAN
Verð áður ............... 9.999
Tilboðsverð ............ 8.999
Þú sparar ............... 1.000
# 58050136
iRobot 630 ryksuguvélmenni
Verð ... 64.900
# 65742630
KAI
Pure Komachi 2 hnífalínan eru hágæða hnífar frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnífarnir eru með litaðri "non-stick" húð, þannig að allt hráefni sem verið er að vinna festist síður við blaðið og mjög auðvelt er að þrífa þá.
2.999 #58085700
Grænmetishnífur : Til að flysja og skera
4.499 #58085705
Brauðhnífur : Fyrir allt brauð
4.499 #58085702
Santoku hnífur : Japansk vinnusax
4.499 #58085704
Kjöthnífur : Fyrir allt kjöt
4.499 #58085701
Alhliða hnífur : Fyrir melónur, appelsínur...
4.499 #58085706
Kokkahnífur : Saxar allt...
4.499 #58085723
Grænmetishnífur : Saxar allt grænmeti
GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
Verð áður ............ 24.990
Tilboðsverð .......... 20.990
Þú sparar ............... 4.000
# 54099016
SERÍUTILBOÐ
KAUPTU TVÆR 50% AFSLÁTTUR Á ÓDÝRARI
50%
VALDAR JÓLAVÖRUR
KitchenAid + áhaldasett + matreiðslubók
HVÍT
Verð áður .... 102.870
Tilboðsverð ... 82.990
Þú sparar ....... 19.880
LITUÐ
Verð áður .... 105.870
Tilboðsverð ... 85.990
Þú sparar ....... 19.880
# 49961650
Roaster 509 pottur
Verð ... 5.999
25%
PRESSUKANNA 8 BOLLA
Verð áður ............... 5.999
Tilboðsverð ............ 4.999
Þú sparar ............... 1.000
# 41142263
Nuddsæti Shiatsu
Verð ... 22.989
# 58120215
20%
ALLAR SALT & PIPARKVARNIR
Körfubolta snillingurinn
Deddi æskuvinur
Kleópatra frænka
GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN
REMOVES UP TO 42% OF FAT
Loksins komin aftur
24%
HEILSUGRILL
VERÐ ÁÐUR ... 16.999
TILBOÐSVERÐ .... 12.999
ÞÚ SPARAR .... 4.000
# 65085056
HEILSUGRILL FJÖLSKYLDUSTÆRÐ
VERÐ ÁÐUR ... 22.999
TILBOÐSVERÐ .... 18.999
ÞÚ SPARAR .... 4.000
# 65087056
WasserMaxx sódavatnstæki
# 28092000
Verð ... 14.999
AEG Kaffivél
Verð ... 5.999
# 65004167
Gluggagægir
Verð ... 1.870
# 66388106
Annetta þýski Skype vinurinn
Khumbo Kachali skiptinemi frá Malavíu
Týndi sonurinn
Gjafir fy



**GERÐUR ÚR SANDI** Á ströndinni Copacabana í Rio de Janeiro í Brasilíu hafa flinkir listamenn búið til þennan jólasvein úr sandi, heimamönnum jafnt sem ferðamönnum til yndisauka í sumarhitanum.



**SÁ RÚSSNESKI** Rússneski jólasveinninn heitir reyndar Ded Moroz, eða Kuldaboli gamli, og var frekar ógnvekjandi vera hér áður fyrr en hittir nú börnin í glæsilegum sparifötunum sínum í tilefni nýársins.

# Jólasveinar á hverju strái

Úti um allan heim eru jólasveinar farnir að skjóta upp kollinum. Flestir sinna þeir börnunum af alúð, en sumir fara óvenjulegar leiðir, stunda gluggaþvott í hæstu hæðum eða bregða sér jafnvel á ströndina.



**Á STRÖNDINNI** Þessi brá sér á ströndina í borginni Nice við Miðjarðarhafsströnd Frakklands og skemmti sér konunglega.



**SÁ GRÆNKLÆDDI** Í Japan hefur myndast hefð fyrir því að grænklæddur jólasveinn frá Danmörku kenni börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru.



**Í PALESTÍNU** Eitthvað er hún hikandi, þessi stúlka í jólasveinabúningi, þar sem hún stendur við dyr kaþólsku kirkjunnar í Gasaborg rétt áður en messa hefst hjá kristnum Palestínumönnum.



**BÍÐUR EFTIR BÖRNUNUM** Þessi jólasveinn í borginni Lille í Frakklandi settist í eins konar hásæti í leikfangabúð þar sem börnin koma til hans.



**VIÐ GLUGGAÞVOTT** Skyldu þetta vera japanskir Gluggagægjar, sem fá þarna ljómandi tækifæri til að sinna þörfum sínum með því að taka að sér vinnu við gluggaþvott í Tókýó? Nóg er að minnsta kosti af gluggunum í þessu háhýsi.




**Við þökkum viðskiptavinum okkar, sem telja nú yfir 20.000 og hafa valið tryggðan lífeyrir í evrum hjá Versicherungskammer Bayern, fyrir frábærar viðtökur á undanförnum árum.**

Versicherungskammer Bayern, í samstarfi við Sparnað, er styrktaraðili Fjölskylduhjálpar Íslands.

SPARNAÐUR
Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem tilheyrir fyrirtækjasamstæðu Versicherungskammer Bayern

Holtasmára 1, Kópavogi • Sími: 577 2025
Kaupvangsstræti 4, Akureyri • Sími: 512 8060
sparnadur@sparnadur.is • www.sparnadur.is

Finanzgruppe

# Orkubylting eða loftkastalar?

**Mikil umræða hefur verið í orkugeiranum síðustu misseri um vinnslu svokallaðs leirsteinsgass, það er jarðgass sem er fengið úr jarðlögum á miklu dýpi með nýstárlegum og umdeildum aðferðum. Tilkoma þess hefur þegar breytt landslaginu í orkuiðnaðinum og gæti auk þess haft veruleg áhrif á alþjóðastjórnmál á komandi árum og áratugum.**

Loftslagsmál hafa verið í deiglunni síðustu ár og það er ekki bara vegna umhverfissjónarmiða heldur einnig vegna sívaxandi orkuþarfar mannkyns og tengsla hennar við stöðuna á sviði alþjóðastjórnmála. Bandaríkjamenn höfðu til dæmis lengi haft áhyggjur af því hve þeir voru háðir orku frá útlöndum, sem setti meðal annars mark sitt á samskipti þeirra við olíuríkin í Mið-Austurlöndum, og Rússland hefur um árabil haft tangarhald á ríkjum Mið- og Austur-Evrópu vegna yfirburða sinna í gasframleiðslu og -sölu.

Hins vegar kom ný tækni fram á sjónarsviðið upp úr aldamótum sem hefur gerbylt jarðgasvinnslu, sérstaklega í Bandaríkjunum, en önnur ríki hyggjast fylgja í þeirra fótspor.

### Tæknibylting ruddi leiðina

Nýja tæknin, sem komst ekki á fullt skrið fyrr en um 2008, felst í því að borað er niður í gasrík leirsteinslög, sem eru á um eins til tveggja og hálfs kílómetra dýpi, og sveigja svo til hliðar og bora lárétt í gegnum lagið allt að þrjá kílómetra í viðbót. Þar eru sprengdar fíngerðar sprungur út í steininn og vökvablöndu dælt ofan í holuna með miklum þrýstingi til að sprengja enn lengra út í bergið. Það losar um metangas sem hefur verið bundið í jarðlög um milljónir ára og streymir svo upp úr borholunni þar sem það er unnið í vökvaform. Þessi aðferð hefur reynst vel til framleiðslu, er ódýr valkostur og hefur örvað orkuframleiðslu víða. Framleiðendur hampa sérstaklega þeirri staðreynd að bruni jarðgass til orkuframleiðslu sé mun umhverfisvænni en kola.

Afleiðingin er sú að samkvæmt nýjustu spám Orkustofnunar í Bandaríkjunum mun gasframleiðsla þar í landi aukast um nær helming fram til 2040.

### Ýmis álitamál um umhverfisþætti

Eins og áður sagði hafa sumir tekið auknu vægi gassins í orkuframleiðslu heimsins fagnandi, enda gefur jarðgasbruni frá sér allt að helmingi minni koltvísýring en kolabruni sé miðað við framleiðslu á ákveðnu magni af rafmagni.

Nýja tæknin er þó ekki gallalaus og fráleitt óumdeild. Til dæmis hefur mikill styr staðið um rannsóknarboranir í Bretlandi síðustu vikur. Óæskilegar hliðarverkanir eru meðal annars auknar jarðhræringar, þörf á gríðarlegu magni vatns, enda þarf að dæla milljónum lítra niður í hverja holu, og ekki síst sú áhætta sem tekin er með því að blanda ýmiss konar kemískum efnum saman við vatnið og sandinn sem eru send niður í brunninn. Þar á meðal eru tærandi efni og efni sem er vitað til þess að eru krabbameinsvaldandi.

Loks hafa sumir bent á að þegar horft er á vinnslu leirsteinsgassins heildrænt skilji hún eftir sig kolefnisfótspor sem sé litlu minna en kolanna, sérstaklega vegna vöruflutninga á vatninu til niðurdælingar og eins flutninga á gasinu frá uppsprettunum.

### Áhrif á alþjóðasviðið

Ein mestu áhrif leirsteinsgassins verða ef til vill á sviði alþjóðastjórnmála. Bandaríkjunum hefur lengi verið legið á hálsi fyrir að einblína um of á Mið-Austurlönd í utanríkisstefnu sinni vegna orkuhagsmuna; aðgengis að olíu og gasi. Öðlist Bandaríkin frekari sjálfbærni í orkumálum, er ljóst að vægi Persaflóaríkjanna á alþjóðasviðinu gæti dvínað nokkuð.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði sjálfur í viðtali við tímaritið Time að ný tækni við vinnslu á jarðgasi og olíu hafi styrkt stöðu landsins. Minna sé nú flutt inn af olíu og útlit sé fyrir að sú þróun haldi áfram. „Og það held ég að gefi okkur aukið frelsi til að tala fyrir þeim Mið-Austurlöndum sem við viljum sjá og þeim heimi sem við viljum sjá.“

Annað stórt ríki mun þó væntanlega líða fyrir aukna gasframleiðslu Bandaríkjanna og annarra. Rússland getur að miklu leyti þakkað uppgang sinn síðustu ár, sérstaklega fyrir hrun, því tangarhaldi sem það hefur haft á Evrópuþjóðum vegna sölu á gasi. Það mun þó óumflýjanlega breytast með tilkomu annarra stórra söluaðila og líka ef Evrópulöndin munu hefja gasnám með sprunguaðferðinni.

Kína hefur verið rísandi heimsveldi síðasta áratuginn en er um margt háð öðrum löndum um orkugjafa þar sem það hefur flutt inn ómælt magn af kolum og olíu. Kínverjar líta því til þess með glýju í augum að geta nýtt sér hið gríðarlega magn leirsteinsgass sem ætlað er að liggi þar í jörðu.

Kínverjar hafa lagt í miklar fjárfestingar víða um heim til að tileinka sér þá tækni sem þarf til að nýta sér þá auðlind. Óvíst er þó hvort gasvinnsla með sprunguaðferðinni muni nýtast þeim eins vel og Bandaríkjamönnum því að leirsteinslögin sem um ræðir eru gljúpari en þau í Bandaríkjunum og springa því síður, auk þess sem aðgangur að vatni, sem er svo mikilvægur þessu ferli, er miklum mun minni í Kína en víðast hvar annars staðar.

### Ekkert í hendi

Málið er því margslungið og ekkert í hendi þegar leirsteinsgas er annars vegar. Í fyrsta lagi er ekki komin löng reynsla á sprungutæknina og hún mætir mikilli mótspyrnu hjá umhverfisverndarsinnum.

Fyrstu merki breytinga eru þó auðsjáanleg, þó ekki sé nema í orðræðunni um orkugjafa framtíðarinnar. Hvort það verði til meiriháttar sviptinga á sviði umhverfismála eða stjórnmála kemur í ljós með tíð og tíma.

## Sprunguaðferðin – Gæti breytt orkumörkuðum heimsins

Ekkert íslenskt hugtak er um hydrolic fracturing, eða „fracking“, á ensku. Það mætti útleggja sem „sprunguaðferðina“ og í því felst tvíþætt ferli til að vinna jarðgas úr setlögum á miklu dýpi. Annars vegar er borað niður í lagið og hins vegar er vatni, blönduðu sandi og ýmsum efnum, dælt niður í holuna með miklum þrýstingi til að sprengja út setlagið og leysa þannig um jarðgas.




**Heimildir:** Ground Water Protection Council, Exxon Mobil, Austin Exploration Limited

© GRAPHIC NEWS

## ALLUR ER VARINN GÓÐUR




**VILJA EKKI SPRUNGUVIRKJANIR** Andstaða er meðal almennings í Bretlandi við fyrirhuguðum borunum eftir leirsteinsgasi. Þó var banni á tilraunaborunum nýlega aflétt eftir eitt og hálft ár. NORDICPHOTO/AFP

Þrátt fyrir að ætla mætti að flestir tækju nýjum orkuuppsprettum fagnandi eru enn uppi efasemdir um ágæti leirsteinsgassins. Til að mynda hertu bresk stjórnvöld nýlega skilyrði fyrir áframhaldandi tilraunaborunum. Bann var lagt við borunum fyrir einu og hálfu ári eftir að vart varð skjálftavirkni í fyrri borunum og því var ekki aflétt fyrr en í síðustu viku. Í samtali við BBC varaði Ed Davey orkumálaráðherra við of miklum ákafa, þar sem útlit væri fyrir að verkefnið gæti tekið langan tíma. „En það er fyrir öllu að þessi þróun komi ekki niðri á dreifðum byggðum eða umhverfinu.“

Hinum megin við Ermarsund stöðvaði Francois Hollande Frakklandsforseti allar rannsóknir í þessum efnum eftir gríðarlegan þrýsting frá umhverfisverndarsinnum. Þá hafa þýsk stjórnvöld sömuleiðis neitað að gefa leyfi fyrir slíkum borunum.

Hér á Íslandi eru ekki aðstæður til að vinna gas úr jörðu með þessum hætti þar sem setlögin eru annars eðlis og geyma ekki í sér gas með þeim hætti sem hér er fjallað um.

CANADA GOOSE®



HYBRIDGE LITE



VICTORIA



LODGE



CITADEL



CHILLIWACK



TRILLIUM

## ALDREI AFTUR KALT!

## GEFÐU ALVÖRU DÚNÚLPU Í JÓLAGJÖF

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS




HEIMILD: ONLINE UNIVERSITIES.COM

# Félagslega einangraðir leita skjóls í tölvuleikjum

Of mikil spilun tölvuleikja getur leitt til geðrænna vandamála. Þunglyndir og félagsfælnir eru í meiri áhættu en aðrir.

**Birgir Þór Harðarson**
birgirh@frettabladid.is

Tölvuleikir er eitt helsta afdrep barna og unglinga þegar þeir fá jólafrí um miðjan desember og þar til skólinn hefst á ný í janúar. Mikil tölvuleikjaspilun getur hins vegar haft alvarlegar afleiðingar og leitt til skapgerðarbrests og svefnskorts og haft áhrif á geðheilsu fólks.

En tölvuleikirnir sjálfir eru ekki helsta orsök þess að fólk sem ofnotar þá líður heilsubrest. Þar spila aðrir þættir stórt hlutverk, eins og Björn Harðarson sálfræðingur lýsti fyrir blaðamanni.

„Það er hægt að nálgast þetta á mismunandi hátt, eftir því hvað maður er að tala um. Algengast er að tala um tengsl milli ofbeldisfullra tölvuleikja og ofbeldis en rannsóknir sýna að tengslin eru óbein,“ segir Björn. „Það þýðir að aðrir þættir skipta meira máli.“

Hann segir heimilisaðstæður og aðrar ytri aðstæður leiða til annars vegar áhuga á ofbeldisleikjum og hins vegar ofbeldi. „Það virðast ekki vera bein tengsl milli ofbeldisleikja og ofbeldis. Sömu aðilar virðast einfaldlega sækja í bæði.“

### Vandinn hefur vaxið

Það þarf því ekki að vera að tölvuleikirnir sjálfir séu svo slæmir, enda bendir Björn á að sumir leikir séu sérstaklega hannaðir þroskaleikir. „Ég þori svo sem ekki að fullyrða neitt um einstaka leiki en allt sem þú gerir, sem hefur eitthvað með úrlausnir að gera, hefur möguleika á að þroska einstaka hæfileika eins og samhæfingu hreyfinga.“

Mikilvægt sé hins vegar að gæta hófs í tölvuleikjanotkun eins og í öðru.

Spurður hvort hann telji að mikið sé um tölvufíkn meðal íslenskra barna segir hann að töluvert sé um slíkt. Vandi fór vaxandi á síðasta áratug og sótti svo gríðarlega í sig veðrið þegar samskiptavefsíður urðu almennar.

„Ef við erum að tala um fíkn þarf ekki endilega að vera mikill munur á milli barna og fullorðinna, nema bara að þeir sem nota tölvur meira eru í meiri áhættu,“ bendir Björn á. „Það er eðlilegt að 15 ára unglingur sé í meiri áhættu en sjötug kona, einfaldlega því unglingurinn notar tölvur meira.“

Björn segir jafnframt að auðveldara sé að grípa inn í vandann meðal unglinga og ungs fólks en meðal fullorðinna. Félagsleg einangrun virðist vera sterk breyta þegar tölvunotkun breytist í tölvufíkn.

„Það virðast frekar vera aðrir þættir en aldur sem spila inn í,“ segir Björn. „Félagslega einangraðir, þeir sem berjast við félagskvíða eða þunglyndi og þeir sem hafa haft aðrar fíknir eru í meiri hættu en aðrir. Þegar litið er til unglinga þá sjáum við oft félagsfælni í háu hlutfalli en meðal fullorðinna eru aðrar fíknir og þunglyndi rót vandans.“

Spurður hvort tölvuleikir hafi bein áhrif á skapgerð eða félagshæfni segir hann: „Það virðist frekar vera að félagsfælnir og þunglyndir einstaklingar verði fyrr mjög ánægðir með samskipti á netinu, tölvuleiki og annað slíkt, því það kemur í staðinn. Svo verður þetta í raun vítahringur. Svefnmunstrið fer á endanum úr skorðum, sem leiðir til aukins þunglyndis. Það eru því ekki beint tölvuleikirnir sem er um að kenna,“ segir Björn. „Við höfum stundum sagt að tölvuleikirnir séu frekar fylgsni sem fólk leitar í, en ekki orsök einangrunarinnar.“

> **Það er eðlilegt að 15 ára unglingur sé í meiri áhættu en sjötug kona, einfaldlega því unglingurinn notar tölvur meira.**
>
> *Björn Harðarson, sálfræðingur*

### Enginn varanlegur skaði

Svo tölvuleikir eru ekkert svo slæmir? „Nei, þeir þurfa ekki að vera það,“ svarar Björn. „Við erum auðvitað með aldurskerfi til þess að banna of ungum börnum að spila leiki sem þykja ekki hæfa þroska þeirra. Að öðru leyti hef ég ekki séð neitt sem bendir beinlínis til þess að leikirnir séu slæmir.“

Það eru frekar afleiðingar mikillar spilunar sem eru afdrifaríkastar. Þar er svefnleysi helsta vandamálið að sögn Björns.

„Fólk hlýtur ekki neitt varanlegt geðrof við að spila of mikið af tölvuleikjum en maður hefur séð alls konar einkenni hjá þessum verst stöddu; þeim sem sofa ekki neitt. Þá erum við að sjá ýmis geðræn einkenni, hreinlega út af vansvefni. Fólk hefur jafnvel þurft að leggjast inn á geðdeild vegna þessa.“

# JÓLAGJAFIRNAR
## fást hjá okkur!

Opið til 22.00 til jóla!




## NÝTT Á RÚMIÐ
Þegar mjúkt á að vera mjúkt

JOOP! elegante bed-linen fashion bruno banani NOT FOR EVERYBODY

Alvöru dúnsængur
Verð frá
kr. 37.900

Astma-Allergi Forbundet





Tempur heilsukoddar
Verð frá kr. 15.120

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

## Allir eiga skilið smá lúxus á hverjum degi!





**Bella Donna - Aloe Vera lök**

Silkimjúk og þykk bómullar-teygjulök. Lökin endast ár eftir ár!

## GLEÐILEG JÓL



McGREGOR® ESTABLISHED NEW YORK 1921

Úrval af baðsloppum – allar stærðir – fyrir dömur og herra

# Heilsuinniskór

**Vinsælasta** jólagjöfin í Betra Baki. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.



**Parið kr. 3.900,-**
**2 pör kr. 6.980,-**
**3 pör kr. 9.990,-**

## Gjöf
fyrir kaldar tær





TempraKON dúnsokkar
Verð hvítir kr. 5.990
Verð svartir kr. 6.990

**Opnunartími til jóla:**
**21.-23. des. 10-22 • 24. des. 10-12**

**Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði**
**Sími 588 8477 • www.betrabak.is**

Betra BAK

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# MEIRA ÚRVAL LÆGRA VERÐ

## AUKASENDINGIN KOMIN !

**Vinsæla 10" spjaldtölvan með Android 4.0 er lent. Taska og heyrnartól fylgja. Takmarkað magn !**

Spjaldtölvur eru skemmtilegasta leiktækið fyrir börn og unglinga og frábær gjöf. Þær eru einfaldar í notkun og börnin geta nálgast þúsundir ókeypis leikja og skemmtilegra smáforrita, farið á netið, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist, tekið ljósmyndir eða myndbönd og lesið rafbækur. Allt í einu tæki sem hægt er að taka með sér hvert sem er.

Google play




5 PUNKTA SNERTISKJÁR

19.990

Sharper Image M18A

500GB
USB3 VASAFLAKKARI
Seagate
Seagate Expansion
11.990

PHILIPS
24" WLED SKJÁR
FRÁBÆR SKJÁR
Philips 247E3LSU2
34.990

VINSÆL GJÖF
LOKUÐ HEYRNARTÓL
PHILIPS
Philips SHP2000
3.490

15,6"
NÝJI INTEL i7 ÖRGJÖRVINN
TOSHIBA
SAT L850-1K8
159.990

SÁ VINSÆLASTI
HD SJÓNVARPSFLAKKARI
A.C.Ryan
Playon!HD
19.990

BAMBOO PEN TEIKNIBORÐ
WACOM
Wacom Bamboo Pen A6
12.990

ÞRÁÐLAUS PRENTARI OG SKANNI
EPSON
Epson XP202
11.990

ENGAR SNÚRUR
ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL
AKG
AKG K912
9.990

HÁTALARAKERFI MEÐ BASSA
Logitech
Logitech Z313
7.490

BAKLÝST RAZER LYKLABORÐ
RAZER
Razer LYCOSA
14.990

MEÐ LÓÐBOLTA
145 HLUTA VERKFÆRASETT
MANHATTAN
Rep Tool Kit 145
17.990

Logitech
FORRITANLEG LEIKJAMÚS
Logitech G400
6.490




ÁTT ÞÚ EFTIR AÐ KOMA MEÐ ÞINN SPJALDTÖLVUMIÐA ?

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**



# OPIÐ TIL 22 Í DAG OG TIL 23 Á ÞORLÁKSMESSU

# OPIÐ 10-12 Á AÐFANGADAG

## JÓLALEGT VERÐ FYRIR 15,6“ INTEL PENTIUM !

Tókum þessa í miklu magni fyrir jólin og náðum sérstaklega góðu verði. Intel Pentium örgjörvi sem skilar góðum hraða á allri hefðbundinni tölvuvinnslu, 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur. Góð rafhlöðuending eða allt að 5,5 klukkutímar. Margfaldur flutningshraði gagna í gegnum USB3 og HDMI tengi til að tengja við sjónvarp eða hljómtæki í bestu gæðum.

TOSHIBA
Toshiba C850-1C8
99.990




THX
OFURHÁTALARAR
Logitech
Logitech Z623
39.990

GEGGJAÐUR ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH HÁTALARI

JBL
Bluetooth
JBL MICRO2 WL BLACK
11.990

ÞRÁÐLAUST ÍSLENSKT LYKLABORÐ OG MÚS

rapoo
KEYB RAP X1800
4.990


TOPPURINN Í LEIKJAMÚSUM
RAZER
Razer Naga
14.990


27“
20.000.000:1 SKERPA
27“ PHILIPS LEIKJASKJÁR
PHILIPS
Philips 273E3LSB
42.990


23“ MEÐ SNERTI SKJÁ
packard bell
PB AIO PARIS 009
169.990

RAZER CARCHARIAS LEIKJAHEYRNARTÓL
KOMIN AFTUR

RAZER
HEAD RA CARCHARIAS
17.990

15,6“

RAUÐ INTEL PENTIUM
TOSHIBA
TOS SAT C855-1U8
109.990


COOLER MASTER
SSD LEIKJAVÉL
Sex kjarna X6 AMD örgjörvi. 60GB SSD fyrir stýrikerfið.
CoolerMaster K350
139.990


acer
ACER AT X1440
NETT HEIMILIS TÖLVA
79.990

10“ 32GB TRANSFORMER SPJALDTÖLVA

ASUS
ASUS TF300T-1K114A
79.990



## AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM

# Lionel Messi er falur fyrir 42 milljarða




Besti knattspyrnumaður veraldar verður 31 árs gamall þegar samningur hans við Barcelona rennur út árið 2018. Verðmiðinn á Argentínumanninum er klár ef eitthvert félag hefur áhuga. Hann er samt sem áður ekki tekjuhæsti knattspyrnumaður heims.

Lionel Messi er að flestra mati besti knattspyrnumaður veraldar en hann hefur farið á kostum með spænska liðinu Barcelona á árinu 2012. Messi skrifaði á dögunum undir nýjan samning við Barcelona fram til ársins 2018 – en hann verður samt sem áður ekki launahæsti knattspyrnumaður heims.

Messi var með samning við Barcelona sem átti að renna út í lok leiktíðar árið 2016. Hann framlengdi um tvö ár, líkt og fyrirliðinn Carles Puyol og Xavi, sem eru með samninga út árið 2016.

Í samningnum er ákvæði sem Messi getur nýtt sér líki honum ekki dvölin hjá Barcelona. Hann getur óskað eftir því að fara frá félaginu ef eitthvað lið vill kaupa hann á 250 milljónir evra eða sem nemur rétt tæplega 42 milljörðum ísl. kr.

Toni Freixa, talsmaður Barcelona, sagði við fréttamenn þegar greint var frá samningi Messi að það væri ólíklegt að Messi væri tekjuhæsti fótboltamaður veraldar.

Þetta er í fimmta sinn sem Messi skrifar undir nýjan samning við Barcelona frá því hann skrifaði undir fyrsta atvinnumannasamninginn árið 2005.

Samkvæmt heimildum sænska dagblaðsins Aftonbladet hefur Messi verið með um 1,7 milljarða kr. í árslaun. Nýr samningur tryggir honum um 2,7 milljarða kr. í árslaun en Messi verður 31 árs gamall þegar samningurinn rennur út.

Messi á samt sem áður langt í land með að ná árslaunum fyrrverandi samherja síns hjá Barcelona, Samuel Eto'o. Kamerúnmaðurinn fær um 3,3 milljarða kr. á árslaun hjá rússneska liðinu Anzhi.

Fjölmörg fyrirtæki hafa gert samninga við Messi á undanförnum árum. Tekjur af þeim samningum eru ekki reiknaðar inn í árslaun hans. Messi er með samninga við Adidas, Pepsi og EA Sports.

Talið er að Messi fái um 5,5 milljarða kr. í árslaun þegar allar tekjur hans eru teknar saman.

Hinn 25 ára gamli Messi er nú þegar markahæsti leikmaður allra tíma hjá Barcelona en hann hefur skorað 90 mörk á þessu ári fyrir félagið.

## Launahæstu knattspyrnumenn veraldar

**tekjur af auglýsingasamningum eru ekki reiknaðar með**



**1 Samuel Eto'o (Kamerún)**
**Félag: Anzhi, Rússland**

**Árslaun: 3,25 milljarðar kr. (15,91 milljón punda)**

| | Félag | Milljarðar króna | Milljónir punda |
|---|---|---|---|
| 2. Zlatan Ibrahimovic (Svíþjóð) | PSG, Frakkland | 2,35 | 11,54 |
| 3. Wayne Rooney (England) | Manchester United, England | 2,24 | 10,98 |
| 4. Yaya Toure (Fílabeinsströndin) | Manchester City, England | 2,11 | 10,34 |
| 5. Sergio Aguero (Argentína) | Manchester City, England | 2,03 | 9,95 |
| 6. Didier Drogba (Fílabeinsströndin) | Shanghai, Kína | 1,95 | 9,55 |
| 7. Fernando Torres (Spánn) | Chelsea, England | 1,75 | 8,6 |
| 8. Darío Leonardo Conca (Argentína) | Guangzhou, Kína | 1,71 | 8,4 |
| 9. Lionel Messi (Argentína) | Barcelona, Spánn | 1,7 | 8,35 |
| 10. Cristiano Ronaldo (Portúgal) | Real Madrid, Spánn | 1,63 | 7,98 |

## → Sharapova eina konan á listanum

Tenniskonan Maria Sharapova er sú eina sem kemst inn á topp 50 listann yfir tekjuhæstu íþróttamenn veraldar. Hin 25 ára gamla Sharapova „önglaði" saman rétt tæplega 3,5 milljörðum kr. frá því í júní á síðasta ári og fram undir mitt ár 2012. Sharapova fékk um 740 milljónir kr. í verðlaunafé á tennismótum en hún fékk rétt um 2,8 milljarða kr. fyrir auglýsingasamninga. Sharapova er í 26. sæti á lista yfir tekjuhæstu íþróttamenn og konur veraldar árið 2012.



## BECKHAM TRÓNIR Á TOPPNUM

Þegar allar tekjur knattspyrnumanna eru teknar með í dæmið trónir David Beckham á toppnum. Hinn 37 ára gamli Englendingur er með gríðarlega marga samninga við ýmis fyrirtæki og þaðan kemur meirihluti af tekjum hans.

Tekjuhæstu knattspyrnumenn veraldar. Tekjur af auglýsingasamningum eru reiknaðar með:




**1 David Beckham (England)**
**Félag: LA Galaxy, Bandaríkin**

**Árslaun: 5,8 milljarðar kr.**
**(þar af 4,6 ma.kr. vegna auglýsingasamninga)**

2. Cristiano Ronaldo (Portúgal)
Félag: Real Madrid, Spánn.
Heildartekjur 2012: 5,33 milljarðar kr.
Þar af eru 2,8 milljarðar kr. vegna auglýsingasamninga.

3. Lionel Messi (Argentína)
Félag: Barcelona, Spánn.
Heildartekjur 2012: 4,88 milljarðar kr.
Þar af eru 3,2 milljarðar kr. vegna auglýsingasamninga.



# Mayweather langtekjuhæsti íþróttamaðurinn

Hnefaleikakappinn Floyd Mayweather mætti tvisvar í „vinnuna" og fékk hinn 35 ára gamli Bandaríkjamaður um 10,7 milljarða kr. í sinn hlut. Mayweather mætti Victor Ortiz í boxhringnum og fyrir þann bardaga fékk hann rétt um 5 milljarða kr., og 5,7 milljarða fyrir bardagann gegn Miguel Cotto. Mayweather er eins og kjarnorkuúrgangur þegar kemur að samstarfssamningum við stórfyrirtæki. Ástæðan er einföld. Hann fékk þriggja mánaða fangelsisdóm vegna heimilisofbeldis.

### 2. Manny Pacquaio (Filippseyjar)
**33 ára, hnefaleikar**
**Heildartekjur 2012: 7,8 milljarðar kr.**

### 3. Tiger Woods (Bandaríkin)
**36 ára, golf**
**Heildartekjur 2012: 7,44 milljarðar kr.**

### 4. LeBron James (Bandaríkin)
**37 ára, NBA-körfubolti**
**Heildartekjur 2012: 6,64 milljarðar kr.**

### 5. Roger Federer (Sviss)
**30 ára, tennis**
**Heildartekjur 2012: 6,6 milljarðar kr.**

### 6. Kobe Bryant (Bandaríkin)
**33 ára, NBA-körfubolti**
**Heildartekjur 2012: 6,55 milljarðar kr.**

### 7. Phil Mickelson (Bandaríkin)
**41 árs, golf**
**Heildartekjur 2012: 6 milljarðar kr.**

### 8. David Beckham (England)
**37 ára, fótbolti**
**Heildartekjur 2012: 5,8 milljarðar kr.**

### 9. Cristiano Ronaldo (Portúgal)
**27 ára, fótbolti**
**Heildartekjur 2012: 5,33 milljarðar kr.**

### 10. Peyton Manning (Bandaríkin)
**36 ára, NFL-deildin**
**Heildartekjur 2012: 5,31 milljarðar kr.**

**AFGREIÐSLUTÍMAR: 22. DES. KL. 10–20 | 23. DES. KL. 10–20 | 24. DES. KL. 9–12**

GIVE A GARMIN®

# JÓLAGJÖFIN ER FUNDIN!




## Fenix - GPS útivistarúr

Garmin fenix er GPS útivistarúr með hæðar- og loftvogsnema ásamt 3-ása rafeindaáttavita. Úrið var hannað með atvinnumönnum í fjallgöngum sem gera miklar kröfur til áreiðanleika. Þægilegt en öflugt GPS úr fyrir daglega notkun, fjallgöngu, hlaup eða aðra útivist.

**Verð: 69.900 kr.**

## Garmin eTrex 20 útivistartæki

Nett og notandavænt útivistartæki. Ferlaðu leiðina þína til að komast sömu leið til baka. Settu inn fyrirhugaða göngu- eða reiðhjólaleið svo þú komist örugglega á áfangastað. Sýnir hæð yfir sjávarmáli, farna vegalengd, hámarkshraða og meðalhraða ásamt öðrum upplýsingum. Vatnshelt tæki sem kemur þér til byggða.

**Verð: 35.900 kr.**




## Garmin Forerunner 10 - GPS æfingaúr

Minnsta og einfaldasta GPS hlaupaúrið frá Garmin. Fylgstu með tíma, vegalengd, hraða og kalóríubrennslu.
Tvær stærðir og þrír litir, eitthvað fyrir alla.

**Verð: 23.900 kr.**







## Garmin Nüvi 40LM leiðsögutæki

Finndu heimilisföng eða milljónir áhugaverða staða um alla Vestur-Evrópu (einnig á Íslandi). Frí lífstíðar uppfærsla á kortinu fylgir, getur uppfært 3x á hverju ári. Nüvi 40LM vísar þér á réttan veg með akgreinavísi og raddleiðsögn.

**Tilboðsverð: 29.900 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 123794

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi
S: 577 6000 | **www.garmin.is**

GARMINBÚÐIN




# Verð laxveiðileyfa í sögulegu hámarki

**Mikil undiralda er meðal veiðimanna enda hefur verð á veiðileyfum hækkað mikið. Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, ræðir stöðu mála í laxveiðinni, netaveiði og fjárhagsstöðu félagsins.**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Trausti Hafliðason**
trausti@frettabladid.is



Þegar Bjarni Júlíusson hætti sem formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur árið 2007, eftir að hafa gegnt því starfi við góðan orðstír í þrjú ár, grunaði hann ekki að þremur árum seinna myndi hann snúa aftur til starfa fyrir félagið. Hann hugsaði ekki einu sinni út í það. Hann segist hafa skilið vel við félagið, enda hafi ekki annað verið hægt í því góðæri sem ríkti þá. Félagið hafi átt tugi milljóna króna í banka og eigið fé hafi verið vel á annað hundrað milljónir. „Allt var í lukkunnar velstandi en svo kom hrunið," segir Bjarni.

Árið 2010 var Bjarni beðinn um að taka við formennsku í félaginu á ný.

„Staðan var orðin býsna slæm og við vildum leggja allt á okkur til þess að reyna að koma félaginu aftur á lappirnar," segir Bjarni. „Upphaflega ætlaði að ég bara að vera í eitt ár nú er ljóst að þau verða þrjú, því ég var endurkjörinn formaður á aðalfundi félagsins í lok síðasta mánaðar.

Þetta er hefur verið mjög erfið vegferð en ég er nokkuð viss um að Stangaveiðifélagið sé búið að ná vopnum sínum aftur og leiðin liggi upp á við. Það verður líka að gerast því félagið er afar mikilvægt og sérstakt. Það var stofnað árið 1939 af nokkrum vinum sem vildu veiða í Elliðaánum, mig minnir að stofnfélagarnir hafi verið 19 og síðan þá hefur það vaxið og dafnað og verið leiðandi í þessum geira.

Ef maður lítur aftur, þá eru nú ekki mörg alvöru félög í íslensku þjóðfélagi sem stofnuð voru á fyrri hluta síðustu aldar sem enn eru starfandi. Fyrir nokkrum árum hefði maður til dæmis getað nefnt Eimskip og Landsbankann en það er nú varla hægt lengur því í dag eru þetta alls ekkert þau félög sem þau voru. Eftir stendur þó Stangaveiðifélagið og þó við höfum gengið í gegnum margvísleg áföll í tengslum við hrunið þá höfum við staðið þau af okkur og ætlum okkur að lifa þessar hremmingar allar af."

Bjarni segir að þó tap hafi verið á rekstrinum, þá hafi rekstur síðastliðins ár verið í ágætu standi og árið skili einum tíu milljónum til félagsins.

„Við tókum okkur hins vegar til og hreinsuðum út síðustu dreggjar hrunins. Við afskrifuðum til dæmis allar vafasamar viðskiptakröfur og tókum hressilega til. Eftir þetta allt saman er eigið fé félagsins orðið neikvætt um tæpar tíu milljónir króna og það verður að vinnast upp næsta ár. Við ætlum að byrja nýtt ár með algjörlega hreint borð og ætlumst til þess að nú sé viðsnúningnum náð. Það er hins vegar alveg ljóst að við þolum ekki frekari áföll og ekki heldur að taka neina sénsa. Ég er alveg handviss um að þetta mun takast hjá okkur.

Það er ekkert leyndarmál að síðustu ár hefur allur kraftur okkar farið í fjárhagsmálin, og kannski á kostnað félagsþáttarins. Næstu misseri ætlum við að einbeita okkur að því, svo eftir verði tekið, að byggja félagsstarfið sjálft aftur upp."

### Áhættusamur rekstur

Bjarni segir að rekstur félags eins og Stangaveiðifélagsins sé í eðli sínu áhættusamur.

„Oft erum við að leigja stórar og dýrar ár í þeim tilgangi að selja í þær veiðileyfi. Það má lítið út af bera og öll áhættan í þessum bransa í dag er á veiðileyfasalanum. Mér finnst það ósanngjarnt.

Auðvitað eiga báðir aðilar, veiðileyfasalar og veiðiréttareigendur að axla þessar byrðar saman. Við tökum áhættuna af því að selja veiðileyfi og ef illa gengur þá berum við skaðann, gott og vel, það má alveg segja að það sé okkar mál. En svo tökum við jafnframt áhættuna af því hvernig náttúran fer með árnar sem við erum að leigja. Nærtækasta dæmið er síðasta sumar. Veiðin var einfaldlega skelfileg. Líklega var þetta lélegasta laxveiðisumar síðan árið 1930. Þegar það varð ljóst að laxinn væri ekki að ganga eins og venjulega þá brást auðvitað lausasala laxveiðileyfa því menn eru ekki að kaupa leyfi í á sem þeir vita að er algjörlega laxlaus. Og hver ber skaðann af því? Jú, við sem seljum veiðileyfin. Það er auðvitað ósanngjarnt.

Mér finnst að menn eigi að axla þessa ábyrgð saman. Báðir aðilar þurfa að hafa hag af viðskiptasamstarfi ef það á að ganga upp. Ég vil reyndar taka það fram að margir af okkar viðsemjendum sýndu okkur skilning og komu til móts við okkur þegar á bjátaði í hruninu. Margir þeirra gáfu til dæmis eftir samningsbundnar vísitöluhækkanir á árleigum og það var mikill drengskapur í því fólginn."

> **Ég hef aldrei orðið var við jafnmikla undiröldu meðal veiðimanna og síðasta sumar. Þeir höfðu samband við mig í tugatali og sögðu að nú væru þeir hættir – þetta væri bara orðið of dýrt.**
>
> *Bjarni Júlíusson*
> *Formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur*

### Keyptu leyfin og spurðu sjaldan um verð

Verð á laxveiðileyfum er komið í hæstu hæðir að mati Bjarna.

„Ég held ég geti fullyrt að verð laxveiðileyfa sé í sögulegu hámarki í dag. Þau hafa líklega tvöfaldast að raungildi á síðustu tveimur áratugum. Veiðileyfin hækkuðu líklega hvað mest í aðdraganda hrunsins ▶



## VEIDDI FYRSTA LAXINN SJÖ ÁRA GAMALL

Bjarni Júlíusson er borinn og barnfæddur Grundfirðingur þó seinna hafi hann flutt á mölina eins og sagt er. „Ég er Grundfirðingur í húð og hár," segir Bjarni. „Það var sérstaklega gaman að alast upp á Grundarfirði ekki síst vegna þess að þar er mikið af skemmtilegum veiðikostum og stutt að fara í góða veiði, auk þess sem bryggjan var stunduð óspart. Pabbi var og er mikill veiðimaður. Hann stundaði bæði silungsveiði og laxveiði og við systkinin, sem vorum reyndar tvö á heimilinu þá, vorum mjög ung þegar við vorum fyrst dregin með. Ég held ég hafi verið sex ára þegar ég fór í fyrsta laxveiðitúrinn en það var í Svartá í Húnavatnssýslu. Sjö ára veiddi ég síðan minn fyrsta lax í Svartá. Veiðistaðurinn var Blóti og hann var 19 pund. Það leið nærri hálf öld þar til ég landaði stærri laxi!

Eins og margir vita er mikil og góð silungsveiði fyrir vestan. Við strákarnir vorum mjög ungir þegar við fyrst fórum að veita því athygli þegar sjóbleikjan og sjóbirtingurinn voru að hnusa af æti við ströndina og árósana og að sjálfsögðu köstuðum við agni fyrir þann fisk. Við fórum einnig mikið í vötnin við Vatnaleiðina eins og Hraunsfjarðarvatn og Baulárvallavatn en sérstaklega var farið í Selvallavatnið. Þarna eyddum við guttarnir óteljandi dögum yfir sumarið. Þannig byrjaði mín veiðimennska og hún er búin að standa svo til óslitin síðan ef frá eru talin árin frá 1982 til 1985 þegar ég var í námi í Flórída í Bandaríkjunum."

## ➜ Skýringar á nokkrum hugtökum

**Stangardagur:** Einn dagur í veiði. Einn stangardagur jafngildir 12 tíma veiði. Í langflestum ám er veitt frá klukkan 7 til 13 og 16 til 22. Verð í ám miðast gjarnan við stangardaga eða þann kostnað sem það kostar að veiða á eina stöng í einn dag. Algengt er að veiðifélagar skipti einni stöng á milli sín til að minnka kostnað við veiðiferð.

**Jaðartími:** Ódýrustu dagarnir í tiltekinni á. Jaðartímarnir eru oftast í byrjun sumars og lok sumars, til dæmis í júní og september. Jafnan er dýrast að veiða í júlí og ágúst.



**Veiðiréttareigandi:** Sá sem á hlutdeild í veiðivatni (hlunnindi). Við stórar ár liggja margar jarðir og því eru margir veiðiréttareigendur sem skipta á milli sín arði af leigu árinnar. Algengast er að veiðiréttareigendur leigi ár sínar til veiðileyfasala eins og til dæmis Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

**Veiðileyfasalar:** Félög eða fyrirtæki sem leigja á af veiðiréttareigendum. Þessi félög eða fyrirtæki selja síðan veiðileyfi til veiðimanna. Dæmi eru um að veiðiréttareigendur sjái sjálfir um sölu veiðileyfa.

markhonnun.is

# topp 5 listi

**FORLAGSINS OG NETTÓ**

1



2



| | | |
|---|---|---|
| 1 | REYKJAVÍKUR-NÆTUR | 3.808 KR |
| 2 | 50 DEKKRI SKUGGAR | 1.998 KR |
| 3 | AUKASPYRNA Á AKUREYRI | 2.568 KR |
| 4 | HÚSIÐ-STEFÁN MÁNI | 4.177 KR |
| 5 | ÓSJÁLFRÁTT | 4.177 KR |

3



4



5



nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri



**NORÐURÁ** Bjarni Júlíusson við veiðar í Norðurá hinn 5. júní síðasta sumar þegar áin opnaði. Myndin er tekin við Laxfoss, sem er skammt frá veiðihúsinu, en Bjarni sést hér kasta á veiðistað sem nefnist Brotið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stangaveiðifélagið gæti misst Norðurá

Fyrr í haust hafnaði Veiðifélag Norðurár ósk Stangaveiðifélags Reykjavíkur um lækkun á leiguverði. Í kjölfarið var áin boðin út og er það ferli nú í gangi. Stangaveiðifélagið mun skila inn tilboði en ef félagið fær ekki ána er ljóst 66 ára samstarfi Stangaveiðifélagsins og Veiðifélags Norðurár er lokið í bili.

„Ef við verðum undir í útboðinu þá yrði það mjög slæmt,“ segir Bjarni. „Norðurá hefur að mörgu leyti verið flaggskip Stangaveiðifélagsins en það gætu svo sem aðrar ár tekið við því hlutverki eins og Langá, með sína glæsilegu aðstöðu alla, nú eða Nessvæðið í Laxá í Aðaldal sem er ein fallegasta á landsins og fræg stórlaxaá. Síðan erum við auðvitað með flotta kosti eins og Hítará og Laxá í Dölum. Það er hins vegar annað sem skiptir líka miklu máli í sambandi við Norðurá og það er sú staðreynd að þar eru margir stangardagar sem við getum boðið félagsmönnum. Ef við missum þá daga þá lækkar auðvitað hlutfall stangardaga á félagsmann og þá þurfum við einhvern veginn að bæta við til þess að halda ákveðnu framboði af laxveiði okkar fólk. Þetta munum við fara yfir eftir að ljóst er hver niðurstaða útboðsins verður.“



## VEIÐIHÚS SETTI SVFR NÆSTUM Á HAUSINN

Hrunið lék Stangaveiðifélag Reykjavíkur grátt en færri vita að félagið var næstum farið á hausinn fyrir fjörutíu árum. „Á erfiðleikaárunum í kringum 1970 stóð Stangaveiðifélagið fyrir húsbyggingu við Grímsá,“ segir Bjarni Júlíusson.

„Veiðihúsið sem þar stendur var sem sagt alfarið reist á reikning SVFR og reyndist það félaginu afar þungbær fjárfesting. Eftir þessa stórframkvæmd var félagið í rauninni tæknilega gjaldþrota en það tókst að bjarga því fyrir horn. Stjórnarmenn og velvildarmenn gengust þá í persónulegar ábyrgðir fyrir félagið. Málin voru svo gerð þannig upp að félagið framseldi húsið til veiðiréttareigendanna í skiptum fyrir leigu á ánni í nokkur ár.“

## Veltir hálfum milljarði

Stangaveiðifélag Reykjavíkur er nærri 74 ára gamalt og hefur verið einn stærsti aðilinn á íslenskum veiðileyfamarkaði undanfarna áratugi. Í félaginu eru nú um fjögur þúsund félagsmenn, veltan er um hálfur milljarður og félagið hefur haft um 25-35 prósent af íslenskum laxveiðileyfum innan sinna vébanda.

## Netaveiði er tímaskekkja

Töluverðar deilur hafa verið um netaveiði í Ölfusá og Hvítá en í þá síðarnefndu renna margar góðar laxveiðiár eins og Sogið, Stóra-Laxá og Tungufljót. Stangaveiðimenn eru almennt mjög mótfallnir þessari veiði.

„Það hefur staðið styr um netaveiðar í fimmtíu til sextíu ár,“ segir Bjarni Júlíusson. „Við verðum samt að átta okkur á því að netaveiðibændur eiga þennan rétt – þeir mega veiða í net samkvæmt lögum og það ber að virða. Það er samt mín skoðun að það sé tímaskekkja að draga net fyrir neðan margar af bestu laxveiðiám landsins. Árið 2004 ákváðum við að SVFR kæmi inn og myndi leigja netin af bændum við Ölfusá og Hvítá og þegar best var leigðum við, ásamt öðrum, 60 til 70 prósent af lögnunum á svæðinu eða öllu heldur lögnunum sem voru með 60-70% veiðinnar. Þetta hafði þau áhrif að veiðin á svæðinu jókst og í Soginu jókst hún ekki bara, hún margfaldaðist. Síðustu ár höfum við haldið að okkur höndum einfaldlega vegna þess að við höfum ekki haft efni á því að standa í þessu einir eða því sem næst – að leigja netin.

Í mínum huga er lausnin á þessu ekki flókin. Veiðifélag Árnesinga verður að leysa þetta innan sinna vébanda. Það er auðvitað eina rétta framtíðarlausnin. Það sem ég er ósáttur við er misræmið milli stangaveiðimanna og netaveiðimanna. Við stangaveiðimenn höfum gengist undir alls konar takmarkanir undanfarin ár. Það er víða búið að setja kvóta, takmarkanir á agni og sums staðar er mönnum gert að sleppa öllum laxi. Netaveiðimenn halda hins vegar sjó – án takmarkana. Ef menn vilja ekki leggja netaveiðina af, sem væri auðvitað skynsamlegast, væri þá ekki að minnsta kosti hægt að takmarka með einhverjum hætti afla í net? Stytta tímabilið enn frekar eða setja kvóta á veiðina?“



– á hrunadansárunum. Þá jókst eftirspurnin eftir dýru leyfunum mikið. Íslenska krónan var mjög sterk og það var hreint og beint dýrt fyrir útlendinga að veiða hér á þessum árum. Íslensk fyrirtæki, bankarnir og fjárglæfrastofnanirnar, án þess að ég sé að kenna þeim einum um, leiddu því þessar hækkanir – ekki útlendingarnir. Þessi fyrirtæki keyptu hvert einasta laxveiðileyfi sem var falt og spurðu sjaldnast um verð. Laxveiði á Íslandi eru takmörkuð gæði og á þessum árum var eftirspurnin einfaldlega meiri, og það miklu meiri, en framboðið sem varð til þess að verð til veiðiréttareigenda hækkaði og dýrara varð að leigja árnar.“

### Íslendingar bera markaðinn uppi

„Ég hugsa að verð veiðileyfa hafi síðan lækkað að raungildi um 10-15 prósent á árunum eftir hrun, árin 2009 og 2010. En þá var krónan hrunin og skyndilega jókst kaupmáttur erlendra veiðimanna gríðarlega. Þeir tóku því upp slakann og í krafti þeirrar eftirspurnar hækkaði verðið á dýrustu tímunum aftur og veiðiréttareigendurnir fóru tiltölulega létt út úr hruninu. Nú held ég að verð á laxveiði sé einfaldlega í sögulegu hámarki hérlendis. Ég ætla samt að leyfa mér að vara veiðiréttareigendur við þessari stöðu. Erlendu veiðimennirnir eru ekki lausnin fyrir veiðiréttareigendurna því þeir kaupa nánast eingöngu leyfi á besta tíma. Erlendir veiðimenn kaupa sjaldan leyfi á svokölluðum jaðartíma eða ódýrustu veiðileyfin. Laxveiðitímabilið á Íslandi er um 100 dagar og þar af er þessi besti tími sennilega ekki nema 30-40 dagar.

Þegar á heildina er litið verður markaðurinn alltaf borinn uppi af íslenskum veiðimönnum. Það er okkur öllum hollt að gera okkur grein fyrir því, bæði veiðileyfasölum og veiðiréttareigendum. Íslenskir veiðimenn kaupa sennilega um 2/3 af öllum laxveiðileyfum á landinu ár hvert. Vissulega eru þetta að jafnaði ódýrari leyfi, en magnið er slíkt að ef íslenskir segja „nei takk, við erum hættir“ þá er markaðurinn í heild sinni í gríðarlegum vanda. Þetta gerðist síðastliðið sumar, erlendu veiðimennirnir keyptu sín leyfi með löngum fyrirvara en þeir íslensku, sem oft kaupa leyfi með skömmum fyrirvara, áttuðu sig á aflabrestinum og það seldist ekki ein stöng hjá okkur frekar en nokkrum öðrum veiðileyfasala eftir að veiðihrunið kom í ljós.“



**MIKIÐ Á SIG LAGT** Þessi mynd er þegar orðinn fræg en hér sést Bjarni bókstaflega stökkva á eftir fyrsta laxinum sem veiddist í Norðurá síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gríðarlegrar óánægju gætir meðal veiðimanna með verðþróun laxveiðileyfa.

„Ég hef aldrei orðið var við jafnmikla undiröldu meðal veiðimanna og síðasta sumar,“ segir Bjarni. „Þeir höfðu samband við mig í tugatali og sögðu að nú væru þeir hættir – þetta væri bara orðið of dýrt. Þetta höfðum við hjá Stangaveiðifélaginu á bak við eyrað þegar við vorum að endurskoða verð á leyfum fyrir næsta sumar. Ég tel að við höfum brugðist nokkuð vel við, því af 21 laxveiðiá sem við seljum leyfi í þá er verðið óbreytt í níu. Hin svæðin eru flest að hækka á hógværu nótunum, svona í samræmi við vísitölu. Ég tel því að við höfum náð að standa ágætlega á bremsunni.“

### Helgarferð til London ódýrari

Bjarni segist persónulega ekki hafa efni á því að fara í laxveiði í flottri á á besta tíma, frekar en flestir Íslendingar.

„Verð á laxveiðileyfum er einfaldlega orðið alltof hátt,“ segir Bjarni. „Það eru svo margir aðrir afþreyingarkostir í boði fyrir fólk að þeir sem aðild eiga að þessum veiðileyfamarkaði hljóta að þurfa að staldra við og hugsa hvort þessi þróun sé í lagi. Fyrir hátt í tuttugu árum ákváðum við sex vinahjón að fara í Hítará saman og viðmiðið var það að veiðiferðin fyrir hverja fjölskyldu mátti kosta svipað og helgarferð til London. Við fórum á besta tíma í júlí og þetta kostaði 120 þúsund krónur fyrir hver hjón – matur, uppihald og veiði. Í dag kostar þessi sama veiðiferð 600 þúsund krónur en helgarferðin til London kostar innan við 200 þúsund. Við erum löngu hætt og skoðum aðra miklu ódýrari kosti. Þetta er ekki í lagi.“

### Ímynd stangveiðinnar er löskuð

Bjarna finnst það miður hvernig umræðan um hin dýru laxveiðileyfi hefur tekið yfir og skemmt ímynd stangveiðinnar.

„Fyrir mér á þetta að vera hollt og gott fjölskyldusport,“ segir Bjarni. „Þetta er útivist, náttúruskoðun og eitthvað sem allir Íslendingar eiga að geta stundað með fjölskyldunni. Þannig var þetta, þannig var ég alinn upp og ég veit ekkert skemmtilegra en að fara með konunni minni og börnum í veiði, veiða hóflega og geta svo grillað silunginn eða laxinn í lok veiðiferðarinnar með fólkinu mínu. Við verðum að tryggja að það verði hægt um ókomna tíð og það gerum við með því að efla félagsþáttinn í veiðinni og tryggja að aðilar eins og Stangaveiðifélag Reykjavíkur geti haldið áfram sínu góða uppbyggingar- og félagsstarfi.“

### Fluttir á árbakkann í Elliðaárdal

Fyrir tæpum áratug fékk SVFR úthlutað lóð í Elliðaárdal til að byggja húsnæði eða félagsheimili fyrir starfsemina.

„Sem betur fer varð ekki af þeim hugmyndum,“ segir Bjarni, „en hugur félagins leitaði alltaf í dalinn, þar er jú uppruni félagsins og okkar lykilá.

Þegar okkur bauðst húsnæði á árbakkanum þá gátum við ekki slegið hendinni á móti því, við seldum húsnæði okkar á Háaleitisbrautinni, greiddum niður skuldir og leigjum þessa fínu aðstöðu af Orkuveitunni í dag. Auðvitað er eftirsjá að gamla staðnum, þar vorum við í nærri hálfa öld, en húsnæðið var kannski ekki mjög hentugt fyrir starfsemina og þessi leið er einfaldlega hagkvæmari.“

DESEMBER

23

Sunnudagur

# Jóladagatal IKEA 2012

## Tilboð á Þorláksmessu

© Inter IKEA Systems B.V. 2012



**5.990,-/6 í setti**

***Fullt verð 8.990,-***

**SKÄNKA potta- og pönnusett**
Með Teflon®Select húð. Inniheldur: Pönnu Ø28cm, pott m/loki 5L, pott m/loki 3L og skaftpott 1L. Grátt



**1.990,-**

***Fullt verð 3.290,-***

**ANTILOP hár barnastóll m/öryggisbelti**
B58×D62, H90cm. Sæti H55cm. Hvítt



**2.490,-/24 í setti**

***Fullt verð 4.490,-***

**DRAGON hnífaparasett**
Inniheldur: gaffla, hnífa, matskeiðar og teskeiðar, 6 stk. af hverju. Ryðfrítt stál



**89.900,-**

***Fullt verð 119.900,-***

**MÅNSTAD hornsvefnsófi m/hirslu**
B240×D90, H73cm. Drappað. *Fæst einnig gráblátt*



**24.950,-**

***Fullt verð 44.950,-***

**BJURSTA eldhúsborð**
L175/218/260×B95, H74cm. Eikarspónn

**4.900,-**

***Fullt verð 7.900,-***

**VILMAR stóll.** Sæti H45cm
Krómhúðað stál/eikarspónn



**12.990,-/66 í setti**

***Fullt verð 18.990,-***

**STARTBOX PLUS borðbúnaður**
Inniheldur: Gaffla, hnífa, skeiðar, teskeiðar, diska, djúpa diska, hliðardiska, bolla, rauðvínsglös og vatnsglös, 6 stk af hverju. Hvítt/ryðfrítt stál

**Opið Þorláksmessu: Verslun 9:30-18 - Veitingastaður 9-18 - www.IKEA.is**

IKEA®

HÁTALARAR



JBL Bluetooth®

**JBL MICROWIRELESSBLACK**
Ferðahátalalari með þráðlausri Bluetooth tengingu. 3W magnari og öflugur hátalari. Li-ion rafhlaða með allt að 5 klst. endingu. Taska og Micro USB kapall fyrir hleðslu fylgja.

**VERÐ 11.990**

FERÐATÆKI MEÐ CD



JVC

**JVC RDEZ16**
Ferðatæki með FM/AM útvarpi og geislaspilara. CD spilari með MP3 stuðningi. USB, Audio in tengi og fjarstýring.

**VERÐ 19.990**

SJÓNVÖRP




FINLUX

**Finlux 22FLHS910LU**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Fyrir 12v - 230v.

**VERÐ 49.990**

MYNDARAMMAR



INTENSO

**Intenso Photopromoter 8**
Stafrænn 8" myndarammi með 800x600 upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum.Skyggnusýningar. Fjarstýring, standur ofl.

**VERÐ 14.990**

SJÓNAUKAR



tasco

**Tasco WC20606045**
20-60x60mm útsýnissjónauki með þrífæti.
20-60x60mm stækkun. 60mm linsa. Rakaþolinn.

**VERÐ 34.990**

SJÓNVÖRP




FINLUX

**Finlux 40FLHY1730**
Vandað 40" Finlux sjónvarp með háskerpu upplausn, stafrænum DVBT móttakara og tveim USB tengjum. Flott tæki á frábæru verði.

**VERÐ 99.990**

MYNDAVÉLAR



OLYMPUS

**Olympus VG150**
Myndavél með 14 milljónir punkta upplausn. 4x Optical og 4x Digital Zoom. 2.9 - 6,5 linsa. 2.7" LCD skjár. iESP Auto, Spot AF, Face Detection AF, AF Tracking. Vídeó upptaka VGA. Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi. USB. Notar SD kort. 49 MB minni.

**VERÐ 14.990**

TÖKUVÉLAR



JVC

**JVC GZE15**
Háskerpu stafræn tökuvél með 2,7" LCD skjá, CMOS upptökuflögu, 2.9-116.0 linsu með A.I.S. hristivörn og MPEG4/H.264 upptöku. 40x optical aðdráttur og 200x stafrænn aðdráttur. Innbyggður hljóðnemi.

**VERÐ 49.990**

SJÓNVÖRP




Panasonic

**Panasonic TXL42E5Y**
42" FHD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp. Vreal LIVE Engine myndtækni. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect nettenging. Wi-fi ready og Skype möguleiki. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafr. móttakari. App fyrir iPhone/Android síma. 2x USB, 4x HDMI og kortalesari o.fl.

**VERÐ 159.990**

MYNDAVÉLAR



OLYMPUS

2 LINSUR: 14-42mm og 40-150mm

**Olympus EPM1DZKITBLACK**
Speglalaus Pen myndavél með 12.3 milljón punkta upplausn. Tvær M.ZUIKO DIGITAL linsur. 4/3" Live MOS flaga. 3" LCD skjár. Super Wave Filter rykhreinsikerfi. Tvíþætt hristivörn. Full HD upptaka með steríó hljóði. Styður SD/SDHC/SDXC kort. HDMI mini og USB tengi.

**VERÐ 79.990**

HEIMABÍÓKERFI




**Panasonic SCBTT490**
1000w Digital RMS 3D Blu-ray Disc 5.1 heimabíókerfi með iPod og iPhone vöggu. Kortalesari. VIERA CAST og þráðlaus nettenging. RDS útvarp með 30 minnum. 2x HDMI tengi o.fl.

**VERÐ 129.990**

SJÓNVÖRP




Panasonic

**Panasonic TXP50ST50Y**
50" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D. High Contrast Filter. 2000Hz Focused Field Drive. Intelligent Frame Creation PRO. 2D-3D breytir. Infinite Black Pro skerpa. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA CONNECT og opinn netvafri. Skype möguleiki. Wi-Fi þráðlaus sendir. Stafrænn háskerpu HDTV DVB-T/T2 móttakari. iPhone/Android App. 2x USB, 3x HDMI, CI rauf, DNLA, kortalesari o.fl.

**VERÐ 299.990**

JBL by HARMAN

# HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



## Góðar gjafir og Gleðileg Jól

**Einfaldlega tengt og spilað. Soundbar heimabíó með HARMAN Display Surround tækni og Bluetooth tengingu**

NÝ SENDING



JBL Cinema SB200

HELSTU KOSTIR
- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

VERÐ 59.990

Bluetooth®




MIKIÐ ÚRVAL AF FERÐATÆKJUM, HLJÓMTÆKJUM, HEIMABÍÓUM OG HÁTÖLURUM

EISA AWARD Best Product 2011-2012
LOUDSPEAKER
JBL Studio190



Panasonic PHILIPS JVC JBL harman/kardon

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# SNJÓRINN ER MIKILVÆGUR UM JÓLIN

Krakkarnir á leikskólanum Hvammi í Hafnarfirði biðu jólanna með eftirvæntingu og nýttu tímann á aðventunni til að æfa jólalögin, föndra og skreyta. Flest hafa börnin hitt jólasveinana og sum vita meira að segja hvar þeir eiga heima.

**Halla Þórlaug Þorsteinsdóttir**
halla@frettabladid.is

## SÍMON HRAFN KARLSSON 5 ÁRA

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**
Stekkjastaur, ég man ekki af hverju.

**Áttu uppáhaldsjólalag?**
Já, það heitir Er það brúða eða bíll?

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera um jólin?**
Að búa til snjókarl.

**Hvernig skreytið þið heimilið fyrir jólin?**
Með jólatré og jólaskrauti.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DAGUR ARI ÓLAFSSON 5 ÁRA

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**
Bjúgnakrækir.

**Af hverju höldum við jól?**
Vegna þess að Jesúbarnið fæddist um jólin.

**Hvað fékkst þú í skóinn í nótt?**
Mandarínu og líka sleikjó.

**En hvert er uppáhaldsjólalagið þitt?**
Jólasveinar einn og átta.

**Hvað er mikilvægt við jólin?**
Jólatré.



## ELÍSABETH ELVA ÁSGEIRSDÓTTIR 5 ÁRA

**Hvað fékkst þú í skóinn í nótt?**
Ég man það ekki.

**Veist þú hvar jólasveinarnir eiga heima?**
Þeir eiga heima í fjöllunum.

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**
Kertasníkir.

**Eruð þið byrjuð að skreyta heimilið fyrir jólin?**
Já, það er búið að setja upp jólastjörnur.

**Átt þú uppáhaldsjólalag?**
Já, Snæfinnur snjókarl.



## HERDÍS LILIAN JENSEN 5 ÁRA

**Hlakkar þú til jólanna?**
Já, af því að þá er hægt að renna sér á sleða.

**Hvað fékkst þú í skóinn í nótt?**
Hello Kitty límmiða.

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**
Stúfur, af því hann er minnstur og sætastur.

**Hvað finnst þér vera mikilvægt á jólunum?**
Að borða jólamat.



## BIRKIR GUNNAR VIÐARSSON 6 ÁRA

**Fékkst þú í skóinn í nótt?**
Já, ég fékk svona Lego-karl með brauð í hendinni.

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**
Stekkjastaur.

**Ætlar þú að gefa einhverjum gjöf um jólin?**
Já, ömmu minni.

**Hefur þú hitt jólasvein?**
Já, ég hitti einu sinni þrjá jólasveina á jólaballi.

**Hvert er uppáhaldsjólalagið þitt?**
Solla á bláum kjól.



## SNÆDÍS SÓL INGIMUNDARDÓTTIR 5 ÁRA

**Fékkst þú eitthvað í skóinn í nótt?**
Já, þessa sokka.

**Hvers hlakkar þú mest til um jólin?**
Að skreyta heimilið.

**Eruð þið byrjuð að skreyta?**
Já, við erum búin að setja jólastjörnu og jólaskraut.

**Hefur þú einhvern tímann hitt jólasvein?**
Já, þeir voru hérna í Hafnarfirðinum.

**Ætlar þú að gefa einhverjum jólagjöf?**
Já, ömmu minni.



## ARMANAS NORKUS 5 ÁRA

**Fékkst þú í skóinn í nótt?**
Já, ég fékk tvo keppnisbíla!

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?**
Stekkjastaur

**Ætlar þú að gefa einhverjum jólagjöf?**
Já, bróður mínum, hann er sko miklu stærri en ég.

**Hvaða jólalag finnst þér skemmtilegast að syngja?**
Á jólunum er gleði og gaman. Það voru unglingar um daginn sem sungu það alveg rosalega hratt!





...á náttfötunum um jólin
JOE BOXER®
Kringlunni • Smáralind • Glerártorgi, Akureyri



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# ÍSLENSKA BÓKAÁRIÐ

Sjö íslenskar bækur fengu fullt hús stiga hjá gagnrýnendum Fréttablaðsins, sem höfðu í nógu að snúast í því að dæma bækur á árinu sem er að líða enda öflug útgáfa bóka af margvíslegu tagi. Hér fylgir yfirlit stjörnugjafar á íslenskum bókum sem dæmdar voru í Fréttablaðinu, alls 59 bækur. Stærstur hluti bókanna fékk þrjár stjörnur, eða 22, en einungis einn einnar stjörnu dómur birtist.

★★★★★
**Illska**
**Eiríkur Örn Norðdahl**
Fróðleg, skemmtileg, sorgleg og fyndin. Hún miðlar sagnfræði, ástarsögu, heimspekilegum pælingum og gamanmálum ... (hér vantar meira pláss). Allt er þetta svo vel gert, frumlegt og flott að það er eiginlega óhugnanlegt. **þhs**

★★★★★
**Paintings/Málverk**
**Eggert Pétursson**
Afar vel heppnuð og falleg bók, sem spilar með sérvisku listamannsins. **þb**

★★★★★
**Ólíver**
**Birgitta Sif**
Falleg saga um ímyndunaraflið, góða vini og börn sem eru svolítið sérstök. **bhó**

★★★★★
**Ósjálfrátt**
**Auður Jónsdóttir**
Ég er eiginlega orðlaus yfir þessari margslungnu, fögru og fyndnu sögu. Því leita ég í smiðju kollega minna og segi bara: Konfekt og perla og nístandi falleg bók! **þhs**

★★★★★
**Hér vex enginn sítrónuviður**
**Gyrðir Elíasson**
Klassískur Gyrðir með myrkum húmor, sterkri ádeilu og ógleymanlegu myndmáli. **fsb**

★★★★★
**Stuð vors lands**
**Dr. Gunni**
Vandað og vel unnið yfirlitsrit yfir íslenska tónlist. Sérstaklega skemmtileg bók. **kóp**

★★★★★
**Suðurglugginn**
**Gyrðir Elíasson**
Yndisleg bók, klæðskerasniðin að smekk þeirra sem hafa smekk fyrir verkum Gyrðis Elíassonar. Nú mega jólin sko koma fyrir mér. **þhs**

★★★★
**Hvítfeld**
**Kristín Eiríksdóttir**
Frábær skáldsaga um íslenska fjölskyldu, sannleika og lygi. **jyj**

★★★★
**Íslendingablokk**
**Pétur Gunnarsson**
Fádæma vel skrifuð saga, leiftrandi af húmor, mannskilningi og hlýju en með grafalvarlegum undirtóni. **fb**

★★★★
**Hrafnsauga**
**Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson**
Sígild fantasía sem á eftir að heilla lesendur sem kunna að meta Hringadróttinssögu. **bhó**

★★★★
**Rómantískt andrúmsloft**
**Bragi Ólafsson**
Ansi hreint góð ljóðabók, þar sem allir bestu kostir skáldsins Braga Ólafssonar njóta sín. **þhs**

★★★★
**Hreint út sagt**
**Svavar Gestsson**
Vel skrifuð bók eftir stjórnmálamann sem lifað hefur tímana tvenna en eftirminnilegastar eru frásagnir úr æsku höfundar. **bþs**

★★★★
**Spádómurinn**
**Hildur Knútsdóttir**
Skemmtilega skrifað og frumlegt ævintýri, sem tekst á við flóknar og erfiðar spurningar um hvað felst í því að vera hetja. **bhó**

★★★★
**Ást í meinum**
**Rúnar Helgi Vignisson**
Eitt best heppnaða smásagnasafn sem komið hefur út lengi. Vel byggðar, vel skrifaðar og vel hugsaðar sögur sem snerta lesandann djúpt. **fsb**

★★★★
**Sagan af klaustrinu á Skriðu**
**Steinunn Kristjánsdóttir**
Fróðleg og persónuleg frásögn af merkum fornleifarannsóknum sem varpa nýju ljósi á söguna. **jyj** ▶




**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

# Litlu hlutirnir sem skipta máli fást hjá epli.is

Walk On Water
Fartölvu og iPad töskur



**Verð frá: 7.990.-**
Margir litir / margar gerðir

SkullCandy



**Verð: 7.990.-**
UpRock, margir litir

iHealth
blóðþrýstingsmælir



**Verð: 14.990.-**
Virkar með iPad, iPhone, iPod Touch

Bamboo
Stylus



**Verð: 8.990.-**
Fullkominn förunautur fyrir iPhone og iPad.

iPod shuffle



**Verð: 8.490.-**
Tilvalinn í skokkið eða ræktina. 7 litir

All Star Guitar
Fyrir iPad



**Verð: 19.990.-**
Vertu eins og rokkstjarna á örskotstundu!

Full búð af litlum hlutum sem skipta máli

epli.is
Smáralind | Sími 512 1330
Laugavegi 182 | Sími 512 1300


★★★★
**Hugsjór**
**Jóhann Hjálmarsson**
Vel heppnuð og fagmannlega unnin ljóðabók, þar sem roskið skáld horfir yfir sviðið; veltir fyrir sér lífinu, dauðanum og flestu þar á milli. þhs

★★★★
**Kattasamsærið**
**Guðmundur S. Brynjólfsson. Högni Sigurþórsson myndskreytti.**
Bráðskemmtileg og fyndin saga, snilldarlega myndskreytt, með góðan boðskap um manngæsku í garð blessaðra dýranna. bhó

★★★★
**Málarinn**
**Ólafur Gunnarsson**
Málarinn er frábært dæmi um sagnalist Ólafs eins og hún gerist best. jyj

★★★★
**Milla**
**Kristín Ómarsdóttir**
Skemmtileg, frumleg og fagurlega skrifuð. Bætir, hressir og kætir. þhs

★★★★
**Strandir**
**Gerður Kristný**
Sterk, meitluð, falleg og listilega ort ljóð sem undirstrika enn stöðu Gerðar Kristnýjar sem eins okkar fremsta ljóðskálds. fsb

★★★★
**Siglingin um síkin**
**Álfrún Gunnlaugsdóttir**
Snjöll saga um elli, eftirsjá og misáreiðanlegar minningar. Skrifuð af innsæi og listfengi. þhs

★★★★
**Boxarinn**
**Úlfar Þormóðsson**
Glæsileg úrvinnsla á vandmeðförnu efni. jyj

★★★★
**Undantekningin**
**Auður Ava Ólafsdóttir**
Fallega skrifuð, áhugaverð og skemmtileg bók sem fyllsta ástæða er til að mæla með. þhs

★★★★
**ð-ævisaga**
**Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit**
Falleg og fróðleg bók og skemmtileg á köflum, en herslumuninn vantar til að hugmyndin gangi fullkomlega upp. þb

★★★★
**Myndin í speglinum**
**Ragnheiður Gestsdóttir**
Stórskemmtileg samtímasaga og fallega skrifuð um grafalvarlegt málefni. Ætluð börnum 11 ára og eldri en á erindi við okkur öll. bhó

★★★★
**Kuldi**
**Yrsa Sigurðardóttir**
Spennandi og áhrifamikil draugasaga. jyj

★★★★
**Steinskrípin**
**Gunnar Theodór Eggertsson**
Stórskemmtileg, spennandi, frumleg og hrollvekjandi saga sem vekur upp siðferðislegar spurningar um tengsl mannsins við náttúruna. bhó

★★★
**Stekk**
**Sigurbjörg Þrastardóttir**
Frumleg bók og fallega skrifuð, en tíðindaleysið í sögunni nálgast það að vera yfirþyrmandi á köflum. þhs

★★★
**Sjóræninginn**
**Jón Gnarr**
Einlæg og nístandi saga um einelti, uppreisn og leit að samastað í tilverunni. Saga sem virkilega snertir lesandann. fsb

★★★
**Korter**
**Sólveig Jónsdóttir**
Korter er ansi hreint skemmtileg bók og dýpri en flestar úr skvísugeiranum en passar þó fullkomlega inn í formið; saga úr samtímanum sem greinir frá glímu ungra kvenna við ástina og lífið. þhs

★★★
**Endimörk heimsins**
**Sigurjón Magnússon**
Vel unnin og sterk nóvella um óhugnanlegan atburð. Rörsýni aðalpersónunnar dregur þó úr áhrifamættinum. fsb

★★★
**Reykjavíkurnætur**
**Arnaldur Indriðason**
Ágætlega skrifuð og vel byggð glæpasaga en töluvert skortir þó á spennuna og þeir lesendur sem búast við að fá nýjan vinkil á líf Erlendar verða óhjákvæmilega fyrir vonbrigðum. fsb

★★★
**Gísli á Uppsölum**
**Ingibjörg Reynisdóttir**
Falleg saga af óvenjulegu og einmanalegu æviskeiði. kóp

★★★
**Bjarna-Dísa**
**Kristín Steinsdóttir**
Bjarna-Dísa er fallega skrifuð og af samúð með fólki í erfiðum aðstæðum. Á köflum rennur þó samúðin út í væmni. þhs

★★★
**Aukaspyrna á Akureyri**
**Gunnar Helgason**
Bók fyrir börn sem hafa brennandi áhuga á fótbolta, en fyrir hina getur áherslan á það sem gerist inni á vellinum orðið þreytandi til lengdar. bhó

★★★
**Húsið**
**Stefán Máni**
Fín og vel fléttuð saga, flottur glæpon og enn flottari lögga gera Húsið að einni bestu íslensku glæpasögu þessa árs. fsb

★★★
**Vígroði**
**Vilborg Davíðsdóttir**
Vandlega unnin og vel skrifuð saga um aðdraganda þess að Auður djúpúðga nam land á Íslandi en geldur þess að vera millikafli sögunnar og stendur illa ein og sér. fsb

★★★
**Fyrir Lísu**
**Steinunn Sigurðardóttir**
Fallega stílað framhald meistaraverksins Jójós. Brilljant á köflum en líður fyrir samanburðinn og nær ekki fram sömu ógnaráhrifum. fb

★★★
**Við tilheyrum sama myrkrinu**
**Kristín Ómarsdóttir**
Myndrænar og óvenjulegar sögur af vináttu sem aldrei átti sér stað, fullar af hugmyndaauðgi og óvæntum hlykkjum. fsb

★★★
**Leikarinn**
**Sólveig Pálsdóttir**
Prýðilega ofin flétta og fjölbreytt persónugallerí í ágætlega skrifuðum krimma sem geldur fyrir ótrúverðugleika aðalpersónunnar. fsb

★★★
**Íslenskir kóngar**
**Einar Már Guðmundsson**
Gamansöm ádeila á gerspillt íslenskt samfélag. Slagsmál, ríðingar og fyllirí í ofurskömmtum. þhs

★★★
**Randalín og Mundi**
**Þórdís Gísladóttir. Myndskreytingar: Þórarinn Baldursson.**
Lauflétt miðborgarævintýri fyrir börn 8-12 ára. Fallega skrifuð, fyndin á köflum og framúrskarandi myndskreytingar en persónusköpun mætti vera betri. bhó

★★★
**Reisubók Ólafíu Arndísar**
**Kristjana Friðbjörnsdóttir**
Skemmtileg ferðasaga 13 ára stúlku um Austfirði og Svíþjóð. Hressilega skrifuð, fyndin á köflum og fallega myndskreytt. Auðveld yfirlestrar, með stóru og skýru letri fyrir aldurshópinn 7-12 ára. bhó

★★★
**Það kemur alltaf nýr dagur**
**Unnur Birna Karlsdóttir**
Vel skrifuð saga um þekkt stef. Seiðandi texti og skemmtilegar bókmenntavísanir gera lesturinn að óvenjulegri og hressandi upplifun. fsb

★★★
**Skáld**
**Einar Kárason**
Skáld er verðugur lokapunktur hinnar nýju Sturlungu Einars Kárasonar, sagan er sundurleitari en fyrri bækurnar tvær en bestu kaflarnir eru gerðir af meistarahöndum. jyj

★★★
**Ár kattarins**
**Árni Þórarinsson**
Óvægin samfélagsádeila og óþægilegar spurningar í vel fléttaðri spennusögu sem kemur við kaun lesandans. fsb

★★★
**Kuðungasafnið**
**Óskar Árni Óskarsson**
Vel heppnað safn prósaljóða um ólík fantasíuþorp sem sýna lesendum samfélagið í spéspegli. fsb

★★★
**Landvættir**
**Ófeigur Sigurðsson**
Hressileg og afburða vel stíluð skáldsaga en hefði að ósekju mátt vera mun styttri og hnitmiðaðri. fb

★★★
**Brot af staðreynd**
**Jónas Þorbjarnarson**
Húmorískar æviminningar Jónasar Þorbjarnarsonar vekja til umhugsunar um lífshvötina og dauðann. Margt bæði vel unnið og skemmtilegt. þhs

★★
**Kantata**
**Kristín Marja Baldursdóttir**
Bragðlítil fjölskyldusaga um fordóma og það að ekki sé allt sem sýnist. þhs

★★
**Ljósmóðirin**
**Eyrún Ingadóttir**
Áhugaverð söguleg skáldsaga um merka konu og erfiða tíma en á köflum ber sagnfræðin skáldskapinn ofurliði. jyj

★★
**Morðið á Bessastöðum**
**Stella Blómkvist**
Leikur með formúlu sem ekki er lengur ferskur og skemmtilegur heldur einungis höfundi til skemmtunar. kóp

★★
**Klækir**
**Sigurjón Pálsson**
Spennusaga sem byrjar ágætlega, en er engan veginn nægilega vel unnin og verður fyrir vikið bæði ótrúverðug og þvæluleg. þhs

★★
**Listasafnið**
**Sigrún Eldjárn**
Hressilegur lokakafli í ævintýralegum þríleik um furður veraldar í nútímaheimi. Flókinn söguþráður og illskiljanlegur fyrir lesendur sem ekki hafa lesið fyrstu bækur bókaflokksins. bhó

★★
**Rof**
**Ragnar Jónasson**
Bókin nær sér ekki á flug og lítil spenna er fólgin í þeim málum sem glímt er við. kóp

★★
**Krakkinn sem hvarf**
**Þorgrímur Þráinsson**
Saga um strák sem gerir vin sinn ósýnilegan og uppátæki þeirra í litlu sjávarþorpi. Skemmtilegur söguþráður en sögupersónur eru ýktar og tvívíðar og lesendur eiga erfitt með að samsama sig þeim. bhó

★★
**Sjálfstæðisflokkurinn: Átök og uppgjör**
**Styrmir Gunnarsson**
Frekar þunn tilraun til að endurskrifa sögu íslenskra stjórnmála þannig að Geir Hallgrímsson sé í aðalhlutverki. Veitir þó áhugaverða innsýn inn í hugarheim höfundar. þsj

★★
**Fjarveran**
**Bragi Ólafsson**
Saga um sögur þar sem persónur og viðfangsefni úr fyrri sögum höfundar birtast á fjölbreyttan hátt. jyj

★
**Hin eilífa þrá**
**Guðbergur Bergsson**
Skáldsaga sem stendur bestu verkum höfundarins mjög langt að baki. jyj

# OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR

## Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi

| | |
|---|---|
| Laugardagur 22. desember | kl. 11.00 – 22.00 |
| **Sunnudagur 23. desember** | **LOKAÐ** |
| Mánudagur 24. desember | kl. 09.00 – 13.00 |
| **Þriðjudagur 25. desember (jóladagur)** | **LOKAÐ** |
| **Miðvikudagur 26. desember (annar í jólum)** | **LOKAÐ** |
| Fimmtudagur 27. desember | kl. 11.00 – 18.00 |
| Föstudagur 28. desember | kl. 11.00 – 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | kl. 10.00 – 20.00 |
| Laugardagur 29. desember | kl. 11.00 – 19.00 |
| **Sunnudagur 30. desember** | **LOKAÐ** |
| Mánudagur 31. desember | kl. 09.00 – 14.00 |
| **Þriðjudagur 1. janúar (nýársdagur)** | **LOKAÐ** |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN

vinbudin.is




**MISSKILIN ÍÞRÓTT** Vilhjálmur Hernandez rekur Hnefaleikastöðina. Hann hefur æft íþróttina lengi og segir hnefaleika alls ekki hættulega íþrótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Engir hrottar í hnefaleikum

Vilhjálmur Hernandez rekur Hnefaleikastöðina ásamt unnustu sinni, Sólveigu Gunnarsdóttur. Hann segir að lítið sé um slys í hnefaleikum og að sú neikvæða ímynd sem íþróttin hafi sé helst byggð á misskilningi.

Sara McMahon
sara@frettabladid.is



Vilhjálmur Hernandez rekur Hnefaleikastöðina og Hnefaleikafélagið Æsi ásamt unnustu sinni, Sólveigu Gunnarsdóttur. Vilhjálmur er mexíkóskur í aðra ættina. Faðir hans er mexíkóskur og gegndi herskyldu hér á landi í skamman tíma á áttunda áratugnum, og þaðan er eftirnafnið komið. Hnefaleikar hafa verið hans helsta áhugamál frá ungum aldri og er hann sjálflærður í íþróttinni, enda var bannað að stunda íþróttina hér á landi allt til ársins 2002.

„Maður var aðallega í lyftingum þegar maður var ungur og æfði svo hnefaleika þess á milli. Menn æfðu saman í felum, þó ég hafi ekki verið mikið í því, því annars var hætta á að lögreglan kæmi og fjarlægði púðana," útskýrir Vilhjálmur. Hann hafði ekki æft íþróttina í nokkurn tíma þegar sonur hans, þá fjögurra ára gamall, fór að verða til vandræða á leikskólanum. Vilhjálmur ákvað að prófa að leysa vandann með hnefaleikum.

„Hann var svolítið skapstór og ég ákvað að prófa að sjá hvort boxið gæti hjálpað honum. Ég hafði nefnilega séð heimildarmynd um hvernig hnefaleikar nýttust til að hjálpa bandarískum krökkum með hegðunarvandamál til að snúa við blaðinu. Ég leyfði syni mínum að boxa í púða og „mitsa", hann fékk útrás þannig."

### Hnefaleikar kenna aga

Vilhjálmur hefur mikinn áhuga á að starfa með börnum og unglingum sem af ýmsum ástæðum hafa lent upp á kant við samfélagið. Hann vinnur nú að því að þróa verkefni að erlendri fyrirmynd í samstarfi við Þórð Sævarsson, íþróttafræðing og hnefaleikaþjálfara á Akranesi.

„Þetta hefur reynst mjög vel bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum og þetta hefur öfug áhrif við það sem margir mundu ætla. Í hnefaleikum læra unglingar aga og sjálfsstjórn og fá um leið nauðsynlega útrás. Ég hef fengið til mín krakka sem hafa verið í neyslu og líf þeirra hefur tekið u-beygju eftir að þeir kynntust boxinu. Það sama má segja um krakka sem hafa orðið fyrir einelti. Þeir finna sig kannski ekki í hópíþróttum eins og fótbolta eða handbolta og þá hentar boxið vel. Þó þetta sé einstaklingsíþrótt þá myndast alltaf mjög góður andi innan hópsins. Þetta er það sem ég hef mest gaman af; unglingastarfið."

Unglingastarfið hjá Hnefaleikastöðinni er sérlega öflugt og á sér einnig stað utan æfingatíma því hóparnir hittast gjarnan og fara í kvikmyndahús, keilu eða út að borða. Fáar konur stunda íþróttina hér á landi en að sögn Vilhjálms hafa unglingsstúlkur tekið aðeins við sér undanfarið. Krakkarnir sem æfa hjá Hnefaleikastöðinni koma víða að, mörg koma úr Breiðholti, önnur úr Mosfellsbæ, Grafarvogi, Árbæ og Kópavogi.

### Tyson er villidýr

Hnefaleikar eru íþrótt sem gjarnan er litin hornauga. Margir ímynda sér að þeir sem stunda íþróttina séu húðflúraðir hrottar sem beiti aðra ofbeldi. Að sögn Vilhjálms er þetta mikill misskilningur.

„Hnefaleikar hafa þessa ímynd; að þetta sé stórhættuleg íþrótt. En fólk slasast ekki mikið í ólympískum hnefaleikum og þeir sem stunda íþróttina eru jafnan ekki ofbeldisfullir. Bandarísku atvinnumennirnir hafa kannski ýtt undir þessa ímynd, til dæmis menn á borð við Tyson, sem er hálfgert villidýr. Ólympískt box snýr meira að tækni, hanskarnir eru mýkri og loturnar eru miklu færri. Loturnar eru ekki nema þrjár hjá okkur en þær eru tólf mínútur í atvinnumennskunni."

Í byrjun nóvember fór Hnefaleikafélagið Æsir með nítján keppendur til Gautaborgar í Svíþjóð til að taka þátt í ACBC-hnefaleikamótinu, sem er annað stærsta hnefaleikamót í heimi. Hópurinn kom heim með fern silfurverðlaun og hlaut Valgerður Guðsteinsdóttir gullverðlaun í sínum þyngdarflokki á mótinu. Inntur eftir því hvað þurfi til að ná árangri í hnefaleikum segir Vilhjálmur það vera þrautseigju. Aðrir mikilvægir eiginleikar eru hraði, úthald og jafnvægi.

„Það er sagt að það taki fimm ár að ná góðum tökum á íþróttinni en það er mjög einstaklingsbundið og fer eftir bakgrunni hvers og eins. Sumir verða mjög góðir á aðeins nokkrum mánuðum, aðrir þurfa lengri tíma. Það er mikill misskilningur að maður þurfi að vera massaður til að ná árangri, oft er erfiðast að kenna þessum mössuðustu því það fara margir mánuðir í að fá þá til að slaka á og nýta kraftinn úr líkamanum og ekki vöðvunum. Tæknin byrjar í tánum og nær alla leið upp í hanskann þannig að það er mikil ranghugsun að þú þurfi að vera helmassaður og stór og sterkur til að ná árangri í boxi. Þær týpur þola yfirleitt ekki lengi við og eru búnar á því eftir tuttugu sekúndur," útskýrir hann.

### Íþrótt á uppleið

Á Íslandi starfa fimm hnefaleikafélög og segir Vilhjálmur samstarf þeirra vera gott. Íþróttin er enn ung og félögin fá og því fá keppendur ekki mörg tækifæri til að spreyta sig innan hringsins. Vilhjálmur segir íþróttina þó á uppleið og að hér megi finna margt efnilegt hnefaleikafólk.

„Við höfum farið út og keppt á móti félögum sem eiga sér hundrað ára gamla sögu og það er auðvitað mikill gæðamunur þar á milli. Munurinn liggur helst í því að íslensku boxararnir eyða meiri tíma í æfingar en þessir erlendu og eru því oft tekniskari í hringnum. Þessir erlendu fá aftur á móti fleiri tækifæri til að keppa og eru því komnir með mikla reynslu í hringnum. Gunnar Kolbeinn Kristinsson æfir hjá okkur og hann var fyrsti íslenski boxarinn sem keppti á heimsmeistaramóti í hnefaleikum. Hann er á góðri leið með að verða fyrsti alvöru boxarinn héðan sem mun standa sig á erlendri grundu, það er bara tímaspursmál hvenær hann fer að keppa við þá bestu."

### Byrjar daginn snemma

Vilhjálmur á þrjú börn, dótturina Amöndu sem verður tvítug í janúar, soninn Kristófer Aron sem er fimmtán ára og loks Natalíu Laufeyju, tveggja og hálfs árs gamla, sem hann á með Sólveigu. Sólveig er viðskiptafræðingur að mennt og meðeigandi að Hnefaleikastöðinni auk þess sem hún starfar hjá hönnunarfyrirtækinu Scintilla. Það mætti því kalla Hnefaleikastöðina fjölskyldufyrirtæki. Að sögn Vilhjálms gengur reksturinn vel en vinnudagarnir geta orðið langir.

„Ég byrja að þjálfa klukkan sex á morgnana og þjálfa til hálfellefu. Þá kemur hlé og svo mæti ég aftur klukkan þrjú og er til níu á kvöldin. Laugardagarnir eru styttri og svo reyni ég að eiga frí á sunnudögum," segir hann.

Inntur eftir því hvort hann finni ekki til þreytu eftir svo langan dag svarar Vilhjálmur neitandi. „Nei, maður verður ekki þreyttur af að gera það sem manni þykir gaman. Love what you do and do what you love, the rest is easy," segir hann að lokum.

# OPIÐ ALLA HELGINA

## OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19

SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

### 4GB MINNISLYKLAR
Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!
FRÁ 1.990
HENTUGT Í ALLA PAKKA

1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
AÐEINS 9mm ÞYKK ÖRÞUNN OG FISLÉTT

### PROTAB26 IPS
Glæsileg spjaldtölva með einstökum 10" IPS HD fjölsnertiskjá búin allri nýjustu tækni og Multi Core Mali400 3D skjákjarna
34.900
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA:)

### SMART TV
Fyrir þitt sjónvarp, vafraðu á netinu, kíktu á Facebook, spilaðu kvikmyndir og tónlist, þráðlaust lyklaborð með mús fylgir.
29.900
JÓLAGJÖF FYRIR SJÓNVARPIÐ ÞITT;)

**OPNUNARTÍMAR**
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA



**LEIKHÚSIÐ VIÐ TJÖRNINA** Iðnó horfir upp og niður í speglinum sem túlkar Tjörnina.



**OFVITANS MINNST** Jón Hjartarson situr með ofvitann í fanginu.



**ROMMÝ** Erlingur Gíslason og Guðrún Ásmundsdóttir sitja saman og spila rommý.



**Í RÚMINU** Alfreð Andrésson og Inga Laxness eru saman í gipsrúmi í „Góðir eiginmenn sofa heima". Rúminu fylgir koppur og þvagflaska.



**LEIKARAFJÖLSKYLDAN** Steindór Hjörleifsson og Margrét Ólafsdóttir með dótturina Ragnheiði á milli sín.

# Þessar raddir urðu vinir mínir

Þegar **Guðrún Sverrisdóttir** hjúkrunarfræðingur var lítil hlýddi hún á laugardagsleikritin í útvarpinu og þekkti raddir allra helstu leikara þjóðarinnar. Í þakklætisskyni fyrir þessar stundir og líka af virðingu fyrir hinu aldna leikhúsi Iðnó bjó hún til eftirlíkingu af húsinu úr gipsi og setti leikhúsfólkið upp á þak og allt um kring.




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




**SKÖPUNARVERKIÐ OG HÖFUNDURINN** „Ég ákvað að búa til Iðnó, skera það út með skurðstofuhnífi og gipsa það með hvítum gipsafgöngum," segir Guðrún sem ekki lét staðar numið þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heima hjá Guðrúnu Sverrisdóttur hjúkrunarfræðingi er einstakt jólaskraut á borði. Iðnó í jólaskrúða unnið í gips með leikhússtjóra og leikstjóra uppi á þaki en leikara í ýmsum hlutverkum á stéttinni umhverfis. Allt fólkið er úr vöfðum pípuhreinsurum og í sérsaumuðum fötum og merkt nafni. Litlir stólar eru búnir til úr öskjum undan plástrum og öðrum afgöngum. Tjörnin, gerð úr spegli, gerir myndina enn raunverulegri en ella. Hvernig skyldi hún hafa fengið þessa hugmynd? „Ég þekkti lítillega til Magnúsar Geirs í gegnum dóttur mína Sólveigu, sem er leikkona. Við vorum stödd í Iðnó og þá kom andinn yfir mig í fallega húsinu með sálina. Ég ákvað að búa til Iðnó, skera það út með skurðstofuhnífi og gipsa það með hvítum gipsafgöngum. Í fyrstu ætlaði ég eingöngu að búa til húsið sjálft ásamt leikstjórum liðinna ára. Þá var mér hugsað til æskuáranna heima hjá mömmu minni. Ég og Einar bróðir vorum sett í bað, háttuð ofan í drifhvít sængurföt með útilykt og hækkað í útvarpinu. Leikrit laugardagskvöldsins voru að hefjast. Ég þekkti allar raddir leikaranna í útvarpinu frá barnsaldri, þessar raddir urðu vinir mínir."

## Sumir í gipsi, aðrir í fatla

Reyndar kveðst Guðrún hafa byrjað á jólahúsi fyrir slysa- og endurkomudeild Borgarspítalans, fyrir svona 15 til 20 árum, úr gipsafgöngum og afklippum. Síðan hafi hún búið til hjúkkur, lækna, ritara og starfsstúlkur úr pípuhreinsurum og saumað föt og kappa. „Allir voru merktir með nafni," lýsir hún. „Sjúklingarnir sem prýddu sjúkrahúsið voru jólasveinar, sumir í gipsi, aðrir í fatla."

Styttra er síðan Guðrún réðist í leikhúsverkefnið stóra sem hér birtast myndir af. Það kostaði hana nokkurra mánaða vinnu enda eru persónurnar milli sextíu og sjötíu talsins og eru sumar sóttar allt aftur til aldamótanna 1900. „Mig langaði bara að minnast leikaranna og þakka fyrir mig," segir hún.



**FRÆNKA CHARLEYS** Árni Tryggvason situr með frænku Charleys í fanginu.





MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
sími 511 1900 - www.michelsen.is



ALLT Í PAKKANN
BAKPOKI
18.490 KR.
NORTH FACE RECON DAGPOKI
MEINDL GÖNGUSKÓR
20% AFSLÁTTUR
GÆÐI Í GEGN – MIKIÐ ÚRVAL.
HLAUPA-GPS
36.990 KR.
GARMIN FORERUNNER 110 MEÐ PÚLSMÆLI
PÚLS-ÚR
19.990 KR.
POLAR FT7 MEÐ PÚLS- OG BRENNSLUMÆLI
HLIÐARTASKA
7.990 KR.
NIKE, SVÖRT, BLÁ EÐA MARGLIT
SKÍÐAPAKKAR
20% AFSLÁTTUR
ÞEGAR KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÍÐASKÓR.
SQUASH SPAÐI
5.490 KR.
DUNLOP PULSE C-35
GPS TÆKI
29.990 KR.
GARMIN DAKOTA 10
BRÚSABELTI
7.990 KR.
ADIDAS FYRIR 3 LITLA BRÚSA
Fáðu aðstoð við valið á réttu jólagjöfunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR




Starfsfólk Veitingasviðs IKEA þakkar viðskiptavinum sínum fyrir ánægjulegt ár og frábæra jólatörn. Á þessu ári höfum við afgreitt á aðra milljón gesti, og gefið 90.000 barnamáltíðir. Miðað við þessar tölur kom hver Íslendingur fjórum sinnum til okkar á árinu að meðaltali sem gerir Veitingastað IKEA að vinsælasta veitingastað landsins.

Markmið okkar er að bjóða upp á bragðgóðan og heilsusamlegan mat sem hæfir magamáli, bragðlaukum og pyngjum sem flestra og hefur árangurinn að okkar mati verið góður.

**Opnunartími:**
**Laugardag – Verslun 9:30-21 – Veitingastaður 9-20:30**
**Sunnudag – Verslun 9:30-18 – Veitingastaður 9-18 – www.IKEA.is**




Við ætlum að slá botninn í jólafjörið með glæsibrag og bjóða upp á jólaveislu laugardag og sunnudag. Frá 9 til 11:30 verður hátíðarhlaðborð á Veitingastaðnum á frábæru IKEA verði. Boðið verður upp á þjóðlegar sem og skandínavískar kræsingar eins og síld, lax, tartalettur með hangikjöti og kalkún, salöt, brauð og eftirrétti svo eitthvað sé nefnt – og jólabland að drekka með.

Allt þetta á einungis 695 krónur á mann og börn 12 ára og yngri borða að sjálfsögðu frítt!

**Jólakveðja,**
**Starfsfólk Veitingasviðs IKEA**

IKEA®













➜Panettone er ítalskt bakkelsi sem er gjarnan borðað í kringum jólahátíðina og sómir sér vel á veisluborðinu. Það er bakað með rúsínum, sítrusberki og stundum súkkulaðibitum. Í staðinn fyrir rúsínurnar er hægt að nota 100 g af grófsöxuðu 56% súkkulaði. Gott er að sáldra smávegis af flórsykri yfir brauðið áður en það er borið fram.

### 1. Steinbítur með beikoni og svörtum ólífum, borinn fram með volgu spínatsalati

*Handa 4*

Sparilegur fiskréttur sem má framreiða við hin ýmsu tækifæri, svo sem á jólum eða þegar von er á góðum gestum. Í staðinn fyrir steinbít má nota keilu eða blálöngu.

- Um 800 g steinbítsflak, skorið í tvennt langsum
- 100 g grískar svartar ólífur, steinlausar
- 1 rósmaríngrein
- ½ tsk. kummin
- 1 msk. ólífuolía
- Fínrifinn börkur af ½ sítrónu
- 10-12 sneiðar beikon
- 2 msk. ólífuolía og smávegis til viðbótar
- 600 g spínat
- Handfylli af rúsínum
- 70 g furuhnetur
- Salt og svartur pipar

Hitið ofninn í 190˚C. Maukið saman ólífur, rósmarínnálar, kummin, ólífuolíu og sítrónubörk. Smyrjið maukinu á annan flakhelminginn og leggið hinn yfir. Vefjið beikonsneiðum utan um flökin og festið saman með tannstönglum eða sláturgarni. Penslið beikonið með smávegis af ólífuolíu.

Setjið fiskinn í eldfast mót og bakið í miðjum ofninum 18-25 mínútur, tíminn fer eftir þykktinni á flakinu. Setjið ofninn á grill og bakið fiskinn í 2 mínútur til viðbótar eða þar til beikonið fær á sig fallegan steikarlit. Soðið af fiskinum má nota í sósu. Fitunni er fleytt ofan af soðinu og það mýkt með 150 ml af sýrðum rjóma eða 75 ml af vatni.

Setjið smávegis af ólífuolíu á pönnu og mýkið spínatið ásamt rúsínum og furuhnetum. Berið fiskinn fram með spínatsalatinu. Saltið og piprið.

### 2. Panettone

*Handa 8-10*

Panettone er ítalskt bakkelsi sem er gjarnan borðað í kringum jólahátíðina og sómir sér vel á veisluborðinu. Það er bakað með rúsínum, sítrusberki og stundum súkkulaðibitum. Í staðinn fyrir rúsínurnar er hægt að nota 100 g af grófsöxuðu 56% súkkulaði. Gott er að sáldra smávegis af flórsykri yfir brauðið áður en það er borið fram.

- 4 msk. volg mjólk
- 2½ tsk. ger
- 50 g sykur
- 420 g prótínríkt hveiti
- ½ tsk. salt
- 125 g rúsínur
- Fínrifinn börkur af 2 appelsínum og 2 sítrónum
- 100 g smjör, mjúkt
- 3 stór egg, léttþeytt
- 1 msk. smjör, brætt til penslunar

Smyrjið hátt kökumót sem tekur að minnsta kosti 1,5 lítra. Hitið mjólkina upp í u.þ.b. 37˚C. Blandið gerinu ásamt 1 msk. af sykri saman við og látið standa í 10 mínútur. Setjið hveitið í stóra skál ásamt afganginum af sykrinum, salti, rúsínum og sítrusberki. Hnoðið smjörið saman við. Þeytið egg og gerblöndu saman og hellið yfir hveitið. Hrærið og hnoðið þar til deigið verður mjúkt. Bætið við meiri mjólk eða hveiti ef þarf. Breiðið plastfilmu yfir skálina og látið deigið hefast á hlýjum stað þar til það hefur tvöfaldast að stærð. Það ætti að taka 60 mínútur. Hnoðið deigið þá aftur og setjið í kökumótið.

Leggið plastfilmu lauslega yfir deigið og látið það hefast aftur í 60 mínútur. Hitið ofninn í 190˚C. Penslið deigið með bræddu smjöri. Bakið brauðið í 40 mínútur, eða þar til það er orðið gullinbrúnt. Gott er að leggja álpappír lauslega yfir mótið á meðan brauðið bakast til að yfirborðið dökkni ekki of mikið.

### 3. Hnetuostakökur

Þessar ostasmákökur eru sérlega góðar til að narta í með góðum drykk. Osta- og hnetubragðið er kraftmikið og gott og ekki skemmir cayenne-piparinn fyrir.

- Um 30 kökur
- 100 g bragðsterkur ostur, rifinn
- 100 g hveiti
- Ögn af salti
- 100 g smjör, mjúkt
- ¼ tsk. cayenne-pipar
- 75 g blandaðar hnetur, saxaðar

Hitið ofninn í 180˚C. Leggið bökunarpappír á tvær bökunarplötur. Setjið allt hráefnið í eina skál en skiljið svolítið af hnetunum eftir til þess að dreifa yfir kökurnar áður en þær eru bakaðar. Hrærið lauslega saman og hnoðið svo áfram í höndunum.

Rúllið deiginu upp í lengju, skerið hana í bita á stærð við valhnetur og raðið á bökunarplötuna. Stráið hnetunum sem teknar voru frá yfir kökurnar og pressið þær létt ofan í deigið.

Bakið í 20–25 mínútur eða þar til kökurnar eru orðnar ljósgullnar. Kælið kökurnar á kökugrind.



# ÁHUGINN KVIKNAÐI Í FRAKKLANDI

## Matgæðingarnir **Inga Elsa** og **Gísli Egill** birta uppáhaldsuppskriftirnar í matreiðslubókinni Eldað og bakað í ofninum heima.

**Hallfríður Þóra Tryggvadóttir**
hallfridur@frettabladid.is

Uppskrift er ekki heilög,“ segir Inga Elsa Bergþórsdóttir. Hún og eiginmaður hennar Gísli Egill Hrafnsson eru höfundar matreiðslubókarinnar Eldað og bakað í ofninum heima. Fyrir síðustu jól gáfu þau út bókina Góður matur – gott líf í takt við árstíðirnar og var hún tilnefnd fyrst allra matreiðslubóka til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Nýja bókin er sjálfstætt framhald af þeirri bók. „Þessi er samt meiri matreiðslubók og þemað er að nýta ofninn. Í fyrri bókinni fórum við í gegnum árstíðirnar en við erum mikið að rækta sjálf og með henni gáfum við ræktunarleiðbeiningar,“ segir Inga.

Bókina prýða flottar myndir og fjölbreyttar uppskriftir. Inga segir matreiðsluáhugann hafa kviknað í Frakklandi þegar þau Gísli voru þar við nám. Hún er grafískur hönnuður og hann ljósmyndari og með útgáfu bókanna sameina þau vinnuna og áhugamálið en áður höfðu þau unnið mikið að kynningarefni fyrir matvælafyrirtæki. „Matreiðsla er búið að vera stóra áhugamálið okkar í meira en tuttugu ár. Í Frakklandi opnuðust augu okkar fyrir ýmsum möguleikum og hráefnum. Frakkar eru einstakir hvað varðar mat. Annars má kalla uppskriftir bókarinnar svona uppáhaldsmatinn okkar í gegnum tíðina,“ segir Inga en bókin er undir sterkum áhrifum frá matarmenningu Frakka. „Með bókinni erum við líka að reyna að einfalda uppskriftir. Til dæmis að taka eitthvað sem er flókið, eins og smjördeig, frá grunni. Það er ekki auðvelt að gera það í fyrsta skiptið en þegar maður prófar að gera það sjálfur fær maður eitthvað sem er allt öðruvísi og miklu betra en nokkuð sem maður hefur smakkað.“



**JÓLAHEFÐIN** Inga og Gísli hafa yfirleitt rjúpur í matinn á aðfangadagskvöld. Þau bera þær fram með soðsósu með rifsberjahlaupi og klípu af gráðosti, hasselback-kartöflum og waldorfsalati. „Þetta er svona okkar fasti liður. Í forrétt reynum við að hafa anda- eða gæsalifur og svo er eftirrétturinn mismunandi milli ára,“ segir Inga. Hér eru hjónin ásamt dætrunum Telmu Líf og Júlíu Sólveigu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## SIGGI HLÖ Á SPOT

**Siggi Hlö heldur uppi jólastemningu með Greifunum á veitingahúsinu Spot á annan í jólum. Þar verða leikin lög frá níunda áratugnum, jólalög og þekkt Greifalög. Greifarnir lofa miklu fjöri þar sem auðvelt verður að losa sig við jólakaloríur.**














# SAKNAR ÍSLANDS

**ROKKVÍKINGUR** *Ragnar Sólberg hefur gert garðinn frægan með sænskum þungarokkurum á árinu en á annan jóladag stígur hann á svið með Sign.*

Uppáhaldsjólaminningin mín um pabba er frá aðfangadegi þegar ég var fimm ára. Þá var mamma inni í eldhúsi, nýbúin að leggja á borð, og pabbi segir við okkur bræðurna: „Ókei, strákar, við mamma ykkar vorum að kaupa þennan fína, hvíta dúk þannig að þið verðið að passa glösin ykkar. Ég verð brjálaður ef þið hellið niður," og glotti út í annað. Í því sem hann sleppir orðinu rekst hann í rauðvínsglasið sitt og það fer rauðvín yfir allan dúkinn. Við þrír urðum stjarfir í smá stund en sprungum svo úr hlátri. Hann bað okkur aldrei aftur um að passa glösin okkar," segir Ragnar og lítur yfir farinn veg minninga til föður síns Rafns Jónssonar, sem var einn besti trommuleikari landsins og oftast kenndur við hljómsveitina Grafík. Rafn lést eftir hetjulega baráttu við MND-sjúkdóminn í júní 2004.

„Ég lærði rosalega mikið af því að alast upp við að pabbi væri að deyja. Það eru mjög skrýtnar kringumstæður en kennir manni að taka lífinu ekki sem sjálfsögðum hlut og elska og treysta á þá sem standa manni næst. Fyrir pabba að eiga okkur að í veikindunum hefur verið meira virði en ég get nokkurn tímann gert mér grein fyrir og bara þar sér maður mikilvægi fjölskyldunnar í allt öðru ljósi. Pabbi varð heldur aldrei bitur yfir því að vera veikur heldur hugsaði frekar um hvernig hann gæti lifað sem best og látið gott af sér leiða. Ég fékk gífurlegt magn af æðruleysi í veganesti og pæli ekkert í því að sjúkdómurinn sé arfgengur enda veit

**HÆFILEIKARÍKUR** Ragnar stendur í mörgu þessi misserin. Hann ferðast um heiminn með sænsku þungarokkssveitinni Pain of Salvation og er forsprakki íslensku hljómsveitarinnar Sign. Þar að auki semur hann tónlist undir nafninu Sign fyrir teiknaðar stuttmyndir á vegum háskólans í Uppsölum. Þegar er komin út teiknimyndin Neutronia og fleiri eru í vinnslu. MYND/STEFÁN

FRAMHALD Á SÍÐU 2










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427







FRAMHALD AF FORSÍÐU

maður aldrei hvernig eða hvenær maður deyr.“

### VILDI ROKKA EINS OG PABBI

Frá blautu barnsbeini ólst Ragnar upp við hlið föður síns í tónlistinni og reri sjálfur ungur á rokkmiðin. Í dag er Ragnar forsprakki hljómsveitarinnar Sign og gítarleikari sænsku þungarokksveitarinnar Pain of Salvation.

„Mér líður eins og ég sé verkfæri tónlistarinnar frekar en öfugt og þannig hefur það verið alla tíð. Við pabbi áttum alltaf rosa gott samband og innst inni hefur mig líklega langað til að verða eins og hann. Mér var samt aldrei ýtt út í neitt en fékk fullan stuðning foreldra minna. Það er heimsins besta veganesti og ég á þeim að þakka allt sem ég hef áunnið í tónlistinni.“

Ragnar hóf að semja tónlist þegar hann fékk fyrsta gítarinn, þá tveggja ára.

„Ellefu ára voru gítarkennarar mínir í Gítarskóla Íslands búnir að útskrifa mig. Ég tók upp öll lög sem ég samdi á gamalt kassettutæki og var með allar hillur fullar af uppteknum spólum. Pabbi rak hljóðver og plötufyrirtæki og við tókum upp plötu sem var gefin út þegar ég var ellefu ára. Mér þótti það ekki athugavert þá en þegar ég hugsa til baka var draumur á silfurfati að hafa getað gert þetta svo ungur. Ég kynntist því hvernig er að vera í sviðsljósinu og lærði strax á hverju ég þurfti að passa mig og hvernig maður getur verið sniðugur. Enn vantar allt bissnessvit í mig en ég veit út á hvað leikurinn gengur og á sem betur fer góða konu sem er dugleg að sjá um svona hluti fyrir mig,“ segir Ragnar og brosir.

Hann segir tónlistina leið til að tjá sig. „Ég kann auðvitað að tala en líður oft eins og ég nái ekki skilaboðunum í gegn með orðum. Því verð ég svolítið bældur nema ég nái að semja tónlist um það sem mér liggur á hjarta og syngja um það. Þetta olli mér erfiðleikum á unglingsárum enda lokaði ég mig af niðri í kjallara með upptökutæki og samdi tónlist á meðan vinirnir umgengust hver annan og lærðu hver af öðrum.“

### FORÐAST GRÚPPÍURNAR

Ragnar var í byrjun árs valinn fram yfir á hundrað aðra umsækjendur þegar Pain of Salvation auglýsti eftir gítarleikara, en Sóley, kona Ragnars, sendi inn umsókn án hans vitundar.

„Ástæðan fyrir því að ég var valinn hlýtur að vera margþætt en umfram allt mætti ég rosalega vel æfður í áheyrnarprufuna og söng með eins mikið og ég gat. Ég held að flestir hljómsveitarhöfuðpaurar vilji menn sem geta sungið og það óumbeðnir; það hefur svo sterk áhrif út á við. Svo er hárið mitt voða fínt þegar ég sveifla því og ég faðmaði alla í bandinu að prufu lokinni, sem ég frétti að þeir hefðu kunnað vel við líka,“ segir Ragnar, sem lifir á því að spila með hljómsveitinni og hefur farið um heiminn í tónleikaferðum sveitarinnar.

„Rokkarar hafa orð á sér fyrir að lifa svallsömu líferni og ég tók alveg smá skerf af skólabókarrokkstjörnudæminu þegar Sign var fyrst að byrja að túra. Þá var ég svo ungur og þótti það allt spennandi en þetta verður voða fljótt þreytt og ég öfunda ekki þá sem hafa fest í því. Lífstíll okkar PoS-manna er rólegur og ég sleppi því oft að drekka í túrum til að passa upp á sjálfan mig og gera konuna ekki áhyggjufulla. Enda hefur maður hvorki efni á því að vera fullur né þunnur í svo stífu prógrammi.“

Ragnar segir hljómsveitina eiga marga áhangendur og stór hópur bíði hennar jafnan á flugvöllum. „Í Suður-Ameríku var óskaplegur mannfjöldi á eftir okkur. Ég verð félagsfælinn í þannig aðstæðum, loka mig af og forðast fjölmenni eins og heitan eldinn. Ég segi nú ekki að ég þurfi að slá grúppíurnar frá mér enda gæti ég þess að lenda ekki í þannig aðstæðum.“

Ragnar er mikill fjölskyldumaður og líkar hjónalífið vel. „Mér líður mun betur að vera giftur konunni minni en ógiftur enda er hún minn helsti innblástur og án hennar væri ekki sjón að sjá mig, að ég held. Hún átti tvö börn fyrir og við erum rótgróin fjölskylda enda búin að vera saman í fimm ár,“ segir Ragnar.

Á annan í jólum kemur Ragnar fram með Sign á tónleikum á Gamla Gauknum. Sign hefur ekki komið fram í fjögur ár með trommaranum og bróður Ragnars, Agli Erni, sem þá yfirgaf bandið.

„Við bræður höfum verið í fremur litlu sambandi eftir að Egill hætti en hvað spilamennskuna varðar er eins og hann hafi aldrei verið í burtu. Ég er rosalega ákveðinn og passasamur þegar kemur að bandinu mínu og þegar ég tók þroskakipp í því á sínum tíma urðu það náttúrlega viðbrigði fyrir Egil, sem er stóri bróðirinn og vanur að geta kannski potað mér í þá átt sem honum sýndist rétt. Ég hef saknað þess að hafa hann á bak við settið á sama tíma og mér hefur þótt þægilegt að þurfa ekki að vera í hálfgerði valdabaráttu. Nú eru allir í bandinu meðvitaðir um hvernig ég virka og við vinnum í kringum það.“

Ragnar segist fyrst og fremst líta á sjálfan sig sem tónsmið eða tóngerðarmann.

„Mér finnst stundum eins og tónlistin sé á ósýnilegum stað og ég þurfi bara að draga hana í gegn svo hún heyrist. Ég lít ekki á sjálfan mig sem hljóðfæraleikara því þeir æfa sig mikið og þekkja hljóðfæri sín út og inn. Ég æfði mig mikið á yngri árum en aðallega svo ég gæti náð betri tökum á tónlistarsköpun og skilið tónlistina betur. Ég er ekki heldur meiri söngvari en hver annar og nýbúinn að ná einhverjum tökum á söng. Ég ætlaði þannig aldrei að verða söngvari Sign en söng af því að ég þurfti þess, fyrir hljómsveitina og andlega heilsu mína. Ég hefði sennilega ekki lifað af unglingsárin hefði ég ekki sífellt öskrað úr mér lungun. Ég elska samt að syngja og held að allir hafi gott af því; ég fyllist frelsistilfinningu og tengist lífskraftinum á einhvern töfrahátt. Það er líklega ástæðan fyrir því að söngur hefur alltaf fylgt menningu mannsins; í honum felst heilun.“

Ragnar er fæddur í desember og segist vera mikið jólabarn. „Ég á í afar sérstöku ástar- og haturssambandi við þunglyndið sem fylgir myrkrinu á þessum árstíma. Ég sakna Íslands óskaplega þegar ég er í burtu og hvergi í heiminum hef ég fundið aðra eins orku eins og þá sem víbrar hér frá eldfjöllunum. Ég finn að það er stór partur af því hver ég er og verð alltaf heilli þegar ég er heima. Vitaskuld sakna ég fjölskyldu og vina og gríp öll tækifæri sem gefast til að koma heim. Ég er alinn upp sem Vestfirðingur og jól koma ekki nema ég fái vel kæsta skötu. Svo er aðfangadagur hefðbundinn og kannski fer ég með kvæði til að fagna sólinni að sönnum víkingahætti.“ **thordis@365.is**



**SAMEINAÐIR Á NÝ**
„Ég hef saknað þess að hafa Egil á bak við trommusettið á sama tíma og mér hefur þótt þægilegt að þurfa ekki að vera í hálfgerðri valdabaráttu við stóra bróður minn.“
MYND/STEFÁN

**ÆÐRULAUS**
„Ég lærði rosalega mikið af því að alast upp við að pabbi væri að deyja. Það eru mjög skrítnar kringumstæður en kennir manni að taka lífinu ekki sem sjálfsögðum hlut og elska og treysta á þá sem standa manni næst.“

# Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

**Tröllatrefjar**

Annie Mist heimsmeistari 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

Uppáhalds réttur hennar er Tröllatrefjar sem samanstendur af:
Rauðum hrísgrjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu grjón sem völ er á, íslensku lífrænt ræktuðu byggi, heilum höfrum ásamt kjúklingi, eggjum og grænmeti, kryddaður með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

EKKERT salt
ENGINN sykur

*Heimsmeistari í Crossfit 2012*
*Heimsmeistari í Crossfit 2011*
*Silfurhafi á heimsleikum í Crossfit 2010*
*Evrópumeistari í Crossfit 2009 og 2010*
*ásamt því að vera margfaldur þrekmótsmeistari Íslands*




| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |

TRANS FITA
MSG

# NINGS

**Suðurlandsbraut 6**
**Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12**
**Sími 588 9899 • www.nings.is**



# FRÍSKANDI FRÓMAS

**KLASSÍK** *Matreiðslumaðurinn Siggi Hall veit svo sannarlega hvernig á að elda jólamat og ákvað fyrir þessi jól að deila vitneskjunni með öðrum.*

Algengustu spurningarnar sem ég fæ fyrir jól eru hvernig á að gera uppstúf og brúna kartöflur. Við eigum að halda í hefðirnar og hver kynslóð þarf að læra þetta. Bókin Jólaréttirnir er liður í því. Hún er þó ekki síður fyrir vana heimiliskokka því hún skerpir á ýmsu og leggur til nýjar útfærslur. Mikið af þessum mat er bara eldað einu sinni á ári og því gott að hafa greinargóðar leiðbeiningar við höndina,“ segir Siggi.

Bókin byrjar á jólahlaðborðsréttum og forréttum. Þá taka hátíðarréttir og meðlæti við og að lokum klassískir jólaeftirréttir. „Þarna eru upplýsingar um hvernig sé best að matreiða síld, rjúpu, önd, kalkún, hamborgarhrygg og margt fleira og oftar en ekki eru nokkrar útfærslur lagðar til.“ Siggi deilir hér uppskrift að límónufrómas sem hann segir sérlega frískandi eftir þunga jólamáltíð. „Það vefst fyrir sumum að nota matarlím en sé leiðbeiningunum hér fyrir neðan fylgt skref fyrir skref er lítil hætta á öðru en að rétturinn heppnist og veki tilheyrandi lukku.

**LÍMÓNUFRÓMAS**
*uppskrift fyrir 8-12 á hlaðborði*

4 eggjarauður
150 g sykur
safi úr 4 límónum
raspaður börkur af 2 límónum
8 matarlímsblöð
5 dl rjómi
4 eggjahvítur

Skiljið eggin. Látið eggjarauður, safa úr þremur límónum og sykurinn saman í hrærivélaskál. Þeytið þar til það verður ljóst og létt. Setjið matarlímsblöðin í kalt vatn og linið þau upp. Takið þau upp úr þegar þau eru lin og kreistið allt vatn úr þeim. Látið safa af einni límónu og smá rjómaslettu í pott og hitið matarlímið þar í uns það er uppleyst. Látið kólna niður í um það bil 30 gráður.

Þeytið rjómann stíft. Þeytið eggjahvíturnar stíft. Látið uppleysta matarlímið í safanum og rjómanum út í þeytta eggjahræruna og hrærið hratt og vel saman. Bætið þeytta rjómanum þar út í og hrærið saman við. Það þarf að gera hægt og varlega og er best að nota rjómasleikju við það. Látið að lokum stífþeyttar eggjahvíturnar út í á sama hátt og rjómann. Þetta þarf allt að gerast hratt svo að eggin stífni ekki í matarlímsblöndunni áður en rjóminn og eggjahvíturnar fara út í. Látið í fallega skál og setjið karamelliseraðar límónusneiðar ofan á til bragðbætis og skrauts.

**KARAMELLISERAÐAR LÍMÓNUSNEIÐAR**
Skerið límónu í eins þunnar sneiðar og þið getið. Stráið smá sykri á bökunarpappír á ofnplötu. Látið sneiðarnar þar ofan á. Stráið svo aftur örþunnt sykri yfir hverja sneið. Látið inn í ofninn við 90-100°C í um það bil tvo klukkutíma og látið sneiðarnar karamelliserast og þorna. Stingið þeim frjálslega ofan á frómasinn.

**GÓÐUR EFTIR ÞUNGA JÓLAMÁLTÍÐ**
Margir þekkja ananas-, sítrónu- og jarðarberjafrómas. Þessi er með límónusafa og límónuberki og er gríðarlega frískandi.




**JÓLAHEFÐIRNAR Á EINUM STAÐ**
Hér er að finna uppskriftir að jólaforréttum, -aðallréttum, -meðlæti og -eftirréttum. Bæði hefðbundnum og með nýju útfærslum.

# ÓBRIGÐULL EFTIRRÉTTUR

*Ís er ekki aðeins bragðgóður og frískandi jólaeftirréttur heldur líka auðveldur að gerð. Hann er hægt að útbúa mörgum dögum fyrir jól og draga þannig úr álaginu í eldhúsinu korter í jól.*

Eftir þunga jólamáltíð er fátt betra en frískandi ananasbragð. Margir eru með heimagerðan vanilluís með súkkulaðispæni í eftirrétt á aðfangadag en hér er uppskrift að ljúffengum ananasís sem fer vel í maga.

**ANANASÍS**

4 eggjarauður
2 dl sykur
1 msk. vanillusykur
1/2 l rjómi
1 lítil dós ananaskurl
200 g suðusúkkulaði
Sítrónusafi

Þeytið saman eggjarauður, sykur og vanillusykur. Ef blandan er þykk má skvetta smá af ananassafanum út í. Þeytið rjómann og blandið varlega saman við eggjahræruna. Skerið súkkulaðið í litla bita og setjið út í rjómablönduna ásamt ananaskurlinu. Bragðbætið með smávegis sítrónusafa. Setjið í fallegt hringlaga kökumót og frystið. Takið ísinn út um það bil hálftíma áður en hann er borinn fram til að mýkja hann og ná honum úr forminu. Skreytið með ananasbitum og rauðum kokkteilberjum.

**HRESSIR OG KÆTIR**
Ananasinn gefur ísnum afgerandi og hressandi bragð.





**SÍTRUSÍS**
Ananasinn gefur ísnum frískandi bragð og er gott að skerpa enn frekar á því með sítrónusafa.


Jólatilboð af völdum vörum



Birki rúmföt - 15%




Handklæði- 25%



Hringapokar - 490 kr

Lín DESIGN

Camilla segir að önd og gæs þurfi að elda í 35 mínútur á hvert kíló utan fyllingar en 40 mínútur með. Nuddið grófu salti inn í kjötið á öndinni. Leggið hana á grind með bringurnar niður. Setjið vatn í ofnskúffuna. Þegar einn þriðji af steikartímanum er liðinn er fuglinum snúið við og steikt áfram. Gætið að því að vökvinn í botninum gufi ekki allur upp. Nokkur fita mun leka niður og vont er ef hún brennur. Hellið fitunni og vökvanum í pott tvisvar til þrisvar á steikingartímanum og setjið nýtt vatn í botninn. Stuttu áður en eldunartíma er lokið er öndin tekin út og ofninn stilltur á mesta hita. Setjið öndina inn aftur og látið skinnið poppa upp en ekki brenna. Takið út og látið fuglinn hvíla í 20 mínútur á borði.

### SÓSAN

**Innyfli úr fuglinum**
**Smjör til steikingar**
**2 stórir laukar, smátt skornir**
**1 blaðlaukur, smátt skorinn**
**4 hvítlauksrif**
**1 lárviðarlauf**
**Ferskt timían**
**4 einiber**
**2 heil allrahanda kryddkorn**
**1 stór tsk. heil piparkorn**
**1 stöngull sellerí, smátt skorið**
**1 gulrót í sneiðum**
**4 msk. calvados**
**1 flaska eplacider**
**1 msk. gróft salt**
**Rjómi eftir smekk**
**2 msk. tamari**
**1 msk. maísjafnari**

Setjið smjör á þykkbotna pönnu. Steikið lauk, kryddjurtir og hvítlauk saman smá stund en takið síðan af pönnunni. Brúnið þá innyfli vel á öllum hliðum og blandið síðan laukblöndunni saman við. Hellið calvados og eplacider yfir og sjóðið niður í smá stund. Saltið og setjið vatn saman við þannig að fljóti vel yfir kjötið. Látið sósuna malla í 3-4 tíma með lokið yfir til hálfs. Þegar soðið er tilbúið er það síað og síðan er sósan útbúin og bragðbætt með rjóma. Kryddið meira ef þarf og þykkið síðan.

Það má setja hálfa flösku af rauðvíni í staðinn fyrir eplacider og calvados, ef einhver vill það frekar. Þá verður sósan meira frönsk og einnig mjög góð.

Sósan passar bæði með gæs og önd.

### SYKURBRÚNAÐAR KARTÖFLUR

Vandið valið vel á kartöflum, ekki kaupa þær mjölmiklu. Þær vilja fara í sundur í suðu. Betra er að kaupa smáar kartöflur, til dæmis möndlukartöflur. Sjóðið og skrælið kartöflurnar áður en þær eru brúnaðar. Uppskriftin miðast við sex.

**1,2 kg kartöflur**
**8 msk. sykur**
**1 1/2 dl vatn**
**25 g smjör**

Sjóðið kartöflurnar næstum tilbúnar í söltuðu vatni. Þær eiga að vera harðar í miðjunni. Skrælið þær og setjið til hliðar. Notið þykkbotna, góða pönnu og hitið hana vel. Setjið sykurinn á pönnuna og fylgist vel með þannig að hann brenni ekki. Hrærið þar til allur sykurinn er uppleystur og fallega brúnn. Hellið þá vatni út á pönnuna og þá stífnar hann. En örvæntið ekki, hrærið vel í og sykurinn leysist upp aftur. Setjið þá kartöflurnar út í ásamt smjöri og veltið þeim í karamellunni.





**METNAÐARFULL** Camilla Plum leggur mikla alúð við búið sitt, enda er þar allt lífrænt ræktað.

## GIRNILEGUR JÓLAMATUR

***Camilla Plum hefur gert fjölda sjónvarpsþátta um matargerð. Hún notar ávallt lífrænt ræktaðan mat sem hún ræktar sjálf í búgarði sínum á Norður-Sjálandi í Danmörku. Hér gefur hún uppskriftir að önd eða gæs, góðri sósu og sykurbrúnuðum kartöflum. með þessum rétti ber hún fram rauðkál og salat.***




23rd IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP
HANDBALL 2013
2 SPORT HD
VIÐ TRÚUM Á SIGUR
HM Í HANDBOLTA
Í LEIFTRANDI HÁSKERPU
HEFST 11. JANÚAR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS
ÞORSTEINN J. OG GESTIR
Þorsteinn J. sér um upphitun fyrir leiki og stýrir ítarlegri umfjöllun eftir leiki ásamt handboltasérfræðingum og góðum gestum.
VÍS
Arion banki
VALITOR
ICELANDAIR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# JÓLASMIÐJA FARVA

**UMHVERFISVÆN HÖNNUN** *Hjónin Þorbjörg Helga Ólafsdóttir og Sæþór Örn Ásmundsson hanna undir merkinu Farvi og handþrykkja á bómull og pappír.*

Eiginmaðurinn varð sér úti um silkiþrykkgræju einn daginn og fór að þrykkja á boli. Síðan þá hefur ákveðin vöruþróun átt sér stað smám saman, kannski bara eftir því sem okkur hefur vantað gjafir og fleira," segir grafíski hönnuðurinn Þorbjörg Helga Ólafsdóttir en hún og Sæþór Örn Ásmundsson vídeóhönnuður reka saman vinnustofuna Farva á Laugavegi 13. Þau hjónin byrjuðu fyrir ári síðan að prenta á pappír fyrir jólin og svo bættust við gestabækur og kort. Nýjasta varan er viskustykki úr bómull með jólalegu munstri.

„Ég hafði verið að selja jólakort sem ég hannaði sjálf í nokkur ár áður en Farvi varð til fyrir einu ári. Þetta er þó meira eins og aukabúgrein hjá okkur á kvöldin og allt voða heimilislegt og huggulegt hjá okkur. Ég hef hannað munstrin en Sæþór hefur alveg séð um bolina. Hann sér líka alveg um að þrykkja munstrin á bómullina og pappírinn. Ég vinn bara í tölvunni," segir hún glettin. „Við notum eingöngu umhverfisvænan pappír og lífræna bómull og viljum halda okkur á umhverfisvænni línu."

Vinnustofa Farva er að Laugavegi 13 á annarri hæð og geta gestir og gangandi litið við í dag milli klukkan 14 og 18 og fylgst með Sæþóri þrykkja. Þá er hægt að fylgjast með Farva á Facebook.

■ heida@365.is



**SILKIÞRYKK** Sæþór varð sér úti um silkiþrykkgræju og fór að þrykkja á boli. Nú þrykkir hann einnig á pappír og bómullarviskustykki. MYND/VALLI



**JÓLAPAPPÍR OG KORT** Eingöngu er notaður umhverfisvænan pappír og litir hjá Farva. MYND/FARVI





# PÚÐAR ÚR OFINNI ULL

Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir, textílhönnuður og vefari, hannar púða úr íslenskri ull. Munstur púðanna eru unnin upp úr 144 ferköntuðum reitum sem Ingibjörg tengir saman. Þannig hefur hún búið til fjölda munstra en sjö þeirra valdi hún á púðana.

Púðarnir eru ofnir í verksmiðju í Litháen úr hvítri og svartri íslenskri ull en Ingibjörg flytur ullina út. Þá litar hún púðana eftir á í hinum ýmsu litum.

Púðarnir, sem eru um 63 x 63 sentímetrar að stærð, fást í Safnbúð Þjóðminjasafnsins og í Byggðasafninu í Skógum. Þá verða púðar Ingibjargar til sölu á Popup-markaðnum í Hörpu nú um helgina.

**ÍSLENSK ULL** Ingibjörg Styrgerður hannar munstur út frá ferköntuðum reitum og lætur vefa púðana úr svartri og hvítri ull. Púðarnir eru litaðir eftir á. MYND/INGIBJÖRG STYRGERÐUR HARALDSDÓTTIR






# HEIMAGERÐUR SÚKKULAÐISLEIKJÓ

Sjónvarpskokkurinn Ina Garten, betur þekkt sem Barefoot Contessa á Food-sjónvarpsrásinni gefur hér uppskrift að súkkulaðisleikjó. Ina notar hvítt súkkulaði en vel má nota brúnt. Einnig er hægt að skreyta sleikjóinn á margvíslegan hátt. Pinna í sleikjóinn er hægt að fá í versluninni Allt í köku í Ármúla.

**ÞAÐ SEM ÞARF:**
**450 g hvítt súkkulaði**
**½ bolli þurrkuð kirsuber**
**½ bolli saltaðar og ristaðar kasjúhnetur**

Setjið bökunarpappír á borð. 350 g af súkkulaði eru sett í skál og hituð í örbylgjuofni í 30 sekúndur. Fylgist vel með súkkulaðinu og hrærið með sleif þegar það er tekið út. Setjið þá aftur í 30 sekúndur og hrærið síðan aftur. Gerið þetta aftur og aftur þangað til súkkulaðið er bráðnað. Nauðsynlegt er að fara eftir þessum tíma. Þegar súkkulaðið er bráðnað er restinni bætt við og hrært áfram með heitu súkkulaðinu þar til allt er bráðnað.

Setjið súkkulaði á pappír með stórri matskeið og leggið spýtuna fallega í þannig að súkkulaðið þeki hana. Stráið niðurskornum kasjúhnetum og kirsuberjum yfir hvern sleikjó. Einnig má nota aðrar tegundir af hnetum eða berjum eftir smekk. Bíðið þar til súkkulaðið stífnar en þá eru pinnarnir tilbúnir.

**SÚKKULAÐISLEIKJÓ** Nota má bæði hvítt og dökkt súkkulaði í sleikjóinn. Áríðandi er að nota gott súkkulaði sem hentar í konfekt.

## BERFÆTT

Ina Garten er vinsæll bandarískur sjónvarpskokkur. Bæði Martha Stewart og Oprah Winfrey hafa lofað þættina hennar.

# Borðleggjandi yfir hátíðina




## Hreint lostæti
## úr íslenskri náttúru...

Þessar vörur fást í Fjarðarkaup, Melabúðinni, Þinni verslun Seljabraut, Kosti Njarðvík, Samkaup og Verslun Einars Ólafssonar Akranesi.

FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

Fjallalamb hf • Röndinni 3 • 670 Kópaskeri • Sími 465-2140 • www.fjallalamb.is

Prentun.is

# SKRAUTLEGIR STRÆTISVAGNAR

**JÓLASTRÆTÓ** *Strætisvagnar höfuðborgarsvæðisins eru óvenju fallegir þessa dagana, en fallegar jólamyndir leikskólabarna prýða nú vagnana. Myndirnar má einnig skoða á vef Strætós.*

Undanfarin ár hafa börn úr leikskólum höfuðborgarsvæðisins skreytt strætisvagna að utan með fallegum jólateikningum. Hugmyndin fæddist fyrir nokkrum árum, segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós, og á sér danska fyrirmynd. „Þetta eru þriðju jólin sem við fáum börn á leikskólaaldri til að skreyta strætisvagna okkar. Hugmyndin fæddist í umræðu hér innanhúss fyrir nokkrum árum síðan en á sér danska fyrirmynd. Þar í landi fá leikskólar stundum strætisvagna í heimsókn sem börnin mega skreyta. Börn hér á landi elska strætisvagnana og það er ein skemmtilegasta og eftirminnilegasta afþreying leikskólabarna að taka lítinn rúnt í strætisvagni.“

**ALLAR MYNDIR Á BORÐA**

Börnum á leikskólum höfuðborgarsvæðisins var boðið að senda inn jólamyndir og var tekið vel í bón fyrirtækisins að sögn Reynis. Um 1.100 myndir bárust frá 4-6 ára börnum úr rúmlega 40 leikskólum. „Við skönnuðum allar myndirnar inn og létum útbúa borða sem límdur er utan um hvern vagn. Síðan létum við útbúa plakat þar sem allar myndirnar mynda bókstafinn „S“. Plakötin sendum við síðan á alla leikskóla sem tóku þátt. Segja má að þetta sé samfélagslegt framlag okkar til þessa hóps.“

**MYNDIR Á VEFNUM**

Strætó dró síðan einn leikskóla úr hverju byggðarlagi á höfuðborgarsvæðinu úr pottinum og hafa þeir skólar fengið heimsókn í desember. „Þá mætir einn strætisvagn í heimsókn og jólasveinn fylgir með. Þar hafa börnin fengið að skreyta vagninn að innan með ýmsu sem þau hafa föndrað sjálf í leikskólanum.“ Skrautlegu jólavagnarnir munu aka um höfuðborgarsvæðið fram til 6. janúar en þá verðu borðunum skipt út fyrir hefðbundna auglýsingaborða að sögn Reynis. „Viðbrögðin við þessu verkefni okkar hafa verið góð, sérstaklega hjá börnunum sjálfum og leikskólunum sem fá vagnana í heimsókn. Innsendum teikningum hefur fjölgað milli ára og ég hvet alla foreldra til að skoða myndirnar inn á vefnum okkar, www.straeto.is/jolamyndir.“













**STRÆTÓJÓL** Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós. MYND/STEFÁN




## SKÓR Í GLUGGA



Ellefti jólasveinninn, Gáttaþefur, kom til byggða í nótt og skildi eftir góðgæti í skóm flestra barna. Heimsóknir Gáttaþefs og bræðra hans hófust um árið 1930 en talið er að þessi siður hafi borist hingað til lands með íslenskum sjómönnum sem sigldu um Norðursjó. Í Hollandi og nágrenni tíðkaðist á þeim tíma sá siður að setja skóinn út í glugga aðfaranótt 6. desember, sem er messudagur heilags Nikulásar, verndara barna og sæfara í kaþólskum sið.

Þar sem heimsóknir jólasveinanna þróuðust innan afmarkaðra hópa hérlendis var töluvert ósamræmi milli fjölskyldna er sneri að komudegi þeirra og hversu mikið var gefið í skóinn í hvert skiptið. Jólasveinarnir heimsóttu tiltölulega fá heimili fyrst um sinn en um miðja síðustu öld urðu heimsóknir þeirra algengari. Fyrstu árin var misjafnt eftir heimilum hvaða dag skórinn var settur fyrst út í glugga. Sums staðar tíðkaðist meira að segja að byrja 1. desember. Jólasveinarnir voru svo misgjafmildir og af einhverjum ástæðum tengdist það oftast efnahagi foreldra barnanna. Í lok 7. áratugar síðustu aldar var ástandið orðið svo slæmt að tilefni þótti til að leita til þjóðháttasafns Þjóðminjasafnsins um hvernig mætti bregðast við slíku ósamræmi. Í kjölfarið var rekinn mikill áróður í fjölmiðlum og leikskólum þess efnis að fyrst jólasveinarnir væru þrettán kæmu þeir til byggða einn í einu, þrettán dögum fyrir jól. Framvegis myndu þeir gefa hóflegar gjafir og gæta betur samræmis í gjöfum til barna. Það hefur að mestu gengið eftir síðan þá þótt stundum eigi það vissulega til að gleymast.

**Heimildir: Saga daganna og Saga jólanna eftir Árna Björnsson.**



# Gefðu *vellíðan* í jólagjöf!

## Kauptu GJAFABRÉF fyrir elskuna þína

Andlitsmeðferðir • Dáleiðsla • Fótaaðgerðir • Fótsnyrting • Förðun • Handsnyrting • Heilun • Nudd
Homopatia • Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun • Litun og plokkun • Neglur • Vaxmeðferðir

REYKJAVÍK
Wellness

**Reykjavík Wellness | Laugavegur 96 | 101 Reykjavík | Sími 572-3900 | www.reykjavikwellness.is | wellness@reykjavikwellness.is**



# AÐVENTUTILBOÐ

IÐA




verð 2.990




verð 2.990




verð 4.990




verð 4.990




verð 4.790




verð 4.990




verð 4.990




verð 4.990




verð 4.990

finndu okkur
á facebook

IÐA Lækjargata 2a 101 Reykjavík sími 511-5001 opið 9 - 22 alla daga
IÐA ZIMSEN Vesturgata 2a 101 Reykjavík sími 511-5004 opið 9 - 22 alla daga

# VIÐ ERUM...




## ... VÖKNUÐ MEÐ ÞÉR




## ... AÐ HLUSTA Á ÞIG




## ... SAMFERÐA ÞÉR




## ... GÓÐUR VINNUFÉLAGI!

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# Þekkir þú handbragðið?












Fjölmargar skáldsögur koma út þessi jólin. Fréttablaðið tók saman upphaf tíu þeirra svo lesendur gætu spreytt sig á fimi sinni við það að þekkja stílbragð íslenskra rithöfunda.

**1.** Tvö orð og bæði vitlaust stafsett. Og send í vitlaust númer. Það hlýtur að vera. Um stund stari ég á skjáinn. Hvað á þetta að þýða? Tækni er sannarlega undur. Hún auðgar líf okkar, eykur samskiptamöguleika og minnkar umheiminn. Hún hlýðir skapara sínum, gerir það sem við segjum henni að gera. Mér finnst ég hafa lesið þetta einhvers staðar. Ég fletti til baka og skoða aftur númerið í símanum. Ég kannast ekkert við það. Sumt fólk skiptir reyndar annað slagið um númer og SIM-kort. Er Sigurbjörg að stríða mér? Nei, það væri á skjön við stöðuna.

**2.** DAUÐI EUFEMÍU
Bakgarðurinn minn í Live Oak – Bexarhéraði í Texas – er ekki nema svolítil spilda, rétt nægilega stór til að rúma sígrænu eikina, runnarjóður, sólbaðsbekkinn og dóttur mína sem leikur sér að garðúðanum. Hitinn er kæfandi og ég andvarpa reglulega þar sem ég ligg í skugga trésins. Stundum skvettist á mig vatnsbuna og ég hasta á Jackie sem er í lillabláum sundbol og lætur eins og garðúðinn sé foss eða gosbrunnur eða öfug sturta. Hún sparkar upp viðkvæmum jarðveginum, spyrnir í hann og beinir úðanum of lengi í sömu átt þannig að myndast drullupollar. Fótleggirnir á henni eru langir og grannir en búkurinn stuttur og hún minnir mig stundum á engisprettu.

**3.** Hinn fyrsti dagur
Hinn fyrsti dagur dregur annað augað í pung og hvíta sæng yfir höfuð eins og svefnpurka sem vill kúra áfram. En það er kviknuð hreyfing, glænýir hjólbarðar fylla með fljótaskrift auða örk hlíðarinnar sem kennd er við öskju; svolítil hæð sem ísaldarjökullinn hefur farið um höndum fyrir tíu þúsund árum og skilið eftir grettistökin á víð og dreif um holtið. Löngu seinna þegar þorp reis á eyrinni við sjóinn varð Öskjuhlíðin sjálfskipað útivistarsvæði íbúanna og landsbyggðarfólk sló niður tjöldum á hæðarkollinum þegar það kom um langan veg til bæjarins.

**4.** 1777
Barnsmorð í Kollafirði
Á jólaföstu gisti vinnumaður af Kjalarnesi, að nafni Bjarni Jónsson, á Hóli í Kollafirði með son sinn fimm vetra. Hélt hann brott að morgni og bar barnið í poka. Litlu síðar kom maður frá Hóli að honum með barnið andvana í fjárhúsum, ekki langt frá bæ. Sannaðist síðar að hann hafði kyrkt drenginn í pokaopinu og var hann dæmdur fyrir morð, klipinn með glóandi töngum, öðrum brotlegum mönnum til ótta og ógunar, og að því loknu tekinn af lífi.
Bjarni bar því við, í votta viðurvist, að drengurinn hefði verið haldinn illum anda eða af hinu illa.

**5.** – Hefurðu komið til Feneyja?
– Aldrei. En þú?
– Ekki ég heldur, en hefði ekki á móti því að fara þangað, stíga niður í gondól og bregða mér á leik um síkin. Ég er viss um að þau eru eins og völundarhús.
– Hvað veist þú um síki?
– Eitt og annað. Ég hef komið til Amsterdam.
– Það er ekki það sama.
– Auðvitað ekki. En þú spurðir. Eigum við að skreppa?
– Til Feneyja?
– Já.
– Ég veit ekki ... langar ekki.
– Að heyra í þér! Láttu ekki svona ... þú hefðir gott af að ... hrista upp í þér. Feneyjar, það er rómantík! Ertu kannski ekkert fyrir rómantík?

**6.** Svartidauði
Það var bankað á herbergishurðina. Ég leit upp. Mamma opnaði dyrnar. Hún var mæðuleg á svip
– Komdu og talaðu við mig, Jón.
Hún var ekki reið. Ég hafði ekki gert neitt af mér. Ég var meira að segja búinn að vera óvenju rólegur. Ég heyrði alltaf á tóninum í rödd hennar þegar hún vissi upp á mig einhverja sök, eins og þegar hún fann sígarettur í vösunum mínum. Þá var málrómur hennar þurr og hvass. En í þetta sinn var hún greinilega ekki reið. Hún var næstum því vinsamleg. Hún var augljóslega með einhverjar fréttir.

**7.** Í UPPHAFI SKAL ENDINN SKOÐA
Viltu ekki fara frá þessum manni?
Setningin skellur á hlustunum; hún heyrir hvað amma segir en hverju á hún að svara?
Jú? Nei. Hún getur ekkert sagt. Bara horft í gaupnir sér eins og þegar hún var lítil og hafði gert eitthvað ógurlegt af sér.
Ég skil bara ekki hvernig þér datt í hug að giftast honum. Ég skil ekki einu sinni hvernig þú getur kysst hann, hvað þá meir, segir amma og horfir sorgmædd á dótturdóttur sína sem situr andspænis henni. Álút með svartan hárflóka ofan í augun sem ljómuðu þegar hún var barn en eru ekki einu sinni brún lengur heldur sokkin ofan í doða, grá slikja liggur yfir þeim og húðin er líka gráleit, á vöngunum og undir hökunni grillir í bólur.

**8.** Fæðingin er blóðug og kvalafull. Svo mælti Júrovskí. Já, leyfið mér, félagar, að segja ykkur aðeins frá Jakob Júrovskí. Það getur ekki talist útúrdúr. Hann kom aftur hingað til Sverdlovsk haustið '34, fyrir fimm árum, breyttur maður. Margmáll hafði hann aldrei verið en nú togaðist varla upp úr honum orð. Jafnvel meðal kunningjanna hélt hann sig til hlés. Og þagði. Og ekki horfði hann lengur á okkur með þessum stingandi svörtu augum sem áður fyrr skutu fólki oft illyrmislega skelk í bringu. Í margmenni hengdi hann haus eins og sakamaður – þannig hegða sér að vísu margir íbúar þessarar borgar, alltof margir, en þetta var sjálfur Júrovskí, fjandinn hafi það! Og með hátterni sínu eyðilagði hann móralinn hjá mörgum.

**9.** 1. Blóð lagar
1. apríl 2008, kl. 22.25
Ég gæti í sjálfu sér stokkið fram á við, frekar en lóðbeint niður. Þannig gæti ég slegið höfðinu utan í eitthvert af handriðunum á móti – gatan er það þröng. Höfuðmeiðsl væru áhugaverð, jafnvel nauðsynleg í þessu tilviki, en aðferðin er vafasöm. Hér er mjög auðvelt að misreikna sig. Ef krafturinn er of mikill gæti ég lent öfugum megin við ókunnugt handrið og varla grætt nema brotna mjöðm. Það væri alls ekki nóg. Auk þess þætti mér niðurlægjandi að brölta á fætur innan um rykuga sólstóla eða þurfa að fá einhvern til að tosa mig á fætur. Ég finn það mjög skýrt, ég þarf meira.

**10.** Svört húsin standa þétt, líkt og þau séu að hnappa sig saman gegn hafáttinni. Grasflatirnar í kring, sem voru þökulagðar í fyrra, eru gular. Sjórinn grár svo langt sem augað eygir. Niðri á sjávarbakkanum er kaffihúsið. Á sumrin eru þar stólar fyrir utan, en nú er allt lokað, og enn langt í ferðamannatímann. Ég bý í einu af svörtu húsunum. Stundum gengur illa að fá nægilegan hita á ofnana. Ég sit við gluggann með ritvélina (vil alls ekki nota tölvu við að skrifa) og hamra á hana, en lít öðru hverju út á sjóinn. Stundum sé ég bát, og þá merki ég með blýanti á blað sem liggur við hliðina á ritvélinni.

## Svör

1. Árni Þórarinsson: Ár kattarins • 2. Kristín Eiríksdóttir: Hvítfeld. • 3. Pétur Gunnarsson: Íslendingablokk. • 4. Stefán Máni: Húsið • 5. Álfrún Gunnlaugsdóttir: Siglingin um síkin. • 6. Jón Gnarr: Sjóræninginn. • 7. Auður Jónsdóttir: Ósjálfrátt. • 8. Sigurjón Magnússon: Endimörk heimsins. • 9. Sigurbjörg Þrastardóttir: Stekk. • 10. Gyrðir Elíasson: Suðurglugginn.


Nýju úlpurnar eru komnar!
CINTAMANI Í JÓLAPAKKANN
KONUR
ELSA | 45.990
80/20 DÚNN
KONUR
EYDÍS | 37.990
PADDED PARKA
KONUR
ERIKA | 55.990
90/10 DÚNN
KONUR
FREYDÍS | 44.990
PRIMALOFT® ECO
MENN
FREYR | 35.990
PRIMALOFT® ECO
MENN
ALBERT | 43.990
PRIMALOFT® ECO
MENN
EYÞÓR | 43.990
PADDED PARKA
KRAKKAR
DODDI | 29.990
90/10 DÚNN
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
OPNUNARTÍMI FRAM AÐ JÓLUM
Austurhraun 3
mán-fös. 10-18
lau. 11-14
sun. lokað
533 3805
Bankastræti 7
mán-sun. 11-22
23. des. 10-23
24. des. 10-13
533 3390
Kringlan
mán-lau. 10-22
sun. 13-22
23. des. 10-23
24. des. 10-13
533 3003
Smáralind
mán-lau. 10-22
sun. 13-22
23. des. 11-23
24. des. 10-13
533 3013

# Best að vera stelpa á Íslandi

Íslenskar stelpur geta allt sem þær vilja – og jafnvel meira til. Og þær geta tekist á við ótrúlegustu erfiðleika og sigrast á þeim. Í bókinni Stelpur geta allt eftir **Kristínu Tómasdóttur** er að finna viðtöl við 22 stelpur sem annaðhvort hafa náð frábærum árangri á einhverju sviði eða upplifað eitthvað óvenjulegt. Hér á eftir fer viðtalið við Ingu Björk Bjarnadóttur.

**Stelpur geta allt**
Höfundur: **Kristín Tómasdóttir**
Útgáfa: **Veröld**
Fjöldi síðna: **270**

Inga Björk Bjarnadóttir er 19 ára. Hún er mikil tónlistarkona, forvitið „Gettu betur-nörd“ og mikill listunnandi. Tveggja ára gömul greindist hún með vöðvahrörnunarsjúkdóminn SMA sem veldur því að hún missir smátt og smátt vöðvastyrk þar sem vöðvarnir rýrna. Af þeim sökum er hún bundin við hjólastól og þarf mikla aðstoð við daglegt líf. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hún lifi lífinu til fullnustu, hún lítur á fötlun sína sem styrkleika og tekur þeim áskorunum sem lífið hefur upp á að bjóða brosandi.

Inga Björk hefur alla sína ævi búið í Borgarnesi. Hún telur það vera algjör forréttindi enda samfélagið þar lítið og samheldið. Alla sína skólagöngu hefur Inga Björk verið samferða hópi af jafnöldrum sínum, frá leikskóla og í gegnum framhaldsskóla. Þessi hópur þekkir Ingu Björk og hennar þarfir vel og hefur alist upp við að hún sé ekkert öðruvísi þó að hún sé bundin hjólastól. Henni þykir gott að enginn skuli vorkenna henni og líf hennar er lítið frábrugðið lífi hinna.

Inga Björk er nýútskrifuð úr Menntaskóla Borgarfjarðar. Hún lofar skólann, sem er einungis fimm ára gamall og rúmar 170 nemendur. Skólinn býður upp á þriggja ára krefjandi nám til stúdentsprófs ásamt líflegu félagslífi og nánu samstarfi kennara og nemenda. Inga Björk hefur haft í nægu að snúast á undanförnum árum en hún var t.d. fyrirliði Gettu betur-liðs skólans og aðstoðarritstjóri skólablaðsins ásamt því að æfa á saxófón og spila í hljómsveit.

Í haust ætlar Inga Björk að læra listfræði við Háskóla Íslands. Hún stefnir á frekara listnám í nánustu framtíð og er til að mynda á leið til Danmerkur í haust til þess að skoða aðgengi að spennandi tónlistarlýðháskóla þar í landi.

Inga Björk á tvær eldri systur, frábæra fjölskyldu og fullt af skemmtilegum vinum og kunningjum. Hún telur að líf hennar væri töluvert erfiðara ef hún hefði ekki þetta góða stuðningsnet en segir jafnframt að það sé ólíðandi hvað Ísland er komið stutt á veg varðandi notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlaða. Slík aðstoð myndi gera að verkum að hún gæti lifað fullkomlega eðlilegu lífi og væri ekki háð velvild sinna nánustu.

**Keppist við að nýta tækifærin**

Í dag spilar Inga Björk eins vel og hún mögulega getur úr þeim spilum sem hún hefur. Hún fær aðstoð með liðveislu nokkra klukkutíma á viku og ferðaþjónusta fatlaðra skutlar henni á milli staða fyrir klukkan 18.00 á daginn. Að öllu öðru leyti fær Inga Björk aðstoð frá vinum og fjölskyldu. Þrátt fyrir að þjónustuna megi bæta allverulega telur Inga Björk sig hafa fengið ótal góð tækifæri í lífinu og að hún keppist við að nýta þau sem allra best.

„Ég trúi því að ef eitt er tekið frá þér fáirðu eitthvað annað í staðinn. Ég held að ég hafi fengið jákvæðni í staðinn fyrir það sem sjúkdómurinn hefur tekið frá mér. Mér hlotnaðist jákvæðni í vöggugjöf og ég reyni alltaf að vera jákvæð. Það er stundum erfitt að geta ekki gert allt, en ég tel að jákvæðnin hafi skilað mér því að fötlunin hefur voðalega lítið háð mér.“

Stuttu eftir að Inga Björk varð eins árs fóru foreldrar hennar að hafa áhyggjur af því hvað henni gekk erfiðlega að ganga. Hún byrjaði seint að labba miðað við jafnaldra sína og þegar það tókst var hún mjög völt og átti erfitt með að halda jafnvægi. Foreldrar Ingu Bjarkar leituðu til fjölda lækna sem töldu hana bara seina til og því var það ekki fyrr en hún var orðin tveggja og hálfs árs að hún var greind með vöðvahrörnunarsjúkdóminn SMA.

Inga Björk er með SMA-sjúkdóminn á 3. stigi. Hún hefur mjög lítinn mátt í fótum og byrjaði þess vegna að nota hjólastól um fjögurra ára aldur. Vöðvarýrnunin er aðeins farin að segja til sín í höndum en hún getur enn þá setið upprétt og ferðast um í rafmagnsstól.

„Í rauninni er það ekki sjúkdómurinn sem gerir mig fatlaða heldur umhverfið, aðgengi, húsnæði og annað fólk. Ég kemst til dæmis inn á fáa skemmti- og veitingastaði í Reykjavík. Það er ekki vegna sjúkdómsins heldur vegna hugsunarleysis fólks þegar það byggir hús eða opnar veitingastaði án þess að huga að aðgengi fatlaðra. Það er þetta hugsunarleysi sem háir mér, ekki sjúkdómurinn.“



**Á BENIDORM** Inga Björk með vinkonu sinni í útskriftarferðinni.



**Á SVIÐINU** Inga Björk að spila með hljómsveit sinni á fjáröflunartónleikunum fyrir útskriftarferðina.

**Fór í útskriftarferðina**

Síðastliðið vor hugðust samnemendur Ingu Bjarkar fara í útskriftarferð til Benidorm. Til þess að Inga Björk kæmist með í ferðina þurfti hún að greiða eigin ferðakostnað líkt og vinir hennar en þar að auki flug, hótel og uppihald fyrir tvær aðstoðarmanneskjur, leigu á hjálpartækjum og hærri leigubílakostnað. Það gefur því að skilja að ferðin var ekki jafn auðfarin fyrir Ingu Björk og vini hennar.

Í stað þess að vorkenna sér og líta á þessa staðreynd sem vandamál greip Inga Björk til skemmtilegs ráðs. Hún hélt fjáröflunartónleika í Borgarnesi sem voru fjölsóttir, allir lögðust á eitt og Inga Björk segist hafa margklökknað yfir velvilja fólks í hennar garð sem skilaði sér í nægilegu fjármagni til þess að hún gæti farið til Benidorm með vinum sínum og aðstoðarfólki.

„Auðvitað myndi ég vilja geta sagt að þetta hefði engin áhrif á hversdagslíf mitt en það er kannski ekki alveg rétt. Ég reyni bara eftir bestu getu að vera auðmjúk og líta á fötlunina sem styrkleika frekar en hitt. Ég sé þetta bara sem tækifæri. Ef sú staða kemur upp að ég geti ekki gert eitthvað sem aðrir geta hef ég bara þann háttinn á að reyna að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að ég geti gert það eða eitthvað sambærilegt. Þannig varð til dæmis Benidormferðin að veruleika.“

Sjálf segist Inga Björk hafa verið forvitið barn, hún hafi spurt endalausra spurninga og haft þörf fyrir að taka hluti í sundur og kanna þá til hlítar. Hún er mikill lestrarhestur og systrum hennar finnst hún óttalegt nörd. Forvitnin nýttist henni vel þegar hún byrjaði í menntaskóla og varð fyrirliði Gettu betur-liðs Menntaskólans í Borgarfirði.

„Ég datt bara inn í Gettu betur-félagið fyrir slysni. Mér líkaði það mjög vel en þar var fullt af nördastrákum sem hittust til þess að spila Trivial og svoleiðis. Ég var yfirleitt eina stelpan í félaginu og það eru fáar stelpur sem taka þátt í keppninni yfirhöfuð. Ég vona svo sannarlega að það breytist fljótt því að stelpur eiga alveg jafn mikið erindi í keppnina og þetta var alveg ofboðslega góð lífsreynsla.“

Þá telur Inga Björk að ástæðan fyrir fáum stelpum í Gettu betur sé sú að þær séu yfirleitt hræddar við að gera mistök og segja einhverja vitleysu. Hún kveðst sjálf muna vel eftir þessari tilfinningu á busaárinu sínu en hún hafi látið vaða og í ljós hafi komið að hún gaf strákunum ekkert eftir. Hún segir að það sé ekki nóg að búa yfir mikilli þekkingu heldur þurfi keppandinn að vilja sýna færni sína og hafa sig í frammi. Það sé mögulega ekki áhugamál allra stelpna. Sjálf er hún með gríðarlegt keppnisskap og hafði mjög gaman af því að etja kappi við mótherja sína með heilann að vopni.

Árangur Gettu betur-liðs Ingu Bjarkar var ekki alveg eins og þau hefðu viljað en þau lentu á móti stórum skólum bæði árin og duttu snemma úr keppninni. Engu að síður bættu þau sig mjög á milli ára og Inga Björk er ekki í nokkrum vafa um að lið Menntaskólans í Borgarfirði muni komast langt í keppninni á næstu árum.

**Óþarfi að vorkenna fötluðum**

Ingu Björk finnst stundum sem fólk vorkenni fötluðum börnum of mikið og segir að það sé algengur misskilningur að fötluð börn geti ekki eignast vini og lifað skemmtilegu lífi. Þvert á móti segir hún að langflest fötluð börn reyni bara að gera eins gott úr hlutunum og mögulegt sé og að mörg þeirra eigi ánægjulegt og gott líf. Hún sjálf er þar á meðal og henni finnst líf sitt hafa verið ævintýri líkast.

„Líf mitt hefur verið eins og ævintýri. Ég reyni að hrinda öllum hugmyndum mínum í framkvæmd og þá verður allt ótrúlega skemmtilegt og viðburðaríkt. Ég er heppin því að ég á margar og traustar vinkonur. Ég hef kynnst krökkum sem hafa jafn mikinn áhuga á tónlist og ég. Ég hef fengið tækifæri til að spila í hljómsveit og koma fram á tónleikum. Það er best í heimi að vera stelpa á Íslandi og mér hefur í rauninni alltaf liðið ótrúlega vel.“

Inga Björk telur hins vegar að það sé alltaf að verða erfiðara og erfiðara að vera unglingur, bæði fyrir stelpur og stráka. Hún hefur áhyggjur af klámvæðingunni og miklum útlitskröfum og telur mikilvægt að vera ánægð með sjálfa sig og vera alltaf heiðarleg og samkvæm sjálfri sér til þess að sporna við þessum óraunhæfu kröfum samfélagsins.

„Ég reyndi á mínum unglingsárum að gera aldrei neitt sem mér gæti þótt óþægilegt eða eitthvað sem ég myndi skammast mín fyrir seinna og ég held að ég hafi komist mjög áfallalaust í gegnum þessi ár.“

Ingu Björk langar til þess að starfa við eitthvað tengt listum þegar hún verður eldri. Hún getur vel hugsað sér að verða tónlistarkona, rithöfundur eða tónlistarkennari, svo eitthvað sé nefnt. Fyrst ætlar hún þó að fara í skóla og prófa sig áfram í því sem henni þykir skemmtilegt.

> Líf mitt hefur verið eins og ævintýri. Ég reyni að hrinda öllum hugmyndum mínum í framkvæmd og þá verður allt ótrúlega skemmtilegt og viðburðaríkt. Ég er heppin því að ég á margar og traustar vinkonur.

Um þessar mundir er verið að þróa lyf fyrir SMA-sjúklinga sem miklar vonir eru bundnar við. Ekki er vitað hvenær lyfið kemur á markað en það gæti verið væntanlegt á næstu árum. Enn er ekki komið í ljós hvers konar áhrif lyfið muni hafa en það gæti hægt á framvindu sjúkdómsins, komið í veg fyrir hann eða dregið úr einkennum hans.

**Vonar hið besta**

Inga Björk vonar að sjálfsögðu hið besta en gerir ráð fyrir hinu versta, þ.e. að lyfið muni ekki hafa nein áhrif. Eins og staðan er nú mun hún halda áfram að tapa vöðvastyrk smám saman en hún getur þó haldið sjúkdómseinkennunum í skefjum með því að fara í sjúkraþjálfun 2–3 sinnum í viku þar sem hún gerir æfingar og teygjur.

Til þess að Inga Björk og aðrir fatlaðir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu lífi í framtíðinni þarf þjónusta við fatlaða að batna á Íslandi. Þá horfir Inga Björk helst til notendastýrðrar persónulegrar þjónustu en einnig almenns aðgengis fatlaðra. Sæi hún fram á betri þjónustu og sjálfstæðara líf erlendis útilokar hún ekki að setjast að í útlöndum þótt það sé ekki hennar heitasta ósk.

„Auðvitað vonast ég helst til þess að ástandið á Íslandi verði þannig að fatlaðir geti lifað góðu lífi hér með notendastýrðri persónulegri aðstoð og ráðið lífi sínu þannig. Ef það verður ekki þá veit ég ekki hvort ég verð endalaust hér. Ef ég get lifað þannig lífi í öðru landi þá geri ég það bara. Það kemur ekki til greina að sóa lífi mínu hér vegna þess að aðstæður leyfa ekki annað.“

Við aðrar stelpur óháð fötlun, útliti, möguleikum og aldri vill Inga Björk segja:

„Kýldu á það! Alveg sama hvað það er. Farðu bara út og taktu þeim áskorunum sem í lífinu felast. Það gerist ekkert ef þú situr bara heima fyrir framan sjónvarpið. Svo skora ég líka á stelpur sem gætu haft áhuga á að taka þátt í Gettu betur-liðunum í sínum skóla að taka þátt!“


Jólagestir
Björgvins 2012
Takk fyrir okkur
og sjáumst að ári.
Kveðja, Jólagestir
Góa
Stofnuð 1968
FK
FJARÐARKAUP
Fylgstu með okkur á www.jolagestir.is
sena

# Glæsileg nettó jól



ÍSLENSKUR KALKÚNN
1.392 KR/KG

## JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
MJÓDD | BORGARNESI
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI

OPIÐ 7. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið




VIÐSKIPTASPIL JÓAKIMS
4.998 KR




Stiklur
1977-2005
4.998kr







The Expandables 2
2.398kr

Frozen Planet
Attenbourough
4 dvd diskar
4.998kr




AFTER EIGHT
COLLECTION
143 G
1.349 KR PK



LINDT SWISS LUXURY SELECTION
215 G
1.698 KR PK

LINDT LINDOR
Mjólkursúkkulaði
200 G
989 KR PK







CELEBRATIONS
855 G
2.489 KR PK




ALL GOLD
MJÓLKUR EÐA DÖKKT
380 G
1.499 KR PK

JÓLASOKKUR
285 G
698 KR PK








TWILIGHT
MINT 150 G
449 KR PK

CADBURY
SELECTION
173 G
249 KR PK

CADBURRY
ROSES
800 G
1.989 KR PK




CADBURY ROSES
200 G
649 KR PK




BASSETTS
Lakkrískonfekt
800 G
1.349 KR PK




CADBURY
HEROES
200 G
649 KR PK



## Opnunartímar

**HVERAFOLD SALAVEGUR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. fim | **10 - 22** | 27. fim | **10 - 19** |
| 21. fös | **10 - 22** | 28. fös | **10 - 19** |
| 22. lau | **10 - 22** | 29. lau | **10 - 22** |
| 23. sun | **10 - 23** | 30. sun | **10 - 22** |
| 24. mán | **10 - 13** | 31. mán | **10 - 15** |
| 25. þri | **Lokað** | 1. þri | **Lokað** |
| 26. mið | **Lokað** | | |

**MJÓDD**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. fim | **dag&nótt** | 27. fim | **frá kl. 10** |
| 21. fös | **dag&nótt** | 28. fös | **dag&nótt** |
| 22. lau | **dag&nótt** | 29. lau | **dag&nótt** |
| 23. sun | **dag&nótt** | 30. sun | **dag&nótt** |
| 24. mán | **til kl. 13** | 31. mán | **til kl. 15** |
| 25. þri | **Lokað** | 1. þri | **Lokað** |
| 26. mið | **Lokað** | | |

**Tilboðin gilda 21. - 23. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





# Stórkostlegur er þessi fundur

Sumarið 1962 héldu þrír Íslendingar með dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörð í broddi fylkingar í rannsóknarleiðangur til Nýfundnalands þar sem Norðmaðurinn Helge Ingstad stóð fyrir fornleifauppgrefti við þorpið L'Anse aux Meadows. Kristján hélt dagbók allan tímann en í henni lýsir hann vinnunni við uppgröftinn og veltir fyrir sér gildi hans og minjanna sem finnast.

**Vínlandsdagbók**
Höfundur: **Kristján Eldjárn**
Útgáfa: **Forlagið**
Fjöldi síðna: **160**

Ingstad áleit að minjar á svæðinu bentu til að þar hefðu norrænir menn dvalið til forna – þar væri komið „Vínland hið góða“ – og fékk því Íslendingana til samstarfs en um þetta voru þó skiptar skoðanir og vísbendingar óljósar. Íslendingarnir voru mánuð í leiðangrinum sem var að mörgu leyti erfiður og aðstæður sérkennilegar. Kristján hélt dagbók allan tímann en hún hefur aldrei birst enda þótti Kristjáni efnið viðkvæmt og hæfilegt að bíða í 50 ár – til ársins 2012. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda úr ferðinni og eins er að finna kort, úrklippur og annað myndefni sem henni tengist. Þórarinn Eldjárn skrifar inngangsorð og Adolf Friðriksson fornleifafræðingur skýrir fræðilegt samhengi og rekur að nokkru sögu Vínlandsleitar í eftirmála.

Hér má lesa tvær dagbókarfærslur Kristjáns úr ferðinni.

**22. júlí. Sunnudagur.** Veður gott, blés vestlægur vindur hlýr sem kvað vera besta áttin hér. Vinnuveður hefur því verið gott, en flugur ekki verið á kreiki. Við byrjuðum seint að vinna, kl. 10.30, og unnum til kl. 4. Sama sagan og fyrr að ekkert merkilegt kom fram. Eftir að við hættum að vinna fórum við að skrifa heim til kvenna okkar, því að frú Ingstad fer á morgun og hún á að taka með sér póst. Skrifaði langt bréf heim, kannske svolítið glannalegt að því leyti að ég lét fjúka með vísur tvær sem ég hef gert í hálfkæringi um allt ástand hér. Matur góður um kvöldið, kindakjöt í káli, og fórum við vel saddir heim. Annars er viðurgerningur hér lélegur, svo að til hálfgerðrar skammar er. Kom Ingstad og spjallaði huggulega við okkur um kvöldið.

**31. júlí.** Veður hið sama og verið hefur, heitt mjög og flugur mjög nærgöngular fram að hádegi, en eftir það varð víst of heitt fyrir þær og gerðu þær okkur lítið mein eftir það. Ég vann í allan dag með Blake í Decker's Nest, sem við erum nú farnir að venja okkur við að kalla smiðju, því að ekki er annað sýnna eftir allt saman en að það sé réttnefni. Við tókum meðal annars ofan af allri brekkunni niður að því sem lækur gengur hæst, sem sjá mátti á mölinni er þar gerði vart við sig. Í brekkunni voru kolaleifar og gjall alveg eins og inni í tóftinni miðri og yfirleitt var ekki nema þökuþykkt niður að óhreyfðu (gulu mölinni). Einnig fannst mikið af eða nokkuð af rauðakögglum óbrenndum og var þetta svona strjálingur niður eftir brekkunni, mest fram undan miðri smiðjunni, en greinilega minnst fram undan stóra steininum. Tekinn var upp hnaus norðan smiðjunar niðri undir læk og gaf hann ekkert. Það má segja að merkjanleg sé viss þrískipting: Innst kol á gólfi og teygja sig upp eftir börmum holunnar, einkanlega fyrir innan gólfsteininn, um hann og framan við og fram á brekkubrún gjall, en í brekkunni rauði. Auðvitað er þetta skematískt, en í stórum dráttum er það svo. Að loknu þessu verki fór ég að taka niður 50 sm breiðan bekk, sem ég hef látið standa um þvera smiðjuna (þversniðið var tekið í honum framanverðum) og tók fyrst ofan af þeim (?) að sunnan (bekkurinn var skorinn um þvert af langskurðinum). Tók ég ofan af honum og fór síðan að grafa hann niður, en þá kom í ljós steinn sem mæla þurfti inn (þykk hella en ekki stór um sig) og hætti ég því þeim megin, enda komið undir kvöld.

Fórum við Blake á seinni hálftímanum í sex og tókum ofan af nyrðri partinum og byrjuðum að grafa hann niður, menn voru að búa sig undir að hætta vinnu, Ingstad farinn að steikja buff og menn komnir nokkuð á stjá. Þórhallur lá á bakkanum skammt frá mér. Sem ég er að skafa norðarlega á stabbanum, 6-7 sm fyrir neðan grasrót og fyrstu mannamerkin voru að birtast sem litaskipti, fyrirboði kolanna, tek ég upp stein sem ég hugði einn af mörgum sem hér liggja lausir í fyllingunni og ég hef kastað flestum í lækinn, þó ekki án þess að skoða þá rækilega. Er ég að hugsa með mér hvort þessi eigi ekki að fara þá leiðina, eins og svo margir aðrir. Sé ég þá í skjótri svipan að hér var ekki um venjulegan stein að ræða og þóttist ég þegar sjá að hér var kominn eskimóalampi af hinni venjulegu sporöskjulöguðu gerð, fullur af mold, og teiknaði sig útlínan.

Ég flýtti mér að leggja niður fund þennan og kallaði til Þórhalls og sagði honum að fara og hóa saman öllum mannskapnum. Gerði hann það og dreif nú leiðangursmenn að. Sagði ég að best væri að Rolf skæfi innan úr lampanum og gerði hann það að okkur öllum áhorfandi. Sáu þá allir þennan yndislega klébergslampa fæðast. Ingstad fór strax að tala um að hann lægi hátt í jarðlögunum, eins og líka er satt, en ég vissi hvað undir bjó. Den er ikke nordisk, sagði ég. Er den ikke det, sagði Ingstad en hreyfði engum mótmælum, enda sá hann áreiðanlega eins vel og við allir hinir að þetta er eskimóaverk. Líklega varð hann fyrir vonbrigðum þegar ég gerði upphlaupið, hefur sennilega haldið að ég hefði rekist á eitthvað frá vorum mönnum og svo var það bara eskimóalampi. En hann áttaði sig fljótt og var hinn brattasti, þykir bara vænt um fundinn, að því er séð verður. En fyrir mér opnuðust á ný þeir perspektívar sem ég hef alltaf þóst grilla í: að allt saman sé eskimóaverk. Hins vegar er þessi smiðjustarfsemi ósamrýmanleg þeirri hugmynd, eftir því sem Taylor hefur sagt. Í raun og veru þarf þessi eskimóalampi ekki að segja mikið annað en það sem eldstæðin höfðu þegar sagt. En stórkostlegur er þessi fundur undir öllum kringumstæðum.

Gísli hefur í dag teiknað upp eskimóaeldstæðin og Þórhallur byrjað að taka ofan af kringum kolaholuna og taka þar stórt sýnishorn neðan frá og upp úr. Um kvöldið steikjandi hiti í herberginu og sat ég þar nakinn og rann af mér svitinn. Þórhallur og þeir hinir fóru á sjó, en þegar hann kom var okkur boðið að vera við skírn litlu stúlkunnar hér, því að presturinn var hér á ferð, séra Mate, ungur maður, hár vexti, geðþekkur, Church of England. Höfðum við mikið gaman af þessu, fórum í ljósar skyrtur og settum upp hálstau, að öðru leyti eins og villimenn. Drukkum kaffi með presti á eftir og töluðum margt við hann.







# EITTHVAÐ HANDA ÖLLUM



EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA






















ÞORVALDUR & STEFÁN MÁNI ÁRITA Í DAG
Í SMÁRALIND KL. 16










4 DVD




4 DVD




**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Konráð og félagar á ferð og flugi 23

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

Lísaloppa og Róbert voru að skreyta jólatréð og skemmtu sér konunglega við það. Hlóðu á það öllu því fallega sem þau langaði til „Þetta finnst mér nú allt of skreytt jólatré,“ sagði Kata. „Ég meina, hvað eru eiginlega margar rauðar kúlur á þessu tré? eða kerti?“ Konráð byrjaði að telja og varð að viðurkenna að þær væru ansi margar kúlurnar og kertin. „Að ekki sé minnst á brosandi stjörnurnar,“ bætti Kata við. „Svona, svona,“ sagði Lísaloppa. „Hvar er jólaandinn Kata mín. Þú þarft ekki alltaf að hafa allt á hornum þér. Reyndu frekar að njóta jólanna.“ Kata horfði smástund þögul á tréð. „Já kannski, en þið verðið að viðurkenna að þið vitið ekkert hvað þið eruð búin að setja margar rauðar kúlur á tréð.“ Það urðu þau að viðurkenna. Þær voru jú orðnar ansi margar.

Getur þú talið allar rauðu jólakúlurnar, kertin og brosandi stjörnurnar?



## Heilabrot

1. Hvað hefur tvo hala, tvo rana og fimm fætur?
2. Hver er munurinn á pappírsblaði og fíl?
3. Hvað gerist þegar fíll hoppar út í sundlaug?
4. Hvað á maður að gefa fíl með magapínu?
5. Hvenær hafa fílar 12 fætur?
6. Hvað er stórt og grátt með gula fætur?
7. Hvað er stórt og grátt og fer upp og niður?

**SVÖR**

1. Fíll með varahluti. 2. Þú getur búið til skutlu úr blaðinu. 3. Hann verður blautur. 4. Nóg af plássi. 5. Þegar þeir eru þrír saman. 6. Fíll sem stendur ofan í hunangskrukku. 7. Fíll í teygjustökki.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is



**NINJA BJÖRT** Hefur haft áhuga á tölvum og tölvuleikjum frá því að hún var átta ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Herkænskuleikir eru langskemmtilegastir

Ninja Björt Ólafsdóttir er ellefu ára nemandi í Háteigsskóla, en hún verður tólf ára í febrúar. Helsta áhugamál hennar er tölvuleikir og hún hefur mikla reynslu af hinum ýmsu leikjum. Hún svaraði nokkrum spurningum um þetta forvitnilega áhugamál.

**Hvers vegna fékkstu áhuga á tölvuleikjum?** Ég hef haft áhuga á tölvum og tölvuleikjum síðan ég var átta ára. Mér finnst þeir skemmtileg afþreying því ég er virk í þeim og get látið alls konar hluti gerast. Pannig er ég alltaf að læra eitthvað nýtt.

**Hvaða tölvuleiki spilarðu?** Það er dálítið breytilegt. Einu sinni var ég með algjört æði fyrir Wii-leikjum og Minecraft, en núna spila ég aðallega Age of Empires og Call of Duty. Mamma er reyndar ekki mikill aðdáandi þeirra leikja svo ég verð að halda því í hófi. Mér þykja herkænskuleikir langskemmtilegastir þessa dagana.

**Spilarðu ein eða spilarðu tölvuleiki með öðrum?** Oft spila ég ein, en mér finnst líka mjög gaman að spila með öðrum í Wii. Svo er líka frábært að fá skemmtilegt fólk í heimsókn að „lana“.

**Hvað er að „lana“?** Þá tengjum við tölvurnar saman og spilum öll sama leikinn og getum þá hjálpast að í leiknum eða barist hvert á móti öðru.

**Eru margir í bekknum þínum sem spila tölvuleiki?** Já, ég held flestir spili einhverja leiki. Það er samt mismunandi hvaða leiki krakkarnir spila.

**Hvað finnst þér þú hafa lært af tölvuleikjum?** Ég lærði mjög mikið á tölvur þegar ég fór að spila Minecraft og er orðin mjög klár í að „mod-a“ og hef síðan þá haft mikinn áhuga á forritun og verið að fikra mig áfram í því.

> Ég lærði mjög mikið á tölvur þegar ég fór að spila Minecraft og er orðin mjög klár í að „mod-a“.

**Hvað er að „mod-a“?** Það er að bæta alls konar við leikinn, eins og til dæmis ýmsum verkfærum og öðru slíku. Það tók mig dálítinn tíma að læra hvernig á að gera það, en núna hef ég gert það svo oft að mér finnst það ekkert mál.

**Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór?** Ég myndi helst vilja vinna við að prófa eða búa til tölvuleiki.

## Myndin





Systurnar **Ester Eva Ingimarsdóttir, sem er átta ára, og Emilía Björt Ingimarsdóttir** fjögurra ára teiknuðu þessar fallegu myndir, Ester þá sem er vinstra megin en Emilía þá hægra megin.

# TRI

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

## Full búð af flottum jólagjöfum

**Veitum 20% afslátt af Aqua sphere**

**Öll hjólaljós með 20% afslætti**

**Allir NIKE og Brooks hlaupaskór með 15% afslætti**

**Allar Livestrong vörur frá NIKE á 30% afslætti**

## Opið til kl. 20:00 alla daga til jóla

NIKE



| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Element Thermal | Miler Long Sleeve | Miler Short Sleeve | Miler | Printer V-Neck | Race Day Long | Element Thermal | Tech Tight | Pro 2.5 | 2 in 1 Tempo | Storm Fly |
| 13.990 kr. | 6.990 kr. | 6.990 kr. | 6.990 kr. | 8.990 kr. | 11.490 kr. | 11.490 kr. | 12.990 kr. | 5.590 kr. | 8.990 kr. | 25.990 kr. |

CRAFT



| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlaupajakki | Run wp stretch | Lightweight Strech | Pro Zero | Performance Tight | Featherlite | Super Sports Bra | Cool Boxer | Cool Boxer | Öryggisvesti |
| 13.990 kr. | 16.990 kr. | 9.990 kr. | 7.990 kr. | 10.990 kr. | 13.990 kr. | 8.990 kr. | 4.490 kr. | 4.490 kr. | 6.490 kr. |

BROOKS



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nightlife Infiniti Tight II | Arm Warmers | Equilibrum LS | LSD Jacket III | Nightlife Equilibrum | Nightlife Infiniti | Nightlife Jacket III | Nightlife Essential | AdaptGlove |
| 9.990 kr. | 3.490 kr. | 5.990 kr. | 13.990 kr. | 7.490 kr. | 10.990 kr. | 18.990 kr. | 13.490 kr. | 6.490 kr. |

Aqua Sphere -20%



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Zip fins | Aquafins | Seal 180 | Vista Jr. | Vista Jr. | Kayenna | Kayenna Jr. | Ergoflex | Resistance Cords |
| 9.990 kr. | 10.2900 kr. | 6.200 kr. | 5.290 kr. | 5.290 kr. | 5.490 kr. | 4.490 kr. | 4.790 kr. | 7.290 kr. |

Tacx



| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Satori | Booster | Flow | I-Flow | I-Vortex | Bushido | Genius |
| 59.990 kr. | 69.990 kr. | 99.990 kr. | 129.990 kr. | 149.990 kr. | 173.990 kr. | 259.990 kr. |

CUBE

**Öll barnahjól með**
**5.000 kr afslætti**
**+ frír standari og hjálmur**



**CUBE AIM DISC 2013 árgerð**

**Verð: kr. 109.990**



**CUBE AIM Fjallahjól**

**Verð: kr. 70.000**



**CUBE 29" komin í hús**

**Verð frá 139.990 kr. til 289.990 kr.**





**50.000 kr. inneign á vörum í verslun fylgir öllum LTD hjólum**

**CUBE LTD á sérstöku jólatilboðsverði**

**Verð frá 225.990 kr. til 299.990 kr.**

TRI

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.

www.tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1.** Ó og á! Þetta eru seinkanir Odds (11)
**6.** Gyðjanna æðsti prestur er skrautlegur fugl (8)
**10.** Forréttindapakk vill sjá alsælupillu (5)
**11.** Dálkur fellir horaða (10)
**13.** Stýri dragi menn (4)
**14.** Um bætningar og annað er til framfara horfir (11)
**15.** Arabískur gæðingur í Danaveldi (10)
**16.** Taugar tilstands liggja til æðanna (7)
**17.** Hvar sem þessi kona kom flæddi vín um allt (8)
**19.** Hér stendur hinn staki staur (5)
**20.** Ef ég nú eignaðist nafnlausan aflann (7)
**23.** Um strimil og stafkarl (9)
**25.** Ræktun og skógur, hér er aukaafurð þess (9)
**27.** Veröld víkjum og teljum til (9)
**28.** Sá í móðurkviði fléttaði og geystist (6)
**31.** Strákarnir hafa starfað í hálfa öld (12)
**32.** Sleðaferð, og þau renna í stofu (8)
**33.** Teiknaði línurit í kirkjugarðinn (11)
**37.** En tónaleiga er vissulega rugl (11)
**38.** Gangs gripkló gefur skiptipinna (8)
**39.** Gotar fíla ruglaða tilveru á togveiðum (9)
**40.** Góna alltaf á það órólegra (6)
**41.** Heilablóðfallstal kostar átök (8)

**LÓÐRÉTT**

**1.** Huslaði hryssu við þessa götu (9)
**2.** Til fitu fædd og smurð (9)
**3.** Húsbóndi Tobba í kvenmannsdressinu (9)
**4.** Sjá ekki eftir aðhaldi í fjórðu víddinni (12)
**5.** Benduskógur á Barðaströnd býður veglúnum ból og beina (11)
**6.** Leita að litlaskatti gegn sólarhringsgjaldi (8)
**7.** Skýtur og skýst með (7)
**8.** Kjánatímabil og bjargbúahlaup um götu í Hafnarfirði (9)
**9.** Spyrji til stíu sem hann lokar af (9)
**12.** Dópa tilneyddur, hvað sem það kostar (9)
**18.** Fíflunarflautakoll er auðvelt að blekkja (13)
**19.** Hagræddi sannleikanum og fékk þig til að trúa (9)
**21.** Bíð þess endalaust að sól festist í hádegisstað (12)
**22.** Finn rist sjóræningja meðal Suðurnesjamanna (12)
**24.** Svifsjór stundar stigamennsku í háloftunum? (7)
**26.** Úfin brún og úldin hús matar (6)
**27.** Sverja sjóðandi (5)
**29.** Varpa þyrli til svelgja (8)
**30.** Hinir sneyptu liðsmenn Safamýrarliðsins töpuðu (8)
**34.** Argar, ringlaðar og hálfhræddar (5)
**35.** Þessi keisari kláraði Kólóseum (5)
**36.** Nö, sæki gullin krydd (5)
**38.** Gýs einfaldlega hálftóni ofar en G (3)





Lausnarorð síðustu viku var
**VELFERÐARRÍKI**

FORLAGIÐ



**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi síðustu viku eintak af bókinni Íslenskir kóngar frá Forlaginu.
Vinningshafi síðustu viku var **Anna Hermannsdóttir, Akureyri.**

**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem eflaust er mikið notað þessa dagana. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „22. desember“.






## DÝR VIKUNNAR
HUNANGSGREIFINGI



**PJÓÐSAGNAKENNT KVIKINDI** Á öldum áður gengu sögur um að hunangsgreifingjar ætu mannfólk og græfu jafnvel lík upp úr kirkjugörðum.

# Óttalaus og bráðgáfaður slagsmálahundur

Um nær alla Afríku, á Arabíuskaganum og allt austur til Indlands þrífst hugdjarfasti slagsmálahundur heims. Hann er reyndar ekki hundur, heldur svonefndur hunangsgreifingi – sem er ekki heldur mjög lýsandi nafn, því að hunangsgreifinginn á öllu meira sameiginlegt með hreysiköttum en öðrum greifingjum.

Þetta er ekki stórt dýr, á bilinu 55 til 75 sentímetrar auk rófu og jafnan ekki meira en 10 til 15 kíló, sem gerir háttalag þess þeim mun magnaðra. Hunangsgreifinginn er nefnilega þekktur sem einhver óbangnasti íbúi dýraríkisins. Hann er þekktur fyrir að ráðast á nánast hvaða dýr eygi hann enga undankomuleið og stekkur jafnvel risavöxnum rándýrum á borð við ljón á flótta.

Hunangsgreifingjar eru sólgnir í hunang eins og nafnið ber með sér en éta þó nánast allt sem að kjafti kemur; skordýr, froska, skjaldbökur, lítil nagdýr, eðlur, egg, fugla og ávexti. Þeir hafast við í holum sem þeir grafa sjálfir með stórum og sterkum klóm. Þeir geta grafið tvo metra niður í þéttan jarðveg á aðeins tíu mínútum. Ef hross, nautgripur eða vísundur álpast of nálægt holu hunangsgreifingja bregst hann undantekningarlítið ókvæða við og ræðst á stórgripinn.

Margir mundu eflaust kalla þetta fífldirfsku af ekki voldugra dýri, en raunin er sú að það er erfitt fyrir bæði dýr og menn að ráða niðurlögum hunangsgreifingja vegna þess hversu ógnarþykkt skinnið á þeim er. Það er auk þess óvenjulega laust utan á þeim, sem gerir þeim kleift að berjast um og snúa sig út úr flestum klípum.

Sums staðar eru hunangsgreifingjar hálfgerð plága, enda finnst þeim gott að éta alifugla. Það er hins vegar erfitt að fækka þeim að nokkru ráði því að eggvopn bíta varla á þá, það þarf mörg sveðjuhögg til að komast í gegnum skinnið, og hundar hafa ekki roð við þeim. Eina leiðin til að drepa þá fljótt og örugglega er að berja þá af alefli beint í hnakkann eða skjóta þá hreinlega í hausinn.

Þrátt fyrir allt þetta eru hunangsgreifingjarnir bráðgáfaðar skepnur og meðal sárafárra dýrategunda sem vitað er að noti „verkfæri“ til að liðka um fyrir sér. Þannig hafa menn orðið vitni að því þegar þeir rúlla trjádrumbum frá einum stað til annars og tylla sér svo á þá til að teygja sig í mat.


Cadbury
HEROES
Cadbury
HEROES
Cadbury
HEROES
Cadbury
Snow Bites
Hafðu það notalegt með Cadbury yfir hátíðirnar
Cadbury

## MERKISATBURÐIR

**1897** **Stundaklukka er sett upp í turni Dómkirkjunnar í Reykjavík. Hún var gjöf frá Thomsen kaupmanni.**

**1945** Ný Ölfusárbrú er tekin í notkun.

**1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík gengur í gildi og leysir af hólmi aðra sem er meira en hálfrar aldar gömul.

**1988** New York-samningarnir eru undirritaðir milli Kúbu, Angóla og Suður-Afríku þar sem Sameinuðu þjóðirnar fá stjórn Namibíu.

**2010** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra skrifar undir reglugerð um hámarksmagn transfitusýra í matvælum.





**ÞORVALDUR** Plássið á síðunni dugði ekki til að lýsa áhuga afmælisbarnsins á skrímslum en Þorvaldur telur allt benda til að skrímsli séu óþekktar dýrategundir því þær skilji eftir sig skít og spor.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dvelur á ónefndri eyju

**Þorvaldur Friðriksson, fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu, er sextugur í dag. Hann dvelur á eyju sem Atlantshafið heitir eftir á þessum merkisdegi í lífi sínu.**

„Það eru aldeilis flottheit," segir Þorvaldur Friðriksson fréttamaður, þegar hann er beðinn um afmælisviðtal í tilefni tuganna sex sem hann hefur lifað, og rennir síðan huganum yfir æviskeiðið.

„Ég er sonur Friðriks Sigurbjörnssonar og Halldóru Helgadóttur og ólst upp til tíu ára aldurs í Bolungarvík því pabbi var þar lögreglustjóri. Uppeldið mótaðist mikið af náttúruskoðun og svo vörðum við öllum sumrum á Kiðafelli í Kjós þar sem pabbi átti sumarbústað því föðurafi minn, Sigurbjörn Þorkelsson í Vísi, var þaðan. Móðir mín er ættuð úr Skagafirði. Ég var alltaf í sveit í Birkihlíð í Staðarhreppi, hjá gríðarlega góðu fólki og stend í þeirri meiningu að Skagafjörður sé gleðilegasta sveit landsins."

Þorvaldur gekk í MR og kveðst hafa verið í skemmtilegum latínubekk. „Við höldum hópinn og hittumst oft á vetri," segir hann og upplýsir að stórkostlegir fundir séu haldnir milli falla í bátaskýlinu í Gróttu. Í HÍ nam hann sögu og bókmenntir hjá dr. Birni Þorsteinssyni. „Björn kom öllum nemendum til áhuga á sagnfræði," segir Þorvaldur og kveðst hafa fengið sérstakan áhuga á keltneskri húsagerð og keltneskum áhrifum í okkar menningu, meðal annars tungumálinu. Hann tekur sem dæmi orðin hrútur, ær og gemlingur, æska og heili og segir sum örnefni líka mega rekja til írsku.

Þorvaldur vann mörg sumur á Þjóðminjasafninu ungur að árum og var einar sjö vertíðir flensari í Hvalstöðinni. Þá vann hann sem kennari við norræna lýðháskólann í Kungälv en frá 1986 hefur rödd hans hljómað á öldum ljósvakans, sem fréttamanns.

Eiginkona Þorvaldar er Elísabet Brekkan og þau eiga þrjú börn, Estrid, Brendan og Patrik. „Síðan eigum við þrjú barnabörn, eitt á hvert stykki," segir afinn. En hvar ætlar hann að halda upp á daginn? „Ég ætla að dvelja á eyju þeirri sem Atlantshafið heitir eftir," segir hann mjög leyndardómsfullur. „En ég er búinn að halda upp á afmælið með bekkjarsystkinum mínum úr sex ára bekk í Bolungarvík. Við erum náttúrulega öll sextug á árinu og í tilefni af því fórum við að Horni, gengum á bjargið og gistum í húsi eins bekkjarbróður því foreldrar hans voru síðustu ábúendur þar."

gun@frettabladid.is



**30 ára afmæli**

**Elsku Matti okkar,**
innilega til hamingju með þrítugsafmælið þitt þann 26. desember!

Hamingjuóskir
Tíina, mamma og pabbi, Arnór, Pálmi og Guðrún

---

†



Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samhug og stuðning í veikindum og við andlát ástkæra,

**DAVÍÐS ARNARS ARNARSSONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans, Lambhaga, Lukku, Hallgríms, Stefáns og Sigurlínar. Einnig til þeirra fjölmörgu sem komu að og aðstoðuðu við útför Davíðs. Megið þið eiga gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár.

**Karen Björk Guðjónsdóttir**
**Brynja Vigdís** | **Hrafnkatla Rún**
**Arnar Sigurbjörnsson** | **Sigrún Sverrisdóttir**
**Guðrún S. Jóhannesdóttir**
**systkin, frændsystkin og tengdafjölskylda.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN VALGEIR GUÐMUNDSSON**
**Hjallastræti 32, 415 Bolungarvík,**

lést miðvikudaginn 19. desember á Sjúkraskýlinu í Bolungarvík. Jón Valgeir verður jarðsunginn frá Hólskirkju í Bolungarvík, laugardaginn 29. desember kl. 14.00.

**Rannveig Snorradóttir**
**Elísabet Jónsdóttir** | **Þór Sigurjón Ólafsson**
**Snorri Hildimar Jónsson** | **Þórhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Jónína Jónsdóttir** | **Halldór Jón Hjaltason**
**Lára Kristín Jónsdóttir** | **Lúðvík Karlsson**
**Selma Guðmunda Jónsdóttir** | **Guðmundur Ólafur Birgisson**
**Erna Jónsdóttir** | **Þorvaldur Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri

**TRYGGVI ÞÓRIR HANNESSON**
**Bakkastöðum 165,**
**112 Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmudaginn 27. desember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valdís Vilhjálmsdóttir**

---

†



**SIGURVALDI ÓLI INGVARSSON**
**Gullengi 37, 112 Reykjavík,**

lést 15. október sl. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjálmar Hrafn Sigurvaldason**
**og aðstandendur.**

---

†



Elskuleg eiginkona mín,

**JOSEFINE PEREZ JÓNSSON**
**Reykjavíkurvegi 10, Hafnarfirði,**

andaðist þann 18. desember sl. á kvennadeild Landspítalans. Bálför fer fram 28. des. kl. 13.00 frá Landakotskirkju. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks á deild 21A fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldu og skyldmenna,**
**Finnbogi Þórir Jónsson.**

---

†



Ástkær sonur okkur, bróðir, mágur og frændi,

**NJÁLL SKARPHÉÐINSSON**
**Hverfisgötu 16, Hafnarfirði,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 8. desember. Útför hans hefur farið fram. Þökkum samúð, vináttu og hlýhug.

**Skarphéðinn Njálsson** | **Erla Gestsdóttir**
**Gestur Skarphéðinsson** | **Fanney Ásgeirsdóttir**
**Guðrún Signý Gestsdóttir**
**Erla Gestsdóttir**
**Helga Magnea Gestsdóttir**
**Guðjón Máni Ívarsson**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**VIKTOR DAÐI BÓASSON**
**Malarási 7, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 19. desember. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. desember nk. kl. 13.00.

**Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Aðalheiður Eva Viktorsdóttir**
**Þorsteinn Viðar Viktorsson** | **Helga Hrönn Lúðvíksdóttir**
**Elvar Örn Viktorsson** | **Sigríður Ólafsdóttir**
**Elísabet Björk og Karen Lind.**

---

†



Eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,

**ÓLÖF DÓMHILDUR JÓHANNSDÓTTIR**
**Kópavogsbraut 1a,**

lést á hjartadeild Landspítalans þriðjudaginn 18. desember. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 27. desember kl 15.00.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Guðmundur Sigurðsson**
**Aldís Unnur Guðmundsdóttir** | **Jörgen L. Pind**
**Jóhann Þ. Guðmundsson** | **Þórunn Ólafsdóttir**
**Ólafur Ó. Guðmundsson** | **Sigríður Eyjólfsdóttir**

---


Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla
Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Tilboðin gilda **22. - 23.** desember

markhonnun.is




# Jólabókin leynist í nettó

KULDI

**3.894 KR**




ÍSLENSKU ÆTTARVELDIN

**4.753 KR**




FRÁBÆRT HÁR

**3.189 KR**




UNDANTEKNINGIN

**4.089 KR**




AÞENA
AÐ EILÍFU KÚMEN!

**2.874 KR**




LJÓSMÓÐIRIN

**4.089 KR**




HLAUPIÐ Í SKARÐIÐ

**3.145 KR**




TULIPOP
MÁNASÖNGVARINN

**2.673 KR**




MEISTARINN

**4.073 KR**




BOXARINN

**3.460 KR**

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** hljóðfæri, **6.** klukka, **8.** efni, **9.** skyggni, **11.** tveir eins, **12.** óróleg, **14.** rófa, **16.** pot, **17.** af, **18.** fálm, **20.** pfn., **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** eyrir, **7.** starfræksla, **10.** kusk, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** tíðum, **19.** svörð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** túba, **6.** úr, **8.** tau, **9.** der, **11.** rr, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ot, **17.** frá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT:** **1.** júdó, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.




# Ljótasta jólatréð

**BAKPANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur



Jólin eru samsett úr hefðum og venjum. Jólin mín voru nánast óbreytt frá tveggja til tuttugu og níu ára aldurs, heima hjá mömmu og pabba með systur minni og fjölskyldu hennar. Við sátum í sömu sætunum ár eftir ár, borðuðum eins mat í sömu röð og síðan var tekin mynd við jólatréð af börnunum í fjölskyldunni. Á síðustu myndinni, sem var tekin þegar ég var tuttugu og níu ára og hin „börnin" tuttugu og sex, átján og þrettán ára, sást ekkert í jólatréð. Sem var synd, því ein aðalhefðin í jólahaldi fjölskyldunnar tengdist jólatrénu.

**EINHVER** jólin þegar ég var lítil tókst okkur pabba nefnilega að kaupa alveg svakalega ljótt jólatré. Það var einhvern veginn skakkt, mun þéttara öðrum megin og vonlaust að fá það til að tolla í jólatrésfætinum. Þegar við komum heim með þetta tré sagði mamma að þetta væri ljótasta jólatré sem hún hefði nokkurn tíma séð. Svo skreyttum við það bara og héldum glöð jól.

**ÁRIÐ** eftir fengu allir flensu og áttu í henni fram eftir aðventu. Þegar loks átti að fara að kaupa jólatré var ekki um auðugan skóg að gresja. Í það sinn var tréð hálfbarrlaust, lágt og lúpulegt og virtist nánast vera að bugast undan skrautinu og seríunum. Við urðum sammála um að þetta jólatré væri eiginlega enn þá ljótara en árið áður.

**NÆSTA** ár vönduðum við pabbi og litli frændi minn okkur mikið við að kaupa jólatré. Það var barrmikið og þéttur normannsþinur, hæfilega hár og fullkominn í fót. Við komum með tréð heim og stilltum því upp. Mömmu fannst tréð ljómandi fallegt en það var ekki fyrr en hún var búin að segja að þetta væri nú ljótasta jólatré sem hún hefði nokkurn tíma séð að hægt var að byrja að skreyta. Til var orðin hefð.

**SEINNA,** þegar ég var löngu hætt að fara með í jólatrésleiðangur, hlupu litlu krakkarnir ískrandi úr innkaupaleiðangrinum inn í stofu með nýkeypt tré og biðu dómsins með eftirvæntingu. Þegar jólatréð hafði verið dæmt sem það allra ljótasta hingað til sprungu þau úr hlátri eins og hefð var að gera á hverjum jólum.

**JÓLUNUM** eftir að mamma mín dó eyddum við fjölskyldan saman á suðrænum slóðum. Jólatré voru þar fáséð en eitt fundum við þó, pínulítið og búið til úr samanvöfðum rauðum og grænum rafmagnsvír. Það var ljótasta jólatré sem hægt er að hugsa sér.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FULLKOMNAÐU STEMNINGUNA
Sírius
MOLAR MEÐ FYLLINGU
PIPP
MOLAR
NÝTT!
fylling með jarðarberjabragði
í ljósu súkkulaði
NÓI SÍRÍUS

# ÚRVAL & GÆÐI

YFIR 20 TEGUNDIR AF VILLIBRÁÐ • ÚRVAL AF HAMBORGARHRYGGJUM & HANGIKJÖTI • FRÁBÆRT ÚRVAL AF FORRÉTTUM & EFTIRRÉTTUM • GOURMET SÓSUR & MEÐLÆTI




## Hagkaups Hamborgarhryggur

· SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR NÝJU HRÁEFNI
· ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
· SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.




## Hagkaups Smjörsprautað Kalkúnaskip

Undanfarin 11 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## Hagkaups Hátíðarlambalæri

Við höfum látið framleiða lambalæri sem meistarakokkar eru sammála um að sé framúrskarandi að gæðum. Við notum einungis fyrsta flokks lambalæri sem síðan eru léttreykt og marineruð í einiberjum og bláberjum. Ef þú vilt prófa eitthvað nýtt og spennandi, þá er þetta lambalæri fyrir þig.

## Skosk rjúpa

Rjúpan er ómissandi jólamatur fyrir marga Íslendinga. Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, fínlegt og mjúkt. Mikilvægasti þátturinn við matreiðslu á rjúpu er sósan. Galdurinn við gerð góðrar rjúpnasósu er að sjóða kraft af beinum rjúpunnar og afskurði.





## Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

# ÞÚ FÆRÐ EINFALDLEGA ALLT TIL JÓLANNA Í HAGKAUP

## FERSKT *með flugi*

FERSKT með FLUGI

BLÆJUBER

KIRSUBER

TRÖNUBER

JARÐARBER

RIFSBER

BRÓMBER

HINDBER

BLÁBER

– NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR AFRÍKU

VÍNBER RAUÐ OG GRÆN

## *Veldu þín jólaepli og fylltu pokann*

POKINN **549**KR

SÚRT – GRÆN EPLI – KONFEKT EPLI – RAUÐ EPLI – GUL EPLI – JONAGOLD – ROYAL GALA – FUJI – SÆTT

ASPAS

PERLULAUKUR

SAVOY KÁL

ROMANESCU

SELLERÍRÓT

RAUÐRÓFUR

STRENGJABAUNIR

HARICOTBAUNIR

SNJÓBAUNIR

BELGBAUNIR

## Girnilegt úrval af sveppum

Íslenskir sveppir

Enoki sveppir

Beach garic sveppir

Portabello sveppir

Shitake sveppir

Eringi sveppir

Heksen sveppir

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*



**LITLI OG STÓRI** Hilmar Guðjónsson og Ólafur Darri Ólafsson eru sammála um að boðskapur verksins eigi brýnt erindi við nútímafólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Miskunnarleysi og viðkvæmni

Jólasýning Borgarleikhússins er Mýs og menn eftir John Steinbeck sem hann byggði á samnefndri bók sinni. Verkið hefur átt stöðugum vinsældum að fagna frá útgáfu bókarinnar árið 1937 og aðalleikararnir tveir, Hilmar Guðjónsson og Ólafur Darri Ólafsson, segja þessa sígildu sögu svo sannarlega eiga erindi við áhorfendur dagsins í dag. Þar séu spurningar sem öllum er hollt að velta fyrir sér.

**Friðrika Benónýsdóttir**
friðrikab@frettabladid.is



Mýs og menn eftir John Steinbeck er einhver kunnasta skáldsaga 20. aldar og hefur hlotið einróma lof um víða veröld. Hún fjallar um farandverkamennina George og Lennie og draum þeirra um að eignast jarðarskika með svolitlu húsi. Lennie er risastór og einfaldur rumur sem Georg gætir eins og bróður síns og bjargar þeim iðulega úr vandræðum. Þeir ráða sig á stóran búgarð og draumurinn virðist loksins ætla að rætast en þá breytist allt.

Times Literary Supplement kallaði Mýs og menn „meistaraverk", gagnrýnandi Chicago Tribune lét svo um mælt að hér blandaðist saman „miskunnarleysi og viðkvæmni á sérkennilega hrífandi hátt". Í umsögn New York Times mátti lesa að þetta væri „spennandi saga" sem þú legðir ekki frá þér fyrr en þú hefðir lokið henni. Breski rithöfundurinn Nick Hornby sagði einfaldlega að Mýs og menn væri „fullkomin skáldsaga".

Skáldsagan Mýs og menn kom upphaflega út árið 1937 og Steinbeck skrifaði sjálfur leikritið sem er tíður gestur á fjölum leikhúsa heimsins. Sagan hefur einnig tvisvar verið kvikmynduð við góðan orðstír.

Kvikmyndaútgáfa sögunnar var tilnefnd til fjölda Óskarsverðlauna árið 1939 og ný útgáfa hennar keppti svo um Gullpálmann í Cannes árið 1992. Í myndinni frá 1939 lék Burgess Meredith George og Lon Chaney Jr. lék Lennie. Gary Sinise leikstýrði myndinni 1992 og lék sjálfur hlutverk George en hlutverk Lennies var í höndum Johns Malkovich.

Í sýningu Borgarleikhússins fara þeir Ólafur Darri Ólafsson og Hilmar Guðjónsson með hlutverk Lennies og George og Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir. Frumsýnt verður 29. desember.

## Hilmar Guðjónsson: George



**Hvernig maður er George?** „Hann er eins og svo margir í nútímanum. Hann er að reyna að standa sig í samfélaginu, vinna sína vinnu og vera duglegur. Mjög samviskusamur maður."

**Hann er líka með þennan böggul í farteskinu?** „Já, og það er hans vandamál í þessum heimi þar sem hann þarf að vera svona duglegur og vinna svona mikið að hann er með þennan vin sinn með sér. Hann getur ómögulega losað sig við Lennie, en getur samt ekki útskýrt af hverju."

**Kemur það fram í verkinu hvers vegna hann telur sig bera ábyrgð á Lennie?** „Nei, það er í rauninni ein af aðalspurningum verksins: Af hverju erum við að taka ábyrgð á og hugsa vel um meðbræður okkar? Svarinu við þeirri spurningu kemur George ekki í orð."

**Hefur þetta verk frá 1937 eitthvað að segja okkur í dag?** „Ég vil síður tjá mig um hvað verkið á að segja okkur, vil hafa þá spurningu opna fyrir áhorfendur að svara hver fyrir sig. En þetta verk á svo sannarlega erindi í dag og boðskapurinn sem ég les út úr því skiptir mig miklu máli. Ég vona bara að sem flestir sjái sýninguna og að hún breyti að einhverju leyti sýn fólks á þessi mál."

**Nálgist þið verkið á nýjan hátt?** „Það var snemma tekinn sá póll í hæðina að vera ekkert að eltast við einhverja fyrir fram gefna hugmynd um það hvernig eigi að setja Mýs og menn upp. Við höfum rannsakað verkið upp á nýtt og skoðað hvað felst í því. Það er nefnilega alveg rosalega mikið sem býr í þessu verki og við erum stöðugt að kynnast því betur."

**Þannig að þú mælir með því að fólk losi sig við allar fyrir fram gefnar hugmyndir um verkið áður en það mætir í leikhúsið?** „Já, algjörlega. Það eru margir sem hafa lesið bókina og myndað sér mjög ákveðnar skoðanir á henni, en ég er alveg viss um að þessi sýning á eftir að veita fólki nýja sýn á þetta verk."

## Ólafur Darri Ólafsson: Lennie



**Hvernig maður er Lennie?** „Hann er bara ofsalega góð sál. Kannski það sem við mundum kalla einfaldur, en afskaplega góður maður. Trúr og tryggur vini sínum George."

**Hver er dýnamíkin í samskiptum þeirra tveggja?** „Ja, hver er dýnamíkin í samskiptum fólks yfirleitt? Ég held að dýnamíkin liggi bara í því að þarna eru tvær manneskjur sem sjá sér hag í því að ferðast saman og fyrir Lennie felst mikið öryggi í George sem hjálpar honum í þeim málum sem hann þarfnast hjálpar í. Er honum bæði félagi og eins konar foreldraímynd."

**En hvað fær George út úr samskiptum þeirra?** „Ég held að George vilji ekki, frekar en við flest, vera einn í þessu lífi og í Lennie finnur hann félagsskap. Við þekkjum það öll sem höfum annast börn að í þeim samskiptum finnur maður djúpa væntumþykju og hefur endalausa þolinmæði."

**Hvaða skírskotun hefur verkið til samtímans?** „Það náttúrulega gerist í kreppunni miklu og fjallar um farandverkamenn og þeirra aðbúnað sem er frekar kuldalegur og ekki mjög spennandi og ég held það sé okkur Vesturlandabúum hollt að leiða hugann að því sem farandverkafólk úti í hinum stóra heimi þarf að glíma við. Svo er það þessi áleitna spurning: Á maður að gæta bróður síns? Á maður að sjá um fólkið sem er í kringum mann? Kannski á maður aldrei að hugsa meira um það en þegar hlutirnir eru eins og þeir eru í dag."

**Jóhann Sigurðsson og John Malkovich hafa báðir leikið Lennie, þú óttast ekkert samanburð við þá?** „Jói er náttúrulega bara pabbi minn, ég held hann hafi leikið pabba minn svona átta sinnum. Hann er eini maðurinn sem mér finnst ég vera lítill við hliðina á. Ég myndi ekkert skammast mín þótt ég yrði lítill við hliðina á honum eftir þetta. Jói er stórkostlegur listamaður og það er heiður bara að vera borinn saman við hann. Ég sá myndina með Malkovich fyrir mörgum árum og ég held ég geti fullyrt að fólk muni sjá mikinn mun á henni og þessari sýningu."

## Aðstandendur sýningarinnar

**Höfundur:** John Steinbeck | **Leikstjórn:** Jón Páll Eyjólfsson | **Þýðing:** Ólafur Jóhann Sigurðsson | **Aðstoðarleikstjórn:** Jón Atli Jónasson | **Leikmynd og búningar:** Ilmur Stefánsdóttir | **Aðstoðarmaður:** Anna Kolfinna Kuran | **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson | **Tónlist:** Davíð Þór Jónsson | **Hljóð:** Thorbjörn Knudsen | **Gervi:** Margrét Benediktsdóttir |**Leikarar:** Ólafur Darri Ólafsson, Hilmar Guðjónsson, Álfrún Örnólfsdóttir, Þórir Sæmundsson, Halldór Gylfason, Theodór Júlíusson, Þröstur Leó Gunnarsson, Valur Freyr Einarsson, Sigurður Þór Óskarsson og Kjartan Guðjónsson.



**Fegurðin býr í bókum**
www.crymogea.is
crymogea@crymogea.is

Barónsstígur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910

**Crymogea**

★★★★★
„Hönnunin er óaðfinnanleg. Vel valin, beinskeytt og einbeitt nálgun. Afar vel heppnuð og falleg bók.“
**Þóroddur Bjarnason**
**Fréttablaðið**

★★★★½
„Mjög er vandað til útgáfunnar. Litprentun hefur heppnast frábærlega og stuðlar að því að hljóðlát en ólgandi fegurð þessara mögnuðu verka skilar sér hægt og bítandi til viðtakandans.“
**Anna Jóa**
**Morgunblaðið**

# Fimm stjörnu dýrð
## Eggert Pétursson
## Paintings/Málverk




**Í dag, laugardag, mun Eggert Pétursson árita í Bókabúð Máls og Menningar, Laugavegi 18 kl. 16—17.**

# Brjálæðislega gott tækifæri



**SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR** Var boðin staða konsertmeistara við Konunglegu dönsku óperuna til eins árs árið 2011 en afþakkaði, þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands var að flytja í Hörpu um sömu mundir. Hún hélt að hún hefði misst af gullnu tækifæri en fékk síðar annað tilboð sem hún gat ekki hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari hefur undanfarna mánuði gegnt tímabundinni stöðu konsertmeistara við Konunglegu dönsku óperuna. Hún segir þetta ómetanlegt tækifæri sem hafi endurnýjað hana sem listamann. Harpa er að hennar mati þó mun betra mannvirki en Óperan í Kaupmannahöfn.

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari er í stuttu jólafríi á Íslandi. Frá því í ágúst hefur hún gegnt tímabundinni stöðu konsertmeistara við Konunglegu dönsku óperuna í Kaupmannahöfn og verður þar fram í febrúar. Hún segir það í raun hafa verið röð tilviljana sem teygja sig rúmlega tuttugu ár aftur í tímann.

„Það er svolítið skondið hvernig lífið fer með mann í hringi,“ segir hún. „Árið 1988 tók ég þátt í alþjóðlegri fiðlukeppni í Óðinsvéum sem kennd er við Carl Nielsen tónskáld og var svo heppin að ná þar fimmta sæti. Þar varð á vegi mínum ungur danskur fiðluleikari, sem þá var að læra í Juilliard-tónlistarskólanum. Hann hitti ég ekki aftur fyrr en rúmum tuttugu árum síðar, árið 2010 nánar tiltekið, þegar ég var að spila Sibelius með Bernharði Wilkinson og Sinfóníuhljómsveit Færeyja. Það er hefð fyrir því í Konunglegu dönsku óperunni að tónlistarmenn fari og leggi Sinfóníunni í Færeyjum lið þegar hún er að spila. Þarna hittumst við aftur og það urðu fagnaðarfundir.“

Í kjölfar tónleikanna í Færeyjum vildi fiðluleikarinn danski fara til Grænlands og bað Sigrúnu að leysa sig af í einu verkefni með Konunglegu dönsku óperunni, sem hún og gerði.

„Það gekk mjög vel og var frábærlega skemmtilegt en síðan fór ég bara heim og hugsaði ekki meira um það. Þá gerist það að Konunglega óperan býður mér árssamning sem konsertmeistara árið 2011. Mér fannst það auðvitað ótrúlega spennandi og freistandi tilhugsun en það hittist hins vegar á að á sama tíma var Sinfóníuhljómsveit Íslands að flytja í Hörpu. Mér fannst því ekki hægt að yfirgefa hljómsveitina á þessum tímamótum og afþakkaði boðið en með miklum trega því svona tilboð koma ekki oft á ævinni.“

Sigrún segist ekki hafa átt von á að heyra í Konunglegu dönsku óperunni aftur. „En þá fæ ég óvænt bréf þar sem mér var boðin staða konsertmeistara í hálft ár á seinni hluta þessa árs og fram í febrúar. Það var of gott tilboð til að hafna. Ég fór út í ágúst síðastliðinn, fer aftur út á nýársdag og tek þátt í uppfærslu á Carmen en verð svo alkomin heim um miðjan febrúar.“

Sigrún segir dvölina í Kaupmannahöfn hafa verið endurnærandi og hleypt í hana nýju lífi sem listamanni. „Þetta er umfangsmeira hjá Konunglegu óperunni, eins og gefur að skilja, enda spila þeir líka í ballettsýningum. Þeir eru með fjóra konsertmeistara en við tvo; það er mikil rótering á milli þeirra og ég hef unnið mjög náið með þeim sem er gulls ígildi.“

Vistaskiptin eru ekki síst mikilvæg fyrir samanburðinn.

„Ég kom heim í október og nóvember og tók viku með Sinfóníuhljómsveitinni og ég heyrði mjög greinilega muninn: það er margt gott og annað síðra hjá báðum sveitum, það var alveg greinilegt. En ég fann líka hvað mér fannst gott að koma aftur og spila með Sinfóníuhljómsveitinni, ég var farin að sakna hennar og það var gott að vera minnt á það. Ég myndi tvímælalaust endurtaka leikinn ef ég hefði kost á því. Þetta er brjáæðislega gott tækifæri.“

> **En ég fann líka hvað mér fannst gott að koma aftur og spila með Sinfóníuhljómsveitinni, ég var farin að sakna hennar og það var gott að vera minnt á það.**

En hvað um tónlistarhúsin, hvernig stenst Harpa samanburð við Dönsku óperuna, sem tekin var í notkun árið 2005? „Ég verð að segja að Harpa er margfalt betri. Danska óperan er mjög gott hús en það eru ákveðnir hönnunargallar og Harpa býður upp á svo miklu fleiri möguleika í Eldborgarsalnum og betri hljómburð.“

bergsteinn@frettabladid.is




# Eggert áritar í dag

Yfirlitssýningu í i8 lýkur á Þorláksmessu.

Eggert Pétursson myndlistarmaður áritar bókina Málverk í Bókabúð Máls og menningar milli klukkan 16 og 17.

Málverk hefur að geyma öll helstu verk Eggerts undanfarna tvo áratugi og hefur fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda. Til dæmis gaf gagnrýnandi Fréttablaðsins fimm stjörnur af fimm mögulegum.

Eggert hefur dvalist erlendis að undanförnu en kemur heim yfir hátíðarnar og áritar í bókabúðinni.

Sýning á verkum Eggerts í i8 galleríi hefur staðið frá 1. nóvember en lýkur nú á Þorláksmessu.



**EGGERT PÉTURSSON** Hefur dvalist erlendis en er á landinu um jólin og áritar í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi í dag.


MEISTARAVERKIÐ EFTIR
JOHN STEINBECK
MÝS OG MENN
SAGA UM GILDI MANNESKJUNNAR,
DRAUMA HENNAR OG ÞRÁR
Forsala hafin!
Jólasýning
Borgarleikhússins
2012
Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi
Frumsýnt 29. desember kl. 20 UPPSELT
lau. 29/12 kl. 20 UPPSELT
fös. 4/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 6/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 9/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 10/1 kl. 20 örfá sæti
fös. 11/1 kl. 20 UPPSELT
lau. 12/1 kl. 20 aukasýning
sun. 13/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 16/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 17/1 kl. 20 UPPSELT
fös. 18/1 kl. 20 aukasýning
lau. 19/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 20/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 24/1 kl. 20 UPPSELT
fös. 25/1 kl. 20 aukasýning
lau. 26/1 kl. 20 aukasýning
sun. 27/1 kl. 20 örfá sæti
fim. 31/1 kl. 20 UPPSELT
fös. 1/2 kl. 20 UPPSELT
VÍS
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# DÓMAR 15.12.2012 ➜ 21.12.2012

## TÓNLIST

★★★★☆
**Pascal Pinon**
**Twosomeness**
Tvíburasysturnar hæfileikaríku úr Vesturbænum með frábæra jaðarpoppplötu. - tj

★★★★☆
**God´s Lonely Man**
**Pétur Ben**
Sterk og persónuleg rokkplata frá Pétri Ben. - tj

★★★★☆
**Magnús & Jóhann**
**Í tíma**
Óhætt að mæla með Í tíma fyrir alla, sjálfhverfar kynslóðir sem og aðrar. - bt

★★★★☆
**Megas**
**Megas raular lögin sín**
Glæsilegur fjórfaldur safnpakki með bestu lögum Megasar og áður óútgefnu efni. - tj

★★★★☆
**Flétta**
**Haukur Tómasson**
Magnþrungin tónlist eftir Hauk Tómasson kemur vel út á þessum geisladiski. - js

★★★☆☆
**Foldarskart**
**Schola cantorum**
Skemmtilegur geisladiskur með hugljúfri tónlist. - js

★★★☆☆
**Ylja**
**Ylja**
Falleg og angurvær þjóðlagatónlist frá efnilegri hljómsveit. - bt

★★★☆☆
**Gálan**
**Gálan**
Andi Rúnars Júl svífur yfir vötnum á fínni plötu. - tj

★★★☆☆
**Þórir Georg**
**I Will Die and You Will Die and It Will Be Alright**
Melankólískt en jafnframt fallegt verk frá áhugaverðum listamanni. - bt

★★☆☆☆
**Ljósið þitt lýsi mér**
**Mótettukór Hallgrímskirkju**
Góður söngur en misgóð lög, og heimildarmynd um kórinn hefði mátt vera betri. - js

★☆☆☆☆
**Fallið lauf**
**Sverrir Bergmann**
Tilþrifalítil sálarplata frá annars góðum söngvara. - bt

## TÓNLEIKAR

★★★★☆
**Mika**
**Silfurberg í Hörpu**
Mika framkallaði fjölskylduvænt hörkustuð í Hörpu. - kg

★★★★☆
**Eva Þórarinsdóttir og Benjamin Powell**
**Norðurljósasalur Hörpu**
Eva Þórarinsdóttir er ný stjarna í íslensku tónlistarlífi. - js

## BÆKUR

★★★★★
**Paintings/Málverk**
**Eggert Pétursson**
Afar vel heppnuð og falleg bók, sem spilar með sérvisku listamannsins. - þb

★★★★★
**Ólíver**
**Birgitta Sif. Sigþrúður Gunnarsdóttir.**
Falleg saga um ímyndunaraflið, góða vini og börn sem eru svolítið sérstök. - bhó



★★★★★
**Ósjálfrátt**
**Auður Jónsdóttir**
Ég er eiginlega orðlaus yfir þessari margslungnu, fögru og fyndnu sögu. Því leita ég í smiðju kollega minna og segi bara: Konfekt og perla og nístandi falleg bók! - þhs

★★★★☆
**Hreint út sagt**
**Svavar Gestsson**
Vel skrifuð bók eftir stjórnmálamann sem lifað hefur tímanna tvenna en eftirminnilegastar eru frásagnir úr æsku höfundar. - bþs

★★★★☆
**Hvítfeld**
**Kristín Eiríksdóttir**
Frábær skáldsaga um íslenska fjölskyldu, sannleika og lygi. - jyj

★★★★☆
**Spádómurinn**
**Hildur Knútsdóttir**
Skemmtilega skrifað og frumlegt ævintýri, sem tekst á við flóknar og erfiðar spurningar um hvað felst í því að vera hetja. - bhó

★★★☆☆
**Íslenskir kóngar**
**Einar Már Guðmundsson**
Gamansöm ádeila á gerspillt íslenskt samfélag. Slagsmál, ríðingar og fyllirí í ofurskömmtum. - þhs

★★★☆☆
**Randalín og Mundi**
**Þórdís Gísladóttir**
Laufllétt miðborgarævintýri fyrir börn 8-12 ára. Fallega skrifuð, fyndin á köflum, framúrskarandi myndskreytingar. - bhó

★★☆☆☆
**Kantata**
**Kristín Marja Baldursdóttir**
Bragðlítil fjölskyldusaga um fordóma og það að ekki sé allt sem sýnist. - þhs

## LEIKHÚS

★★★★★
**Strindberg: Aftur og sem aldrei fyrr**
**Leiksýning Nemendaleikhússins**
Sýning sem fangar hömluleysi Strindbergs vel. Leikurinn að eldinum kom betur út en Frú Júlía. - eb

# Jónsi pönk og anarkíið

BÆKUR ★★★☆☆

**Sjóræninginn**
Jón Gnarr
**MÁL OG MENNING**



Hvernig líður þrettán ára strák sem finnst hann vera asnalegur, ljótur og á skjön við samfélagið, verður fyrir markvissu einelti, nær ekki sambandi við foreldra sína og hatar skólakerfið? Honum líður ekki vel. Honum líður djöfullega. Og lausnirnar eru ekki auðsjáanlegar. Þótt hann breyti sér í pönkara, kúki á kerfið, byrji að reykja og þykist vera töff hverfur vanlíðanin ekki og hann er engu nær því að vera samþykktur af umhverfinu eða samþykkja það. Eini griðastaðurinn er Hlemmur þar sem samfélag þeirra sem finnst þeir vera utangarðs í samfélaginu verður fyrsta upplifunin af því að vera meðtekinn á eigin forsendum.

Í Sjóræningjanum heldur Jón Gnarr áfram að segja uppvaxtarsögu sína sem hann hóf í Indíánanum. Hann kallar söguna skáldaða ævisögu, ekki alveg sanna en heldur enga lygi. Frásögnin er einlæg og hispurslaus, hann dregur enga fjöður yfir það að hann hafi ekki alltaf verið til fyrirmyndar og fundið upp á ýmsu sem samfélagið leit hornauga. Reynir hvorki að afsaka eitt né neitt, hvað þá kenna öðrum um. Lesandanum er látið eftir að draga sínar ályktanir um það hvað þessari uppreisn veldur og þar er af fjölmörgu að taka. Linnulaust einelti sem nær hámarki í Réttarholtsskóla þar sem barsmíðar, niðurlæging og hótanir verða daglegt brauð, flókið samband drengsins við föður sem hann skilur ekki og ekki skilur hann, mislukkaðar tilraunir til töffheita með því að gerast pönkari og stofna pönkhljómsveit, einlægur áhugi á anarkisma og hugmyndafræði hans, ótti við framtíðina, ótti við fortíðina, ótti við nánast allt sem hugsast getur.

Grínistinn Jón Gnarr er víðs fjarri í þessari sögu enda viðfangsefnið ekkert gamanmál. Margar uppákomur eru þó bráðskondnar og drengurinn sífellt að koma sér í kostulegar aðstæður sem lesandinn glottir yfir. Mun sterkari eru þó lýsingarnar á óttanum, varnarleysinu og sjálfsfyrirlitningunni sem eineltið veldur. Svo sterkar að á köflum er erfitt að lesa þær og lesandinn fyllist skelfingu við tilhugsunina um öll þau börn sem enn eiga í þessari baráttu á hverjum degi. Í þeirri stöðu er helvíti vissulega dagleg upplifun.




Bókin er ágætlega skrifuð, svolítið skipulagslaus á köflum og lesandinn veit ekki alltaf alveg hvar hann er staddur í tíma sögunnar, en það kemur lítið að sök þar sem nánast á hverri síðu er umhugsunarefni sem ekki er niðurneglt í tíma. Það sem upp á vantar í stíl og byggingu er rækilega bætt upp með viðfangsefninu. Sjóræninginn er einfaldlega bók sem ekki lætur lesandann í friði. Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Einlæg og nístandi uppgjörsbók sem á erindi við samtímann. Saga sem virkilega snertir lesandann.

# Kona í karlaheimi

BÆKUR ★★☆☆☆

**Ljósmóðirin**
Eyrún Ingadóttir
**VERÖLD**



Saga Eyrúnar Ingadóttur af ljósmóðurinni Þórdísi Símonardóttur á Eyrarbakka er heimildaskáldsaga, byggð á könnun heimilda af ýmsu tagi um ævi merkrar konu. Sagan hefst á jarðarför Þórdísar árið 1930 en teygir sig aftur til ársins 1886 þegar hún er tiltölulega nýkomin til starfa í héraðinu. Ævi hennar er viðburðarík en erfið. Kjör kvenna sem sinntu ljósmóðurstörfum voru kröpp, hún þurfti að sinna ýmiss konar tilfallandi vinnu með ljósmóðurstörfunum og þótt hún finni um stund hamingju í einkalífinu reynist sú hamingja vera skammvinn.

Þótt Þórdís sjálf sé alltaf í sögumiðju er ævi hennar eins og spegill á þetta tímabil í Íslandssögunni. Þorpsbragnum á Eyrarbakka er vel lýst, með kaupmönnum, kaupstaðarferðum bænda og tilheyrandi drykkjuskap. Starf Þórdísar sem ljósmóður gerir það að verkum að hún þekkir aðstæður flestra, jafnt fátækra sem ríkra. Hún lætur ekki við það sitja að sinna ljósmóðurstörfum heldur lætur hún til sín taka í málefnum samfélagsins, hún stofnar stúku ásamt nokkrum eldhugum í þorpinu og stendur uppi í hárinu á yfirvöldum og kaupmannavaldi, hefur stundum sigur en ekki alltaf. Ljósmóðirin er örlagasaga einstaklings en hún endurspeglar líka stöðu kvenna í samfélagi sem er stýrt af körlum og þar sem þeir sem eiga eitthvað undir sér hafa líf smælingjanna í hendi sér.

Saga Þórdísar er sögð á hefðbundinn og raunsæjan hátt. Á köflum minnir frásögnin á sagnfræði, allar lýsingar á aðstæðum, húsakynnum og daglegu lífi eru nákvæmar og stundum þurrlegar en sögumaður stendur líka þétt upp við Þórdísi og lýsir tilfinningum hennar; ást og hatri, ástríðu og reiði, jafnvel þrjósku. Líf Þórdísar er enginn dans á rósum og það mótar persónuna, hún er stundum nokkuð hörð í horn að taka, ekki bara í viðskiptum sínum við yfirvaldið heldur líka við sína nánustu. Sögumaður stendur þó alltaf þétt við bakið á Þórdísi, jafnvel þegar lesanda kann að finnast hún óbilgjörn og hörð.

Helsta frávikið frá algerlega raunsæislegri frásagnaraðferð felst í tímanum í sögunni. Í sögunni skiptast á tvö tímaplön, annars vegar fylgjum við Þórdísi síðasta árið í lífi hennar, hins vegar rifjar sögumaður upp líf hennar undangengin 45 ár eða svo. Þessi aðferð gefur tækifæri til að byggja upp spennu, en sögumaður er nokkuð gjarn á að gefa í skyn hvað eigi eftir að gerast síðar í sögunni sem dregur nokkuð úr þeirri spennu. Almennt eru aðferðirnar við að skipta á milli sviða svolítið stirðar þannig að þessi aðferð virkar ekki alltaf sem skyldi.
Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð söguleg skáldsaga um merka konu og erfiða tíma en á köflum ber sagnfræðin skáldskapinn ofurliði.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Verið velkomin í Bónus

## Opið í dag frá 10-22

Starfsfólk Bónus




## Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá Bónus gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar

**Greiðslumöguleikar**

Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofu Bónus.

**Skrifstofa Bónus:**
Opin alla virka daga frá kl. 9-16
Skútuvogur 13 sími 527-9000

## AFGREIÐSLUTÍMI í Bónus í desember

| | | |
|---|---|---|
| 22.des | laugardagur | **10-22** |
| 23.des | sunnudagur | **10-22** |
| 24.des | mánudagur | **10-14** |
| **LOKAÐ 25 /26 des** | | |
| 29.des | laugardagur | **10-19** |
| 30.des | sunnudagur | **10-20** |
| 31.des | mánudagur | **10-15** |

GLEÐILEG JÓL
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU

STARFSFÓLK BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

OPIÐ TIL 22 TIL JÓLA
Í JÓLATRJÁASÖLU Í BREIDD

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

SÉRVALIN JÓLATRÉ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012 50

BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré: Normannsþin, íslenska furu og blágreni.

LIFANDI JÓLATRÉ

| | |
|---|---|
| **Íslensk fura** | |
| 100-125 cm | 3.790 kr. |
| 125-150 cm | 4.240 kr. |
| 150-175 cm | 6.290 kr. |
| 175-200 cm | 7.890 kr. |
| 200-250 cm | 11.450 kr. |
| **Normannsþinur** | |
| 100-125 cm | 3.090 kr. |
| 125-150 cm | 3.890 kr. |
| 150-175 cm | 5.490 kr. |
| 175-200 cm | 6.190 kr. |
| 200-225 cm | 7.850 kr. |
| **Blágreni** | |
| 100-125 cm | 3.790 kr. |
| 125-150 cm | 4.290 kr. |
| 150-175 cm | 6.290 kr. |
| 175-200 cm | 7.890 kr. |
| 200-250 cm | 9.490 kr. |

Sölustaðir:

Timburverslun Breidd
Laugardagur: kl. 10 - 22
Þorláksmessa: kl. 11 - 22
Aðfangadagur: kl: 8 - 12

Grandi
Laugardagur: kl. 10 - 22
Þorláksmessa: kl. 11 - 23
Aðfangadagur: kl: 8 - 12

Selfoss
Laugardagur: kl. 10 - 22
Þorláksmessa: kl. 11 - 22
Aðfangadagur: kl: 8 - 12

Sunnuhlíð

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



# Myrkrið rís á ný

BÆKUR ★★★★☆

**Hrafnsauga**
Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson
**VAKA-HELGAFELL**




Síðustu þrjú árin hafa á annan tug íslenskra skáldsagna komið út þar sem höfundar leika sér með hrollvekju- og fantasíuformið. Flestar þessara skáldsagna eru skrifaðar af rithöfundum sem enn hafa ekki skriðið á fertugsaldurinn og margar þeirra eru gefnar út af höfundum sjálfum eða minni útgáfufyrirtækjum. Ný kynslóð er nú að vaxa úr grasi, kynslóð sem hefur alist upp við lestur erlendra fantasíuskáldsagna, við spilun á fantastískum tölvuleikjum, kynslóðin sem gleypti í sig kvikmyndabálka á borð við Hringadróttinssögu og Harry Potter.

Í ár bætist við bók í íslenska fantasíuheiminn eftir tvo unga rithöfunda, Hrafnsauga eftir Kjartan Yngva Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson. Bókin hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í ár en látið ekki blekkjast. 65 ára gamlir afar eiga eftir að skemmta sér jafnvel við lesturinn og 15 ára barnabörn þeirra. Hrafnsauga er sígild fantasía sem höfðar til lesenda sem kunna að meta ævintýri eins og Hringadróttinssögu J.R.R. Tolkiens. Ef fantasíumarkaðurinn væri þróaðri hér á landi hefði hún væntanlega verið markaðssett sem bók fyrir fullorðna fremur en barnabók.

Hrafnsauga segir frá Ragnari, unglingsstrák sem elst upp í litlu þorpi í ævintýraheimi. Ragnar er hinn hefðbundni kolbítur. Hann er munaðarlaus og þorpsbúar líta hann hornauga, en hann býr yfir krafti sem mögulega á eftir að bjarga heiminum. Þegar skuggaleg manngálkn ráðast á þorpið leggur Ragnar af stað í mikla ævintýraför ásamt tveimur fylginautum, Sirju og Breka. Ragnar er hefðbundin fantasíuhetja. Hann er hugrakkur og góður, dálítil dula, og geta lesendur lesið í honum hvað sem þeir vilja. Fylginautar hans eru að mörgu leyti þroskaðri sögupersónur. Sirja er barnabarn þulnameistara þorpsins, hún er staðföst, skapbráð, og býr yfir þekkingu á sögu og galdraþulum. Breki er hugrakkur og úrræðasamur, en fífldjarfur og fljótfær.

Þríeykið leitar svara við þeirri ógn sem rís upp í heimi þeirra, og á för sinni lenda þau í ýmsum ævintýrum og kynnast fjölda persóna.

> Höfundar hafa nostrað við söguheiminn, sögu hans og ríkjaskipan, og ljóst er að í bókinni kynnast lesendur aðeins lítilli spildu þessa heims.

Manngálkn og varmenni stjákla um slétturnar og óhugnanlegir skuggameistarar toga í strengina og leggja á ráðin um hvernig þeir geta tekið yfir heiminn. Nákvæmt landakort fylgir bókinni og í sögulok hefur þríeykið ferðast yfir það endilangt og stendur við jaðar þess, á landamærum dularfulls keisaraveldis. Höfundar hafa nostrað við söguheiminn, sögu hans og ríkjaskipan, og ljóst er að í bókinni kynnast lesendur aðeins lítilli spildu þessa heims.

Það gerist ekki margt óvænt í Hrafnsauga, en höfundar beita hefðbundnum minnum fantasíunnar með miklu öryggi og sagan rennur ljúflega áfram. Höfundar velta ekki fyrir sér erfiðum spurningum um lífið og tilveruna en það gildir einu. Hrafnsauga er sígilt ævintýri, klassísk fantasía, stórskemmtileg og spennandi, og afskaplega vel skrifuð.

**Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sígild fantasía sem á eftir að heilla lesendur, börn og fullorðna, sem kunna að meta Hringadróttinssögu.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**LAUGARDAGUR 22. DESEMBER 2012**

## Uppákomur

**11.00 Gáttaþefur** kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

## Tónlist



**12.00 Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson** koma fram á Jólatónum Munnhörpunnar í Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Camerarctica leikur ljúfa tónlist við kertaljós á tónleikunum Mozart við kertaljós í Dómkirkjunni í Reykjavík. Aðgangseyrir er kr. 2.500 en 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara, frítt fyrir börn.

**22.00** Hljómsveitin Gæðablóð heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Útgáfu- og jólatónleikar Brother Grass verða haldnir á Café Rosenberg. Boðið verður upp á frumsamin, notaleg og tímalaus jólalög og skemmtilega gesti. 20 ára aldurstakmark og aðgangseyrir er kr. 2.900. Hægt er að kaupa miða við dyr eða á midi.is.

**SUNNUDAGUR 23. DESEMBER 2012**

## Uppákomur

**11.00** Ketkrókur kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

## Tónlist

**12.00** Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson koma fram á Jólatónum Munnhörpunnar í Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Hin hefðbundna Jólaró Íslensku óperunnar verður haldin í anddyri Hörpu. Antonía Hevesi píanóleikari fær til liðs við sig góða gesti úr íslenska söngheiminum á klukkutíma löngum tónleikunum. Þeirra á meðal eru Elsa Waage, Sesselja Kristjánsdóttir, Edda Austmann og Erla Björg Káradóttir. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.



**20.00** Sigríður, Elísabet og Elín Eyþórsdætur halda ljúfa og hátíðlega Þorláksmessutónleika í Jólaþorpinu Hafnarfirði.

**21.00** Hljómsveitin Árstíðir heldur sína árlegu hátíðartónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík.

**21.00** Tenórarnir 3 syngja á svölum Vallarstrætis 4 við Ingólfstorg. Í ár eru það Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Snorri Wium og **Garðar Thor Cortes** sem skipa hópinn. Tónleikarnir eru í boði Höfuðborgarstofu.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*


Mozart við kertaljós

Dómkirkjunni í kvöld kl. 21.00

Camerarctica

Miðaverð kr. 1500/2500



STICK



Tilboð kr. 22.850

með örmum 29.900

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 · 108 Reykjavík

Sími 533 5900 · Fax 533 5901

www.skrifstofa.is





Heelen

Mýkjandi í mjúka pakkann

*Fyrir þá sem þér er hlýtt til*

*Fæst í apótekum*

Heelen mýkjandi húðvörunar eru húðaðar að innan með geli sem veitir kröftuga rakameðferð og dekrar við húðina með einstakri blöndu af náttúrulegum olíum.

Heelen mýkjandi ylvörurnar hafa sama innra byrði úr geli en veita að auki milda hitameðferð fyrir stífa liði og auma vöðva. Allar Heelen vörurnar eru endingagóðar og þær má þvo og nota aftur og aftur.

*Gefðu vellíðan í jólagjöf og settu Heelen mýkjandi í mjúka pakkann.*



*Mýkjandi hælsokkar*
Hællinn er húðaður með mýkjandi geli. Einstök meðferð við þurri og/eða sprunginni húð.

*Mýkjandi gelshanskar*
Alhúðaðir með mýkjandi geli. Kröftug rakameðferð sem dekrar við húð, neglur og naglbönd.

*Mýkjandi ylglófar*
Alhúðaðir með mýkjandi geli. Einnig með hitameðferð sem eykur blóðflæði, minnkar verki og liðkar liði.

*Mýkjandi ylsokkar*
Alhúðaðir með mýkjandi geli. Einnig með hitameðferð sem eykur blóðflæði, minnkar verki og liðkar liði.

*Mýkjandi gelsokkar*
Alhúðaðir með mýkjandi geli. Frábær rakameðferð fyrir allan fótinn og svalandi fyrir þreytta fætur.

*Þú getur skoðað allar Heelen vörurnar á www.portfarma.is*

Í samvinnu við Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga

# Hátíðarhöld jólakattanna í Kattholti

Fjöldi katta dvelur í Kattholti yfir hátíðarnar, hvort sem þeir eru heimilislausir eða í pössun, á meðan eigendur þeirra halda jólin hátíðleg fjarri heimilum sínum. Halldóra Björk rekstrarstjóri lýsti því hvernig þau haga hátíðarhöldunum.

Þjóðin heldur jólahátíðina heilaga þessa dagana um land allt. Í Kattholti dvelur fjöldi katta yfir hátíðarnar sem endranær. Kettirnir eru annaðhvort á hóteli staðarins á meðan eigendur halda jól fjarri heimili sínu eða eru útigangskettir sem Kattholt hefur skotið skjóli yfir. Í ár eru óskilakisurnar óvenju fáar eða þrjátíu og fimm talsins en fjörutíu kettir dvelja á hinu svokallaða hóteli Kattholts.

„Þeir fá allir rækjur, túnfisk og soðna ýsu yfir jóladagana og svo fá þeir aukadekur,“ segir Halldóra Björk Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri Kattholts, en sjálfboðaliðar heimsækja kettina og klappa þeim aukalega á hátíðardögum jóla. Fá þeir kannski líka skötu á Þorláksmessu? „Nei, reyndar ekki, bara soðna ýsu,“ segir Halldóra glöð í bragði. Þessar lýsingar dregur hún upp við jólalagið Snæfinn snjókall en jólalög eru spiluð fyrir kettina allan daginn og í hærra lagi á gamlársdag. „Já, þá hækkum við tónlistina, lokum fyrir gluggana og kettirnir eru í búrum,“ svarar Halldóra spurð hvernig þau hagi gamlársdegi til að verja kettina fyrir óþægindum sem hljótast af hvellum og blossum flugelda. Þrátt fyrir jóladekrið telur hún þó ólíklegt að kettirnir haldi að það sé hátíð á aðfangadag.

Kattholt gefur óskilaketti á góð heimili gegn gjaldi fyrir að gelda þá, örmerkja og ormahreinsa. Þetta gera þau allt árið um kring fyrir utan síðustu dagana fyrir jól. „Það eru dæmi um að fólk komi á Þorláksmessu og hafi ákveðið að gefa kött í jólagjöf á síðustu stundu. Við erum ekki að láta ketti af hendi fyrir jólin því við getum ekki vitað hvort nýr eigandi kattarins sé tilbúinn. Þetta er nú 14 til 15 ára skuldbinding,“ segir Halldóra og teymir blaðamann um hótel staðarins og aðstöðu flækingskattanna.

hallfridur@frettabladid.is



**JÓLAKÖTTURINN** Halldóra Björk, rekstrarstjóri Kattholts, segir kettina fá veislumat yfir hátíðarnar og aukaklapp frá sjálfboðaliðum sem heimsækja kettina daglega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í GÓÐUM HÖNDUM** Huggulegt er hjá köttunum á hóteli Kattholts en þeir eru í góðum höndum á meðan eigendurnir halda jól fjarri heimili sínu. Sama á við munaðarlausu kettina.




Fissler

Fissler. Perfect every time.

Kynslóðir elda með okkur

Fissler pottar, pönnur og önnur búsáhöld í miklu úrvali. Einnig vandaðir hraðsuðupottar sem gera matseldina hraðari og hollari. Þýsk hágæðavara.

MADE IN GERMANY

Fissler hefur framleitt hágæða potta og pönnur í Þýskalandi í 167 ár.

ÚTSÖLUSTAÐIR

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178. Sími: 568 9955.

Líf&List
SMÁRALIND

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

EF
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Heimilistæki ht.is
Umboðsmenn um land allt
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

D3200

Nikon

At the heart of the image

Verð frá 129.995.-



Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningar-námskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti **11.995.-**

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

# I AM MERRY CLICKMAS

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti **2.495.-**



Verð 22.995.-



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**www.nikon.is**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Reykjavik Foto** – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
**Tölvulistinn** – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

# Jólagjafa-hugmyndir



**5.995**

**RABBIT**
Sparibaukur kanína. H 22,5 cm
**5.995,-**



**11.995**

**DEERHEAD**
Hreindýrshöfuð, stytta.
Postulín. 18 x 35 x 48 cm
**11.995,-**



**3.495**

**KIDS**
Lúdó. 41 x 41 cm **3.495,-**



**2.995**

**HOSO**
Svartur og hvítur zikk zakk púði.
50 x50 cm **2.995,-**



**6.995**

**COAT RACK**
Snagabretti með mynd af heimskorti. 105 x55 cm **6.995,-**



**7.995**

**BUCKET**
Borðlampi, svartur. Málmur.
H44 cm **7.995,-**



**1.995**

**MANUSCHKA**
Sparibaukur, japönsk brúða.
H 23 cm **1.995,-**



**5.900**

**FOOTBALL S** Pokastóll 95L. Hvítur og svartur. **5.900,-**



**14.995**

**DEKO HEAD**
Hreindýrshöfuð, hvítt. Pólýresin.
H 45, B 40 cm **14.995,-**



**6.995**

**OSLO**
Ábreiða. 100% ull. 130 x 200 cm.
**6.995,-**



**6.995**

**OPTICAL LETTER**
Rúmföt. 140 x 200 cm. 100% bómull **6.995,-**



**3.495**

**KIDS**
Leikfangagítar, bleikur eða blár.
L 60 cm **3.495,-**




**6.995**

**HAPPINESS**
Skilti svart með hvítum texta.
40 x 70 cm. **6.995,-**

## 40% afsláttur
### af öllum jólaljósum til jóla
einnig fjöldi annarra tilboða af jólavörum





**15.900**

**POUF**
Prjónasessa. Ø 50, H 35 cm **15.900,-**

VEXTIR Í 12 MÁNUÐI 0%

sendum um allt land

**ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500 - www.ILVA.is**
**laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**
**Afgreiðslutími í desember - frá 15. des - 23. des. opið til 22, Aðfangadagur 9-12**

© ILVA Ísland 2012

# ILVA

einfaldlega betri kostur



## 3.995
**MADONNA**
Loftljós. Bleikt, hvítt eða fjólublátt. Ø 38 cm **3.995,-**

## 2.995
**WOODEN BASKET**
Trékassi "Garden Herbs" 36 x 23 x 16 cm **2.995,-**



## 9.995
**STAR KIDS**
Rúmteppi með stjörnum. 130 x 170 cm **9.995,-**



## 2.995
**STARS**
Hvítur púði með stjörnum. 50 x 50 cm **2.995,-**



## 14.995
**TEA TIME**
Borðlampi með skerm. H 50 cm **14.995,-**




## 2.495
**WOODEN BASKET**
Trékassi "Apples" 39,5 x 23 x 11 cm **2.495,-**

## 1.995
**WOODEN BASKET**
Trékassi "Lavender" 26 x 16 x 14,5 cm **1.995,-**



## 9.995
**CLOCK**
Veggklukka með mynd af hundi. Ø 43 cm **9.995,-**



## 8.995
**TABLET**
Borðklukka. 15 x 20 cm **8.995,-**



## 4.995
**TEMPRAKON**
Dúnsokkar. Dömu- eða herrasokkar. Má þvo við 60°C **4.995,-**



## 16.995
**HOBBY DELUXE**
Gólflampi. H 180 cm **16.995,-**



## 9.995
**GLOBE**
Hnöttur. H 27, Ø 20 cm. Rauður eða blár **9.995,-**




## 3.995
**ILVA**
Flokkur 3. Ýmsar gerðir og stærðir **3.995,-**



nú **5.996**
SPARAÐU 1.999

nú **5.246**
SPARAÐU 1.749

nú **7.496**
SPARAÐU 2.499

**CHRISTMAS**
Kertastjaki fyrir teljós. Keila m/glerperlum.
H 21 cm 6.995,- **NÚ 5.246,-**
H 30 cm 7.995,- **NÚ 5.996,-**
H 35 cm 9.995,- **NÚ 7.496,-**

## 6.995
**HOBBY DELUXE**
Borðlampi. H 70 cm **6.995,-**

kaffi ILVA

*Tilboð*

Heitt súkkulaði og vaffla með rjóma og sultu.
**Áður 1.070,-**
**NÚ 795,-**



**TILBOÐ**

22. og 23. des. opið til 22:00
Aðfangadagur opið frá 9:00 - 12:00

# Jólaglöggin vermir og kætir yfir hátíðina

Jólaglöggin er ómissandi hluti jólanna. Fjöldi þjóða nýtur drykkjarins á aðventunni og yfir jólahátíðina.

Jólaglögg er ómissandi hluti jólahátíðarinnar í hugum margra. Jólaglöggin er ekki aðeins jólahefð á Norðurlöndunum heldur er hún einnig vinsæl í Þýskalandi og nágrannaríkjum þess og nefnist þar Glühwein. Fleiri þjóðir taka upp á því að malla glögg fyrir jólin:

**Í Tékklandi** kallast hún svarené víno sem þýðir soðið vín.

**Í Ungverjalandi** kallast hún forralt bor, sem einnig þýðir soðið vín, og er það oftast mallað úr ungverska rauðvíninu Egri Bikavér, kanil og negul.

Glögg er drukkin í norðurhluta Ítalíu og kallast þar vin brulé, eða brennt vín.

**Í Lettlandi** er drukkið karstvins, heitt vín, með skvettu af hinu rammsterka jurtavíni Riga Black Balsam út í.

**Í Moldóvu** er drukkið izvar sem búið er til úr rauðvíni, svörtum pipar og hunangi.

**Í Póllandi** er drukkið grzane wino, hitað vín, og svipar því mjög til glaggarinnar sem drukkin er í Tékklandi.

Kanadabúar drekka einnig glögg sem búin er til úr rauðvíni, hlynsírópi og sterku áfengi.



### Uppskrift að þýskri jólaglögg

- 1 flaska af þurru rauðvíni
- 3/4 bolli vatn
- 3/4 bolli sykur
- 1 appelsína
- 1 kanilstöng
- 10 negulnaglar

### Aðferð

Setjið vatn, sykur, kanilstöng og negulnagla í meðalstóran pott. Hitið fram að suðu og hrærið duglega í á meðan. Þegar suðu er náð, lækkið hitann og látið malla. Skerið appelsínuna í sneiðar, stingið negulnöglum í börkinn og setjið út í pottinn. Hitið þar til blandan fer að þykkna, bætið þá við víninu og hitið við vægan hita. Passið að láta vínið ekki sjóða.








DOMINIQUE PLÉDEL Gefur góð ráð um vínin með jólamatnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hangikjötið leiðir marga á villigötur

Dominique Plédel, eigandi Vínskólans, hefur í nógu að snúast í desember enda margir sem leita ráða hjá henni um hvaða vín fer best með jólamatnum. Hér gefur hún lesendum Fréttablaðsins góð ráð um vínin með hátíðarmatnum.

„Ég hef veitt ansi mörgum ráð um vínið með jólamatnum undanfarin ár,“ segir Dominique Plédel sem er eigandi Vínskólans og vínsérfræðingur. „Það er mjög skemmtilegt, fólk er að velta ýmsu fyrir sér í sambandi við vín og mat. Hangikjötið vefst mest fyrir fólki og hefur leitt marga á villigötur í gegnum tíðina. Það helgast af því að marga langar í rauðvín á jólunum en sannast sagna fer rauðvín engan veginn við hangikjöt. Ég mæli sjálf með bjór með hangikjötinu. Hamborgarhryggur er líka snúinn, en þeir sem fara í hvítvín með honum verða ekki sviknir,“ segir Dominique, sem hér gefur ráð um vínin með jólamatnum.

**HREINDÝR** Eðalkjöt þýðir eðalvín: Hér dugar ein regla, vínið sem ykkur finnst best mun vera besta vínið. En það má alveg benda á flott Bordeaux-vín, reserva frá Rioja, Ribera del Duero, Chianti Classico Reserva, kröftugri vín ef kjötið er af tarfi. Ekki hika við að velja dýr vín, það er jú einu sinni á ári.



**KALKÚN** Margt er hægt að velja með kalkún og meðlætin líka áhrifamikil: pinot noir, merlot-vín, en líka cabernet sauvignon frá Californíu, Chianti frá Toskana, rauðvín frá Sikiley (nero d'Avola). Malbec frá Argentínu er góður kostur líka.



**HANGIKJÖT** Ekkert vín á virkilega vel við hangikjöt þannig að skemmtileg upplifun verður. Mitt val er bjór, þá öl og helst rautt eins og Móri frá Ölvisholti, Dobbel Bock, eða aðrir jólabjórar sem eru lítt beiskir. Fyrir þá sem vilja endilega vín verður að velja mjúkt vín og vel þroskað, eins og Gran Reserva frá Spáni.



**HUMAR** Oft hefur verið sagt að „með humri klikkar Chablis aldrei“ – og það er satt! Góð chardonnay-vín (og dýrari), lítt eikuð, dálítið þroskuð – frá Burgúnd (Meursault o.fl.) eða Norður-Ítalíu (Terlan). Þétt og þurr riesling-vín frá Alsace eða hvítvín frá Sikiley, nógu er úr að velja en ekki spara of mikið.

**HAMBORGARHRYGGUR** Hér er valið auðveldara en athugið að meðlæti hefur mikið að segja. Pinot noir á einstaklega vel við léttreykta kjötið, t.d. Cono Sur Vision frá Chile eða Marques de Casa Concha, eða þroskuð vín frá Búrgund. Gran reserva er góður kostur líka. Ekki gleyma að hvítvín á einnig vel við, þá Pinot Gris Réserve frá Alsace.



**ÖND** Villiönd eða aliönd? Bragðmikil vín en ekki of þétt: Bordeaux, Côtes du Rhône, spænsk vín frá Valencia-héraði (Castano) eða Katalóníu (Perelada, Raimat, dýrari Torres-vín) – margt kemur til greina. Canard à l'Organce (með appelsínu): Leita til Ribera del Duero, crianza.



**RJÚPA** Ef rjúpan er matreidd „eins og mamma gerði“ þá er gott að leita í syrah-þrúgu (frekar en shiraz frá Ástralíu), hvort sem hún er frá Rhône-dalnum í Frakklandi og í dýrara kantinum, Gigondas, Hermitage eða jafnvel Côte Rôtie, eða frá Síle, tvö flott syrah-vín frá Vina Maipo og Morandé. Að ógleymdum betri vínunum frá Montes. Ef rjúpan er steikt á pönnu má hafa mildari vín, eins og Petit Mars frá Mas de Soleilla eða Côtes du Rhône.



# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

## OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN FRAM AÐ JÓLUM*

# ÚTSALA

## ALLT VERÐUR AÐ FARA!

-60% -40% -20%

**NIKE ALPHABALLER**



VAR ~~12.890KR~~ -40%

7.790 KR

**FIRETRAP RAVEN**

Firetrap



MEGA VALUE

8.990 KR

**KARRIMOR URBAN JAKKI**

karrimor



VAR ~~7.990KR~~ CRAZY PRICES!

6.390 KR

**FIRETRAP BLOOM CREW**

Firetrap



VAR ~~5.590KR~~ -40%

3.190 KR

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN FRAM AÐ JÓLUM | *LOKUM KL 14:00 Á AÐFANGADAG | SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI

Hin **Fullkomma** Gjöf

SPORTS DIRECT.COM GJAFAKORT

Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!*




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

➜ þrjár snittur þar sem hráefnið hæfir árstímanum og þær standa einnig fyllilega fyrir sínu sem góður forréttur.







# Í SMÁU FORMI UM JÓLIN

Smáréttir og snittur eru réttir sem alltaf er gott að fá uppskriftir að. Þeir njóta vinsælda í stærri sem minni boðum, bæði sem munnbitar með fordrykk og litlir réttir í standandi boð. Hér eru þrjár snittur þar sem hráefnið hæfir árstímanum og þær standa einnig fyllilega fyrir sínu sem góður forréttur. Fallegir og jólalegir réttir sem ekki taka of mikinn tíma en skreyta sannarlega veisluborðið með útliti sínu. Bestu jólakveðjur frá Home and Delicious.

Halla Bára Gestsdóttir
Gunnar Sverrisson
www.homeanddelicious.com

## 1. Rauðbeðusalat með timían og geitaosti

Rauðrófa, skorin í teninga
Smjörklípa
Salt og pipar
Hunang, agave-síróp eða hlynsíróp
Balsamikedik
Ferskt timían, um 4 greinar
Geitaostur
Gróft rúgbrauð

Bræðið smjör á pönnu og steikið rauðbeðuteningana á vægum hita þar til þeir eru mjúkir í gegn. Dreypið örlítilli sætu yfir í formi síróps eða hunangs. Saltið aðeins og piprið. Dreypið balsamikediki yfir og látið karamellíserast. Rífið blöðin af timíangreinunum og hrærið saman við blönduna. Smyrjið brauðsneiðar með góðu lagi af geitaosti. Setjið rauðbeðusalat yfir, nokkra balsamikediksdropa og timían til skrauts. Berið fram.

*Hægt er að nota ýmislegt brauð í snitturnar. Gróft kornbrauð, rúgbrauð eða grilla bagettusneiðar og dreypa olíu yfir.

## 2. Kartöflukökur með reyktum laxi og piparrótarsósu

Kartöflukökur:
2 stórar kartöflur, rifnar gróft niður
2 msk. brætt smjör
2 msk. hveiti

**Sósa:**
Reyktur lax eða silungur, skorinn í þunnar sneiðar
3 msk. sýrður rjómi
Örlítið af rifinni piparrót*
Skvetta af hvítvínsediki
Salt og svartur pipar

**Klettasalat eða annað gott salat**
1 msk. ólífuolía
1 msk. sítrónusafi
Salt og pipar

Blandið saman rifnum kartöflum, smjöri og hveiti. Búið til kökur úr deiginu, stærðin verður að fara eftir því hvort nota á réttinn sem smárétt eða forrétt. Sáldrið örlitlu af hveiti yfir kökurnar áður þær eru steiktar í olíu á pönnu þar til gullnar og mjúkar í gegn.

Hrærið saman sýrðan rjóma, piparrót, hvítvínsedik, salt og pipar í sósuna. Ekki spara piparrótina, gott að hún taki smá í.

Hrærið saman ólífuolíu, sítrónusafa, smakkið til með salti og pipar og blandið saman við salatið.**

Leggið kartöflukökurnar á disk, salat yfir, þá lax og sósu. Skreytið með smátt skornum tómatbáti, graslauk, smá basilíkublaði eða einhverju öðru fallegu. Berið fram.

*Ef ekki fæst piparrót má nota piparrótarmauk en einnig gengur að setja smátt saxaðan vorlauk eða graslauk út í sýrða rjómann.

**Magn olíu og sítrónusafa verður algjörlega að fara eftir því hversu mikið salat er notað. Það þarf mjög lítið á salatið.

## 3. Míní-skonsa með ostasalati og perum

**Skonsa:**
125 g hveiti
2 egg
1 1/3 dl mjólk
2 msk. fersk steinselja, söxuð
2 tsk. fersk salvía, timían eða basilíka, saxað

**Salat:**
75 g rjómaostur
1 tsk. hlynsíróp, agave-síróp eða gott hunang
50 g Kastali eða annar svipaður ostur, skorinn í litla teninga
50 g Búri, Havarti, Piparostur, Gráðaostur eða annar í uppáhaldi, skorinn í litla teninga*
30 g valhnetur eða pekanhnetur, ristaðar og saxaðar
1 pera, helmingurinn skorinn í litla teninga, hinn í þykkar sneiðar sem aftur eru skornar þvert**
Beikonsneiðar, skornar í 4 cm lengjur

Hrærið saman mjólk og eggjum, blandið hveiti saman við og þá kryddjurtum. Hnoðið þar til mjúkt en ekki of mikið svo deigið verði ekki stíft. Hitið olíu á pönnu eða spreyið pönnuna með olíuspreyi. Takið örlítið af deigi og veltið milli fingra ykkar þannig að úr myndist lítil og flöt kúla. Setjið á meðalheita pönnuna og fletjið meira út svo kakan verði um 5 mm á þykkt. Steikið á báðum hliðum þar til kakan er gullin og bökuð í gegn. Hér getið þið leikið ykkur með stærð kökunnar eftir því hvort um smárétt eða stærri rétt er að ræða.

Steikið beikon á þurri pönnu þar til stökkt.

Hrærið varlega saman rjómaost og sýróp. Blandið ostateningum, hnetum og perubitum saman við.

Setjið skonsu á disk, hráskinkulengju og ostasalat yfir. Skreytið með perubitum og einhverju grænu, t.d. smá steinselju. Berið fram.

*Það má nota hvaða ost sem er í þetta salat, eina tegund, margar, afganga úr ísskápnum.

**Þótt hér sé notuð pera er einnig gott að nota lítil og steinlaus vínber.

# ER KOMIN JÓLAGJÖF?






SIX MIX 1014
19.995.-



SIX MIX 12360
18.995.-



SIX MIX 11421
19.995.-



SIX MIX 1282
18.995.-



SIX MIX 5442
27.995.-



SIX MIX 12142
25.995.



SIX MIX 9287
15.995.-



SIX MIX 12399
22.995.-

Skór.is netverslun

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

# Endalaust stuð í Austurbæ

X-mas, góðgerðatónleikar X-ins, voru haldnir í Austurbæ á fimmtudagskvöld. Ágóðinn rann til minningarsjóðs Lofts Gunnarssonar og er markmið sjóðsins að bæta aðbúnað útigangsmanna á Íslandi.



**JÓL** Una Björg Einarsdóttir og Soffía Sveinsdóttir, veðurfréttamaður á Stöð 2.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STUÐ** Guðrún Bergmann Fransdóttir og Jóhannes Geir Rúnarsson.



**FJÖR** Árni Sigfús og Elísabet Ásta.



**TÓNLEIKAR** Einar Einarsson og Eygló Einarsdóttir.



**ROKK** Steingerður Sigþórsdóttir og Emma og Lóa Friðriksdætur.



**HÁTÍÐ** Jakob og Atli skemmtu sér konunglega.

Rauði kross Íslands
Kvennadeild Reykjavíkurdeildar

Kvennadeild Rauða krossins í Reykjavík sendir bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár og þakkar sjálfboðaliðum vel unnin störf í þágu deildarinnar.

BIRTING LÝSINGAR

**Útgefandi:** OFAN SVÍV fagfjárfestasjóður, kennitala 461211-9760, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

OFAN SVÍV fagfjárfestasjóður hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa væri tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 21. desember 2012 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin eru á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Skuldabréfin eru gefin út af OFAN SVÍV fagfjárfestasjóði sem rekinn er af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 750.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er OFANSV 11 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000020998. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um OFAN SVÍV fagfjárfestasjóð og skuldabréfaflokkinn OFANSV 11 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta.

Reykjavík, 21. desember 2012
**Stjórn Stefnis hf.**

STEFNIR Arion banki



**IN THE SILENCE** „Hér er öllum brögðum beitt til að fá sem stærstan hljóm; raddanir, yfirupptökur, strengir og alls kyns takkafikt.“
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Enn meira Eurovision

TÓNLIST ★★☆☆☆

**Greta Salóme**
In the Silence
**SENA**



Greta Salóme varð skyndilega þjóðþekkt í byrjun ársins 2012 þegar hún kom tveimur lögum inn í hina íslensku forkeppni Eurovision. Annað þeirra, „Mundu eftir mér/Never Forget,“ fór síðan alla leið til Aserbaídsjan í lokakeppnina. In the Silence er fyrsta breiðskífa Gretu, en Eurovision-sérfræðingurinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson var henni innan handar.

Platan inniheldur tíu ný lög, en þar að auki fá bæði Eurovision-lög Gretu að fljóta með, lagið sem lenti í 20. sæti í Bakú í íslenskri sem enskri útgáfu. Þar fyrir utan eru allir textar á ensku en öll lög og allir textar eru eftir Gretu. Í viðtali fyrir útgáfu In the Silence, sem birtist á vef Senu, sagði Greta að hún hefði ákveðið „að fara í allt aðra átt“ eftir Eurovision. Það er ekki auðséð hvað hún átti við með því, vegna þess að platan gæti þess vegna verið heil undankeppni í Eurovision! Lögin eru annað hvort ballöður (If You Wanna Go, a Thousand More Goodbyes, Coming Home Soon) eða lög í rólegri kantinum sem stækka síðan og stækka með tilheyrandi dramatískum strengjaútsetningum. Trommuleikurinn er einnig með áberandi „Euro-bíti“ (backbít inn á 2 og 4), eða að minnsta kosti í þeim lögum sem fara ekki í ballöðuflokkinn.

Að þessu sögðu þá liggur beint við að markhópurinn er Eurovision-aðdáendur. Fá þeir í raun allt sem þeir vilja á þessari plötu. Hér þarf sko að kreppa hnefann til að syngja með viðlögunum. Það er búið að leggja mjög mikla vinnu í verkið – Gretu segir sjálf að platan hafi verið í vinnslu allt frá því í febrúar. Hér er öllum brögðum beitt til að fá sem stærstan hljóm; raddanir, yfirupptökur, strengir og alls kyns takkafikt. En fyrir þá sem eru ekki aðdáendur Eurovision er hér á ferðinni plata sem er mun meiri umbúðir en innihald.

**Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Eurovision-aðdáendur fá tónlist fyrir allan peninginn, aðrir ekki.

# Jólaskósprengja
# Í fullum gangi

**Grafarholti opið**
Virka daga milli kl. 11 og 18
Laugardag milli kl. 11 og 16
Sunnudag milli kl. 13 og 17

**Smáratorgi opið**
Virka daga milli kl. 11 og 22
Laugardag milli kl. 11 og 22
Þorláksmessu milli kl. 11 og 23

**LÁGMARK**
# 50%
**afsláttur**

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

Þú finnur okkur á: facebook

## Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlunni • Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Toppskórinn Markaður
Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys´R´us

www.skor.is

# KRÓNAN

**– fyrst og fremst ódýr!**

# JÓLAMATUR Á GÓÐU VERÐI!

**1798 kr. kg**
Kea hamborgarhryggur, með beini

**1398 kr. kg**
Krónu hamborgarhryggur

**2998 kr. kg**
Sambands hangilæri, úrb.

**3279 kr. kg**
SS birkireykt úrb. hangilæri

15% afsláttur
**998 kr. kg**
Verð áður ~~1198~~ kr. kg
Grísahryggur með pöru

**698 kr. kg**
Grísabógur, hringskorinn

20% afsláttur
**1598 kr. kg**
Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Grísasteik að hætti dana

20% afsláttur
**3998 kr. kg**
Verð áður ~~4998~~ kr. kg
Ungnautalund, frosin erlend

**960 kr. stk.**
MS Jólaostakaka með skógarberjum

**996 kr. stk.**
Mjólka Hátíðar skyrterta

5 lítrar
**998 kr. stk.**
Krónuís, 2 teg., 5 l

40% afsláttur
**489 kr. stk.**
Verð áður ~~749~~ kr. kg
Krónu Hátíðar ískaka

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

GJAFAKORT KRÓNAN

**Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is**



1189 kr. kg
Ísl. matvæli hamborgarhryggur með beini
1783 kr. kg
KEA léttreyktur lambahryggur
2688 kr. kg
Fjalla hangilæri, úrb.
3798 kr. kg
Húsavíkur hangilæri úrb.
2898 kr. kg
KEA tvíreykt hangilæri
2698 kr. kg
KEA hangilæri með beini
3498 kr. stk.
Pekingönd, frosin, 2,6 kg
1369 kr. kg
Kalkúnn, frosinn, íslenskur
3698 kr. kg
Franskar, barbary andabringur
949 kr. pk.
Kokkarnir kalkúnafylling
Vinnur þú?
Gjafakort í Krónunni að verðmæti:
100.000 kr.
Allir sem versla í Krónunni föstudag-laugardags fá lukkunúmer á kassastrimilinn. Geymdu strimilinn!
Vinningsnúmer verða birt á kronan.is fös. 28. des.
Sjá opnunartíma Krónuverslana yfir jól og áramót á www.kronan.is

# Óhugnaður í jólaös borgarinnar

**Listamennirnir Mundi vondi og Snorri Ásmundsson bjóða á stuttmynd í Bíó Paradís.**

„Við erum báðir krónískir óþekktarangar svo maður heldur oftast með vonda karlinum í kvikmyndum,“ segir Snorri Ásmundsson sem fer með aðalhlutverk í óhugnanlegu jólastuttmyndinni Santa's Night Out. Leikstjórn var í höndum Munda vonda og bjóða þeir á sýningu hennar í Bíói Paradís á morgun kl. 20.

„Salurinn tekur 250 manns í sæti svo við hvetjum fólk til að mæta stundvíslega til að tryggja sér sæti,“ segir Snorri en það er aðeins um þessa einu sýningu að ræða. „Það er fínt í jólaösinni að koma við og horfa á þessa mynd í 17 mínútur.“

Hann bætir þó við að myndin höfði ekki til barna því hún sé nefnilega verulega óhugnanleg. „En samt finnst manni hún fyndin. Þetta gerist um jól og er um jólasveina í jólaösinni í Reykjavík. Við tókum meðal annars upp á Hótel Borg og hjá Sævari Karli,“ segir Snorri, sem fer með hlutverk eldri jólasveins. Á móti honum leikur Atli Óskar Fjalarsson yngri jólasvein. Ásamt þeim leika þau Jón Júlíusson, Alexander Briem og Tinna Bergs. Fyrir utan sýningu á stuttmyndinni stendur Snorri fyrir sölusýningu á vinnustofu sinni á þriðju hæð á Nýlendugötu 14. Þar sýnir hann verk frá árunum 2007 til dagsins í dag. Sýningin er liður í fjármögnun fyrir næsta verkefni Snorra en hann heldur til Súrínam í Suður-Ameríku í byrjun næsta árs en þar mun hann dvelja um nokkura mánaða skeið og vinna verk með frumskógarindíánum Amazon. „Þetta er spennandi því ég er líka svo mikill frumbyggi í mér.“ **- hþt**



**BJÓÐA Í BÍÓ** Mundi Vondi og Snorri Ásmundsson bjóða á jólastuttmyndina Santa's Night Out í Bíói Paradís á morgun. „Það er fínt að koma við og horfa á þessa mynd í 17 mínútur,“ segir Snorri. MYND/GVA






**Í SJÓNVARPIÐ** Ridley Scott leikstýrir prufuþætti af The Vatican.

## Leikstýrir loks sjónvarpsþætti

Ridley Scott ætlar að leikstýra í sjónvarpi í fyrsta sinn þegar hann stjórnar prufuþætti af The Vatican. Þetta er dramaþáttur sem fjallar um kaþólsku kirkjuna og valdabaráttuna þar. Handritshöfundur verður Paul Attanasio, sem skrifaði einnig handritið að þáttunum House.

Scott hefur leikstýrt Alien, Gladiator og hinni „hálfíslensku“ Prometheus á löngum ferli sínum í kvikmyndum en hefur aldrei spreytt sig á leikstjórn sjónvarpsþátta. Hann hefur áður starfað við sjónvarpsframleiðslu. Þá var hann viðloðandi pólitíska dramað The Good Wife.



**JACK WHITE** Rokkarinn kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að tónlistinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## White reynir sitt besta

Jack White finnur sig knúinn til að vera grimmur við sjálfan sig og reyna sitt allra besta þegar kemur að tónlistinni. Rokkarinn gaf út plötuna Blunderbluss í apríl sem var efst í vali tónlistarspekúlanta Fréttablaðsins yfir bestu plötur ársins.

„Það er þráhyggja hjá mér að vera grimmur við sjálfan mig vegna þess að mér finnst mikilvægt að vera stoltur af því sem ég geri,“ sagði White við The Sun. „Ef ég horfi til baka og sé að ég var með bestu tæknimennina, að einhver hljóðblandaði fyrir mig og að fullt af fólki kom við sögu gæti ég ekki lagt nafnið mitt við það. Ef einhver segir við mig: „Ég elska þetta lag, Jack“, þá finnst mér gott að fá hrósið vegna þess að ég veit hvernig aðstæðurnar voru þegar það var gert.“ Þrátt fyrir þetta fékk hann óvenjumikla hjálp á Blunderbuss, þar á meðal hóp kvenna til að spila með sér á hljóðfæri og syngja bakraddir.

# Seldi hugmynd til Hollywood

Ólafur Jóhannesson hefur selt Summit hugmynd að kvikmyndinni Revoc.

„Þetta er fín jólagjöf fyrir mig og allt teymið mitt," segir leikstjórinn Ólafur Jóhannesson.

Hann hefur selt hugmynd að vísindaskáldsögumyndinni Revoc til bandaríska kvikmyndaversins Summit Entertainment sem er dótturfyrirtæki Lionsgate.

Síðan Ólafur gerði glæpamyndina Borgríki hefur hann haft umboðsmenn á sínum snærum í Los Angeles. Eftir að hafa hitt starfsmenn Summit sagði hann þeim frá hugmyndinni að Revoc og urðu þeir strax mjög hrifnir. Þeir sáu myndbandskynningu sem Ólafur hafði útbúið með Ágústu Evu Erlendsdóttur og Þorvaldi Davíð Kristjánssyni og virðist hún hafa haft sitt að segja. Kristín Andrea Þórðardóttir er einnig hluti af sjö til átta manna teymi sem hefur unnið að verkefninu.

Summit Entertainment hefur fengið Mandeville Films til að framleiða myndina. Það á að baki myndir á borð við The Fighter, The Negotiator og The Muppets.

Ólafur hefur þegar gert samning um að leikstýra myndinni ef af henni verður. Áætlaður kostnaður er 40 til 50 milljónir dollara. „Þetta er mjög dýr mynd, maður bara svitnar við tilhugsunina en maður er í mjög góðum höndum hjá Mandeville og Summit."

Fréttablaðið hefur jafnframt heimildir fyrir því að Ólafur sé einn tveggja leikstjóra sem koma til greina sem leikstjórar stórrar Hollywood-myndar en Ólafur vildi ekki staðfesta það. - fb



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Leikstjórinn hefur selt Summit Entertainment hugmyndina að Revoc.



**AÐ HRESSAST** Katrín hertogaynja af Cambridge mætti óvænt í jólaboð starfsmanna sinna, en hún er ólétt að sínu fyrsta barni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Blésu til jólaboðs

Vilhjálmur Bretaprins og kona hans, Katrín hertogaynja af Cambridge, mættu óvænt í starfsmannapartý í byrjun vikunnar. Um var að ræða jólaboð 27 starfsmanna hallarinnar þar sem hjónakornin búa en ekki var búist við að þau mundu láta sjá sig. Katrín hefur þjáðst af morgunógleði undanfarnar vikur og lá meðal annars á spítala í nokkra daga, en hún er ólétt að fyrsta barni þeirra. Koma hennar í partýið þykir vísbending um að hún sé að hressast.

Mikil spenna er í Bretlandi vegna þungunarinnar en barnið verður næst á eftir föður sínum sem arftaki bresku krúnunnar. Gera má ráð fyrir að hertogaynjan verði léttari í lok næsta sumars.



**HJÁLPAR TIL** Denise Richards hjálpar til við uppeldi sona fyrrverandi eiginmanns síns. NORDICPHOTOS/GETTY

## Veitir aðstoð

Leikkonan Denise Richards sá um tvíburasyni fyrrverandi eiginmanns síns, Charlie Sheen, og Brook Mueller á meðan móðir drengjanna sótti meðferð í nítjánda sinn. Richards og Sheen eiga saman dæturnar Sam og Lolu sem eru átta og sjö ára gamlar. Auk þess ættleiddi Richards dótturina Eloise árið 2011.

„Þetta er ekki í fyrsta sinn sinn sem öll börnin eru hjá mér. Húsið var fullt af lífi og ást. Brooke og Charlie vita að þau geta alltaf leitað til mín ef þau þurfa aðstoð með strákana," sagði Richards í viðtali við Access Hollywood.

„Strákarnir eru bræður Sam og Lolu, ég gæti ekki ímyndað mér lífið án systur minnar, og stelpurnar eru frábærar stórar systur."







Gjafakort
Borgarleikhússins

Sérstök jólatilboð Borgarleikhússins



Mary Poppins
Miðar fyrir tvo á söngleikinn
ástsæla og val um bókina
eða leikhúskonfekt.
9.900 kr.



Ljúffengt leikhúskvöld
Gjafakort og gómsæt
leikhúsmáltíð
fyrir tvo
11.500 kr.

Gjöf sem aldrei gleymist!
Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið




**MIKIÐ DÚLLERÍ** Gervileg sviðsmyndin styður við draumkennt myndmálið.

# Óvæntur glaðningur

BÍÓ ★★★★☆

## Life of Pi

**LEIKSTJÓRN: ANG LEE LEIKARAR: SURAJ SHARMA, IRRFAN KHAN, TABU, ADIL HUSSAIN, GERARD DEPARDIEU, RAFE SPALL**

Sjaldan hefur sést ókræsilegri stikla fyrir kvikmynd en sú sem hefur auglýst myndina Life of Pi undanfarnar vikur og mánuði. Bókina þekkja allir, líka þeir sem hafa ekki lesið hana, en af auglýsingunni að dæma var myndin lítið annað en vellulegt tölvubrellumont. Og Coldplay-lagið sem ómaði undir ýtti þessu endanlega yfir gubbstrikið.

En mikið er nú alltaf hressandi og hollt þegar maður fær fordómana beint í fésið, blauta og kalda. Ef notkun broskarla í dagblöðum væri ekki almennt talin gríðarlega ófagmannleg, þá myndi ég setja einn hér.

Myndin segir frá indverska drengnum Pí, sem ásamt foreldrum sínum, bróður, og sirkusdýrum föður síns, lendir í sjóslysi þar sem nær allir farast. En Pí kemst undan í björgunarbát, ásamt tígrisdýrinu Richard Parker, og aleinir úti á ballarhafi munu þeir eyða dögum, vikum og mánuðum saman.

Leikstjórinn Ang Lee fer hér alla leið í dúlleríi, skrúfar alla liti upp í ellefu, og aldrei lét ég það fara í taugarnar á mér hversu „gervileg“ sviðsmyndin er. Hún er að miklu leyti tölvuteiknuð og styður vel við draumkennt myndmálið, og svo er glæsileg þrívíddin punkturinn yfir i-ið.

Eini sjáanlegi lösturinn á þessari prýðilegu og gullfallegu mynd er lokaspretturinn. Þar er kjötið brytjað niður leiðinlega smátt, svo örugglega enginn þurfi nú að nota höfuðið og draga sínar eigin ályktanir um sögulokin. Það er leiðinlegt að láta tala niður til sín. Áhorfendur eru skarpari en flestir halda :)

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Óvæntasti glaðningur ársins.


tl.is
TÖLVU LISTINN

10" ANDROID 4.0
SPJALDTÖLVUR

Vegna mikilla vinsælda erum við að fá aukasendingu af bæði Sharper Image og United. Lenda í byrjun vikunnar. Hægt að tryggja sér eintak úr sendingunni í verslunum okkar eða á tl.is.




Sharper Image M18A
Cortex A8 örgjörvi, 5 punkta snertiskjár og sterkbyggð umgjörð. Taska með standi fylgir auk 4GB microSD korti og heyrnartólum. Android 4.0

19.990




United TAB 1012
Cortex A9 örgjörvi. Nett og létt með 5 punkta snertiskjá.

19.990

Google play

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

**-20%** **ERU FERÐALÖG FRAMUNDAN? GEFÐU VANDAÐA FERÐATÖSKU FRÁ SAMSONITE**

**FRÁBÆRT ÚRVAL!**



**FRÁBÆRT ÚRVAL AF SPILUM!**




Orðabelgur
Vnr.: OBE120928

**7.990,-**

**-33%** **JÓLAGJÖFIN FYRIR LISTAMANNINN Í FJÖLSKYLDUNNI.**




Olíupastellitir frá Faber Castell
Vnr.: FAB128512

**1.995,-**
Verð áður 2.995,-

JÓLAMANDARÍNUR

**398** KR./KG





GRÆN EPLI

**429** KR./KG

*NÝBAKAÐ OG ILMANDI*



BAGUETTE

**279** KR./STK.



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

# Einnig til Léttsaltaður

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

NÓATÚNS HAMBORGAR-HRYGGUR

**1598** KR./KG



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

GRÍSAHRYGGUR MEÐ PÖRU

**1098** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

GRÍSALÆRI, Í HEILU

**898** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

LAMBA-HRYGGUR

**1998** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

Fyllt með villisveppum, ferskum trönuberjum og camembert

NÓATÚNS HÁTÍÐARLAMBA-LÆRI M/FYLLINGU

**2698** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI



KALKÚNN, FERSKUR

**1898** KR./KG



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

LAMBAFILLE M/FITURÖND

**3568** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

Opið til miðnættis alla daga 8-24

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is



# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

## Kjötborð okkar eru opin til kl. 22 í kvöld og á Þorláksmessu



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**GRÍSABÓGUR, HRINGSKORINN**

**798** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**LAMBALÆRI**

**1498** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI




**KJÖRÍS JÓLAÍS, 1 L**

**593** KR./STK.





**JÓLASERVÍETTUR OG KUBBAKERTI**

**399** KR./STK.



**LÍF VALHNETUKJARNAR**

**298** KR./PK.




**HAPPY DAY TRÖNUBERJASAFI**

**359** KR./STK.



**20% afsláttur**

**VÆRSGO FROSIN BER, 4 TEG.**




**VEISLA DESERT, 3 TEG.**

**268** KR./STK.



**FREYJA HÁTÍÐ, BESTU MOLARNIR, 350 G**

**788** KR./PK.




**CASALI ROMMKÚLUR, 300 G**

**749** KR./PK.

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

# Vinaleg og vel unnin poppplata

★★★☆☆

**Hreimur**
Eftir langa bið
**EIGIN ÚTGÁFA**

Eftir langa bið er fyrsta sólóplata Hreims Arnar Heimissonar, sem enn er gjarnan kenndur við hljómsveitina Land & syni. Hreimur byrjaði á plötunni árið 2004 og gaf henni þá vinnutitilinn Eftir langa bið. Sú bið lengdist í átta ár en nú er hún á enda.

Hreimur samdi öll lögin á nýju plötunni og eitthvað af textunum, en auk þess eiga texta á plötunni Stefán Hilmarsson, Hannes Hafstein, Bragi Bergmann, Rúnar Eff og afi Hreims, Vilhjálmur S. V. Sigurjóns.

Þetta er ágætis plata. Hún er í frekar afslöppuðum og þægilegum stíl. Kassagítarar, píanó og nettur orgelleikur eru áberandi í útsetningunum.

Það er góður heildarsvipur yfir Eftir langa bið, en Hreimur bregður fyrir sig ýmsum tilbrigðum við meginstef plötunnar. Opnunarlagið, Agndofa og lagið Gamlárskveðja eru t.d. kántrískotin og lagið Þegar þú ert hér er kraftmikið popprokk.




Hreimur er fínn söngvari, með vinalega og notalega popprödd. Hún nýtur sín vel í þessari tónlist. Það er auðheyrt að það hefur verið töluvert lagt í að útsetja lögin á plötunni. Útsetningarnar eru smekklegar og flutningurinn fagmannlegur. Eins og áður segir er yfirbragðið mjúkt og þægilegt. Þetta er ekki frumleg eða framsækin tónlist, en hún er vel unnin og lagasmíðarnar eru margar fínar. Bestu lögin að mínu mati eru Agndofa, Þegar þú ert hér, Ástfanginn og Gamlárskveðja. Á heildina litið er þetta ágætis plata hjá Hreimi. Aðdáendur þurfa vonandi ekki að bíða jafn lengi eftir þeirri næstu. **Trausti Júlíusson**



**NIÐURSTAÐA:** Mjúk og þægileg poppplata frá söngvara Lands og sona.


SAMBÍÓIN SAMbio.is

JÓLAMYND 2012 THE IMPOSSIBLE
NAOMI WATTS TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI
100/100 „Ógnvænlega vel gerð."
JÓLAMYND 2012 LIFE OF PI
★★★★ „LIFE OF PI ER TÖFRUM LÍKUST" V.J.V., SVARTHÖFÐI.IS
„LIFE OF PI ER MIKIL BÍÓVEISLA OG EKTA JÓLAMYND, FALLEG OG UPPLÍFGANDI" S.G.S., MBL ★★★★

MÖGNUÐ SPENNUMYND
CHRIS HEMSWORTH JOSH PECK JOSH HUTCHERSON AND ADRIANNE PALICKI ISABEL LUCAS JEFFREY DEAN MORGAN
RED DAWN 12
PLAYING FOR KEEPS 12
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR SHREK OG KUNG FU PANDA
GOÐSAGNIRNAR FIMM L

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 3 - 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| RED DAWN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 8 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8:20 | 12 |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 1:30 - 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:30 | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 | KL. 10:10 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TAL 3D | KL. 3:40 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TAL | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| ARGO | KL. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENS TAL | KL. 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 | L |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 1 - 3- 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:10 - 5:30 | L |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 - 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 1 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |
| HERE COMES BOOM | KL. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI Númeruð sæti

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| RISE OF GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 1 - 3:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RED DAWN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 2 - 4 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 2 - 4 | L |

tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
LIFE OF PI
FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNAHAFANUM ANG LEE
JÓLAMYNDIN Í ÁR
★★★★ -Roger Ebert ★★★★★ -Total Film ★★★★ -The Guardian
3 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR m.a. BESTA MYND BESTI LEIKSTJÓRI
Kristall
SO UNDERCOVER 7 · GOÐSAGNIRNAR FIMM ÍSLENSKT TAL 7 · SILVER LININGS ★★★★ -S.G.S., MBL ★★★★ -H.V.A., FBL 16 · HERE COMES THE BOOM 7

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 1 (TILB.) - 6 - 8 - 10.45 | 10 |
| LIFE OF PI 3D LÚXUS | KL. 2 - 5 - 8 - 10.45 | 10 |
| LIFE OF PI 2D | KL. 3 - 5 - 8 - 10.45 | 10 |
| SO UNDERCOVER | KL. 5.50 | 7 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.40 | 7 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM 2D | KL. 1 (TILB.) - 3.40 - 5.50 | 7 |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 10.20 | 16 |
| HERE COMES THE BOOM | KL. 8 | 7 |
| NIKO 2 | KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| SKYFALL | KL. 9 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 3 (TILB.) - 6 - 8 - 9 | 10 |
| NIKO 2 | KL. 3.20 (TILBOÐ) | L |
| HOTEL TRAN.. ENSKT TAL ÍSL. TEXTI | KL. 3.20 (TILB.) | 7 |
| SILVER LININGS PLAYBOOK | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5.50 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10 | 10 |
| SO UNDERCOVER | KL. 8 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | KL. 10 | 1 |
| SKYFALL | KL. 5.20 | 12 |
| NIKO | KL. 3.20 (TILBOÐ) | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar LAUGARÁS BÍÓ GLEÐILEG JÓL
THE HOBBIT · LIFE OF PI · GOÐSAGNIRNAR FIMM 700 kr · SO UNDERCOVER 700 kr · NIKO 2 700 kr
Forsýnd kl. 8 | Sýnd kl. 8 | Sýnd í 2D kl. 2, 4, 6 Sýnd í 3D kl. 2 | Sýnd kl. 4, 6 | Sýnd kl. 2, 4, 6
700 kr á allar myndir kl. 2, 4 og 6. LITLU JÓLIN Í LAUGARÁSBÍÓI TÍMAR OG TILBOÐ GILDA Á ÞORLÁKSMESSU, 23. DESEMBER

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND Í 2D OG 3D ÍSL TAL GOÐSAGNIRNAR FIMM TILBOÐ KL. 2
ÍSL TAL NIKO 2 TILBOÐ KL. 2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS TILBOÐ GILDA FYRIR 22. DESEMBER

TILBOÐ Í SMÁRABÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ
LIFE OF PI KL. 1 SB
ENSKT TAL/ÍSL TEXTI HOTEL TRANSYLVANIA KL. 3.20 HB
NIKO 2 KL. 1 SB OG 3.20 HB
3D MEÐ ÍSLENSKU TALI 2D GOÐSAGNIRNAR FIMM KL. 1 SB Í 2D OG 3D

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar LAUGARÁS BÍÓ GLEÐILEG JÓL
LIFE OF PI 10 · GOÐSAGNIRNAR FIMM L · SKYFALL 12
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
SO UNDERCOVER 7 · KILLING THEM SOFTLY 16 · NIKO 2 L

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| LIFE OF PI 3D | 5, 8, 10.30 | 10 |
| SO UNDERCOVER | 4 | 7 |
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 2, 4, 6 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS 2D | 2 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | 8, 10 | 16 |
| SKYFALL | 6, 9 | 12 |
| NIKO 2 | 2 | L |

TÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 22. DES. - SÝNINGARTÍMAR FYRIR 23. DES MÁ FINNA Í AUKADÁLKI Í DAG EÐA Á MIDI.IS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
TAKE THIS WALTZ · WADJDA · SAFETY NOT GUARANTEED · SEARCHING FOR SUGAR MAN
LAUGARDAGUR: TAKE THIS WALTZ (14) 17:40, 20:00, 22:20 ■ WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00
LOKAÐ Á MORGUN, ÞORLÁKSMESSU
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



# Gleðileg jól

**Opið til kl. 22 fram að jólum**

Full búð af nýjum vörum frá BIRNU,
Kling, Prim I am og Lise Lindvig

BIRNA

Skólavörðustíg 2
S: 445-2020
www.birna.net
www.birnashop.net

# Vélmenni þurfa líka að fara í viðgerð

Alexander Petersson verður ekki með íslenska landsliðinu í handbolta á heimsmeistaramótinu á Spáni.

**HANDBOLTI** „Ég hef tekið þá ákvörðun að vera ekki með í þetta sinn því ég tel að það sé mikilvægara fyrir mig og landsliðið að ég nái mér góðum og komi þá enn sterkari til leiks í framtíðinni,“ segir Alexander, sem glímt hefur við meiðsli á öxl í langan tíma.

Meiðslin plöguðu Alexander einnig í aðdraganda Evrópumótsins í Serbíu í janúar en hann gaf engu að síður kost á sér. Hann spilaði töluvert framan af móti en svo sagði líkaminn stopp. Hann segir það sennilega hafa verið mistök að gefa kost á sér og hann hafi lært af þeim mistökum.

„Í þetta sinn er ég að hlusta á líkama minn sem hefur ekki fengið frí í eitt og hálft ár. Það er ekki mannlegt að spila á þremur stórmótum á einu ári. Það mun verða mjög erfitt að horfa á strákana spila og ekki geta verið með,“ segir Alexander. Það sé ósk hans að fólk skilji og virði ákvörðun sína. Það sé ólíkt að spila með félagsliði og á stórmóti þar sem leikjaálagið er gífurlegt og hver einasti leikur upp á líf eða dauða.

Alexander hefur spilað með íslenska landsliðinu á níu stórmótum. Hann spilaði í fyrsta skipti með landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Túnis árið 2004 og hefur síðan þá verið mikilvægur leikmaður liðsins. Alexander, sem flutti til Íslands átján ára gamall frá Lettlandi, hefur spilað með íslenska landsliðinu. Ljóst er að fjarvera Alexanders veikir liðið en hann minnir á að góðir menn geti fyllt skarð hans og Ólafs Stefánssonar fari svo að Ólafur gefi ekki kost á sér.



**SPILAÐ MEIDDUR** Alexander hefur líkt og fleiri spilað meiddur fyrir hönd þjóðarinnar. Nú þarf öxlin á hvíld að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef spilað nánast sextíu mínútur í hverjum einasta leik bæði með félagsliði sem og landsliði undanfarin ár og þarf núna örlitla hvíld,“ segir Alexander. Útlit er fyrir að mikil ábyrgð muni hvíla á Ásgeiri Erni Hallgrímssyni í stöðu hægri skyttu og Alexander segir tíma kominn á Hafnfirðinginn.

> **Ég hef fulla trú á Ásgeiri Erni sem er frábær leikmaður í vörn sem sókn.**
> *Alexander Petersson*

„Ég hef fulla trúa á Ásgeiri Erni sem er frábær leikmaður í bæði vörn sem sókn og getur vel fyllt skarð mitt og Óla. Nú er hans tími kominn til að sanna sig,“ segir Alexander sem óskar félögum sínum í landsliðinu góðs gengis á Spáni.

„Hingað til hef ég hugsað til skemmri tíma og oft tekið þátt í stórmótum og barist við meiðsli á sama tíma. Þetta er mjög erfið ákvörðun en ég tel að ég muni koma sterkari til baka. Jafnvel vélmenni þurfa að fara í viðgerð,“ segir Alexander á léttu nótunum. -ktd

# Vonandi kem ég fólki á óvart

Mikil ábyrgð mun hvíla á herðum Ásgeirs Arnar Hallgrímssonar á HM á Spáni í fjarveru Alexanders Peterssonar. Þrátt fyrir mikla reynslu með landsliðinu hefur Ásgeir Örn sjaldan verið í aðalhlutverki en nú er tíminn kominn.

**HANDBOLTI** „Ég er ánægður með að fá að spila og fá meira hlutverk. Það er mjög leiðinlegt að Alex er meiddur og getur ekki verið með. Þannig er bara boltinn og skiljanlegt á ári sem þessu þegar það eru þrjú stórmót á þrettán mánuðum að einhver detti út. Þá þurfa aðrir að stíga upp og skila sínum hlutverkum,“ segir Ásgeir Örn, sem er á leið á sitt tíunda stórmót með landsliðinu. Mikil umræða hefur verið um stöðu hægri skyttu í ljósi meiðsla Alexanders og óvissunnar í kringum Ólaf Stefánsson. Ásgeir Örn hefur töluvert gleymst í umræðunni.

„Já, hugsanlega. Ég skil samt að fólk hugsi virkilega um það þegar leikmaður af þessari stærð eins og Lexi er, sem hefur verið einn besti leikmaðurinn í þýsku deildinni í vetur bæði í vörn og sókn, dettur út. Það yrði áfall fyrir hvaða lið sem er. Ég skil viðbrögðin vel. Ég vona bara að ég nái að koma á óvart. Ef fólk veit ekki af því að ég geti eitthvað þá vona ég bara að ég komi á óvart,“ segir Hafnfirðingurinn á léttu nótunum.

Ásgeir er á sínu fyrsta leiktímabili með Paris Handball frá samnefndri borg í Frakklandi. Liðið hefur unnið alla leiki sína en hlutverk Ásgeirs hefur verið minna en hjá hans síðasta liði, Hannover Burgdorf í Þýskalandi.

„Þetta hefur verið allt öðruvísi hlutverk. Í fyrra spilaði ég meira eða minna í sextíu mínútur. Nú er ég kominn í miklu sterkara lið, heimsklassa lið, sem ætlar sér virkilega stóra hluti og mikil samkeppni er um stöðurnar,“ segir Ásgeir, sem hefur verið annar kostur þjálfarans í skyttustöðunni hægra megin. Hann hefur þó komið við sögu í flestum leikjum Parísarliðsins ýmist í stöðu skyttu eða hornamanns.

„Maður er kannski í verra leikformi en aftur á móti ferskari og mótiveraðri en áður. Það vegur kannski hvort annað upp. Ég er samt í toppformi líkamlega,“ segir Ásgeir sem hefur fullkominn skilning á fjarveru Alexanders.

„Leikjaplanið í þessum handbolta er bara brandari. Það er rugl hvað það eru margir leikir. Þetta er þriðja stórmótið á þrettán mánuðum. Ef þú ert kannski eitthvað veikur í öxlinni fyrir, þá er þetta leiðin til að eyðileggja hana algjörlega. Ég skil hann mjög vel.“

kolbeinntumi@365.is



**FYRSTI KOSTUR** Ásgeir Örn verður í aðalhlutverki í stöðu hægri skyttu þó Ólafur Stefánsson verði til trausts og halds. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ólafur svaraði kalli Arons

Ólafur Stefánsson er í 23. manna hópnum fyrir HM á Spáni sem landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson tilkynnti í gær.

„Hann verður fyrir aftan Ásgeir og tilbúinn að leysa stöðuna hægra megin fyrir utan,“ segir Aron. Ólafur hafði lagt landsliðsskóna á hilluna en í ljósi meiðsla Alexanders opnaði Ólafur á möguleikann á að koma íslenska landsliðinu til aðstoðar.

„Fyrst hann var búinn að ákveða að halda áfram að spila í Katar fannst mér ekkert því til fyrirstöðu að ræða við hann. Ég ræddi við hann og heyrði að hann hefur haldið sér í góðu formi. Hann er í mjög góðu líkamlegu formi en vantar aðeins upp á að fá öxlina í gang og fínpússa þessar handboltahreyfingar. Ég hef trú á því að það komi,“ segir Aron.

Karlalið Vals og Hauka æfðu sameiginlega á fimmtudagskvöldið og tók Ólafur fullan þátt í æfingunni.

„Ólafur var með og leit ágætlega út,“ segir Aron. Landsliðið kemur saman til æfinga 27. desember og leikur æfingaleiki við Túnis dagana tvo á eftir. Leikmenn fá fjögurra daga frí yfir áramótin áður en æfingar hefjast að nýju.



## 23 MANNA HÓPURINN

Aron Rafn Eðvarðsson, *Haukum*
Björgvin Páll Gústavsson, *Magdeburg*
Daníel Freyr Andrésson, *FH*
Hreiðar Levý Guðmundsson, *Nötteröy*
Bjarki Már Elísson, *HK*
Guðjón Valur Sigurðsson, *Kiel*
Stefán Rafn Sigurmannsson, *Rhein-Neckar Löwen*
Kári Kristján Kristjánsson, *Wetzlar*
Róbert Gunnarsson, *Paris Handball*
Vignir Svavarsson, *Minden*
Aron Pálmarsson, *THW Kiel*
Fannar Þór Friðgeirsson, *Wetzlar*
Ólafur Andrés Guðmundsson, *Kristianstad*
Ólafur Gústafsson, *Flensburg*
Snorri Steinn Guðjónsson, *GOG*
Ólafur Bjarki Ragnarsson, *Emsdetten*
Ásgeir Örn Hallgrímsson, *Paris Handball*
Ernir Hrafn Arnarson, *Emsdetten*
Ólafur I. Stefánsson, *Lakhwiya Sports Club*
Arnór Þór Gunnarsson, *Bergischer*
Þórir Ólafsson, *Kielce*
Ingimundur Ingimundarson, *ÍR*
Sverre Jakobsson, *TV Grosswallstadt*

**Þessir duttu út**

Alexander Petersson, *Rhein-Neckar Löwen*
Sveinbjörn Pétursson, *Aue*
Björgvin Hólmgeirsson, *ÍR*
Bjarni Fritzson, *Akureyri*
Árni Þór Sigtryggsson, *Friesenheim*


Mikið úrval af dúnvöru!




Jóla-tilboð!

Dúnsæng + dúnkoddi
kr. 15.900,-
Tröllа-dúnsæng
kr. 13.900,-
Stakur dúnkoddi
kr. 4.900,-
Sæng: 30% dún/70% smáfiður.
Koddi:15% dún/85% smáfiður.

COMFORT SÆNG
kr. 25.900,-
700 gr. 70% andadúnn og 30% smáfiður.
Hlý og góð dúnsæng. Stærð: 135x205cm.

CARE-BOX SÆNG
kr. 37.900,-
800 gr. 90% gæsadúnn og 10% smáfiður.
Ótrúlega hlý og góð haust- og vetrarsæng. Stærð: 135x205 cm.

Pöntunarsími 512 6800
www.dorma.is • dorma@dorma.is
DORMA
Holtagörðum
Opnunartími til jóla: 20. - 23. des. 10⁰⁰-22⁰⁰. Aðfangadag 10⁰⁰-13⁰⁰

# JÓLAGJAFIR Í MIKLU ÚRVALI

**PHILIPS**

**Philips HF3510**
Útvarpsvekjari með ljósi sem vekur mjúklega. Stillanleg „Sólarupprás" 0-30 mín. Slökkva má á ljósi en nota vekjara. 20 birtustig. 3 notaleg vekjarahljóð.

VERÐ **22.995**

**Klínískt prófaður - Philips hefur 100 ára reynslu í ljóstækni.**

---

**KEMUR Í STAÐ TANNÞRÁÐAR**

**FLOTTUR KAUPAUKI FYLGIR**

**PHILIPS**

**Philips HX8111**
Sonicare AirFloss hreinsar tennur af tannsteini. Microburst tækni hreinsar með öflugum vatnsblæstri. Hleðslurafhlaða og hleðslutæki fyrir 100-240v fylgir.

VERÐ **17.995**
FRÁBÆRT VERÐ

---

**MEDISANA** made for Life

